Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa. — Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 000.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 2 000 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. júní 1976, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 18%, söluskattsauki 2% og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema á töxtum D1, D3 og D5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 437 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 259 29. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 8. 5. janúar 1977.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir.

1. Lýsing.

1.1 Um kWst.-mæli á kr. 50.00 hverja kWst.

1.2 Um kWst.-mæli á kr. 30.00 hverja kWst. auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólffleti:

a) fyrir varslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 14.65 á m^2 á mánuði.
b) fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 7.33 á m^2 á mánuði.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 15.60 hverja kWst., enda séu suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárliðum 1.1 eða 1.2.

2.2 Um kWst.-mæli á kr. 12.00 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti er nemur kr. 7.33 af m^2 á mánuði af gólffleti íbúðar. Við ákvörðun á gólffleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

3. Vélanotkun.

3.1 Um kWst.-mæli á kr. 30.00 hverja kWst.

3.2 Stórnotkun á mestaaflsmæla þannig reiknað:
Aflgjald kr. 16 189.00 kW á ári.
Orkugjald kr. 5.54 hverja kWst. af allri notkun.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 15.60 hverja kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 10.30 hverja kWst.
Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun kr. 9.60 hverja kWst.

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar og hitavatnsdunka um kWst.-mæli kr. 4.40 hverja kWst.

4.2 Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 4.00 hverja kWst., enda megi rjúfa straum í allt að 3 klst. hvern sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun rafveitustjóra.

4.3 Til hitunar í iðnaði er heimilt að selja raforku á kr. 6.00 hverja kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

5. Önnur raforkunotkun.

5.1 Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 30.00 hverja kWst.

5.2 Til götu- og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 21.60 hverja kWst.

Alla raforkusölu, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilkomnu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasamælum, 30 Amp. ..... kr. 40.00 á mánuði
2. Af þrífasamælum, 50 Amp. ..... — 80.00 á mánuði
3. Af þrífasamælum, 50—100 Amp. ..... — 110.00 á mánuði
4. Af mestaaflsmælum, 100 Amp. ..... — 250.00 á mánuði
5. Af mestaaflsmælum, yfir 100 Amp. ..... — 510.00 á mánuði

Af öðrum mælitækjum en þeim, er nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna, leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Flutningsgeta raftaugar	Heimtaugargjald Kr.	Yfirlengdargjald Kr./m
63 A 3ja fasa jarðstrengur	66 840.00	3 576.00
100 A 3ja fasa jarðstrengur	83 040.00	4 020.00
125 A 3ja fasa jarðstrengur	103 800.00	4 560.00
200 A 3ja fasa jarðstrengur	162 000.00	6 120.00
300 A 3ja fasa jarðstrengur	234 000.00	7 224.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 metrum. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðamörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 000.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

Söluskattur og verðjöfnunargjald, samtals 33% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema gjaldalið 4. sem er sala raforku til upphitunar.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu í Siglufirði, þannig að þau teljast jafngilda 80% af útsöluverði á dieselolíu 1. jan. 1977 eða kr. 28.00 pr. lítri, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10%, sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá eða lækka, um allt að 20%. Breytingar gjalda skv. 1. og 2. lið til hækkunar eru því aðeins gildar að samþykki iðnaðarráðuneytisins sé fyrir hendi.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 175 30. apríl 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

5. janúar 1977. Nr. 9.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

TAFLA I. Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr.		Númer á mælal.
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur	
	A — LÝSING				
1.1	Án fastagjalds	56,00			01
1.2	Með fastagjaldi	30,00		224	01
1.3	Götu og hafnarlýsing	11,40			03
1.4	Við húsbyggingar	29,30			01
	B — HEIMILI				
2.1	Með fastagjaldi	14,80		1 485	01
	C — IÐNAÐUR OG VERSLUN				
3.1	Smávélar	30,00			02
3.2	Stór notkun	5,12		14 020	04
	D — HITUN				
4.1	Án rofs	12,00			01
4.2	Með rofi 1 kl/á dag	6,90			03
4.3	Með rofi 3 kl/á dag	4.30			03
4.4	Með rofi 3 kl/á dag, sumarhitun	2,05			03
4.5	Með rofi 14 kl/á dag, næturhitun	2,05			03
	F — ANNAÐ				
5.5	Sérsamningar				
5.2	Lokun húsveitna og enduropnun kr. 1000,00				
5.3	Súgþurrkun	7,20			
	MÆLALEIGUR				
0.1	Einfasa almenn án stjót.			1 485	
0.2	Einfasa með stjórnart.			2 400	
0.2	Einfasa með stjórnart. og þrífasa án stjórnart.			2 400	
0.3	Þriggja fasa m/stjórnart.			4 380	
0.4	Þriggja fasa m/aflmæl.			9 345	

Upplýsingar og ýmis ákvæði.

1. Mælieiningar raforku eru kílówattstundir (kWst.) og kílówött (kW) þó er heimilt að miða mælingu við voltamper (VA) er raunstuðull á mælistað verður lægri en 0.85.
2. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.
3. Auk fyrrnefndra mælieininga er reiknað fast lágmarksgjald, er miðast við stærð húsnæðis. Í íbúðarhúsnæði miðast gjaldið við fjölda herbergja, en fermetrafjölda í öðru húsnæði, þar sem það á við.
4. Notkun eftir gjaldskrárliðum A-1.2 og C-3.1 má mæla með sama mæli og einnig notkun B-2.1 og D-4.1 til 4.3.
5. Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.
6. Ef reikningur samkvæmt gjaldskrá er ekki greiddur fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að álestur fór fram er rafveitustjóra heimilt að innheimta vexti af skuldinni. Vextir reiknast mánaðarlega og miðast við yfirdráttarvexti á almennum hlaupareikningum.
7. Tengingargjöld skulu vera að fullu greidd þegar tengingu er lokið.
8. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo að til lokunar hafi komið, eða lokunarmaður sendur út, skal taka gjald skv. lið 5.2 á hverja innheimtu (reikning) sem krafin er. Ef óskað er eftir opnun utan venjulegs dagvinnutíma, skal gjaldið vera tvöfalt. Lokunarmaður tekur ekki við greiðslu.
9. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og eigi opnuð aftur fyrr en úr hefur verið bætt og notandinn hefur greitt gjald skv. lið 5.2 á skrifstofu rafveitunnar.
10. Raforkusala til hitunar er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra og fyrirmælum hans um tengingu og búnað hitunartækja, svo sem að notandi kosti segulrofa fyrir hitalagnir. Rafmagnsofnar og önnur hitatæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á rofaklukkum.

Tenging við veitukerfið.

Í samræmi við umsókn, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tenginga samkvæmt töflu I miðast við 3ja fasa jarðlínutengingu og notkunarstaði á skipulögðum svæðum, og umsækjandi hafi fengið byggingarleyfi án kvaða.

Húsbyggjanda ber að senda Rafveitunni afrit eða ljósrit af byggingarleyfi áður en bygging hefst, ásamt afstöðumynd er sýnir inntak heimtaugar. Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notanda, eftir greiðfærri leið, að lóðarmörkum við götu.

Bráðabirgðatenging, breyting á tengingu, viðbótartenging eða aukning á flutningsgetu tengingar og tenging utan skipulagðra svæða, greiðast samkvæmt útlögðum kostnaði.

Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II. Ef loftlínu er breytt í jarðlínuheimtaug, skal greitt fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnum kostnaði hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðast við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu. Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar (heimtaugarinnar), áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Ef svo er ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefja notanda

um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði sem hún hefur lagt í vegna þess. (auka heimtaugargjalds).

Séu aðstæður að einhverju leyti óvenjulegar, er varða tengingu við veitukerfið, er heimilt að krefja aukagjalds.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug á tímbailinu frá 1. des. til 1. maí nema ef notandi samþykkir að greiða þann umframkostnað sem af frosti í jörðu kann að leiða.

TAFLA II. Tenging við veitukerfið/heimtaugargjöld.

Málstraumur stofnvara/spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga kr.	Yfirlengdargjald eða kostnaður kr./meter
63 amp 220/380 volt	75 800	2 970
100 — 220/380 —	119 560	3 450
125 — 220/380 —	149 260	3 750
200 — 220/380 —	234 430	5 160
300 — 220/380 —	336 020	6 250

Tenging með meiri flutningsgetu eða annarri spennu, greiðist samkvæmt kostnaði. Greiða skal fyrirfram upp í gjöld fyrir tengingu utan skipulagðra svæða samkvæmt kostnaðarútreikningi.

Skýringar með töflu I.

A. Lýsing.

1.1 Lýsing án fastagjalds. Taxti fyrir alla notkun, sem ekki er seld undir öðrum liðum í þessari gjaldskrá.

1.2 Lýsing með fastagjaldi af stærð húsnæðis. Taxtinn aðallega ætlaður fyrir verslanir, vinnustofur, skrifstofur og þ. h. staði. Tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þvílíkum stöðum.

1.4 Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til notkunar á vinnustöðum meðan á byggingu stendur, án fastagjalds.

B. Heimili.

2.1 Fastagjald miðast við stofur, hol, svefnherbergi og eldhús 5—25 m^2 ef herbergin eru minni, reiknast hálft gjald, en af stærri tvöfalt. Ef um smá atvinnurekstur er að ræða, er fær raforku um heimilismælinn, þá reiknast þar tvöfalt fastagjald samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglum.

C. Iðnaður og verslun.

3.1 Fyrir litlar vélar og tæki í verslun og iðnaði. Þegar rafmagn ljósa (taxti 1.2) er mælt með sama mæli, reiknast fast gjald af m^2 gólfflatar samkvæmt þeim taxta.

3.2 Afl- og orkumæling. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílówöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark 10 kW ef raforka til ljósa er einnig seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt lið 1.2 þar sem lýsing er. Heimilt er að takmarka aflúttak samkvæmt þessum lið í allt að 2 klst. á dag á mestu álagstímum.

D. Hitun.

Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B-2.1) um sama mæli og D-4.1 til 4.3 reiknast þá til viðbótar fastagjald 4.3 samkvæmt taxta B-2.1 margfaldað með tölunni 5.

Í sumarbústöðum skal reikna hverja heila 25 m^2 af heildarflatarmáli bústaðarins sem eitt herbergi, enda sé eingöngu um sumarnotkun að ræða.

4.4 Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. sept. ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil yfir fyrrgreint tímabil, að mati rafveitustjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

F. Annað.

5.1 Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup.

Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitustjórnar. Einnig greiðslur fyrir stofn- og viðhaldskostnað götulýsingar.

Ýmis gjöld.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I. þessarar gjaldskrár, nema á töxtum 4.2, 4.3, 4.4 og 4.5.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjóra heimilt að hækka orkureikninga um 35% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. júní 1976 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Hækkanir skv. ofanrituðu eru þó því aðeins gildar að heimild iðnaðarráðuneytisins sé fyrir hendi.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri Rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki iðnaðarráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 437 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Ísafjarðar nr. 265 30. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 113 3. apríl 1973 með síðari breytingum.

II. KAFLI

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 1 250 á mánuði fyrir hvern mín. ltr. í hámarksstillingu hemils.

III. KAFLI

6. gr. orðist þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir:

400— 2 000 m³	= 49 164 f.	400 m³	38.77 kr./m³	þar yfir
2 000— 6 000 m³	= 111 215 f.	2 000 m³	33.77 kr./m³	þar yfir
6 000—10 000 m³	= 246 327 f.	6 000 m³	30.00 kr./m³	þar yfir
meira en 10 000 m³	= 366 425 f.	10 000 m³	25.00 kr./m³	þar yfir

7. gr. orðist þannig:

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. nóv. 1976, 119 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 438 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

5. janúar 1977. Nr. 11.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld kr. 750 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b. Vatnsgjald kr. 1 200 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar

1977, samanb. auglýsingu ráðuneytisins nr. 438 30. desember 1976, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 12. 10. janúar 1977.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli kr. 56.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil kr. 15 444.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m³ húsnæðis.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1.	Fyrir mæla allt að ¾″	kr. 597.00 á mán.
2.	Fyrir mæla frá 1—2″	— 1 094.00 á mán.
3.	Fyrir hemla	— 597.00 á mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:
Allt að 400 m³ kr. 119 300.00.
400 til 2 000 m³ kr. 119 300.00 af 400 m³ + kr. 99.50 á m³ þar yfir að 2 000 m³.
2 000 m³ kr. 278 500.00 + kr. 82.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 17 400.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 200.00.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af hreppsnefnd Selfoss er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar

1977 skv. auglýsingu ráðuneytisins nr. 438 30. desember 1976, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 358 4. október 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

10. janúar 1977. Nr. 13.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27. desember 1973 með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:
Fastagjald, kr. 750.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:
Vatnsgjald, kr. 1 500.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 438 30. desember 1976, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

7. janúar 1977. Nr. 14.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 30. júní 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 30. júní 1977:

Óverkaður saltfiskur.

Stórfiskur nr. I	kr.	350.00
Millifiskur nr. I	—	330.00
Smáfiskur 40/60 nr. I	—	280.00
Smáfiskur 60/100 nr. I	—	260.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök.

15/20	FF	kr.	345.00
15/20	AB	—	300.00
21/25	FF	—	335.00
21/25	AB	—	290.00
26/30	FF	—	325.00
26/30	AB	—	280.00
31/35	FF	—	315.00
31/35	AB	—	270.00
36/40	FF	—	305.00
36/40	AB	—	260.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 15. 11. janúar 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir tímabilið 1. janúar til loka loðnuvertíðar 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir tímabilið 1. janúar til loka loðnuvertíðar 1977:

Loðnumjöl, $ 6.35 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, $ 390.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 189.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. janúar 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1977:

	Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1.	10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	429.30
2.	24 × 1 lb. blokkfryst	477.50
3.	24 × 450 gr. sérfryst	447.50
4.	6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst	447.50
5.	4 × 2.5 kg. sérfryst	447.50
6.	2 × 5 kg. sérfryst	447.50
7.	4 × 7 kg. sérfryst	447.50
8.	1 × 25 lb. sérfryst	447.50
9.	15 × 200 gr. sérfryst	454.80
10.	Í saltlegi	429.30

Verðbil verður 2½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. janúar 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

11. janúar 1977. Nr. 17.

AUGLÝSING

um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

Tollverð innfluttra notaðra bifreiða skal fundið samkvæmt meginreglum 5.—7. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum auglýsingar þessarar.

Nú er hið umsamda kaupverð lægra en matsverð skv. 2. gr. auglýsingar þessarar og skal þá leggja það verð til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda sem hærra er.

2. gr.

Við ákvörðun tollverðs skal leggja til grundvallar fob-verð nýjustu árgerðar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund eins og það er á komudegi þess fars sem flytur viðkomandi bifreið til landsins.

Frá verði samkvæmt 1. mgr. skal heimilt að draga ákveðinn hundraðshluta fyrir hvern aldursmánuð bifreiðar, sbr. 1. mgr. 5. gr., svo sem kveðið er á um í 1. og 2. lið hér á eftir.

1. Bifreiðar sem teljast til tollskrárnúmera 87.01.20, 87.02.29, 87.02.31, 87.02.32, 87.02.35, 87.02.37 og 87.02.28:
   1,2% allt að 40 mánuðum en 48% er hámarksfyrning samkvæmt þessum lið.
2. Bifreiðar sem teljast til tollskrárnúmera 87.02.14, 87.02.16, 87.02.19, 87.02.21, 87.02.33, 87.02.34, 87.02.35, 87.02.41, 87.02.42 og 87.02.49:
   1,5% fyrstu 6 mánuðina.
   1,0% næstu 18 mánuði.
   0,5% eftir það.

   Aldrei má þó fyrna meir en svo að eftir standi 10% af því verði sem lagt er til grundvallar.

3. gr.

Nú flytur maður búferlum til landsins og hefur með sér frá útlöndum bifreið sem verið hefur í eigu hans í a. m. k. eitt ár og skulu þá gilda sömu reglur og kveðið er á um í 2. gr. auglýsingar þessarar. Fyrning má þó nema 1,5% á mánuði fyrir fyrstu 6 mánuðina og síðan 1% á mánuði en um hámarksfyrningu skal farið svo sem fyrir er mælt í 2. lið 2. gr.

Til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein skal ætíð leggja matsverð en eigi upphaflegt kaupverð.

4. gr.

Tollverð notaðra bifreiða erlendra sendiráða eða sendiráðsstarfsmanna sem tollafgreiddar hafa verið skv. 8. tl. 2. gr. tollskrárlaga og seldar eru hérlendis skal fundið samkvæmt 3. gr. en lok fyrningar skal miða við söludag.

5. gr.

Upphaf fyrningar samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar miðast við 1. júlí ársgerðarárs viðkomandi bifreiðar en lok fyrningar við komudag flutningsfars til landsins, sbr. þó 4. gr. i. f. Hluta úr mánuði skal sleppt við útreikning fyrningar.

Árgerð bifreiðar skal sönnuð með vottorði útgefnu af opinberum skráningaraðila í því landi, þar sem bifreiðin var fyrst tekin í notkun, eða á annan þann hátt sem tollyfirvald metur gildan.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari skal hvorki taka tillit til útlits né ástands viðkomandi bifreiðar, sbr. þó 6. grein.

6. gr.

Nú verður mati eigi komið við skv. 1. mgr. 2. gr. og skal þá tollyfirvaldi heimilt að láta fara fram sérstakt mat á viðkomandi bifreið skv. 10. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

7. gr.

Ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari er endanlega bindandi og verður eigi skotið til yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 15 1974 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

13. janúar 1977. Nr. 18.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 17 22. febrúar 1972, um happdrættislán ríkissjóðs 1972, Skuldabréf A, vegna vega- og brúargerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

1. gr.

6. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. l. nr. 99 frá 28. desember 1971 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

13. janúar 1977. Nr. 19.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 59 18. mars 1974, um happdrættislán ríkissjóðs 1974, Skuldabréf D, vegna vega- og brúargerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, sbr. reglugerð nr. 220 12. júlí 1974 um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

6. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974, sbr. lög nr. 99/1971, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 20. 13. janúar 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 256 27. ágúst 1973, um happdrættislán ríkissjóðs 1973, Skuldabréf C, vegna vega- og brúargerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

1. gr.

6. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 99 frá 28. desember 1971, sbr. lög nr. 8 frá 25. apríl 1973, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 21. 13. janúar 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 26 13. mars 1973, um happdrættislán ríkissjóðs 1973, Skuldabréf B, vegna vega- og brúargerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

1. gr.

6. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 99 frá 28. desember 1971, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 271 10. október 1974, um happdrættislán ríkissjóðs 1974, Skuldabréf E, til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

1. gr.

5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 48 frá 16. maí 1974 sbr. lög nr. 86/1974 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

13. janúar 1977. Nr. 23.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 319 8. nóvember 1974, um happdrættislán ríkissjóðs 1974, Skuldabréf F, vegna vegaframkvæmda við hringveg um landið.

1. gr.

5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 2. gr. l. nr. 7 frá 13. mars 1974, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

13. janúar 1977. Nr. 24.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 453 24. október 1975, um happdrættislán ríkissjóðs, Skuldabréf G, vegna uppbyggingar þjóðvegakerfisins.

1. gr.

5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal út-

dráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. sbr. 3. gr. l. nr. 7 frá 13. mars 1974, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 25. 13. janúar 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 60 17. mars 1976, um happdrættislán ríkissjóðs 1976, Skuldabréf H, vegna Norður- og Austurvegar.

1. gr.

5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974, sbr. og 5. gr. laga nr. 36 frá 23. maí 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 26. 13. janúar 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 398 22. nóvember 1976, um happdrættislán ríkissjóðs 1976, Skuldabréf I, vegna Norður- og Austurvegar.

1. gr.

5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974, sbr. og 5. gr. laga nr. 36 frá 23. maí 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUR

um útdrátt vinninga í happdrættislánum ríkissjóðs, útgefnum árið 1972 og síðar vegna fjáröflunar til vegagerðar.

1. gr.

Útdráttur fer fram í Reiknistofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa stofnunarinnar og eftirlitsnefnd með eftirtöldum fulltrúum:

a. Notarius publicus,
b. fulltrúa fjármálaráðuneytisins og
c. fulltrúa Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

a) Tölvu Reiknistofnunar Háskólans. Heimilt er þó með samþykki eftirlitsnefndarinnar (sbr. 1. gr.) að nota aðra tölvu, ef nauðsyn krefur.
b) Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur á sérstökum seguldiski, segulbandi eða gataspjaldastokki.
c) Stokk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfi skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
d) Nauðsynlegan tölvupappír, segulbönd og gataspjöld í samræmi við þarfir dráttarforritsins.

3. gr.

Dráttarforrit skal gert samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Dráttarforrit skal þannig gert, að fyrst er dregin út hæsti (hæstu) vinningur, síðan næsthæsti (næsthæstu) o. s. frv. Eftirlitsnefndin fær tvo sérfróða menn til að yfirfara dráttarforritið í upphafi, svo og í hvert sinn, sem breytingar eru gerðar á því.

Dráttarforritið og annar hugbúnaður skal varðveittur milli drátta með öruggum hætti og undir innsigli notarius publicus.

4. gr.

Útdráttur vinninga fer fram með eftirfarandi hætti:

a) Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti, að stokknum er snúið, en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala, sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið, þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
b) Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
c) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekin undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.
d) Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna.
e) Tölvan dregur og prentar út vinningaskrá, sem eftirlitsnefndin staðfestir með undirskrift sinni.
f) Sé óskað eftir afriti vinningaskrár á segulbandi eða gataspjöldum er það nú gert.

5. gr.

Bili tölvan eða útdráttur stöðvast af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, tekur notarius publicus öll gögn vegna útdráttarins til varðveislu. Þessi sömu gögn, þ. á m. lykiltalan, skulu notuð við endurtekningu útdráttarins.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í l. nr. 99/1971 sbr. l. nr. 8/1973, l. nr. 7/1974, l. nr. 48/1974 sbr. l. nr. 86/1974 og l. nr. 36/1975 og reglugerðum settum skv. þeim lögum öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 123/1972, reglur nr. 164/1973, auglýsing nr. 421/1975 og auglýsing nr. 426/1975.

Fjármálaráðuneytið, 14. janúar 1977.

Jón Sigurðsson.
F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 2, nr. 6—27. Útgáfudagur 19. janúar 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1977

6. janúar 1977. 33 Nr. 28.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

Hluti G.

Um raforku og raflagnir.

EFNISYFIRLIT

1. gr. Almenn ákvæði.
2. gr. Teikningar og eftirlit.
3. gr. Slagsíða og stafnhalli.
4. gr. Titringur.
5. gr. Hitastig.
6. gr. Raki.
7. gr. Eldhætta.
8. gr. Truflun á fjarskiptatækjum og áttavitum.
9. gr. Snertihætta.
10. gr. Jarðtenging.
11. gr. Merking.
12. gr. Efni.
13. gr. Veitukerfi.
14. gr. Spenna rafkerfa.
15. gr. Algengar spennur og tíðnir.
16. gr. Spennu- og tíðnisbreytingar.
17. gr. Fjöldi rafala, afköst, skip 50 brl. og stærri.
18. gr. Rafali knúinn aðalvél.
19. gr. Hjálparvélar.
20. gr. Rafalar almennt.
21. gr. Jafnstraumsrafalar.
22. gr. Riðstraumsrafalar.
23. gr. Spennar.
24. gr. Afriðlar.
25. gr. Rafhlöður.
26. gr. Veitukerfið.
27. gr. Aðaltöflur.
28. gr. Rofa- og tækjabúnaður rafalastofna.
29. gr. Mælitæki í aðaltöflu.
30. gr. Greinar að aðaltöflu.
31. gr. Neyðartafla og neyðarlýsing.
32. gr. Greinitöflur.
33. gr. Tengikassar og tengidósir.
34. gr. Landtenging.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

35. gr. Siglingaljósatafla.
36. gr. Rafmótorar stýrisvéla.
37. gr. Rafmótorar.
38. gr. Neyðarstöðvun.
39. gr. Ljósabúnaður.
40. gr. Rafhitabúnaður, ofnar, eldavélar o. fl.
41. gr. Vatns- og olíuhitarar.
42. gr. Stungur og klær.
43. gr. Rafstrengir og -taugar.
44. gr. Raflagnir.
45. gr. Heimildarákvæði.
46. gr. Refsingar.
47. gr. Gildistaka.

1. gr.
Almenn ákvæði.

101. Þar sem annað er ekki tekið sérstaklega fram skulu reglur þessar gilda um skip, sem smíðuð eru eftir gildistöku þeirra og eru ekki í flokki einhverra þeirra flokkunarfélaga, sem viðurkennd eru af ríkisstjórninni. Um þau atriði, sem reglurnar ná ekki til skulu eigi gerðar vægari kröfur, en gerðar eru af ofangreindum flokkunarfélögum.
102. Einnig gilda þær um gömul skip, þegar viðgerð eða endurnýjun að einhverju eða öllu leyti fer fram á rafkerfi þeirra, að því marki, sem siglingamálastjóri telur sanngjarnt og hentugt.
103. Reglurnar ná ekki til útbúnaðar til að knýja skipið áfram með rafmagni (dieselelectric).
104. Reglurnar fjalla um raforkuvirki í skipum, þar sem rafmagn er notað til ljósa, véla eða hitunar.
105. Annar rafbúnaður, svo sem viðvörunarkerfi, merkjalagnir og þess háttar, lýtur því aðeins þessum ákvæðum, að:
    a) hann sé í beinu sambandi við kerfið, þar sem rafmagnið er notað til einhvers þess, sem um getur í lið 104.
    b) spennan sé hærri en 25 volt.
106. Loftskeytastöðvar, talstöðvar, dýptarmælar, radar, miðunarstöðvar, lorantæki, fiskleitartæki og annar þess háttar búnaður, sem sérfræðingar skulu einir annast, lúta ákvæðum þessara reglna einungis að því, er tekur til orkugjafans og rafbúnaðar hans allt að tækjunum.

2. gr.
Teikningar og eftirlit.

201. Áður en hafist er handa um lagningu nýs rafkerfis eða endurnýjunar á eldra kerfi, skulu siglingamálastjóra sendar teikningar í 3 eintökum af því, til samþykktar. Teikningarnar skulu sýna:
    a) Staðsetningu helstu rafvéla skipsins, rafmagnstaflna og lagna að og frá þeim,
    b) Raflagnir með áritun um gildleika og gerð ásamt stærð og gerð vara fyrir hverja grein.
    c) Aðaltöflu með rofum, tengingum og mælum, sé skipið 15 brl. og stærra.
    d) Staðsetningu rafgeyma, hleðslubúnað þeirra og rými.
202. Verktaki sá, sem annast verk viðkomandi rafkerfi skipa, skal tilkynna siglingamálastjóra, þegar byrjað er á verkinu og þegar því er lokið, vegna eftirlits.

203. Rafkerfi allra íslenskra skipa gamalla sem nýrra er háð eftirliti siglingamálastjóra, þó gildir þetta eigi um flokkuð skip, nema sérstök ástæða sé til.

3. gr.
Slagsíða og stafnhalli.

301. Rafbúnaður skipa, skal þannig úr garði gerður, að hann komi að fullum notum, þótt skipið hafi 15° stöðuga slagsíðu og veltur þess verði allt að 22½° ennfremur þótt stafnhalli þess sé 5—10°.

4. gr.
Titringur.

401. Rafbúnaður skal koma að fullum notum, þrátt fyrir titring þann, sem hann kann að verða fyrir um borð í skipi við venjulegar aðstæður. Sérstaklega skal þess gætt, að frá skrúfum og festingum straumhafa hluta, sé þannig gengið, að ekki geti losnað vegna titrings.

5. gr.
Hitastig.

501. Allur rafbúnaður verður að þola hitastig þau, sem búast má við í skipum við venjulegar aðstæður. Ef nauðsyn krefur, verður að útbúa sérstaka loftræstingu við rafbúnað, til þess að koma í veg fyrir að hitastigið fari fram úr því, sem hann er gerður fyrir. Yfirleitt á rafbúnaður að vera gerður til að standast neðangreindan lofthita í rúmum þeim, sem hann er staðsettur í:

Utan hitabeltis:	
Í vélarúmi og eldhúsi	40°C
Annarsstaðar	35°C
Í hitabelti:	
Í vélarúmi	50°C
Í eldhúsi	45°C
Annarsstaðar	40°C

Vatnskældar vélar skulu jafnan vera ætlaðar fyrir 25°C kælivatnshita utan hitabeltis, en 30° í hitabelti.

6. gr.
Raki o. fl.

601. Rafbúnaður skal þannig úr garði gerður, og varinn að hann þoli raka þann, sjávarseltu, olíugufur og hnjask, sem ætla má að hann geti orðið fyrir um borð í skipum.

7. gr.
Eldhætta.

701. Rafbúnaður skal þannig gerður og varinn að hann geti ekki hitnað svo að íkveikju valdi.

702. Rafbúnaður skal gerður úr óbrennanlegu efni að því leyti, sem mögulegt er.

8. gr.
Truflun á fjarskiptatækjum og áttavitum.

801. Rafbúnaður skal þannig staðsettur og þannig frá honum gengið, að hann valdi ekki truflunum á fjarskiptatækjum, áttavitum og öðrum siglingatækjum. Sérstaklega skal aðgætt að allar fastar lagnir, sem liggja það nærri loftnetum

fjarskiptatækja og þvíumlíku, að valdið geti truflunum, séu búnar málmhlíf, fléttu, eða á annan hátt nægilega varðar. Einleiðara má ekki leggja svo nálægt áttavitum að valdi truflun.

9. gr.
Snertihætta.

901. Rafbúnaður með hærri spennu en 50 V, sé um jafnstraum að ræða og 30 V, ef um riðstraum er að ræða, skal þannig varinn að spennuhafa hlutar hans verði ekki snertir óviljandi. Undanþegið þessu eru aðaltöflur, töflur fyrir neyðarorku og aðrar meiri háttar greinitöflur, sem eingöngu eru í umsjá vélstjóra og annarra fagmanna.

10. gr.
Jarðtenging.

1001. Allir málmhlutar rafbúnaðar, sem ekki eru straumhafa, skulu jarðtengdir, nema:
   a) Hlutir, sem festir eru á efni, sem ekki er leiðandi og sem eru aðskildir frá straumhafa- eða jarðtengdum hlutum, þannig að þeir geti ekki orðið straumhafa.
   b) Tvíeinangruð tæki.
   c) Rafbúnaður, sem er tengdur kerfum, sem hafa spennu lægri en 50 V, ef um jafnstraum er að ræða og 30 V, sé um riðstraum að ræða.
   d) Festiklemmur rafstrengja.

1002. Jarðtaug skal vera úr eir. Sé hún einangruð, skal þverflatarmál hennar að minnsta kosti vera jafnt helmingi þverflatarmáls aðaltaugar, gildir þetta þó aðeins, sé þverflatarmál aðaltaugar 4 mm² eða stærra, fyrir grennri taugar skal þverflatarmál jarðtaugarinnar vera jafnt þverflatarmáli aðaltaugar. Sé jarðtaug hinsvegar ekki einangruð, skal þverflatarmál hennar aldrei vera minna en 4 mm².

1003. Ekki má nota blýhlíf rafstrengs, sem jarðtaug eina saman. En sé jarðtaug innan blýhlífar og í beinni snertingu við hana, er leyfilegt að sú jarðtaug hafi aðeins 50% af því þverflatarmáli sem að ofan greinir, þó skal það aldrei vera minna en 1 mm².

1004. Ekki er leyfilegt að jarðtengja raftæki í röð (seríu). Vanda skal til festinga jarðtauga við skipsbolinn, tengt skal með skrúfum, minnst 6 mm að þvermáli, undir þeim skal vera skífa, sem myndar varanlegt og öruggt samband, sem tryggt er að ekki losni. Séð skal um að snertifletir jarðtenginga séu hreinir. Jarðtaugar skulu varðar gegn hnjaski og tæringu.

1005. Á tréskip skal fest hæfilega stór eirplata, utan á bolinn, fyrir jarðsamband.

1006. Ályfirbyggingar á skipum, sem er þannig komið fyrir að þær eru einangraðar fullkomlega frá stálinu til að hindra galvaniska tæringu, skulu vera jarðbundanar. Til þessara tenginga skal nota málmvír eða málmfléttu. Allar tengingarnar samanlagt skulu ekki hafa minni leiðnieiginleika en sem svarar til 50 mm² eirs. Hver jarðtenging skal ekki hafa minni leiðnieiginleika en sem svarar til 16 mm² eirs. Sterk aðgát skal höfð á við tengingarnar, bæði við álið og stálið, til að koma í veg fyrir tæringarhættu þar.

11. gr.
Merking.

1101. Rafbúnaður, svo sem töflurofar og annað það, sem máli skiptir skal vera merkt vel læsilegum skiltum úr varanlegu efni. Skiltin skulu greina stærð

vara, um hvaða grein er að ræða og aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar teljast hverju sinni.

12. gr
Efni.

1201. Yfirleitt skal allur rafbúnaður skipa gerður úr haldgóðu, eld- og rakatryggu efni, sem þolir þær aðstæður, sem ætla má að algengar séu í skipum. Og ekki skulu gerðar vægari kröfur í þeim efnum, en gerðar eru af hinum viðurkenndu flokkunarfélögum.

13. gr.
Veitukerfi.

Eftirtalin veitukerfi eru leyfð:

1301. Jafnstraumur:
a) Einangrað tvítauga kerfi.
b) Einangrað þrítauga kerfi með jarðtengda miðtaug, skipsbolurinn ekki sem leiðari.

1302. Riðstraumur:
c) Einangrað einfasa tvítauga kerfi.
d) Einangrað þrífasa, þrítauga kerfi.
e) Þrífasa, þrítauga kerfi með núlltaug, jarðtengdri, þó ekki með skipsbolinn í stað núlltaugar.
f) Þrífasa fjórtauga kerfi með jarðtengdri núlltaug, skipsbolurinn ekki sem leiðari.

1303. Í olíuflutningaskipum má ekki nota kerfin:
b), e) og f).

1304. Siglingamálastjóra er heimilt að leyfa önnur veitukerfi, en hér hafa verið greind.

14. gr.
Spenna rafkerfa.

1401. Eftirgreindar hámarksspennur eru leyfðar á jafnstraums- og riðstraums rafkerfum skipa:

500 V fyrir fastar vélar, stór hitatæki og eldavélar, sem nota 4 kW. eða meira, enda liggi að þeim fastir rafstrengir. 250 V fyrir ljós, lítil hitatæki í íbúðum og eldavélar, innstungur og hreyfanleg rafmagnstæki. Þó er mælst til að ekki sé notuð hærri spenna en 55 V við handlampa og handverkfæri, sem notuð eru á sérlega varasömum stöðum, svo sem á þilfari og í vélarúmi, gildir þetta um riðstraumskerfi. Ef notaðir eru spennar til lækkunar kerfisspennu skulu þeir vera með aðskildum vöfum.

1402. Kerfisspenna er sú spenna, sem mælist á milli póla á jafnstraumskerfi og á milli fasa á riðstraumskerfi.

15. gr.
Algengar spennur og tíðnir á rafkerfum skipa.

(x merkir þær spennur sem mest eru notaðar).

1501. Jafnstraumur V:	6	12	24	32	60	110	220
Orka til véla og hitunar						x	x
Til ljósa o. fl.			x	x		x	x

1502. Riðstraumur V:	12	24	48	55	110	115	127	220	250	380	440
Orka til véla og hitunar								x		x	x
Til ljósa o. fl.		x			x			x			

1503. Algengar tíðnir eru 50 Hz og 60 Hz.

16. gr.

Spennu- og tíðnisbreytingar.

1601. Ákvæði um spennustillingu rafala eru að finna í gr. 21 og 22. Spennufall, í sérhverri grein frá aðaltöflu má aldrei verða meir en 6% miðað við fullt álag á greininni.

1602. Allir sjálfvirkir rofar búnir segulvafi og aðrir rafseglar skulu starfa eðlilega við spennufall allt að 15%.

1603. Leyfilegar breytingar á tíðni eru ± 5% að staðaldri, en ± 10% skamma stund.

17. gr.

Fjöldi rafala m. m. og afköst. Skip 50 brl. og stærri.

1701. Fjölda og afköstum rafala, straumbreyta, spenna og afriðla, sem hafa mikilvægum hlutverkum að gegna, skal þannig háttað, að nægi til að sigla skipinu örugglega, þótt eitthvert tækjanna bili. Sem mikilvægt fyrir örugga siglingu skipsins telst eftirfarandi:

a) Allur rafbúnaður, sem nauðsynlegur er, eða sem er krafist til að sigla skipinu, stýra því og stjórna.
b) Allur rafbúnaður, sem tilheyrir eldvarnar- og austurkerfi skipsins.
c) Lýsing, sem nemur að minnsta kosti 50% af fullri lýsingu skipsins.

18. gr.

Rafali knúinn aðalvél. Skip 50 brl. og stærri.

1801. Minnst tveir aðalrafalar skulu vera í skipum 50 brl. og stærri. Leyfilegt er að annar þeirra sé knúinn aðalvél, enda uppfylli hann ákvæði 16. og 20. gr.

1802. Siglingamálastjóri getur leyft að fleiri en einn aðalrafali sé knúinn aðalvél, þegar aðalvélar eru tvær eða fleiri.

1803. Sé aðalrafali knúinn af aðalvél, skal hann skila eðlilegum afköstum og spennu, þótt snúningshraði vélarinnar fari allt niður í 33% af fullum snúningshraða.

1804. **Fjöldi rafala. Skip minni en 50 brl.**
Í skipum, sem eru minni en 50 brl., má hafa einn aðalrafala, þarf hann ekki að vera knúinn hjálparvél, en að öðru leyti falla skipin undir ákvæði þessara reglna.

19. gr.

Hjálparvélar.

1901. Hver aðal-rafali skal knúinn sérstakri hjálparvél, sé hann ekki knúinn aðalvél. Aðalrafalar teljast þeir rafalar, sem nauðsynlegir eru samkvæmt ákvæðum 17. gr.

1902. Hjálparvélar, sem knýja aðalriðstraumsrafala, skulu búnar sjálfvirkum gangráðum, sem stjórna snúningshraðanum þannig, að varanleg breyting hans frá lausagangi til gangs með fullu álagi, verði ekki meiri en 5%. Þó er 10% breyting leyfileg stutta stund, þegar fullt álag er snögglega sett á eða tekið af.

Þegar taka verður ökumæli úr vegna viðgerðar á bifreið, er verkstæði því, er framkvæmir viðgerðina, heimilt að rjúfa innsigli það, er tengir mæli við ökutækið. Forstöðumaður verkstæðisins skal þá skrá í akstursbókina mælisstöðu, ástæðu fyrir því, að mælir er tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðis og undirrita síðan.

Þegar viðgerð er lokið, færir forstöðumaður verkstæðisins á ný í akstursbókina mælisstöðu ökumælisins, dagsetningu og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða annars aðila, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til innsiglunar á ökumælum.

22. gr.

Verði bilun á bifreið í akstri, þannig að eigi verði ekið lengra án viðgerðar, sem hefur í för með sér að taka verður ökumæli af, er ökumanni heimilt að rjúfa innsigli það, er tengir mæli við bifreiðina. Skal hann þá skrá í akstursbókina stað og stund, er innsigli var rofið, mælisstöðu og ástæðuna fyrir því og staðfesta síðan með undirskrift sinni.

III. KAFLI

Ákvæði er varða aðra ökumæla en nafmæla.

23. gr.

Ökumælir skal vera með innsiglaðri númersplötu og mælisnúmeri. Skal honum komið þannig fyrir, að hann hindri ekki ökumann í notkun stjórntækja. Þegar ökumælir kemur í stað hraðamælis bifreiðar, skal honum komið fyrir í sjónmáli ökumanns.

24. gr.

Drifsnúra í barka skal tengjast við gírkassa, vinkildrif, millistykki og mæli svo sem sýnt er á teikningum, sem ráðuneytið lætur í té. Eins og sjá má á teikningu, má festa driftengi beint á gírkassaúttak hraðamælis eða, verði því ekki við komið, þá á annan hentugan stað. Við þær aðstæður skal nota millitengi milli driftengis og gírkassa. Vinkildrif notast, þegar nauðsyn er vegna rúmleysis, eða ef það kemur í stað driftengis. Sé snúningshlutfall á hraðamælisúttaki gírkassa hið sama og á mæli þeim, er setja skal í, má sleppa driftengi.

25. gr.

Leitast skal við að drifsnúra með barka sé hvergi í sveig með minna en 25 cm radius, og eigi meira en 1 m milli festinga.

26. gr.

Á **áðurnefndri teikningu** er sýnt, hvernig innsigli skal hagað. Göt, sem innsiglisvír er þræddur í, skulu vera með ávölum brúnum til að hlífa innsiglisvírnum. Eins og sjá má á teikningum, skulu:

a. öll tengi milli gírkassa, driftengis og mælis vera innsigluð, þannig að eigi sé hægt að losa þau án þess að innsigli sé rofið. Sé upprunalegur hraðamælir bifreiðarinnar tekinn úr notkun, skal úttak fyrir hraðamælissnúru á driftengi vera lokað með lokaðri ró úr málmi, sem innsigluð er svo sem áður er nefnt.
b. allar skrúfur á driftengi vera innsiglaðar, þannig að eigi verði við þeim hreyft, án þess að innsigli sé rofið. Driftengi má eigi vera með smurnippli eða hliðstæðu.
c. öll tengi fyrir drifsnúru vera innsigluð, þannig að drifsnúra verði eigi losuð nema innsigli sé rofið.
d. ísettur mælir skal innsiglaður, þannig að hann verði eigi losaður frá festingum nema innsigli sé rofið. Innsigli skal sjást auðveldlega. Verkstæði það, er setur mælinn í, setur tvö innsigli á innsiglisvír þann, er hér notast, og skal verkstæðið nota ytra innsiglið til bráðabirgða. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns. Sjá 4. gr.
e. númersplata með mælisnúmeri á annarri hlið, en gerð mælis á hinni, skal innsigluð við mælinn. Platan skal vera úr kopar, rétthyrnd 30 × 12 mm þykkt 1 mm. Á annarri styttri hlið skulu vera tvö göt, hvort 2 mm í þvermál, fyrir innsiglisvír.

27. gr.

Innsigli þau, sem um getur í 26. gr. a til c, skulu sett á af verkstæði því er setur mælinn í. Innsigli það, sem um getur í e-lið 26. gr., skal sett á af umboðsmanni mælis.

28. gr.

Þegar mælir hefur verið settur í bifreið og innsiglaður, svo sem að framan getur, gefur verkstæðið út akstursbók eins og greint er í 3. gr.

29. gr.

Eftirlit á mælum skal fara fram eftir um það bil 300 000 km akstur og eigi síðar en eftir 350 000 km. Jafnframt skal athuga og smyrja driftengi og snúrudrif.

30. gr.

Viðgerðir, breytingar og eftirlit á ökumælum og fylgihlutum þeirra, má einungis framkvæma af umboðsmanni eða verkstæðum, sem til þess eru viðurkennd af ráðuneytinu. Við ísetningu skal innsiglað svo sem fyrir er mælt.

Þegar framkvæma skal eftirlit á ökumæli samkv. 29. gr. eða gera við bilun á

ökumæli, sendir verkstæðið, sem verkið vinnur, mælinn til umboðsmanns án þess að innsigli við númersplötu sé rofið.

31. gr.

Þegar ökumælir er tekinn úr bifreið, skal jafnframt setja annan mæli í staðinn. Sé bifreið á verkstæði vegna viðgerðar, þannig að gera megi við ökumæli eða senda hann til eftirlits, meðan bifreiðin er eigi í notkun, má þó nota sama mæli.

32. gr.

Þegar annar ökumælir með nýrri númersplötu er settur í bifreiðina, gefur verkstæðið út nýja akstursbók eftir að mælirinn hefur verið innsiglaður svo sem fyrir er mælt í 3. gr. Í akstursbók þess ökumanns sem úr hefur verið tekinn, færir forstöðumaður verkstæðisins mælisstöðu ökumælisins, ástæður fyrir því að hann var tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðisins, og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðareftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til skoðunar, svo sem getið er í 4. gr.

33. gr.

Númersplötur af ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun, skulu varðveittar hjá umboðsmanni, og er eigi heimilt að nota þær aftur á sama gjaldári.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafist þess hjá umboðsmanni, að hann veiti upplýsingar um mælisnúmer, mælisstöðu, svo og dagsetningu á þeim ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun.

34. gr.

Þegar taka verður ökumæli eða hluta af mælabúnaði úr vegna viðgerðar á bifreið, er verkstæði því, er framkvæmir viðgerðina, heimilt að rjúfa innsigli þau, er tengja þá hluta við bifreiðina.

Forstöðumaður verkstæðisins skal þá skrá í akstursbókina mælisstöðu, ástæðuna fyrir því, að tekið var sundur, dagsetningu ásamt nafni verkstæðisins og undirrita síðan.

Þegar viðgerð er lokið færir forstöðumaður verkstæðisins á ný í akstursbókina mælisstöðu ökumælisins, dagsetningu, og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til innsiglunar á ökumælum.

IV. KAFLI

Um gildistöku og refsingar o. fl.

35. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með slík mál skal fara að hætti opinberra mála.

36. gr.

Uns ákveðið er með auglýsingu um gildistöku 2. mgr. 1. gr. er eigendum leigubifreiða til mannflutninga sem nota annað eldsneyti en bensín heimilt að greiða fast árgjald í stað þess að setja ökumæli í bifreiðina og greiða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra.

37. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. gr. l. nr. 79 6. september 1974, tekur gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 293/1975.

Fjármálaráðuneytið, 19. janúar 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

Nr. 63. 20. janúar 1977.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í smásölu.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	63.00 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	34.00 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

2.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Orkugjald	—	16.40 á kWst.
	Markmæling:		
2.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	—	86 220.00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	11 675.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	2.05 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	16.40 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Lágmarksgjald	—	58 × F1 á ári
	Orkugjald	—	34.00 á kWst.
3.2.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	63 345.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	17 085.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	6.30 á kWst.
3.4.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október		
	Aflgjald	—	6 370.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	2.75 á kWst.

4. Húshitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	7.66 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	3.26 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
4.3.	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	24 625.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	4 925.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.93 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	16.40 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
4.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	1.70 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

5.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Fyrir hvert götuljósker	—	6 × F1 á ári
	Orkugjald	—	7.87 á kWst.
5.2.	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	16.70 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals ..... kr. 3 000.00
fyrir hvert skipti.

II. SKILAGREINAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1		kr.	493.00 á mánuði
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	18.30 á m^2 á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	10.00 á m^2 á mán.
F3		—	194.00 á gjaldeiningu á mánuði
	Gjaldeiningar eru:		
	a) Fyrir fjölskylduheimili. Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.		
	b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.		
	c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.		
	d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.		
F4	Hvert uppsett kW	kr.	903.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 3.2.
   Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
   Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð díselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 20.47 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 4.1., 1.7 aura á lið 4.2., 1.5 aura á lið 4.3. og 0.9 aura á lið 4.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3. lækka eða hækka um 1.0 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins

nr. 437 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 295 30. júlí 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 20. janúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

21. janúar 1977. Nr. 64.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Rangæinga.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Rangæinga. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Hólsár, Ytri-Rangár, Þverár og Eystri-Rangár, en þær eru:

Djúpárhreppur: Bali I, Bali II, Bjóla I, Bjóla II, Bjóluhjáleiga, Borgartún I, Borgartún II, Brekka, Búð I, Dísukot, Eyrartún, Hábær I, Hábær II, Hái-Rimi II, Hái-Rimi III, Hákot, Hávarðarkot, Hrafntóftir II, Hraukur, Húnakot, Jaðar, Litla-Rimakot, Melur, Miðkot, Norður-Nýibær, Oddspartur, Skarð, Skinnar, Sólbakki, Stóra-Rimakot, Suður-Nýibær, Tobbakot I, Tobbakot II, Unuhóll I, Unuhóll II, Vatnskot I, Vatnskot II, Vesturholt, Ægissíða I, Ægissíða II, Ægissíða III, Önnupartur, Hrafntóftir I.

Holtahreppur: Árbæjarhjáleiga, Árbær, Árbæjarhellir.

Landmannahreppur: Árbakki, Austvaðsholt I, Austvaðsholt II, Bjalli, Efra-Sel, Galtalækur, Holtsmúli I, Holtsmúli II, Hrólfsstaðahellir, Húsagarður, Leirubakki, Lunansholt I, Lækjarbotnar, Merkihvoll, Neðra-Sel, Réttanes, Snjallsteinshöfði, Tjörfastaðir, Vatnagarður.

Vestur-Landeyjahreppur: Eystri-Hóll, Grímsstaðir, Ytri-Hóll II, Hemla, Ytri-Hóll I.

Rangárvallahreppur: Ármót, Ártún, Bakkakot, Bolholt, Fróðholtshjáleiga, Gaddstaðir, Geldingalækur, Grafarbakki, Gröf, Gunnarsholt, Haukadalur, Heiðarbrekka, Heiði I, Heiði II, Helluvað I, Helluvað II, Helluvað III, Hjarðarbrekka, Hólar, Kaldbakur, Keldur, Ketilhúshagi, Kirkjubær, Lambhagi, Langekra, Minna-Hof, Nes, Næfurholt, Oddhóll, Oddi, Rauðnefstaðir, Reynifell, Selalækur, Selsund, Sólvellir, Stokkalækur, Stóra-Hof, Svínhagi, Varmidalur I, Varmidalur II, Vestra-Fróðholt, Vindás, Þingskálar, Þorleifsstaðir, Eystra-Fróðholt, Uxahryggur I og II.

Hvolhreppur: Akur, Árgilstaðir I, Árgilstaðir II, Bakkavöllur, Djúpidalur, Efri-Hvoll, Gata, Hjarðartún, Kotvöllur, Króktún, Lynghagi, Markaskarð, Miðtún, Móeiðarhvoll I, Móeiðarhvoll II, Móeiðarhvolshjáleiga, Stórólfshvoll, Vallarhjáleiga, Völlur I, Völlur II, Þinghóll, Dufþaksholt, Stóri-Moshvoll, Litli-Moshvoll, Langagerði, Brekkur, Uppsalir, Vestri-Garðsauki, Miðkriki, Tjaldhólar, Vindás, Giljur, Miðhús, Þórunúpur og Skeið.

Fljótshlíðarhreppur: Háimúli, Árkvörn, Eyvindarmúli, Múlakot I, Múlakot II, Hlíðarendakot, Nikulásarhús, Hlíðarendi, Hallskot, Neðri-Þverá, Deild, Gambra, Heylækur I, Heylækur II, Valstrýta, Efri-Þverá, Teigur I, Teigur II, Smáratún,

Bollakot, Grjótá, Hellishólar, Arngeirstaðir, Kirkjulækur I, Kirkjulækur II, Kirkjulækur III, Kirkjulækjarkot I, Kirkjulækjarkot II, Kirkjulækjarkot III, Lambalækur, Kollabær I, Kollabær II, Kvoslækur, Ormskot, Stöðlakot, Tumastaðir, Tunga, Eystri-Torfastaðir I, Eystri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir I, Vestri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir III, Fagrahlíð, Kotmúli, Sámsstaðir I, Sámsstaðir II, Sámsstaðir III, efri og neðri, Bjargarkot, Árnagerði, Ásvöllur, Lambey, Staðarbakki, Breiðabólstaður, Flókastaðir, Núpur I, Núpur II, Vatnsdalur, Butra, Hlíðarból.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn, formaður og sex meðstjórnendur, sem skulu vera frá deildarsvæðunum, þ. e. tveir frá hverju svæði, en sjöundi stjórnarmaður, sem verður formaður, óbundinn, hvað búsetu snertir. Varaformann skal kjósa á sama hátt. Aðalfundir deilda skulu tilnefna þessa tvo menn, hver á sínu svæði, og tvo varamenn þeirra. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, þrír meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar endurskoðandinn gangi út annað árið en hinn hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar, eða þess aðila, sem hún veitir umboð til að gefa slíkt leyfi. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Félagið starfar í þremur deildum, ein deildin nái til eystri bakka Hólsár og allrar Þverár milli Ytri-Rangár og Eystri-Rangár og Eystri-Rangár ásamt fiskgengum ám og lækjum, sem í Eystri-Rangá falla. Önnur deildin taki til vestari bakka Hólsár

og allrar Ytri-Rangár ásamt fiskgengum ám og lækjum sem í Ytri-Rangá falla. Þriðja deildin nær til Þverár ofan ármóta hennar og Eystri-Rangár, ásamt fiskgengum lækjum sem í hana falla.

Skal hver deild sjá um ráðstöfun veiði fyrir það svæði, sem hún tekur yfir, með þeim takmörkunum, sem aðalfundur félagsins setur. Hver deild skal kjósa sér þriggja manna stjórn og aðra starfsmenn á grundvelli samþykktar þessarar og hafa skýrslur og greinargerðir tilbúnar þremur vikum fyrir aðalfund félagsins.

Aðalfundir deilda skulu haldnir í febrúar ár hvert.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. janúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

10. janúar 1977. Nr. 65.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Neista, Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Neista, en það nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við hámarkstöluna 15, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Neista og sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Vestur-Skaftafellssýslu viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á félagssvæðinu. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 15.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur hún ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 66. 24. janúar 1977.

REGLUGERÐ

um grásleppuveiðar.

1. gr.

Allar grásleppuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Leyfi til grásleppuveiða má veita bátum, sem eru 12 brúttólestir að stærð eða minni. Enn fremur bátum, sem eru stærri en 12 brúttórúmlestir, enda hafi þeir áður fengið slík leyfi og skýrslum verið skilað um veiðarnar.

Leyfi til grásleppuveiða getur ráðuneytið bundið þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

3. gr.

Óheimilt er án leyfis ráðuneytisins að nota við veiðarnar annan bát en þann, sem leyfi hefur fengið, t. d. til flutnings á afla.

4. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við tilgreint veiðisvæði og veiðitímabil. Veiðisvæðin og veiðitímabilin eru þessi:

A. Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi suður frá Hvítingum að línu réttvísandi norður frá Horni er veiðitímabilið frá 25. apríl til 10. júlí.
B. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá er veiðitímabilið 1. apríl til 15. júní.
C. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi er veiðitímabilið frá 20. mars til 5. júní.
D. Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi suður frá Hvítingum er veiðitímabilið frá 25. mars til 10. júní.

Óheimilt er að leggja grásleppunet fyrir upphaf veiðitímabils og ávallt skulu öll net dregin úr sjó fyrir lok veiðitímabils.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfi að takmarka veiðisvæði og veiðitíma enn frekar en gert er í reglugerð þessari.

5. gr.

Öll grásleppuhrogn skulu söltuð í vinnslustöð í landi, sem viðurkennd hefur verið af Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Öll söltun á grásleppuhrognum um borð í bátum er óheimil.

6. gr.

Bátum, sem leyfi hafa til grásleppuveiða er óheimilt að stunda jafnframt þorskfiskveiðar í net.

7. gr.

Sé aðeins einn maður á bátnum er óheimilt að eiga fleiri en 40 net í sjó.
Sé áhöfn tveir menn skulu net ekki fleiri en 80.
Sé áhöfn þrír menn skulu net ekki fleiri en 120.
Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 150 net í sjó.
Takmörkun þessi á netafjölda í sjó miðast við 120 faðma slöngu.

8. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda skulu eigi síðar en einum mánuði eftir lok veiðitímabils senda skýrslu um veiðarnar til Fiskifélags Íslands á þar til gerðum veiðiskýrslum.

9. gr.

Eftir 1. janúar 1978 skal lágmarksmöskvastærð grásleppuneta vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 10½ þumlungs (266.7 mm) breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 58 5. mars 1976 um hrognkelsaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

19. janúar 1977. Nr. 67.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsuppdrætti af miðbæ Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 19. janúar 1977 staðfest breytingu á skipulagsuppdrætti af miðbæ Hafnarfjarðar, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 22. apríl 1967. Breyting þessi tekur til svæðis sem takmarkast af Strandgötu, Lækjargötu, Fjarðargötu og Linnetsstíg.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 107 30. maí 1974.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lyf sem ekki falla undir skilgreiningu 2. og 3. gr. eru:

1. Lyf sem talin eru til 7. flokks: E_3, E_4, E_5, E_6 og E_7, 12. flokks og 48. flokks: C í ritinu „Lyf á Íslandi".
2. Lyf sem ekki eru greind í gildandi lyfjaverðskrám, nema auglýst hafi verið sérstaklega að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra samkvæmt reglum 2. og 3. gr.
3. Lyf sem talin eru til 1. flokks: A, B, D, F, H og K—Q í ritinu „Lyf á Íslandi".

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum 8. maí 1974, og öðlast gildi 15. febrúar 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. janúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1977

19. janúar 1977. 113 Nr. 69.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. des. 1965 um breyting á reglugerð Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá vatnsveitunni, skal greiða tengigjald kr. 23.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 15.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.75% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 17.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 19.00 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð vatnsskattsins aldrei vera hærri en svarar kr. 34.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er.

Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki vatnsskattur.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 3 700.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Framantalin gjöld skv. 8. og 10. gr. eru miðuð við byggingavísitölu 119 stig, og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni, þó má hækkun ekki nema meiru en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

B 15

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsagjöld í Kópavogi nr. 347 6. nóvember 1974.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Kópavogi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefir verið lagt í, eða hefir tengt hús sitt holræsakerfi bæjarins, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Kópavogs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0.375% af fasteignamati húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægri, en svarar kr. 13.50 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 9.50 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 17.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 850.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum.

Þó skal aldrei reikna holræsagjöld af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Holræsagjaldið er miðað við byggingavísitölu 119 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkanir samkvæmt þessari málsgrein mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 71. 20. janúar 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsagerð í Mosfellshreppi nr. 159 10. ágúst 1960.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Kostnaður við holræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til þess að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús að, eða í námunda við götu veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðalræsi, er nemur 0.2% af fasteignamati hússins, en þó ekki lægra en kr. 750.00 miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 375.00 fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina.

Nú eru hús sambyggð, en aðskilin með brunagöflum og telst þá sérstakt hús sá hluti sem er á milli brunagafla. Ef fleiri íbúðir en ein eru í húsi og íbúðir séreign, skal heildarupphæð tengigjaldsins skiptast milli eigenda íbúðanna hlutfallslega, eftir tölu íbúðanna sem þeir eiga.

Auk tengigjald greiði hver húseigandi árlega holræsagjald til hreppsins 0.15% af fasteignamati húsanna, en þó ekki lægra en kr. 900.00 miðað við hús með einni íbúð og hækkar gjaldið um kr. 450.00 fyrir hverja íbúð umfram eina.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

24. janúar 1977. Nr. 72.

REGLUGERÐ

um holræsi í Hólmavíkurhreppi Strandasýslu.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa er þeim húseigendum er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi.

Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra innan hæfilegs tíma sem sveitarstjóri ákveður getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Hólmavíkurhreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum er hann lætur gera eftir 1. janúar 1976. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðamörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda. við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingafulltrúi undir yfirstjórn sveitarstjórnar fara með stjórn framkvæmda er holræsakerfi kauptúnsins varðar. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni framkvæmd viðhalds og endurbóta á holræsakerfinu. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt, skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennslikerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi byggingarfulltrúi ávallt eftirlit með því að vel og örugglega sé frá öllu gengið og að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfi, sýrur, olíur eða önnur þau efni sem valdið geta skemmdum á holræskerfinu eða varanlegri mengun. Á þeim stöðum, sem slík hætta er fyrir hendi s. s. í frystihúsum o. þ. h. húsum, skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það, að efni komist út í holræsakerfi hreppsins. Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

6. gr.

Skylt er mönnum að hlíta því, að holræsalagnir séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt vatnalögum.

7. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í að greiða holræsagjald til hreppsins árlega auk tengigjalds við hverja tengingu.

8. gr.

Húseiganda ber að greiða holræsagjaldið og ber hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. ágúst ár hvert.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

um holræsi í Hólmavíkurhreppi Strandasýslu.

Tengigjöld.

1. gr.

Fyrir hvert íbúðarhús kr. 10 000.00 en séu fleiri en ein íbúð í húsi, þá skal greiða kr. 7 500.00 fyrir hverja viðbótaríbúð. Af öðru húsnæði skal tengigjald vera kr. 20.00 pr. m^3.

Árlegt holræsagjald.

2. gr.

Árlegt holræsagjald skal vera 0.18% af fasteignamatsverði húsa eða einstakra íbúða, hámarksgjald kr. 10.00 pr. m^3 íbúðar, lágmarksgjald kr. 8.00 pr. m^3 íbúðar. Lágmarksgjald fyrir önnur hús kr. 5.50. Holræsagjald skal aldrei vera lægra en kr. 1 500.00. Gjaldskrá þessi má hækka (eða lækka) um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

27. janúar 1977. Nr. 74.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 150.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 300.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. febrúar 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. janúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Þingvallahreppi í Árnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Þingvallahrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 76. 14. janúar 1977.

AUGLÝSING

um skipulag í Grímsneshreppi í Árnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Grímsneshrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Loftsstaðasystkina, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. janúar 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

minningarsjóðs Loftsstaðasystkina.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Loftsstaðasystkina, og er eign Gaulverjabæjarkirkju.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður með 2 000 000.00 — tveimur milljón krónum — af Jóni Jónssyni frá Loftsstöðum til minningar um föður hans og föðursystkini frá Loftsstöðum, þau

Jón Jónsson, f. 13. des. 1860

Bjarna Jónsson, f. 20. ágúst 1866

Sigríði Jónsdóttur, f. 7. júlí 1863

Þuríði Jónsdóttur, f. 25. sept. 1864.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja að viðhaldi Gaulverjabæjarkirkju eða til eflingar safnaðarstarfi í Gaulverjabæjarsókn á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar sóknarnefnd Gaulverjabæjarkirkju.

5. gr.

Verkefni sjóðsstjórnar er:

a) að ávaxta sjóðinn í vísitölutryggðum skuldabréfum eða á annan jafnhagfelldan hátt, og skal hún leggja fram reikninga sjóðsins á hverjum aðalsafnaðarfundi Gaulverjabæjarsóknar með öðrum reikningum kirkjunnar.

b) að halda skrá yfir gjafir til sjóðsins og sérstaka minningabók, er geymi nöfn þeirra, sem minnst er með gjöfum til sjóðsins.

c) að ákveða úthlutun úr sjóðnum í hvert sinn eftir 3. gr. og 6. gr.

6. gr.

Árlega má veita úr sjóðnum upphæð, sem nemur vöxtunum af höfuðstól hans eins og þeir voru næsta ár á undan. En sé vöxtunum ekki að fullu ráðstafað á þann hátt, leggjast eftirstöðvar vaxtanna við höfuðstól sjóðsins ásamt gjöfum, sem sjóðnum berast.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 78. 28. janúar 1977.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	51.00 á kWst.
1.2.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	15.30 á kWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	260.00 á m^2 á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	96.00 á m^2 á ári
1.3.	Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	15.30 á kWst.
1.4.	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	25.50 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1.	Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	11.60 á kWst.

Fastagjald af hverju herbergi ..... — 1 038.00 á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

2.2. Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum; ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 11.60 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 25.50 á kWst.
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2., en þriðjungi lægra.

3.2. Um afl- og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.95 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kw. ..... — 39 870.00 á ári
Aflgjald, umfram 2 kw. ..... — 13 290.00 á kw á ári
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2 og lágmarksaflgjald af 20 kw.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.95 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kw. ..... — 34 410.00 á ári
Aflgjald, af uppsettum kw. í málraun véla ..... — 10 560.00 á kw. á ári
Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 7.10 á kWst.

4.2. Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag. Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	2.97 á kWst.
4.3. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til. Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	1.78 á kWst.
4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til. Um kWst.-mæli: Orkugjald	—	3.48 á kWst.

Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert KW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni	kr.	830.00 á ári
2.	Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni	—	1 836.00 á ári
3.	Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 og til 100 A	—	2 086.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/málraun	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald, jarðstrengur kr./m.	Yfirlengdargjald, loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	65 080	2 130	22 650
63 A 3-fasa	70 420	2 130	27 640
100 A 3-fasa	83 760	2 390	35 340
200 A 3-fasa	134 980	3 230	
315 A 3-fasa	281 400	4 510	
300 KVA 3-fasa	393 960	Samkv. kostn.	
500 KVA 3-fasa	652 780	—	
800 KVA 3-fasa	1 044 870	—	

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m. og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum eða næsta útitengiskáp að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveita ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa	kr.	14 200
63 A 3-fasa	—	19 400

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 7 300 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 1 000 til rafveitunnar.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskránni, nema af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 437 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss nr. 292 27. júlí 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1977.

Fiskmjöl, $ 6.90 á próteineiningu í lest.
Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 190.50.
Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. janúar 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1977

3. febrúar 1977. 125 Nr. 80.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum fyrir Vesturlandi.

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði fyrir Vesturlandi, sem afmarkast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 65°25′ n.br., 27°00′ v.lgd.
2. 65°26′ n.br., 26°54′ v.lgd.
3. 65°08′ n.br., 26°48′ v.lgd.
4. 64°39′ n.br., 26°54′ v.lgd.
5. 64°39′ n.br., 27°02′ v.lgd.
6. 65°03′ n.br., 27°09′ v.lgd.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 7, nr. 80. Útgáfudagur 4. febrúar 1977.

B 16

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1977

Nr. 81. 126 24. janúar 1977.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Litlárvatna.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Litlárvatna. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Litlár, frá ármótum Árnaneskvíslar og Bakkahlaups, og svo langt upp, sem fiskur gengur svo og allar fiskgengar ár og læki, sem í Litlá falla, en jarðirnar eru: Bakki, Þórseyri, Syðri-Bakki, Þórunnarsel, Árnanes, Nýibær, Garður I, Garður II, Garður III, Laufás, Kvistás, Austurgarður I, Austurgarður II, Krossdalur, Árdalur, Höfðabrekka, Lindarbrekka, Keldunes I, Keldunes II, Framnes, Eyvindarstaðir og Eyvindarholt.

3. gr.

Verkefni félagsins er að auka og viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið hefur eitt umráð yfir allri veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær mann sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúar eða marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfssemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

85.03.09	Rafhlöður fyrir flugvélar.
85.04.10	Rafgeymar með spennu sem hæfir flugvélum.
85.08.00	Rafbúnaður, t. d. rafkerti o. fl. fyrir flugvélahreyfla.
85.12.69	Rafmagnshitaelement, t. d. til varnar gegn ísmyndun svo og til hitunar á Pitot-pípu fyrir flughraðamæla o. fl.
85.13.20	Sambyggðir heyrnar- og hljóðnemar fyrir flugáhafnir (Headset).
85.14.10	Eyrnaskjól með heyrnartæki. Hljóðnemar.
85.15.11—19	Radíósendi- og móttökutæki (þ. m. t. neyðarsendar) fyrir flugvélar.
85.15.51—59	Radíóviðtæki fyrir flugvélar.
85.15.71	Ratsjár og loftskeytamiðunartæki í flugvélar.
85.15.83—89	Loftnet fyrir fjarskiptatæki í flugvélum.
85.17.01	Rafmagnsbrunaaðvörunarkerfi í flugvélar.

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
85.17.09	Rafmagnsbúin hljóð- og ljósmerkjatæki fyrir flugvélar, t. d. blikkandi ljós.
85.18.00	Rafmagnsþéttar í radíó- og ratsjártæki flugvéla.
85.19.11	Rofar allt að 5 og yfir 30 amper; skiptar og liðar.
85.19.12	Aðrir rofar fyrir flugvélar, ót. a.
85.19.13	Vör til og með 5 amper.
85.19.16	Falir; tenglar, klær og tengibúnaður til og með 5 amper og 30—200 amper.
85.19.18	Annar tengibúnaður fyrir flugvélar, ót. a.
85.19.19	Tengikassar.
85.19.40	Viðnám.
85.20.10	Rafmagnsperur í ýmis lýsingartæki í flugvélum.
85.21.10—20	Rafeindalampar í ratsjár og radíótæki í flugvélum.
85.21.31	Ljósnemar.
85.21.32	Transistorar og díóður.
85.21.40	Rafeindadvergrásir.
85.21.50	Uppsettir þrýstirafmagskristallar.
85.22.20	Rafmagnshituð affrysti- og daggarþurrktæki fyrir rúður í flugvélum.
85.23.09	Einangraður rafmagnsþráður, sérstaklega hannaður fyrir rafmagnskerfi, ratsjár og radíókerfi í flugvélum.
85.24.00	Burstakol til notkunar í ýmis rafmagnstæki fyrir flugvélar.
85.25.10—30	Einangrarar, t. d. fyrir flugvélaloftnet.
87.14.29	Farangursvagnar.
87.14.39	Farþegatröppur byggðar á vagn.
87.14.49	Hjól fyrir hreyfilstól.
88.03.01	Hlutar þeir til flugvéla sem samkvæmt athugasemdum við XVII. flokk tollskrár geta fallið undir 88. kafla og teljast ekki til annarra tollskrárnúmera.
89.01.61	Björgunarbátar, viðurkenndir sem slíkir fyrir flugvélar.
90.02.09	Linsur í umgerð (stækkandi), t. d. vegna álesturs á lóran og fleiri tæki í flugvélum.
90.14.10	Áttavitar, sjálfstýritæki, hæðarmælar, lofthraðamælar, stig- og fallmælar, snúðuhallamælar (Artificial Horizons), beygju- og hallamælar, Mach-mælar, hraðabreytimælar (Accelerometers), allt til nota í flugvélum.
90.16.10—20	Reiknískífur, hornamælar, míkrómælar, hnoðamælar (Gauge-Rivets), átaksmælar, enda notaðir sérstaklega í sambandi við viðgerðir flugvéla.
90.18.09	Súrefnisblöndunartæki til nota í flugvélum.
90.22.00	Tæki til mekanískrar prófunar á styrkleika og þrýstiþoli, t. d. hörkumælar og styrkmælar fyrir dúka vegna flugvélaviðgerða.
90.23.02	Hitamælar, sérstaklega ætlaðir til notkunar í flugvélum.
90.24.01	Hitastillar, t. d. notaðir í hitakerfi flugvéla.
90.24.09	Þrýstimælar, t. d. í háþrýstikerfi og fyrir þrýsting andrúmslofts í flugvélum. Magnmælar og rennslismælar, t. d. fyrir eldsneyti flugvéla.
90.26.09	Mælar sem sýna t. d. eyðslu eldsneytis o. fl. miðað við ákveðinn tíma eða vegalengd, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar.
90.27.01	Snúningshraðamælar fyrir flugvélar.
90.27.09	Ýmsir teljarar til notkunar í flugvélum.

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
90.28.50	Amper- og voltmælar; einnig aðrir rafmagnsmælar í stjórnborði flugvéla.
90.29.09	Varahlutir í mælitæki sem njóta undanþágu í vöruliðum 90.23, 90.24 og 90.26 til 90.28.
91.03.00	Klukkur, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
91.11.00	Varahlutir í klukkur sem flokkast undir tnr. 91.03.00.
94.01.13	Sæti í flugvélar.

2. gr.

Það skilyrði er sett fyrir framangreindri niðurfellingu, að innflytjandi lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að varan sé eingöngu ætluð til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

Niðurfellingin tekur einungis til þeirra innflutningsaðila sem stunda rekstur, viðgerðir eða framleiðslu á flugvélum í atvinnuskyni. Í vafatilvikum ber innflytjanda að sýna tollyfirvöldum fram á með vottorði viðkomandi skattstofu, að hann hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna af rekstri, viðgerðum eða framleiðslu flugvéla næstliðið skattár.

3. gr.

Auglýsing þessi birtist til að öðlast gildi þegar í stað og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing ráðuneytisins nr. 86 frá 6. mars 1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1977.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Björn Hafsteinsson.

1. mars 1977. Nr. 144.

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

A. Persónugjald:

Fyrir verkamann eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 270.00. Skal tala verkafólks miðuð við það, sem hún er þegar fyrirtæki er í fullum gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrekstur frystihúsa eða síldarverksmiðju.

B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting:

1. flokkur: Gjald kr. 1 500.00.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2 kg/cm^2 þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m^2 hitaflöt. Opnir eimhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m^3 rúmtaki. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með allt að 2 m^3 rúmtaki.

2. flokkur: Gjald kr. 2 250.00.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kg/cm^2 og eru með hitafleti frá 2 m^2 til 30 m^2. Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m^3. Eimhitaðir suðu-

katlar og þurrkarar. Þó suðuketill eða þurrkari sé með hræribúnaði eða öðrum hreyfibúnaði reiknast aðeins gjald vegna aflvélar, en ekki vegna vélabúnaðar. Reykhitaðir forkatlar og yfirhitunarkerfi. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með þrýstingi meira en 2 m^3 rúmtaki.

3. **flokkur: Gjald kr. 6 000.00.**

Eimkatlar með meira en 30 m^2 hitafleti.

C. **Aflvélar:**

Af hverju hestafli aflvélar greiðist kr. 48.00.

Fyrir hvern rafmótor, sem notaður er til aflyfirfærslu frá eigin rafstöð fyrirtækis greiðist kr. 48.00.

D. **Vinnuvélar:**

1. **flokkur: Gjald kr. 48.00.**

Dælur sem nota allt að 5 hö., ádráttarsteinar (smergelskífur), fægivélar skósmiða, hnappagatavélar, sníðavélar, saumavélar, leðurgerðarvélar, loftblásarar undir 2 hö.

2. **flokkur: Gjald kr. 180.00.**

Dælur sem nota frá 5 til 10 hö., hræritæki í kerjum, málmsmíðavélar, loftblásarar yfir 2 hö., plastiðnaðarvélar, gúmmígerðarvélar, reykblásarar, þrýstiloftsþjöppur allt að 5 hö., brjóstssykurgerðarvélar, gosdrykkjagerðarvélar, bókbandsvélar, mjólkurstöðvarvélar, brauðgerðarvélar, skógerðarvélar, prjónavélar, roðflettivélar, marningsvélar, færibönd 2—5 m að lengd.

3. **flokkur: Gjald kr. 450.00.**

Trésmíðavélar, prentvélar, vökvaþrýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, skrúfupressur, niðursuðuvélar, sápugerðarvélar, málningagerðarvélar, fataþvottavélar, gærurotunarvélar, sútunarvélar, steinsmíðavélar, grjótmulningsvélar, flöskuáfyllingarvélar, síldar- og fiskimjölsvélar, olíuskilvindur, ullarþvottavélar, flókagerðarvélar, tuskutætarar, dælur yfir 10 hö., hampvinnsluvélar, pappagerðarvélar, fiskþvottavélar, pönnufrystitæki, færibönd 5—10 m. l.

4. **flokkur: Gjald kr. 900.00.**

Ullarvinnsluvélar, skipadráttarvindur, einfaldar lyftivindur, þrýstiloftsþjöppur 10 hö. og meira, gasframleiðslutæki, flöskuþvottavélar, matarlyftur að 50 kg. Færibönd 10 m og lengri, lokubúnaður í vatnsorkuverum, rækjupillunarvélar, hausunarvélar.

5. **flokkur: Gjald kr. 1 800.00.**

Brettatrillur og brettalyftarar, bifreiðalyftur, sjálfvirkar pappaprentvélar, vörulyftur 50—350 kg. Rúllustigar, sýningarklefar, málarastólar, verkpallar í strengjum, steypuhrærivélar, flatningsvélar, flökunarvélar, skipadráttarvagnar, tvíbrauta lyftibúnaður, málmbræðsluker með hreyfibúnaði. Fisklöndunartæki (grabbar).

6. **flokkur: Gjald kr. 4.500.00.**

Fólkslyftur og aðrar sjálfvirkar lyftur með fallhemlum, fallhamrar (aflvélagj. innifalið). Vörulyftarar með sæti, vörulyftur yfir 350 kg, færibrautir í sláturhúsum.

7. **flokkur: Gjald kr. 6.000.00.**

Dráttarvélar, vegaþjöppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómul. minna en 8 m, lyftigeta minna en 2 tonn). Litlar steypustöðvar.

8. **flokkur: Gjald kr. 9 000.00.**
Farandkranar, byggingakranar, fisklöndunarkranar, malarvinnslusamstæður og aðrar svipaðar vélar, steypustöðvar stórar.

E. Frystivélar:

1. **flokkur: Gjald kr. 450.00.**
Frystivélar með allt að 10 000 kcal/h afköstum.
2. **flokkur: Gjald kr. 1 200.00.**
Frystivélar með 10 000 til 20 000 kcal/h afköstum.
3. **flokkur: Gjald kr. 2 100.00.**
Frystivélar með 20 000 til 50 000 kcal/h afköstum.
4. **flokkur: Gjald kr. 4 500.00.**
Frystivélar með yfir 50 000 kcal/h afköstum.

F. Byggingamannvirki og verkpallar:

Vegna byggingamannvirkja, sem eru í smíðum, greiðist kr. 2.40 af hverjum rúmmetra þess. Heimilt er þó að veita 50% afslátt af gjaldi af stórum byggingum með mjög litlum innréttingum.

Ef verkpallar eru notaðir við endurbætur, lagfæringar eða málun húsa eða skipa eða við hleðslu á vörum, greiðist kr. 9.00 fyrir hvern hlaupandi lengdarmetra verkpalls. Þó skal ekki greiða gjald af verkpöllum, sem eru í minna en tveggja metra hæð frá jörðu.

G. Losun og lestun:

Í hvert sinn, sem skip kemur frá erlendri höfn eða affermir vörur hér við land skal það greiða gjald vegna öryggiseftirlits þannig:

Skip, sem eru	100 til 1000 brúttólestir greiði kr.	3 000.00.
Skip, sem eru	1000 til 2000 brúttólestir greiði —	6 000.00.
Skip, sem eru	2000 til 3000 brúttólestir greiði —	9 000.00.
Skip, sem eru	3000 brúttól. og þar yfir greiði —	12 000.00.

Er viðkomandi embættismönnum falið að innheimta eftirlitsgjaldið samkvæmt gjaldskránni með öðrum skipagjöldum við tollafgreiðslu skipanna við komu þeirra frá erlendri höfn, enda verði gjöldin aðeins tekin þar sem eftirlitsmenn eru starfandi.

Skip, sem fermir eða affermir vörur í strandferðum, skal einu sinni fyrir hvern mánuð, sem það siglir milli milli hafna greiða gjald skv. gjaldskránni, enda hafi það ekki flutt vörur milli Íslands og annarra landa á sama tíma.

Gjald skv. 3. mgr. innheimtist eftir reikningi, sem Öryggiseftirlit ríkisins gefur út með sama hætti og önnur gjöld fyrir öryggiseftirlit á föstum vinnustöðum.

H. Húsakynni án véla:

Fyrir íbúðarskála verkafólks greiðist kr. 18.00 af hverjum fermetra gólffletar. Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem saumastofur, þvottahús, netagerðarstofur, seglasaumastofur, vinnustofur í frystihúsum, sláturhús o. s. frv., greiðist kr. 9.00 fyrir hvern fermetra gólffletar. Fyrir víðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, greiðist kr. 4.50 fyrir hvern fermetra gólffletar.

I. Hávaðamæling, gasmæling eða þrýstiraun rýma, kerja eða geyma og önnur sérþjónusta:

Fyrir hverja hávaða- eða gasmælingu rýmis, kers eða geymis í landi greiðist kr. 3 000.00.

Fyrir gasmælingu olíugeyma í skipum greiðist kr. 3 000.00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 1 125.00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald, nema eingöngu sé mælt í því. Sé gasmæling eða önnur þjónusta framkvæmd utan hins reglulega vinnutíma öryggiseftirlitsins samkvæmt ósk eiganda eða notanda geymis eða skips, skal hann greiða þeim starfsmanni öryggiseftirlitsins, sem þjónustuna framkvæmir, yfirvinnu þá sem þjónustan leiðir af sér.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2 m^3 að rúmtaki eða með minni þrýsting en 2 kg/cm^2 greiðist kr. 1 800.00 en fyrir stærri katla kr. 2 400.00.

2. gr.

Fyrir vinnuvélar, sem ekki eru nefndar í gjaldskránni, greiðist hlutfallslega eftir því hve stór og margbrotin vélin er, frá kr. 48.00 til kr. 9 000.00.

Þó skoðun fari fram oftar en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi aukaeftirskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir Öryggiseftirlit ríkisins. Sé að beiðni fyrirtækis skoðun framkvæmd auk hinnar árlegu skoðunar greiðist minnst kr. 2 000.00. Árlegt lágmarksgjald vegna skoðunar hjá fyrirtæki er kr. 2 500.00.

3. gr.

Vegna meðferðar hættulegra efna, sbr. lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða sömu laga, greiði eftirlitsskyld fyrirtæki, sem nota, flytja, framleiða eða geyma þessi efni, tvöfalt persónugjald, samanber A-lið þessarar gjaldskrár og auk þess fast
gjald kr. 4 000.00 séu starfsmenn færri en 5,
gjald kr. 8 000.00 séu starfsmenn frá 5—10,
gjald kr. 12 000.00 ef starfsmenn eru fleiri.

Er þá aðeins átt við verkamenn, sem hættuleg efni ná eða geta náð til á vinnustaðnum. Vegna gassuðutækja eða rafsuðutækja greiðist kr. 1 500.00.

4. gr.

Fyrir skoðunarskyld heitvatns- eða miðstöðvarkerfi greiðist kr. 8 000.00 fyrir hvert ár, sem skoðun fer fram að beiðni ráðamanna kerfisins eða skoðun er framkvæmd samkvæmt skoðunarskyldu.

5. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkvæmt gjaldskrá þessari, til að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því sem með þarf.

6. gr.

Þegar teikningum af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda að takast sérstaka ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál, úttektar eða fyrirkomulags utan hinna áætluðu skoðunarferða skal eigandi greiða þann kostnað, sem af ferðinni leiðir.

7. gr.

Fyrir önnur störf en þau, sem gjaldskráin gerir ráð fyrir en eðlilegt eða skylt er að stofnunin gegni, greiðast gjöld með hliðsjón af gjaldskránni eftir því hve umfangsmikil störfin eru.

8. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. janúar 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 72 24. mars 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. mars 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

7. mars 1977. Nr. 145.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 51.60.
12. Um kWst.-mæli á kr. 21.60 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.
    Fastagjald reiknast þannig:
    a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 17.20 á ferm. á mánuði.
    b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 8.50 á ferm á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 12.70 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 94.00 á mánuði af hverju herbergi.
    Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: Á kr. 35.30 hverja kWst. ársnotkun.
32. Kr. 10.70 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
33. Kr. 14.00 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
    Til iðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW.
34. Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
    Aflgjald af notuðu afli kr. 13 344.00 á kWst. á ári.
    Orkugjald af allri orkunotkun kr. 4.80.
35. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
    Um kWst.-mæli á kr. 4.80 hverja kWst., auk fastagjalds kr. 10 538.00 á ári fyrir hvert kW. í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húsahitunar um kWst.-mæli kr. 5.95 hver kWst.
42. Til húsahitunar um kWst.-mæli kr. 3.12 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 21.60 hver kWst.
2. Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1.

Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku, eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum	kr.	94.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum allt að 100 amp.	—	125.00 á mán.
3.	Af þrífasa mælum yfir 100 amp.	—	300.00 á mán.
4.	Af mestaaflsmælum	—	550.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Stofngjald kr.	Lengdargjald
1.	60 A 1-fasa	93 000.00	innif. allt að 40 m
2.	60 A 3-fasa	140 000.00	innif. allt að 40 m
3.	100 A 3-fasa	180 000.00	innif. allt að 40 m
4.	200 A 3-fasa	250 000.00	innif. allt að 40 m

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 000.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 20% söluskattur og 13% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 262 29. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 7. mars 1977.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

3. mars 1977. Nr. 146.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningargjafasjóð Sigurðar B. Gunnarssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. mars 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningargjafasjóð Sigurðar B. Gunnarssonar.

Í samræmi við fundarsamþykkt sóknarnefndar Skeiðflatarsóknar, dags. 25. febr. 1974, stofnar sóknarnefndin til sjóðsstofnunar, í minningu um Sigurð B. Gunnarsson Litla-Hvammi, með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningargjafasjóður Sigurðar B. Gunnarssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Skeiðflatarkirkju, með fjárframlögum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur tuttugu þúsund, kr. 20 000.00, og skal það vera óhreyft í sjóðnum.

Fjármunir sjóðsins skulu ávaxtaðir í innlánsstofnun.

4. gr.

Höfð verði til sölu minningargjafakort til eflingar sjóðnum.

5. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins má verja árlega í þágu Skeiðflatarkirkju, eftir mati sjóðsstjórnar.

6. gr.
Stjórn sjóðsins skipar sóknarnefnd Skeiðflatarsóknar.

7. gr.
Breitingar á skipulagsskrá þessari, eða ákvörðun um að leggja sjóðinn niður, þarf samþykki ⅔ hl. sóknarnefndar og skulu þá eignir sjóðsins renna til Skeiðflatarkirkju.

Nr. 147.

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1976.

Gjöld:

Tekjuafgangur	kr.	210 120.00
	Kr.	210.120.00

Tekjur:

Vextir 1976 af sparisj.bók 31373	kr.	72 479.00
Vextir 1975 af sparisj.bók 31373	—	777.00
Vextir 1976 af vaxtaaukal. 1256	—	136 864.00
	Kr.	210.120.00

Efnahagsreikningur pr. 31. 12. 1976.

Eignir:

Sparisjóðsbók 31373	kr.	178.256.00
Vaxtaaukal. 1255	—	1 136 864.00
	Kr.	1 315 120.00

Skuldir:

Höfuðstóll			kr. 1 000 000.00
Tekjuafgangur 1975	kr.	105 000.00	
Tekjuafgangur 1976	—	210 120.00	
			— 315 120.00
		Kr.	1 315 120.00

Selfossi, 14. janúar 1977.

f. h. Kvenfélags Selfoss,

Arndís Þorbjarnardóttir, form.

Yfirfarið og eignir staðreyndar. Engar athugasemdir.

Skrifstofa Árnessýslu, 11. febrúar 1977.

Páll Hallgrímsson, sýslumaður Árnessýslu.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 139—147. Útgáfudagur 15. mars 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1977

17. mars 1977. 229 Nr. 148.

REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs 1977, Skuldabréf J, vegna Norður- og Austurvegar.

1. gr.

Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 250 millj. króna, skv. heimild í LII. lið 6. gr. fjárlaga 1977, sbr. lög nr. 36 frá 23. maí 1975 og lög nr. 7/1974.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari skulu nefnd Skuldabréf J.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 2500.00 krónur og eru þau í töluröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala þeirra hefst í apríl 1977 og henni lýkur fyrir fyrsta útdráttardag, sem er 15. júní 1977.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga eftir 10 ár eða hinn 1. apríl 1987.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur árlegur útdráttardagur, tala vinninga og fjárhæð þeirra hvers um sig.

3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í hlutfalli við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, sem í gildi er í apríl 1977, til gjalddaga hinn 1. apríl 1987. Miðað er við skráningu Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Kauplagsnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar, og eru núgildandi lög um hana nr. 70 frá 29. nóv. 1967, sbr. lög nr. 1 frá 30. janúar 1959. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt vísitala framfærslukostnaðar hafi á tímabilinu til gjalddaga þeirra verið lægri en hún var í apríl 1977 og sé lægri á gjalddaga þeirra. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.

4. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 3. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól happdrættisskuldabréfanna, skal þá vísa málinu til nefndar þeirrar, sem um er fjallað í 8. gr. laga nr. 71 frá 6. maí 1966 en hana skipa: Hagstofustjóri og er hann formaður, maður nefndur af Hæstarétti og annar nefndur af Seðlabankanum. Sama gildir, ef breyting verður á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, og skal þá nefndin úrskurða, hvernig umreikna skuli á milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Úrskurðir nefndar þessarar eru fullnaðarúrskurðir.

5. gr.

Af happdrættisskuldabréfunum eru ekki greiddir vextir en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 6. gr.

B 29

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga í þessum flokki happdrættisláns ríkissjóðs skal nema 10% — tíu af hundraði — af heildarfjárhæð skuldabréfa flokksins og skal dregið um þá einu sinni á ári, í fyrsta sinn miðvikudaginn 15. júní 1977 og síðan 15. júní ár hvert þar á eftir, þar til dregið hefur verið samtals 10 sinnum. Síðasti dráttardagur er því 15. júní árið 1986.

Vinningum skal úthlutað skv. skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

5	vinningar á kr.	1 000 000	=	5 000 000
5	vinningar á kr.	500 000	=	2 500 000
100	vinningar á kr.	100 000	=	10 000 000
750	vinningar á kr.	10 000	=	7 500 000
860	vinningar		kr.	25 000 000

Vinningaskrár skulu birtar í Lögbirtingablaðinu sem fyrst eftir dráttardag, auk þess sem vinningaskrár skulu liggja frammi á sölustöðum.

Notarius publicus í Reykjavík annast útdrátt vinninga að viðstöddum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fulltrúa Seðlabanka Íslands.

Heimilt er að nota tölvu Reiknistofnunar Háskólans við útdrátt vinninga skv. reglum nr. 27 frá 14. janúar 1977, um útdrátt vinninga í happdrættislánum ríkissjóðs, útgefnum árið 1972 og síðar vegna fjáröflunar til vegagerðar.

7. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, sbr. 4. gr laga nr. 36/1975, sbr. og lög nr. 7/1974 og lög nr. 99/1971.

8. gr.

Innlausn happdrættisskuldabréfa og greiðsla vinninga fer fram í Seðlabanka Íslands, Reykjavík.

Handhafar skuldabréfa, sem hlotið hafa vinning eða við innlausn eftir 10 ár, geta snúið sér til allra banka, bankaútibúa eða sparisjóða og afhent þeim skuldabréf gegn sérstakri kvittun. Viðkomandi banki, bankaútibú eða sparisjóður sér síðan um að fá greiðslu úr hendi útgefanda með því að senda Seðlabankanum skuldabréfið til fyrirgreiðslu.

Eftir gjalddaga greiðast engar verðbætur vegna hækkunar vísitölu framfærslukostnaðar.

Skuldabréf þessi fyrnast á 10 árum frá gjalddaga og verða ekki innleyst að þeim tíma liðnum.

Falli happdrættisvinningur á skuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti ella verður hann eign ríkissjóðs.

Sé gölluðum eða rifnum skuldabréfum framvísað til greiðslu vinnings eða innlausnar með þeim hætti, að bæði númer sjáist og meira en helmingur bréfsins fylgi, fer innlausn fram að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, verður innlausn eða greiðsla vinnings innt af hendi að hálfu, enda sé meira en fjórðungi bréfsins framvísað.

9. gr.

Reglur XIX kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið að ⅔ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að ⅓ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland, sbr. 7. gr. laga nr. 36/1975.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974, sbr. og 5. gr. laga nr. 36 frá 23. maí 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. mars 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1977

Nr. 149. 232 28. janúar 1977.

REGLUGERÐ

um dagvistarheimili fyrir börn.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn leggur ríkið fram fé samkvæmt fjárveitingu hverju sinni til þess að reisa dagvistarheimili fyrir börn í því skyni að búa þeim góð uppeldisskilyrði, er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

Sveitarfélög leggja fram fé til rekstrar dagvistarheimila.

2. gr.

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar dagvistarheimila og rekstrarstyrks úr sveitarsjóði samkvæmt 3. gr. laga nr. 112/1976 eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög í fjölbýlishúsum, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið laganna, en þau taka ekki til dagvistar á einkaheimilum og eigi heldur til húsnæðis, sem ekki uppfyllir lágmarkskröfur um aðbúnað, samkvæmt lögunum og reglugerð þessari. Hið sama gildir, ef reglum um starfsmannahald er eigi fullnægt.

3. gr.

Þegar aðili, samkvæmt 3. gr. laga nr. 112/1976, óskar að njóta styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða leyfis til að reka dagvistarheimili fyrir börn skal hann senda beiðni sína á sérstöku umsóknareyðublaði menntamálaráðuneytisins. Með umsókn þessari skulu fylgja þau gögn, sem tilgreind eru í II. og III. kafla þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

Um stofnkostnað dagvistarheimilis.

4. gr.

Aðili, sem hyggst setja á stofn dagvistarheimili og óskar að njóta styrks úr ríkissjóði, samkvæmt lögum nr. 112/1976, skal með umsókn sinni senda þau gögn, sem við eiga og tilgreind eru hér á eftir:

A. **Nýbygging:**

1. Áætlun um starfsemi heimilisins og upplýsingar um rekstraraðila.
2. Uppdrátt er sýni staðsetningu heimilis og stærð lóðar.
3. Áætlun um fjölda barna og aldur þeirra og um fjölda starfsfólks.
4. Áætlun um byggingarkostnað og byggingartíma.

B. Kaup á húsnæði:

1. Áætlun um starfsemi heimilisins og upplýsingar um rekstraraðila.
2. Uppdrátt er sýni staðsetningu heimilisins og stærð lóðar.
3. Áætlun um fjölda barna og aldur þeirra og um fjölda starfsfólks.
4. Málsetta teikningu af viðkomandi húsnæði og væntanlegu leiksvæði.
5. Upplýsingar um kaupverð og greiðsluskilmála og áætlun um kostnað vegna væntanlegra breytinga og innréttingar húsnæðis og frágang á leiksvæði. Upplýsingar um lóðarréttindi.

C. Leiguhúsnæði:

Sömu gögn og talin eru í lið B hér að framan, nema hvað upplýsingar um leigutíma og leigukjör komi í stað upplýsinga um kaupverð og greiðsluskilmála.

D. Viðbygging eða breyting:

Ef um er að ræða verulega breytingu eða viðbyggingu við dagvistarheimili, skal senda sömu gögn sem um nýbyggingu væri að ræða.

E. Ef um aðra aðila er að ræða en sveitarfélagið, skal umsögn sveitarstjórnar fylgja umsókn.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur athuga umsóknir um styrki til stofnkostnaðar og gögn þau, sem fylgja, með sérstöku tilliti til þeirrar starfsemi, sem fram á að fara í húsnæðinu. Að lokinni athugun tilkynnir ráðuneytið, hvort það hafi fallist á umsóknina.

Ef ráðuneytið getur ekki fallist á umsókn, skal það tilkynnt aðila, og skal í synjun ráðuneytisins tekið fram, hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því að frumathugun sé áfátt, þannig að bæta megi úr og skal bent á, hverju sé áfátt.

Allar beiðnir um þátttöku ríkisins í stofnkostnaði skulu berast ráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert.

Þegar ráðuneytið hefur samþykkt slíka umsókn sæki það til Alþingis um að fé til stofnkostnaðarins verði veitt í fjárlögum í samræmi við gildandi reglur um þátttöku ríkisins í stofnkostnaði dagvistarheimila.

6. gr.

Ríkssjóður greiðir stofnkostnað fullbúins dagvistarheimilis að hálfu og skal þessi kostnaður greiðast á fjórum árum, en þó þannig, að kostnaðarhluti byggingaraðilans sé eigi minni en framlag ríkisins hverju sinni. Í lok hvers árs, sem byggingarframkvæmdir standa yfir, skal aðili leggja fram endurskoðaða reikninga um greiddan kostnað og skal þetta uppgjör lagt til grundvallar framlagi ríkisins í stofnkostnaði, þangað til ráðuneytið hefur látið gera norm um stofnkostnað dagvistarheimila. Eftir það greiðist stofnkostnaður í samræmi við normin.

7. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Hafi sveitarfélög tvö eða fleiri dagvistarheimili í smíðum samtímis, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs miðað við heildarkostnað, án viðmiðunar við framkvæmdastig einstakra heimila. Framlag ríkisins skal greitt á ákveðnum gjalddögum, sem tilgreindir skulu í samningi milli ríkis og byggingaraðila.

8. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallist á umsókn sveitarstjórnar eða annars aðila, er óskar að stofna dagvistarheimili, skal framkvæmdaaðili afla sér teikninga og ráða sérfræðinga til að annast undirbúningsvinnu.

Til undirbúnings telst m.a.:

1. Staðfest skilríki, um að uppmælt og afmarkað landrými samkvæmt normum sé fyrir hendi kvaðalaust.
2. Uppdráttur að lóð, þar sem færðar séu inn hæðarlínur — mælikvarði 1:500.
3. Uppdrættir að fyrirhuguðu mannvirki í mælikvarða 1:100 (byggingarnefndarteikningar). Á teikningar skal rita flatarmál herbergja og til hverra nota þau eru ætluð.
4. Séruppdrættir að því, sem ráðuneytið kann að áskilja sér.
5. Samþykkt teikninga í byggingarnefnd viðkomandi sveitarfélags.
6. Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins í samræmi við samþykkta kostnaðaráætlun og yfirlýsing frá sveitarstjórn eða byggingaraðila um að tryggð verði þau fjárframlög, sem um er að ræða frá öðrum en ríkissjóði.

Er frumteikningar að dagvistarheimili liggja fyrir, skal fulltrúi ráðuneytisins hafa möguleika á að gera athugasemdir við teikningar áður en fullnaðarteikningar eru unnar. Enn fremur skal fulltrúi ráðuneytisins hafa frjálsan aðgang að dagvistarheimili, sem er í smíðum og styrkt er úr ríkissjóði. Hann skal enn fremur sjá um að gerð sé úttekt á mannvirkinu, er því er lokið.

9. gr.

Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um, að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu, og fjárframlög tryggð, sér það um að gerður verði samningur milli þess og viðkomandi byggingaraðila um greiðslur, samkvæmt 6. gr. laga nr. 112/1976, og heimilar að hafinn verði tæknilegur undirbúningur.

Ekki má breyta samþykktum uppdráttum án samþykkis menntamálaráðuneytisins.

Óheimilt er að hefja verklegar framkvæmdir né gera bindandi samninga við verksala, fyrr en nauðsynlegum tæknilegum og fjármálalegum undirbúningi svo og samningum samkvæmt framanskráðu er lokið.

Til tæknilegs og fjármálalegs undirbúnings telst:

1. Vinnuteikningar í mælikvarða 1:50, svo og sérteikningar í stærri mælikvarða eftir því, sem þörf krefur.
2. Afstöðumynd í mælikvarða 1:500 með hæðarlínum og áttum, bílastæðum o. fl.
3. Teikningar að leiksvæði í mælikvarða 1:100 með hæðarlínum og fyrirhuguðum leiktækjum.
4. Nákvæm útboðs- og verklýsing, efnisáætlun og tímaáætlun gerð og sundurliðuð á sérstakt eyðublað.
5. Tíma- og greiðsluáætlun sbr. 6. lið 8. gr. reglugerðarinnar.
6. Afrit af samþykki viðkomandi eldvarnareftirlits og heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins dagvistarheimilis, sem fullnægt hefur þeim skilyrðum, sem greint er frá í lögum nr. 112/1976 og reglugerð þessari.

Til stofnkostnaðar telst auk húsnæðis:

a) innanstokksmunir
b) leiktæki og ýmisleg áhöld, sem börnin nota í leikjum sínum og starfi
c) hljómburðartæki, nýsitæki og hljóðfæri af einfaldari gerðum.
d) frágangur á lóð og leiktæki þar.

Eigi síðar en mánuði áður en rekstur hefst, skal rekstraraðili ganga frá skrá um muni, sem falla undir liði a—d.

Ef sveitarfélag mælir með stofnun dagvistarheimilis eða er sjálft byggingaraðili, skal það á sinn kostnað leggja til lóð handa stofnuninni.

Heimilt er að verja allt að 1% af áætluðum stofnkostnaði til listskreytinga dagvistarheimila, samkvæmt samkomulagi ráðuneytisins og annarra eignaraðila.

11. gr.

Kosnaðaráætlun dagvistarheimilis skal miða við byggingarvísitölu á þeim tíma, sem kostnaðaráætlun er staðfest. Um leiðréttingu kostnaðaráætlunar og greiðslusamnings gilda sömu ákvæði og um skólamannvirki.

12. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitingar að einhverju eða öllu leyti til byggingar þeirra dagvistarheimila, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né nothæfum áfanga með þeim fjárveitingum í fjárlögum, sem veittar eru, og fjárframlögum sveitarfélaga eða byggingaraðila. Beitir menntamálaráðuneytið sér fyrir því, að slíkar fjárveitingar verði geymdar í ríkissjóði, en jafnframt er þá heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra heimila, sem unnið er að, til þess að ljúka þeim sem fyrst.

13. gr.

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af stofnkostnaði á næstu fjórum árum, eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ríkisframlagið er þó bundið því skilyrði, að byggingaraðili hafi hverju sinni greitt eigi lægri fjárhæð á móti.

14. gr.

Sé dagheimili skipt í deildir, skal fjöldi barna í hverri deild eigi vera meiri en hér segir og er þá miðað við það, að tveir starfsmenn séu á deild:

Í deild fyrir 3ja—12 mánaða aldur, 6 börn.
Í deild fyrir 1—2ja ára aldur, 10 börn.
Í deild fyrir 2—3ja ára aldur, 14 börn.
Í deild fyrir 3—4ra ára aldur, 17 börn.
Í deild fyrir 3—6 ára aldur, 20 börn.

Sé um að ræða blandaða aldursflokka, skal hámarksfjöldi í hópi vera sem hér segir:

Hópar með 3ja mánaða til 6 ára, 15 börn.
Hópar með 3ja mánaða til 12 ára, 16 börn.
Hópar með 2ja til 6 ára, 17 börn.

Fjölda starfsliðs í blönduðum aldurshópum, skal meta hverju sinni miðað við aldursskiptinguna.

Á skóladagheimili fyrir 6—12 ára börn, 20 börn.
Í leikskólum skal barnafjöldi vera sem hér segir, ef skipt er eftir aldri:
Í 2ja ára deild, 14 börn.
Í 3ja ára deild, 20 börn.
Í 4—6 ára deild, 22 börn.

Þegar um blandaða aldurshópa er að ræða í leikskólum, skal barnafjöldi í hópi vera hliðstæður því sem segir hér að framan.

Raskist aldursskipting af óviðráðanlegum ástæðum, eru frávik heimil frá því sem að framan greinir.

Ef afbrigðileg börn eru vistuð á dagvistarheimili, er heimilt með samþykki rekstraraðila að fækka um börn í deild, en meta skal slíkt í hverju tilviki.

15. gr.

Með heildargólfrými er hér átt við innanmál, þ. e. stærð innan útveggja, og skilrúm reiknast ekki með í stærðarmálinu.

Hámarksstærð dagheimilis og skóladagheimilis, þar sem ríkið greiðir 50% af stofnkostnaði, skal svara til þess að í heildargólfrými komi 10 m^2 á hvert barn, sem heimilið er ætlað fyrir og 5 m^2 í leikskólum.

Heildarleikrými gólfflatar skal vera að jafnaði a. m. k.:

a) dagheimili 3.5 m^2 á hvert barn
b) leikskóli 2.0 m^2 á hvert barn.

Útileiksvæði skal eigi vera minna en 20 m^2 á hvert barn. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði með samþykki ráðuneytisins, ef aðstæður eru þannig að ástæða þyki til.

III. KAFLI

Um rekstrarkostnað.

16. gr.

Þegar hafinn er rekstur á dagvistarheimili og óskað er eftir styrk úr sveitarsjóði til rekstrarins, samkvæmt lögum nr. 112/1976, skal aðili senda sveitarstjórn um það beiðni. Með þessari beiðni skal senda eftirfarandi upplýsingar.

1. Áætlun um starfsemi heimilisins og upplýsingar um rekstraraðila.
2. Uppdrátt, er sýni staðsetningu heimilisins og stærð lóðar.
3. Áætlun um fjölda barna og aldur þeirra, fjölda starfsfólks, menntun þess og starfsskiptingu.

17. gr.

Þegar ráðuneytið hefur samþykkt leyfi til rekstrar dagvistarheimilis, skal ákveðinn daglegur starfstími heimilisins. Dvelji barn lengur en 5 stundir samfellt á dagvistarheimili, ber rekstraraðila skylda til að láta börnin fá heita máltíð.

18. gr.

Af rekstrarkostnaði greiðir sveitarfélag sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%.
2. Til leikskóla allt að 40%.

Heimilt er að greiða allt að helmingi af áætluðum rekstrarstyrk fyrirfram.

Til rekstrarkostnaðar telst:

1. Laun starfsfólks.
2. Launatengd gjöld.
3. Matvæli fyrir vistbörn.
4. Rafmagns- og hitunarkostnaður.
5. Hreinlætisvörur og ræsting.
6. Viðhald húsa, lóðar, húsbúnaðar, leiktækja og leikfanga.
7. Sími, tryggingargjöld, heilsugæsla og ýmsir ótaldir smáir rekstrarliðir.

19. gr.

Rekstraraðili hvers dagvistarheimilis skal láta halda nákvæma skrá yfir dvalardaga, aldursskiptingu og fjölda á deild á heimilinu og skal skýrsla um nýtingu þess og kostnað á dvalardag send ráðuneytinu ásamt endurskoðuðum rekstrarreikningi. ,

IV. KAFLI

Endurgreiðslur á ríkisframlagi vegna þess að rekstur hættir.

20. gr.

Þegar rekstraraðili ákveður að hætta rekstri dagvistarheimilis, sem byggt eða keypt hefur verið með styrk úr ríkissjóði, samkvæmt lögum nr. 112/1976, og óskar að taka húsnæðið til annarra nota skal kveðja til sérstaka matsmenn, sem meta skulu eign ríkisins á viðkomandi byggingu og skal rekstraraðili semja við ríkið um endurgreiðslu samkvæmt þessu mati.

Ríkið áskilur sér þó rétt til að ráðstafa viðkomandi húsnæði til annars rekstraraðila. Þó tekur þetta ákvæði ekki til sveitarfélaga.

21. gr.

Þegar breytt er um rekstrarform dagvistarheimilis, sem hlotið hefur styrk til stofnkostnaðar frá ríkinu, fellur skuldbinding ríkisins við rekstraraðila niður og endurkröfuréttur vegna eignarhluta ríkisins tekur gildi, ef eignarrýrnun er samfara breytingunni.

Sérstaklega skal semja við ríkið um rekstraraðild að nýjum rekstri svo og að stofnkostnaði, ef um hann er að ræða.

V. KAFLI

Heilsuvernd.

22. gr.

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistarheimilum, og skal læknir koma a. m. k. einu sinni í mánuði á hvert dagheimili.

Dagvistarheimili skulu njóta þjónustu sálfræðings og ráðgjafaþjónustu eftir því sem við verður komið. Tengja skal þessa þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla og félagsmálastofnana, eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

Um eftirlit með heilsufari starfsfólks skal farið samkvæmt ákvæðum í heilbrigðisreglugerð.

23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 112/1976, um dagvistarheimili fyrir börn, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 150. 3. mars 1977.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar sveitarstjórnarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum sveitarstjórnar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé sveitarstjórnarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem sveitarstjórn gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem sveitarstjórnin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Hann er féhirðir sveitarstjórnar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og sveitarstjórnin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd sveitarstjórnar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af sveitarstjórn.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum sveitarstjórnar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Sveitarstjórn ákveður, hvort oddviti eða annar sveitarstjórnarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. mars 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

14. mars 1977. Nr. 151.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. kr. 2 827.00 á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sekl.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús kr. 1 807.00 á mánuði.

b) Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 209.00 á mánuði og kr. 1 004.00 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.

c) Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: Fyrir hvern rúmmetra kr. 8.00 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

4. gr.

Hitaveitugjöld samkv. 3. gr. verða krafin til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Flúða skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð: Hús allt að 300 m^3 að utanmáli kr. 117 100.00. Hús 300 m^3 til 2000 m^3 að utanmáli kr. 117 100.00 fyrir 300 m^3 og kr. 87.00 á hvern rúmmetra þar yfir. Hús stærri en 2000 m^3 að utanmáli kr. 267 648.00 fyrir 2000 m^3 og kr. 74.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir aðrennslihemil umfram einn á sama inntaki er kr. 15 055.00.

Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:

Gróðurhús að 200 m^2 skal greiða kr. 117 100.00. Gróðurhús stærri en 200 m^2 skal greiða kr. 117 100.00 fyrir 200 m^2 og kr. 193.00 fyrir hvern fermetra umfram 200 m^2.

6. gr.

Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar des. 1976, sem var 126 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 2 000.00 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

11. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 146 28. apríl 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 14. mars 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

TAFLA I. Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr.		Númer á mælal.
			Mánaðargr.	Ársgr.	
	A — LÝSING				
1.1	Án fastagjalds	60,00			01
1.2	Með fastagjaldi	33,00	19 kr/m²	228	01
1.3	Götu og hafnarlýsing	12,50			03
1.4	Við húsbyggingar	28,00			01
	B — HEIMILI				
2.1	Með fastagjaldi	16,30	120 kr/herb	1 440	01
	C — IÐNAÐUR OG VERSLUN				
3.1	Smávélar	33,00			02
3.2	Stór notkun	6,10	1378 kr/kW	16 536	04
	D — HITUN				
4.1	Án rofs	13,20			01
4.2	Með rofi 1 kl/á dag	7,70			03
4.3	Með rofi 3 kl/á dag	4.70			03
4.4	Með rofi 3 kl/á dag, sumarhitun	2,25			03
4.5	Með rofi 14 kl/á dag	2,25			03
	F — ANNAÐ				
5.1	Sérsamningar				
5.2	Lokun húsveitna og enduropnun kr. 1100,00				
5.3	Súgþurrkun	7,90			
	MÆLALEIGUR				
0.1	Einfasa almenn án stjórnart.		120	1 440	
0.2	Einfasa með stjórnart. og þrífasa án stjórnart.		240	2 880	
0.3	Þriggja fasa m/stjórnart.		360	4 320	
0.4	Þriggja fasa m/aflmæl.		1 378	16 536	

Upplýsingar og ýmis ákvæði.

1. Mælieiningar raforku eru kílowattstundir (kWst.) og kílowött (kW.). Þó er heimilt að miða mælingu við voltamper (VA) er raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,85.
2. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.
3. Auk fyrrnefndra mælieininga er reiknað fast lágmarksgjald, er miðast við stærð húsnæðis. Í íbúðarhúsnæði miðast gjaldið við fjölda herbergja, en fermetrafjölda í öðru húsnæði, þar sem það á við.
4. Notkun eftir gjaldskrárliðum A—1.2 og C—3.1 má mæla með sama mæli og einnig notkun B—2.1 og D—4.1 til 4.3.
5. Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

6. Ef reikningur samkvæmt gjaldskrá er ekki greiddur fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að álestur fór fram er rafveitustjóra heimilt að innheimta vexti af skuldinni. Vextir reiknast mánaðarlega og miðast við yfirdráttarvexti á almennum hlaupareikningum.
7. Stofngjöld heimtauga skulu vera að fullu greidd þegar tengingu er lokið, og miðast við gildandi gjaldskrá þegar greiðsla fer fram.
8. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo að til lokunar hafi komið, eða lokunarmaður sendur út, skal taka gjald skv. lið 5.2 á hverja innheimtu (reikning) sem krafin er. Ef óskað er eftir opnun utan venjulegs dagvinnutíma, skal gjaldið vera tvöfalt. Lokunarmaður tekur ekki við greiðslu.
9. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og eigi opnuð aftur fyrr en úr hefur verið bætt og notandinn hefur greitt gjald skv. lið 5.2 á skrifstofu Rafveitunnar.
10. Raforkusala til hitunar er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra og fyrirmælum hans um tengingu og búnað hitunartækja, svo sem að notandi kosti segulrofa fyrir hitalagnir. Rafmagnsofnar og önnur hitatæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á rofaklukkum.

Tenging við veitukerfið.

Í samræmi við umsókn, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tenginga samkvæmt töflu I miðast við 3ja fasa jarðlínutengingu og notkunarstaði á skipulögðum svæðum, og umsækjandi hafi fengið byggingarleyfi án kvaða.

Húsbyggjanda ber að sjá svo um, að áður en bygging hefst berist Rafveitunni umsókn frá löggiltum rafverktaka um leyfi til að leggja raflögn í húsið. Með umsókninni skal fylgja afstöðumynd er sýnir inntak heimtaugar. Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notanda, eftir greiðfærri leið, að lóðarmörkum við götu. Bráðabirgðatenging, breyting á tengingu, viðbótartenging eða aukning á flutningsgetu tengingar og tenging utan skipulagðra svæða, greiðast samkvæmt útlögðum kostnaði. Áður en heimtaug er tekin í notkun skulu fullnægjandi gögn varðandi raflögn hússins hafa borist rafmagnseftirliti R. Í. Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II. Ef loftlínu er breytt í jarðlínuheimtaug, skal greitt fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnum kostnaði hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðast við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu. Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi heimtaugarinnar, áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Ef svo er ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefja notanda um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði sem hún hefur lagt í vegna þess.

Séu aðstæður að einhverju leyti óvenjulegar, er varða tengingu við veitukerfið, er heimilt að krefjast aukagjalds.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí nema ef notandi samþykkir að greiða þann umframkostnað sem af frosti í jörð kann að leiða.

Tafla II. Tenging við veitukerfið/heimtaugargjöld.

Málstraumur Stofnvara/spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga	Yfirlengdargjald eða kostnaður kr./meter
63 amp 220/380 volt	kr. 83 380.00	kr. 3 267.00
100 — 220/380 —	— 131 516.00	— 3 795.00
125 — 220/380 —	— 164 186.00	— 4 125.00
200 — 220/380 —	— 257 873.00	— 5 676.00
300 — 220/380 —	— 369 622.00	— 6 875.00

Tenging með meiri flutningsgetu eða annarri spennu, greiðist samkvæmt kostnaði. Greiða skal fyrirfram upp í gjöld fyrir tengingu utan skipulagðra svæða samkvæmt kostnaðaráætlun.

Skýringar með töflu I.

A. Lýsing.

1.1 Lýsing án fastagjalds. Taxti fyrir alla notkun, sem ekki er seld undir öðrum liðum í þessari gjaldskrá.

1.2 Lýsing með fastagjaldi af stærð húsnæðis. Taxtinn aðallega ætlaður fyrir verslanir, vinnustofur, skrifstofur o. þ. h. staði. Tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þvílíkum stöðum.

1.4 Eftir þessum gjaldskrárliðum má selja rafmagn til notkunar á vinnustöðum meðan á byggingu stendur, án fastagjalds.

B. Heimili.

2.1 Fastagjald miðast við stofur, hol, svefnherbergi og eldhús 5—25 m² ef herbergin eru minni, reiknast hálft gjald, en af stærri tvöfalt. Ef um atvinnurekstur er að ræða, er fær raforku um heimilismælinn, þá reiknast þar tvöfalt fastagjald samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglum.

C. Iðnaður og verslun.

3.1 Fyrir litlar vélar og tæki í verslun og iðnaði. Þegar rafmagn ljósa (taxti 1.2) er mælt með sama mæli, reiknast fast gjald af m² gólffletar samkvæmt þeim taxta.

3.2 Afl- og orkumæling. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílowöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark 10 kW ef raforka til ljósa er einnig seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt lið 1.2 þar sem lýsing er. Heimilt er að takmarka aflúttak samkvæmt þessum lið í allt að 2 klst. á dag á mesta álagstímum.

D. Hitun.

Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B—2.1) um sama mæli og D—4.1 til 4.3 reiknast þá til viðbótar fastagjald 4.3 samkvæmt taxta B—2.1 margfaldað með tölunni 5.

Í sumarbústöðum skal reikna hverja heila 25 m² af heildarflatarmáli bústaðarins sem eitt herbergi, enda sé eingöngu um sumarnotkun að ræða.

4.4 Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. sept. ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil yfir fyrrgreint tímabil, að mati rafveitustjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

F. Annað.

5.1 Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup.

Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis um stundarsakir, að því tilskildu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir götu- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitustjórnar. Einnig greiðslur fyrir stofn- og viðhaldskostnað götulýsingar.

Ýmis gjöld.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I þessarar gjaldskrár, nema á töxtum 4.2, 4.3, 4.4 og 4.5.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka orkureikninga um 35% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. janúar 1977, er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%.

Hækkanir skv. ofanrituðu eru þó því aðeins gildar að heimild iðnaðarráðuneytis sé fyrir hendi.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri Rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki iðnaðarráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 9 5. janúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 14. mars 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 153. 14. mars 1977.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

1. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kwst. mæli á kr. 52.27 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kwst. mæli á kr. 25.74 hverja kwst., auk fastagjalds sem er kr. 160.00

hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 78.41 á ári af hverjum ferm.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst. mæli á kr. 13.20 hverja kwst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kwst. mæli á kr. 25.74 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 14 555.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kwst. mæli á kr. 25.74, hverja kwst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw:

a) Um kwst. mæli á kr. 4.36 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 14 555.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu, mælt yfir stundarfjórðung á kw.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst. mæli á kr. 4.36 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 13 772.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 14.555.00 á kw. á ári.

b) Af allri notkun kr. 4.36 hverja kwst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 160.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 63.89 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 126.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

Söluskattsfrítt frá 1. desember 1973.

D—1. Um kwst. mæli á kr. 5.54 hverja kwst.

D—2. Um kwst. mæli með rofa í eina til þrjár klst. á dag kr. 4.04 hverja kwst.

D—3. Um afl- og orkumæli:

a) Á kr. 4.04 hverja kwst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 2 820.00 hvert kw.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kwst. mæli á kr. 1.88 hverja kwst. með rofi frá kl. 8—23.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að vélaafl, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.

d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

e) Að húsnæðið fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að **setja.**

f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis er hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 15.60 hverja kwst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagningar við byggingar, meðan á byggingu stendur um kwst. mæli á kr. 25.74 hverja kwst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst. mæli á kr. 4.82 hver kwst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 3.83 hver kwst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 12.54 hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 25.74 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr.	79.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	92.00 á mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	—	158.00 á mán.
4.	Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	—	277.00 á mán.
5.	Af mesta aflsmælum 100 amp. og minna	—	250.00 á mán.
6.	Af mesta aflsmælum yfir 100 amp.	—	475.00 á mán.
7.	Af álags stýriliðum minni gerð	—	270.00 á mán.
8.	Af álags stýriliðum stærri gerð	—	475.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjald ákveðst þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kwa.	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	60 984.00
2.	3 × 100	38	88 572.00
3.	3 × 200	75 sp.	174 240.00
4.	3 × 350	132	290 400.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá

lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 12 672.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 15 972.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður háir útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, og að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 977.00 á hvern mæli.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 977.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalin í gjaldskránni eru söluskattur og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir skv. ofanrituðu eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 368 14. október 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 14. mars 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda 1976.

Rekstrarreikningur 31. desember árið 1976.

Gjöld:

Eftirlaun skv. I. og II. kafla	kr.	209 153 664.00
Laun og önnur rekstrargjöld	—	7 153 272.00
Endurgreidd iðgjöld og réttindaflutningur	—	1 886 310.00
	Kr.	218 193 246.00
Tekjuafgangur	—	369 300 177.00
	Kr.	587 493 423.00

Tekjur:

Framlag neytenda skv. áætlun stjórnar	kr.	209 137 000.00	
Tilfærsla vegna 1975	—	20 937 747.00	
			kr. 230 074 747.00
Iðgjöld framleiðenda skv. áætlun stjórnar	kr.	120 277 000.00	
Tilfærsla vegna 1975	—	14 049 675.00	
			— 134 326 675.00
Iðgjöld framl. vegna fyrri ára	kr.	42 132.00	
Tilfærsla vegna 1975	—	10 703.00	
			— 31 429.00
Iðgjöld launþega og réttindaflutningur			— 184 029.00
Framlag atvinnurekenda			— 448 442.00
Framlög vegna eftirlauna:			
Ríkissjóður Íslands	kr.	76 559 021.00	
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	45 927 588.00	
			— 122 486 609.00
Vaxtatekjur	kr.	96 035 556.00	
Viðbætur vegna skuldabréfa	—	3 905 936.00	
			— 99 941 492.00
			Kr. 587 493 423.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1976.

Eignir:

Búnaðarbanki Íslands, innstæða	kr.	105 402 305.00
Ríkissjóður Íslands vegna framlags neytenda	—	80 074 747.00
Ríkissjóður Íslands vegna eftirlaunagreiðslna	—	3 321 742.00
Óinnheimt iðgjöld skv. áætlun stjórnar	—	86 214 478.00
Veltufjármunir samtals	kr.	275 013 272.00
Skuldabréf	—	599 325 000.00
Skuldabréf, verðtryggð	—	181 380 227.00
	Kr.	1 055 718 499.00

Skuldir:

Höfuðstóll 1. janúar 1976	kr.	686 418 322.00
Tekjuafgangur 1976	—	369 300 177.00
	Kr.	1 055 718 499.00

Pétur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan rekstrarreikning ársins 1976 og efnahagsreikning 31. desember 1976, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 18. febrúar 1977.

Vigfús Gunnarsson. Örn Marinósson.

4. mars 1977. Nr. 155.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.

1. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi samkvæmt 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 50 000.00 á ári. Gjalddagi þess er 15. febrúar ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. mars 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

14. mars 1977. Nr. 156.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 750.00 á hemil á mánuði.

Vatnsgjald er kr. 1 200.00 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 14. mars 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 1976.

Efnahagsreikningur 31. desember 1976.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum út á:		
	a) Fiskiskip	kr.	17 028 795 094
	b) Hraðfrystihús	—	2 040 347 103
	c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur	—	342 347 797
	d) Aðrar fiskvinnslustöðvar	—	393 550 432
	e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir	—	111 388 299
	f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.)	—	124 127 411
2.	Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs 1975 fyrir lánum út á:		
	a) Fiskiskip	kr.	1 231 377 094
	b) Fasteignir	—	979 558 999
3.	Fyrirframgreiðslur vegna innlendrar skipasmíði o. fl.	—	1 747 501 502
4.	Verðbréf	—	71 338 907
5.	Ýmsir skuldunautar	—	68 309 865
6.	Bankainnstæður:		
	a) Fiskveiðasjóður kr. 569 622 928		
	b) Stofnfjársjóður — 477 218 583		
	c) Gengisjöfnunarstyrkur — 8 449 194		
		—	1 055 290 705
		Kr.	25 193 933 208

Skuldir:

1.	Skuldir við innlenda banka	kr.	1 579 232 391
2.	Skuldir í erl. mynt	—	10 414 640 761
3.	Framlagsreikningur Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka	—	175 393 000
4.	Skuldir við innlenda banka vegna lausaskuldalána	—	1 936 182 110
5.	Skuld við gengismunarsjóð vegna lausaskuldalána	—	257 592 000
6.	Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa	—	5 694 179 061
7.	Stofnfjársjóður fiskiskipa	—	477 218 583
8.	Viðskiptamenn	—	55 044 835
9.	Sumarsíldveiðar 1968, lög nr. 79/1968 17. gr. B.	—	2 499 242
10.	Gengisjöfnunarstyrkur, lög nr. 79/1968 17. gr. A.	—	4 239 742
11.	Gengisjöfnunarstyrkur, 1974 og 1975, lög nr. 106/1974 og 55/1975	—	8 449 194
12.	Eigið fé	—	4 589 262 289
		Kr.	25 193 933 208

Rekstrarreikningur 31. desember 1976.

Gjöld:

1.	Kostnaðarreikningur	kr.	71 270 886
2.	Vextir greiddir á árinu	—	1 747 992 077
3.	Lagt í Stofnsjóð	—	900 000 000
4.	Lagt í Afskriftarreikning	—	30 000 000
5.	Lagt í Varasjóð	—	110 053 152
6.	Yfirfært til næsta árs	—	9 262 289
		Kr.	2 868 578 404

Tekjur:

1.	Yfirfært frá fyrra ári	kr.	8 477 882
2.	Af útflutningsgjaldi	—	600 572 582
3.	Mótframlag ríkissjóðs vegna útflutningsgjalds	—	401 015 032
4.	Framlag ríkissjóðs	—	33 250 000
5.	Vextir, innheimtir á árinu	—	1 825 262 908
		Kr.	2 868 578 404

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 3. febrúar 1977.

Sverrir Júlíusson.

Guðjón Halldórsson.
Svavar Ármannsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 3. febrúar 1977.

Birgir Finnsson. *Ásmundur B. Olsen.*

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1976 rétta.

Reykjavík, 8. febrúar 1977.

Davíð Ólafsson. *Bjarni Guðbjörnsson.* *Björn Guðmundsson.*
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson. *Jónas Þorsteinsson.* *Jónas H. Haralz.*
Einar B. Ingvarsson.

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1976 hér með staðfestir.

Reykjavík, 15. mars 1977.

Matthías Bjarnason.

22. mars 1977. Nr. 158.

AUGLÝSING

um hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík.

Ráðuneytið hefur staðfest hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík fyrir árið 1977. Mun leiga nema kr. 800.00 pr. tunnu og gildir fyrir árið 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 22. mars 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Hafnarfjarðar Apóteks og Apóteks Norðurbæjar, Hafnarfirði.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal almennur afgreiðslutími Hafnarfjarðar Apóteks og Apóteks Norðurbæjar, Hafnarfirði vera sem hér segir:

Mánudaga — Föstudaga kl. 9—18.30.

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis eina viku í senn um helgar og á almennum frídögum sem hér segir:

Laugardaga kl. 10—13.
Sunnudaga, helgidaga og almenna frídaga kl. 10—12.

Vaktþjónusta samkvæmt þessu hefst á laugardögum.
Lyfjabúðir skulu sjá læknum fyrir lyfjum í vakttösku, samkvæmt nánara samkomulagi við héraðslækninn í Hafnarfirði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1977.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1977

29. mars 1977. 253 Nr. 160.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akraness.

Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr./kWst.	Fastar greiðslur í krónum	
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur
	A-LÝSING			
A.1.	Með fastagjaldi	11.60	0.63/m²	230/m²
A.2.	Án fastagjalds	42.10		
	B-HEIMILI OG VINNULJÓS			
B.1.	Heimilisnotkun	9.84	2.77/herb.	1 011/herb.
B.2.	Húsbyggingar og Akraneshöfn	21.95		
	C-VÉLANOTKUN			
C.1.	Með fastagjaldi	11.60	8.19/kW	2 989/kW
C.2.	Matvælaiðnaður (rafsuða)	8.71		
C.3.	Stórnotkun	3.36	31.02/kW	11 322/kW
	D-HITUN			
D.1.	Án rofs	6.03		
D.2.	Með rofi 1 1/2 klst. á dag	3.64		
D.3.	Með rofi 2 1/2 klst á dag	3.38		
D.4.	Með rofi 4 1/2 klst. á dag	2.71		
D.5.	Með rofi 14 1/2 klst. á dag	1.91		
D.6.	Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag	2.21		
	E-ANNAÐ			
E.1.	Sérsamningar			
E.2.	Götu- og hafnarlýsing			
E.3.	Lokun og enduropnun veitu	1 624		
	MÆLA- OG ROFALEIGA			
10	Einfasa	0.96	350	
11	Einfasa með rofa	6.44	2 350	
20	Þrífasa	3.29	1 200	
21	Þrífasa með rofa	8.77	3 200	
24	Þrífasa með 2 rofum	11.65	4 252	
30	Þrífasa með aflmæli	8.90	3 248	

B 32

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Ákvæði og skýringar með töflu I.

A. Lýsing.

A.1. Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfflatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálft fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

A.2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar

B. Heimili og vinnuljós.

B.1. Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5m^2 reiknast sem hálft. Ef herbergi er stærra en 25m^2 skal reikna hverja byrjaða 25m^2 sem herbergi.

B.2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast þá við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% af ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3x35 A og 3x63 A, 220 V.

C. Vélar.

C.1. Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og til gisti- og veitingahúsa.

C.2. Til véla í matvælaiðnaði, þar sem uppsett rafafl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegi á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

C.3. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur.

E. Annað.

E.1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E.2. Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu áliti Rafveitunefndar.

E.3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið.

Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu, skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0.8 er rafveitunni heimilt að miða notkun við voltamper (VA).

D. Hitun.

D.3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

D.6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).

b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.

c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu miðast verðið við útsöluverð díselolíu á hverjum tíma.

d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði, og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.

e. Að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.

f. Að notkun sé eigi minni en 6000 kwst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D. 1. Ef notkun er minni, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kwst á ári, eða færa notkunina yfir á lið D. 1.

g. Að notendur fái skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

TAFLA II. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur aðalvara 220 V kerfi Amp.	Málstraumur aðalvara 380 V kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða lofth. allt að 30 m. Kr.
2.1	2x60	1x60	13	22 550.00
2.2	3x60	2x60	22	31 692.00
2.3	3x100	3x60	38	45 453.00
2.4		3x100	66	74 854.00
2.5	3x200		76	85 151.00
2.6	3x350	3x200	132	139 672.00
2.7		3x350	231	238 680.00
2.8	Vinnuljósaheimtaugar (hús í byggingu)			8 232.00

TAFLA III. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárliður Nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
3.1	150	158 500.00
3.2	300	317 000.00
3.3	500	504 000.00
3.4	750	748 500.00

ÁKVÆÐI OG SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU II OG III.

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu eða stíg, stystu greiðfæru leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (1760 + 13 x kVA) kr. m. og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana Yj = (488 + 9 x kVA) kr. m. að viðbættum kr. 14 813 á hvern stólpa í umfram-línu.
c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort-tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð.
d. Tengigjald samkvæmt töflu III skal reiknað þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í framangreindum verðum þessarar gjaldskrár, nema á D liðum (hitun) sem eru undanþegnir þessum gjöldum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1977 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 264 30. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1977.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 161. 29. mars 1977.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g. Orkueining: kílówattstund = kwst. Afleining: kílówatt = kw.

Frá og með 1. apríl 1977 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 10.40 kr.

I. KAFLI
RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. ORKU- OG AFLTAXTAR

		g.	Kr.
A1	Um mestafl-mæli:		
A11	Orkuverð, hver kílówattstund á	0.3=	3.10
A12	Aflverð, hvert árskílówatt á	1 600 =	16 640.00
A13	Fast árgjald = grunngjald + mæligjald, skv. E	2 800 =	29 120.00
A2	Um markafl-mæli:		
A21	Orkuverð, hver kílówattstund á	0.3=	3.10
	— kwst. notkunar umfram markstillingu á	3 =	31.20
A22	Aflverð, hvert árskílówatt á	1 600 =	16 640.00
A23	Fast árgjald = grunngjald + mæligjald, skv. E	2 800 =	29 120.00

B. ORKUTAXTAR

B1	Um kwst.-mæli:		
B11	Orkuverð, hver kílówattstund á	1 =	10.40
B12	Fast árgjald = grunngjald + mæligjald, skv. E	1 200 =	12 480.00
	Lágmark fyrir B1: 5 000 g/ári, sbr. E.		
B2	Um kwst.-mæli:		
B21	Orkuverð, allt að 1 200 kwst/ári, kwst. á	3 =	31.20
	— umfram 1 200 kwst/ári kwst. á	2 =	20 80
B22	Fast árgjald = mæligjald, skv. E	600 =	6 240.00

C. TÍMATAXTAR (þ. e. með skilyrðum um notkunartíma).

C1	Um kwst.-mæli til hitunar:		
C11	Án rofs	0.64=	6.65
C12	Allt að 1½ klst. rof á sólarhring	0.36=	3.74
C13	Allt að 2½ klst. rof á sólarhring	0.34=	3.53
C14	Allt að 4½ klst. rof á sólarhring	0.27=	2.80
C15	Allt að 14½ klst. rof á sólarhring	0.19=	1.97

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. lið E.

Taxtar C1 eru án söluskatts, en hann innheimtist ekki af rafmagni til hús-hitunar.

Aðrir tímataxtar, er til greina kunna að koma, falla undir D-lið.

D. SÉRÁKVÆÐI UM RAFMAGNSSÖLU

Þegar sérstaklega stendur á , er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnar-lýsingar, með lágmarksgjaldi 1.3 g/kwst.

E. Ákvæði og skýringar vegna taxta A—D.

A1 Aflnotkun mælist sem meðalálag í 15 mínútur.

A2 Lágmarksstilling markafls er 5 kw.

B1 Grunngjald, 600 gjaldstig á hvert kw, reiknast þannig:

a) **vegna rafvéla fyrir föst vinnutæki:**
af ástimpluðu rafafli, samanlagt reiknað í heilum kw.

b) **vegna lýsingar o. fl.:**
miðað er við 0.05 kw á hvern m² gólfflatar í rými því, sem lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmisins.

c) **vegna rafmagns til heimila:**
í stað gólfflatargjalds skv. b-lið, má reikna með 0.3 kw á hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö.

Lágmarksgjald skv. taxta B1 (kwst.-gjald + fast árgjald) er 5 000 gjaldstig á ári. Í stað taxta B1 má velja taxta B2, ef hagkvæmara þykir.

C1 **Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:**

a) **að** raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.

b) **að** vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

c) **að** straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. d-lið.

d) **að** tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir, með rofum og hitastillum.

e) **að** notkun sé minnst 6 000 kwst. á ári.

A—D a) **Ef fasviksstuðull** hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja (t. d. rafsuðuspenna) eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að hans dómi vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

c) Hitunartaxtar C1 standi jafnan á heilum eyri, en allir aðrir taxtar reiknast í heilum tug aura.

d) **Föst árgjöld** reiknast þannig:

grunngjald, í töxtum A1 og A2	1 600 gjaldstig
grunngjald, í taxta B1	600 gjaldstig
mæligjald, í töxtum A1 og A2	1 200 gjaldstig
mæligjald, í töxtum B1, B2 og C1	600 gjaldstig
rofagjald, af klukkurofa 80 A eða stærri	800 gjaldstig
rofagjald, af klukkurofa minni en 80 A	600 gjaldstig
rofagjald, af fjarstýribúnaði	600 gjaldstig

Af öðrum mælum og rofum en þeim, sem nefndir eru hér að framan, skal árgjaldið vera sem næst 20% af verði tækisins.

II. KAFLI

TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1	2		3	4	
	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis	Tengigjöld skv. jöfnu g = 1500 + 150 × kVA	Tengigjald kr.
Gjaldskrárliður	220 V kerfi A	380 V kerfi A	kVA	Gjaldstig g	
T1	2× 60	1× 60	0.22× 60= 13	3 400	35 360
T2	3× 60	2× 60	0.38× 60= 22	4 800	49 920
T3	3×100	3× 60	0.38×100= 38	7 200	74 880
T4		3×100	0.66×100= 66	11 400	118 560
T5	3×200		0.38×200= 76	12 900	134 160
T6	3×350	3×200	0.66×200= 132	21 300	221 520
T7		3×350	0.66×350= 231	36 100	375 440
T8			300	41 500	431 600
T9			500	76 500	795 600

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði:

a) **um heimtaugar:**

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig: Y (J) = (200 + 3 x kVA) gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig: Y (L) = (40 + 2 x kVA) gjaldstig á metra, að viðbættum 2 000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) **um spennistöðvar:**

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) **almennt:**

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 1 500 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

III. KAFLI

OPNUNARGJÖLD

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilu hundraði króna.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

IV. KAFLI
VERÐGILDI GJALDSTIGS

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir hækkun. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1977 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 273 30. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1977.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 162. 24. mars 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 101/1977 um breyting á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

1. gr.

2. gr. 1. mgr. orðist svo:

Viðkvæmum matvælum skal halda nægjanlega köldum (undir 4°C) eða nægjanlega heitum (60°C eða þar yfir) eftir eðli vörunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. mars 1977.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps nr. 264 30. júní 1976.

Töflur 1 og 2 í gjaldskránni hljóði þannig:

Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orkuverð kr./kWst.	Fastar greiðslur í krónum		Númer á mælal.
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur	
	A-LÝSING				
1.1	Án fastagjalds	60.00			01
1.2	Með fastagjaldi	32.00	0.60/m²	219	01
1.3	Götu- og hafnarlýsing	12.20			03
1.4	Við húsbyggingar	28.00			01
	B-HEIMILI				
2.1	Með fastagjaldi	16.00	6.00/herb.	2 190	01
	C-IÐNAÐUR OG VERSLUN				
3.1	Smávélar	32.00			02
3.2	Stór notkun	6.00	42.00/kW	15.330	04
	D-HITUN		Með taxta B 2.1		
4.1	Án rofs	12.20	1 herb. 30.00	10 950	01
4.2	Með rofi 1 kl/á dag	7.40	2 herb. 60.00	21 900	03
4.3	Með rofi 3 kl/á dag	3.40	3 herb. 90.00	32 850	03
4.4			4 herb. 120.00	43.800	
			5 herb. 150.00	54 750	03
4.5	Með rofi 14 kl/á dag (kl. 10—24)	1.70	fleiri sleppt		03
	F-ANNAÐ				
5.1	Sérsamningar				
5.2	Lokun húsveitna og enduropnun		1 000/reikning		
5.3	Súgþurrkun				
	MÆLALEIGUR				
01	Einfasa almenn án stjórnart.		6.00/mælingu	2 190	
02	Einfasa með stjórnart. og þrífasa án stjórnart.		12.00/mælingu	4 380	
03	Þriggja fasa m/stjórnart.		18.00/mælingu	6 570	
04	Þriggja fasa m/aflmæli		36.00/mælingu	13 140	

Tafla II. Tenging við veitukerfið/heimtaugargjöld.

Málstraumur stofnvara/spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga kr.	Yfirlengdargjald eða kostnaður kr./meter
63 amp. 220/380 volt	80 000	3 160
100 amp. 220/380 volt	127 000	3 660
125 amp. 220/380 volt	158 000	4 780
200 amp. 220/380 volt	250 000	5 490
300 amp. 220/380 volt	357 000	6 650

Tengigjöld með meiri flutningsgetu eða annarri spennu, greiðast samkvæmt kostnaði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. apríl 1977 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1977.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

Stjórnartíðindi B 16, nr. 160—163. Útgáfudagur 31. mars 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1977

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 265 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 11.60 á brúttórúmlest.

b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 5.80 á brúttórúmlest.

c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 11.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 770.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 3 840.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 5.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 620.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 2 300.00 fyrir hvert skip, auk kr. 5.80 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.

b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.

c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 500.00 í hafnsögusjóð.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 210.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 445.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 230.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 120.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 100.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 166 29. apríl 1976.

Samgönguráðuneytið, 23. mars 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 165. 23. mars 1977.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Kópaskerskauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Kópaskershöfn takmarkast að sunnan af línu, sem dregin er úr Brekkuskeri réttvísandi í vestur, að norðan af línu, sem dregin er úr Langaskeri, einnig réttvísandi vestur, og að vestan af línu, sem dregin er frá norðri til suðurs, hornrétt á áðurnefndar línur og 1.5 km. vestur úr Brekkuskeri.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar og rekstur.

2. gr.

Hreppsnefnd Presthólahrepps hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins. Hún kýs á fyrsta fundi sínum þriggja manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann, sem boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarvörður, eða sá sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann og starfsmenn eftir tillögum hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, þar sem verksvið þeirra er ákveðið, ef þurfa þykir. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarstjórn.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur í höfnina, að bryggju eða hafnarkanti, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar.

6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni, sem sprengihætta stafar af. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða.

Notkun skotvopna er bönnuð á hafnarsvæðinu.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum né frá hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleyfum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á annan stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíu eða vatn mengað olíu renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt, að ekkert af henni renni í höfnina, á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

IV. KAFLI

Um legu skipa í höfninni og afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarstjóra, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Leggist skip við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

11. gr.

Ef sjúkdómar eru á skipinu eða ástæða þykir til að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarstjóra að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig í höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessu efni, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust í höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju óski hafnarvörður þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

Ef skip veldur skemmdum á bryggjum, tækjum eða öðrum mannvirkjum, skal það að fullu bætt af viðkomandi skipi.

17. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt, sem við verður komið. Verði dráttur á því, má láta færa skipið á kostnað eiganda og er, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar fer fram. Skylt er að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, þannig að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum, þangað sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað er af því leiðir.

V. KAFLI

Um skip, sem lagt er í lægi.

21. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarinnar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur, láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarstjórnar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilkynna hafnarstjórn um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnarnefnd sé samþykk útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafist, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, er færa þarf skipið eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snerta.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar, eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfimra vökva og sprengiefna.

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, bensín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra, og afferming leyfð undir eftirliti brunavarðar, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“ að degi til en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Álíti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

VII. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur í samræmi við 26. gr. hafnalaga og samgönguráðuneytið staðfestir.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Hafnarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni, sem verða kann á eignum (skipum, munum eða öðrum verðmætum), manna eða félaga, ef þeir hafa vanrækt að fara eftir fyrirmælum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar.

28. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burtu úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

29. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, má gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, né heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

31. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Kópaskerskauptún, nr. 169 16. ágúst 1966.

Samgönguráðuneytið, 23. mars 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Kópaskerskauptúns.

I. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

2. gr.

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir, skulu greiða lestagjald kr. 11.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 5.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip, undir 400 brúttórúmlestum, greiði kr. 11.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 770.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 3 840.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

3. gr.

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 5.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum í mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn kr. 620.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og getur í síðustu mgr. 2. gr.

4. gr.

Vörugjöld.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

5. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

6. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli og þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

8. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 210.00 fyrir hver 1000 kg.

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t.) svo sem bensín, brennsluolía, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 445.00 fyrir hver 1000 kg.

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 1 230.00 fyrir hver 1000 kg.

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 120.00 fyrir hvern rúmmetra.

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 0.85%.

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands.

Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 100.00.

9. gr.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal greiða kr. 3.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

10. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

11. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

12. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

13. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiðir móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

14. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í gjaldskrá þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. mars 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 167. 25. mars 1977.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. **Skoðunargjöld loftfara.**
   1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
   1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5700 kg að þyngd greiðast kr. 4.00 fyrir hvert kg, en lágmarksgjald er kr. 4 000.00.
   1.3 Fyrir flugvélar yfir 5700 kg að þyngd greiðast kr. 20 000.00 að viðbættum kr. 1.00 fyrir hvert kg.
   1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.
2. **Skírteinisgjöld flugliða.**
   2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skriflegt próf	Verklegt próf
Flugnemi	kr. 1 000	kr. 1 000
Einkaflugmaður	— 2 000	— 1 400
Atvinnuflugmaður	— 4 000	— 2 000
Atvinnuflugmaður m. m. prófi	— 6 000	— 2 000
Blindflugsréttindi	— 5 000	— 2 000
Flugkennararéttindi	— 3 000	— 2 000
Loftsiglingafræðingur	— 8 000	
Flugumsjónarmaður	— 6 000	
Flugvélavirki (tegundarréttindi)	— 2 000	

   2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 1 000.00.
3. **Almenn ákvæði.**
   3.1 Gjöld fyrir verkleg próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 112 26. mars 1974, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 25. mars 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.
Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

Fyrir opinn bát	kr.	1 000
Fyrir opinn bát með vél	—	1 800
Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml.	—	3 200
Fyrir þilfarsskip 15 rúml. allt að 30 rúml.	—	4 000
Fyrir þilfarsskip 30 rúml. allt að 50 rúml.	—	5 400
Fyrir þilfarsskip 50 rúml. allt að 100 rúml.	—	6 200
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 200 rúml.	—	9 200
Fyrir þilfarsskip 200 rúml. allt að 300 rúml.	—	10 400
Fyrir þilfarsskip 300 rúml. allt að 400 rúml. og stærri	—	13 000

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist 1/3 hluti, fyrir vélaskoðun greiðist 1/3 og fyrir bolskoðun greiðist 1/3 hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og eru stærri en 400 rúml., skulu skipaskoðunarmönnum greiddar kr. 4 200 enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða.

2. gr.
Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

3. gr.
Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 2 000.00.

4. gr.
Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr., greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 276 24. september 1973, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 31. mars 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 169. 31. mars 1977.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.
Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml.	kr.	3 600
Fyrir þilfarsskip 15 brl. allt að 30 brl.	—	5 400
Fyrir þilfarsskip 30 brl. allt að 50 brl.	—	7 200
Fyrir þilfarsskip 50 brl. allt að 100 brl.	—	9 000
Fyrir þilfarsskip 100 brl. allt að 200 brl.	—	12 600
Fyrir þilfarsskip 200 brl. allt að 300 brl.	—	15 300
Fyrir þilfarsskip 300 brl. allt að 500 brl.	—	18 000
Fyrir þilfarsskip 500 brl. allt að 800 brl.	—	21 600
Fyrir þilfarsskip 800 brl. allt að 1200 brl.	—	22 500
Fyrir þilfarsskip 1200 brl. allt að 200 brl.	—	27 000
Fyrir þilfarsskip 2000 brl. allt að 5000 brl.	—	31 500
Fyrir þilfarsskip 5000 brl. og stærri	—	36 000

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greitt hálft gjald samkvæmt þessari grein, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða, ella greiðist gjaldið að fullu.

2. gr.
Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutun skipstjóra skips, eiganda þess eða siglingamálastjóra, skal greiða samkvæmt reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði. Gjaldið skal miðað við 22. flokk í launakerfi starfsmanna ríkisins. Heimilt er að leggja 30% á gjaldið, þó ekki á ferðakostnað. Fari fram öxulskoðun utan aðalskoðunar telst hún aukaskoðun.

3. gr.
Smíði og viðgerðir.

1. Fyrir eftirlit með smíði óflokkaðra skipa innanlands skal greitt eftir reikningi siglingamálastjóra, þó aldrei minna en fimmfalt gjald samkvæmt 1. gr. Sé um opinn bát að ræða, greiðist kr. 3 000.00.
2. Fyrir hvers konar eftirlit með skipum erlendis, skal greiða útlagðan eftirlitskostnað hverju sinni, samkvæmt reikningi siglingamálastjóra. Heimilt er að

leggja 30% á gjaldið, þó ekki af ferðakostnaði og dagpeningum eftirlitsmanns. Skal siglingamálastjóra heimilt að innheimta allt að kr. 60 000.00 fyrir fram vegna eftirlits samkvæmt þessum tölulið, en endanlegt uppgjör fari fram að ferðinni lokinni.

3. Fyrir eftirlit með viðgerðum og breytingum á skipum, sem framkvæmd eru innanlands, skal greitt samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Eimkatlar.

Fyrir skoðun á eimkötlum skal greiða:

Ketill við vél undir 400 hö.	kr.	2 200
Ketill við vél frá 400 til 800 hö.	—	2 700
Ketill við vél yfir 800 hö.	—	4 500

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun skal greiða:

Fyrir skip minni en 100 brl.	kr.	7 500
Fyrir skip 100 brl. allt að 500 brl.	—	10 500
Fyrir skip 500 brl. allt að 1000 brl.	—	13 500
Fyrir skip 1000 brl. allt að 2000 brl.	—	18 000
Fyrir skip 2000 brl. allt að 5000 brl.	—	24 000

Fyrir skip stærri en 5000 brl. greiðist eftir reikningi siglingamálastjóra.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 2 000.00.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis og tilheyrandi skoðun skulu greiddar kr. 1 000.00.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 3 000.00, enda fari skoðun ekki fram.

6. gr.

Endurskoðun uppdrátta.

Fyrir endurskoðun allra smíðauppdrátta fyrir nýsmíðar skal greitt:

Fyrir opinn bát	kr.	2 700
Fyrir þilfarsbát minni en 15 brl.	—	4 500
Fyrir skip 15 brl. allt að 30 brl.	—	7 200
Fyrir skip 30 brl. allt að 50 brl.	—	10 800
Fyrir skip 50 brl. allt að 100 brl.	—	14 400
Fyrir skip 100 brl. allt að 300 brl.	—	22 500
Fyrir skip 300 brl. allt að 1000 brl.	—	24 000
Fyrir skip 1000 brl. allt að 3000 brl.	—	31 500
Fyrir skip 3000 brl. og stærri	—	36 000

Sé nákvæm rúmlestatala ekki kunn, má áætla hana með smíðamálum skipsins. Ef skipið er smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags greiðist hálft gjald.

Fyrir endurskoðun uppdrátta vegna breytinga og viðgerða á skipum greiðist samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

Fyrir umsögn og athugun uppdrátta, vegna innflutnings gamalla skipa, greiðast kr. 15 000.00.

7. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala.

1.	Útgáfa þjóðernisskírteinis	kr. 4 500
2.	Útgáfa alþjóðamælibréfs	— 5 400
3.	Afrit af alþjóðamælibréfi	— 1 000
4.	Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	— 2 500
5.	Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	— 500
6.	Einkaleyfi á skipsnafni	— 30 000
7.	Vottorð um útstrikun skips af aðalskipaskrá	— 1 500

8. gr.

Mæling skipa.

Opinn bátur	kr. 2 700
Þilfarsskip minni en 30 brl.	— 5 400
Þilfarsskip 30 brl. allt að 100 brl.	— 9 000
Þilfarsskip 100 brl. allt að 200 brl.	— 13 500
Þilfarsskip 200 brl. allt að 400 brl.	— 15 750
Þilfarsskip 400 brl. allt að 1000 brl.	— 22 500
Þilfarsskip 1000 brl. allt að 3000 brl.	— 29 250
Þilfarsskip 3000 brl. allt að 5000 brl.	— 42 000

Fyrir skip stærri en 5000 brl. greiðist eftir reikningi siglingamálastjóra.
Fyrir endurskoðun á mælingu skips greiðist hálft gjald skv. þessari grein.
Að auki greiðast ferðaútgjöld mælingamanna eftir reikningi siglingamálastjóra.

9. gr.

Tækjaleiga.

Við röntgenmyndun greiðist sérstaklega fyrir leigu á tækjum, filmum, framköllun og mat skv. II W kr. 750.00 á hverja mynd. Tækjaleiga við þykktar- og aðrar örbylgjumælingar, sprungu-, titrings- og hávaðamælingar greiðast kr. 750.00 á klst.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

Þurfi skipaskoðunar- eða eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda, sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiði eigandi skips kostnað við slíka aðstoð. Þó ekki þegar um árlega aðalskoðun er að ræða og aðstoðarinnar er óskað af skoðunar- eða eftirlitsmanni.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greidd í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af sömu aðilum eftir reikningum sem Siglingamálastofnunin gefur út, eftir því sem gjöldin falla til, þó skal heimilt að innheimta gjöldin á skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar í Reykjavík, er hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum Siglingamálastofnunarinnar laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í ríkissjóð, en krefja Siglingamálastofnun ríkisins um þóknun skoðunarmanna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa, nr. 48/1974.

Samgönguráðuneytið, 31. mars 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

4. apríl 1977. Nr. 170.

AUGLÝSING

um virðingar til brunatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur (samkvæmt lögum nr. 59 24. apríl 1954 og lögum nr. 9 23. mars 1955).

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu sjá um, að hlutaðeigandi dómari dómkveðji matsmenn — tvo aðalmenn og tvo til vara — til þess að framkvæma virðingar til brunatryggingar á húseignum þeim, sem lög nr. 59 24. apríl 1954 og nr. 9 23. mars 1955, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, ná til.

2. gr.

Markmið virðingarinnar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti eignarinnar á þeim tíma sem virðingin fer fram. Í þessu augnamiði skal í virðingunni lýsa nákvæmlega hverju einstöku húsi. Á grundvelli þeirrar lýsingar skal svo ákveða hvað kosta muni að byggja slíkt hús.

3. gr.

Þegar um endurmat á eldri húsum er að ræða, skal draga frá nýbyggingarupphæð hússins hæfilega upphæð fyrir sliti og elli í hlutfalli við aldur þess og í samræmi við meðferð og viðhald á því.

4. gr.

Við virðinguna má ekki taka neitt tillit til þess, sem hér segir: Verðmætis lóðarinnar, legu hússins, verðmætis þess í kaupum og sölum, tekna er það gefur eða réttinda, er því fylgja.

5. gr.

Rita skal allar virðingar í sérstaka virðingabók, sem stjórnarráðið löggildir, og skal hver virðing undirrituð af virðingarmönnum og umboðsmanni viðkomandi tryggingafélags.

6. gr.

Fyrir almenna virðingu á hverri áhættu skal vátryggði greiða sem hér segir:

a.	Fyrir hús, sem virt er allt að 3 millj.	kr. 2 520.00
b.	Fyrir hús, sem virt er á 3 millj. og allt að 7 millj.	— 3 150.00
c.	Fyrir hús, sem virt er á 7 millj. og allt að 14 millj.	— 5 040.00
d.	Fyrir hús, sem virt er á 14 millj. og allt að 23 millj.	— 6 120.00
e.	Fyrir hús, sem virt er á 23 millj. og allt að 36 millj.	— 7 560.00
f.	Fyrir hús, sem virt er á 36 millj. og allt að 50 millj.	— 9 360.00
g.	Fyrir hús, sem virt er á 50 millj. og allt að 60 millj.	— 10 800.00

Af því sem umfram er 60 milljónir skal greiða kr. 230.00 fyrir hverja milljón eða brot úr milljón.

Ef einhver virðing er sérstaklega erfið, er ráðuneytinu heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana. Umsókn virðingarmanna um slíka hækkun skal fylgja greinargerð ásamt umsögn framkvæmdastjóra viðkomandi vátryggingarfélags.

Nú vill eigandi eða vátryggingarfélag eigi sætta sig við mat hinna dómkvöddu manna og geta þá aðilar skotið málinu til úrskurðar oddamanns, sem þeir koma sér saman um. Ella skal hann tilnefndur af viðkomandi dómara. Þóknun til hans skal vera tvöfalt gjald eins virðingarmanns samkvæmt gjaldskránni. Þóknun oddamanns greiðist að hálfu af eiganda húseignarinnar og að hálfu af vátryggingarfélaginu.

Sá aðili, sem eigi getur sætt sig við úrskurð oddamanns, hefur rétt til að óska yfirmats. Yfirmatið skal framkvæmt af þremur mönnum, er viðkomandi fógeti eða sýslumaður skipar. Fyrir slíkt yfirmat greiðist tvöfalt gjald, samkv. ofangreindri gjaldskrá 1/3 til hvers. Kostnað við yfirmat greiðir sá aðili, er matið gengur á móti. Skal frummat teljast staðfest, ef mismunur er undir 10 prósent. Bifreiðakostnaður og ferðakostnaður greiðist samkv. reikningi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. apríl 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 171. 4. apríl 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. töluliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem markast að vestan af línu, sem dregin er 50° réttvísandi frá Horni (viðmiðunarstaður 1), og að austan af 20°40'0 v. lgd.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

Nr. 172.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	23 788
	Kr.	23 788

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr.	23 788
	Kr.	23 788

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1976.

Eignir:

Bankainnstæður	kr.	178 227
	Kr.	178 227

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:			
Hrein eign pr. 1. jan. 1976	kr.	154 439	
Hreinar tekjur árið 1976	—	23 788	
			kr. 178 227
		Kr.	178 227

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1977.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 173.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	44 417
	Kr.	44 417

Gjöld:

Tekjum umfram gjöld		kr. 44 417
		Kr. 44 417

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1976.

Eignir:

Bankainnstæður		kr. 327 506
		Kr. 327 506

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1976	kr. 283 089	
Hreinar tekjur árið 1976	— 44 417	
		kr. 327 506
		Kr. 327 506

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1977.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 174. 23. mars 1977.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Raufarhöfn.

1. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnar ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvennskonar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna og holræsagerðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.0%
Tvíbýlishús og tveggja hæða íbúðarhús	0.5%
Tveggja hæða raðhús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús)	0.4%
Fjölbýlishús	0.2%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.0%
Opinberar byggingar	0.8%
Iðnaðar og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	0.4%
Verbúðir og gripahús	0.2%

Af kjöllurum, rishæðum og jarðhæðum sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálft gjald.

Gjald skal miða við stærð húss, samkv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús	500 m³
Tvíbýlishús	400 m³
Fjölbýlishús	300 m³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

4. gr.

Gjöld samkv. 3. grein breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um hver áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkv. 3. gr. skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 70% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði frá lóðarúthlutun.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði á rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingarleyfi eða breytingu á byggingarleyfi svo og önnur erindi afgreidd í byggingarnefnd, sem ekki falla undir þessa reglugerð.

7. gr.

Byggingarfrestur er 8 mánuðir, þ. e. a. s. lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðist eftir 6 mánuði. Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram.

8. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ. e. 8 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur hreppsfélaginu síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A-gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er sveitarstjórn heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Enn fremur getur sveitarstjórn ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

B-gjald sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.25%
Tvíbýlishús og tveggja hæða íbúðarhús	1.50%
Tveggja hæða raðhús og samb. einbýlish. á einni hæð (rað)	1.20%
Fjölbýlishús	0.60%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.00%
Opinberar byggingar	1.50%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1.00%
Verbúðir og gripahús	0.80%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignamatsskráningu.

12. gr.

Gjöld samkvæmt 11. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt á síðustu 5 árum.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á gatnagerðargjaldi samkvæmt 11. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning bundins slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags.

20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdaárinu.

Sveitarstjórn ákveður gjalddaga í hverju tilviki.

80% gatnagerðargjaldsins skal greiða með skuldabréfum sem greiðast með jöfnum afborgunum á næstu fjórum árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign, þau skulu bera 10% vexti er greiðast eftir á, á gjalddaganum 1. júlí ár hvert. Sveitarstjórn er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila.

Dragist framkvæmdir á langinn við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu sem viðkomandi fasteign er skráð við. Staðgreiðsluafsláttur skal vera sá sami og nemur innlánsvöxtum af eins árs sparisjóðsbók á hverjum tíma.

15. gr.

Hafi gangstéttargjald áður verið greitt af lóð, skal sú greiðsla koma til frádráttar við álagningu B-gjalds enda hafi það gjald verið innheimt vegna lagningar gangstéttar við viðkomandi götu.

16. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

17. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkvæmt 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a) Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
b) Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 16. gr.
c) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

18. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr meiriháttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og um innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. mars 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Seltjarnarnes.

1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsafnota. Um samkomuhús gildir ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal ráða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónamaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, né hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttarlag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur, eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.

5. gr.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki renna sér á sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferð. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um götурnar.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingarsvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, vera áberandi ölvaður eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbragð svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

9. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, en aðstoðarmenn eiga heimtingu á fullum bótum fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða á fatnaði eða limum.

10. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi til þess leyfi slökkviliðsstjóra eða tæknideildar bæjarins.

11. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð er óheimill. Þó er heimilt að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá kl. 17.00 síðdegis til kl. 9.00 árdegis.

12. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, á lóðum, í garðhliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á lóðir án leyfis hlutaðeigandi húsráðenda, né fara inn í híbýli í söluerindum.

13. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er hindrar umferð. Bannað er að leggja í íbúðahverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjarbúa. Notkun vélsleða á götum bæjarins er háð leyfi lögreglu.

14. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsinguar.

15. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur eða veldur óþrifnaði.

16. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma. Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir leyfilegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

17. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglu-

stjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu varaðir við farartálmanum með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess er bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

18. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru leyti, er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn. Er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

19. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmíðar eða viðgerðir á húsum skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur.

20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynji. Getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

21. gr.

Ekki má skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða rispa, tjarga, mála eða teikna á mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, sem ætlaðir eru til almenningsnota, svo sem hús, minnisvarða, símaklefa, biðskýli, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar.

22. gr.

Enginn má skemma girðingar, né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

23. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús

til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

24. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

26. gr.

Allir staðir, þar sem rekinn er almenn veitingasala og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnar, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirrar veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

27. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gisthúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörun.

28. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í góðgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir.

29. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talið er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu.

30. gr.

Sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreysti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

31. gr.

Hundahald er bannað á Seltjarnarnesi að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, enda komi læknisráð til.

32. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita undanþágu til hundahalds, með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu fógeta og þar skal eigandi hundsins fá afhenda merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, í skóla, matvöruverslanir eða á aðra staði, þar sem matvara er höfð um hönd.
e. Hundeiganda ber að öðru leyti að hlíta lögum og reglum, sem hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

33. gr.

Brot gegn skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds varða sektum eða öðrum viðurlögum sbr. 39. gr.

Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða, getur dómari mælt með því við Bæjarstjórn að leyfið verði afturkallað. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

34. gr.

Eigi má kasta á almannafæri né í fjörum, hræjum, dauðum fiski, matarleifum, tiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjót, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óprýði. Óheimilt er að taka grjót eða sand í fjörum.

35. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

36. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neitt, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

37. gr.

Bannað er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist

inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindi berist af lóð hans á lóð annars manns.

38. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu. Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa af broti sínu og enginn einstaka maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

39. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Bæjarsjóður greiði kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

40. gr.

Bæjarsjóður greiðir allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafist af einstökum mönnum.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. apríl 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

5. apríl 1977. Nr. 176.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Stefáns Hannessonar og Steinunnar Helgu Árnadóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. apríl 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Stefáns Hannessonar og Steinunnar Helgu Árnadóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Stefáns Hannessonar og Steinunnar Helgu Árnadóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með framlögum og að tilhlutan barna og barnabarna þeirra sem sjóðurinn ber nafn af: Stefáns Hannessonar, kennara í Litla-Hvammi og konu hans Steinunnar Helgu Árnadóttur, Litla-Hvammi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 600 000.00 króna framlag stofnenda sjóðsins. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal hann ávaxtaður í verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs og í bankastofnunum og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn fram til 1. janúar, 1981. Eftir þann tíma skal ársvöxtum varið sem hér segir: 1/3 hluti ársvaxta renni til Ketilsstaðaskóla í Dyrhólahreppi til bókakaupa fyrir bókasafn skólans eða til endurnýjunar á kennslutækjum fyrir skólann. 1/3 hluti til uppgræðslu lands í Mýrdal, 1/3 hluti ársvaxta fellur hverju sinni til höfuðstóls. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum frá þeim mönnum, stofnunum eða félögum, sem vilja efla vöxt sjóðsins og styðja tilgang hans. Skal allt fé, sem sjóðnum áskotnast þannig jafnan lagt við höfuðstól.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, tveir frá stofnendum sjóðsins eða afkomendum þeirra, oddvitar Dyrhólahrepps og Hvammshrepp og skólastjóri Ketilsstaðaskóla. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún hefir á hendi reikningsfærslu sjóðsins og ber ábyrgð á fé hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans undirritaðir af stjórn sjóðsins árlega og sendir sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu til athugunar.

5. gr.

Stjórnin heldur gerðabók og skulu í hana færðar allar fundargerðir, ályktanir og bréf, er hún ritar viðvíkjandi sjóðnum, svo og reikningar sjóðsins. Stjórnin varðveitir og öll bréf hans og önnur skjöl, er henni berast sjóðnum viðkomandi.

6. gr.

Eflist sjóðurinn svo, að verksviði hans verði meira en fullnægt, má færa verksviðið út, en jafnt á þær tvær greinar, sem verksvið hans kveður á um, þ. e. til skóla eða annarrar hliðstæðrar menningarstofnunar í Dyrhólahreppi og til landræktar í Mýrdal.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Nr. 177. 18. apríl 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

4. töluliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

4. Fyrir Vesturlandi allt árið á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 65°25′ n. br., 27°00′ v. lgd.
2. 65°26′ n. br., 26°54′ v. lgd.
3. 65°08′ n. br., 26°48′ v. lgd.
4. 64°39′ n. br., 26°54′ v. lgd.
5. 64°39′ n. br., 27°02′ v. lgd.
6. 65°03′ n. br., 27°09′ v. lgd.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni

öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 80 3. febrúar 1977 um bann við togveiðum fyrir Vesturlandi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

14. apríl 1977. Nr. 178.

REGLUR

um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

1. Við silungsveiði í sjó má nota lagnet, sem lögð eru út frá strönd. Festa má ytri enda þeirra við stjóra í botni.
2. Bil milli silunganeta í sjó skal vera minnst 100 m. eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds, sem net liggur.
3. Merkja skal silunganet í sjó. Skal veiðieftirlitsmaðurinn annast merkinguna.
4. Veiða má göngusilung í lagnet í sjó frá 1. apríl til 15. maí og frá 1. ágúst til 20. september ár hvert.
5. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. apríl 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Nr. 179.

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

Gjöld:

Ýmis kostn. prentun o. fl. 1976		kr.	308 592.00
Styrkveitingar árið 1976		—	2 030 282.00
Tekjur til ráðstöfunar 1978		—	6 000 000.00
Tekjur lagðar við höfuðstól		—	7 126 749.00
		Samtals kr.	15 465 623.00

Tekjur:

Samúðarskeyti Landsímans	kr. 9 225 840.00		
- 15% til F. Í. S.	— 1 383 877.00		
		kr.	7 841 963.00
Aðrar minningargjafir		—	63 400.00
Vaxtatekjur 1976		—	7 560 260.00
		Samtals kr.	15 465 623.00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1976.

Eignir:

Innstæða á ávísanareikningi			kr.	282 086.00
Bankainnstæður:				
Vaxtaaukareikningar	kr.	46 109 691.00		
Bankabækur	—	5 450 775.00		
			—	51 560 466.00
Spariskírteini:				
1. fl. 74 c 1136—40	kr.	250 000.00		
1. fl. 75 c 10461—65	—	250 000.00		
1. fl. 76 nr. 1363—92	—	1 500 000.00		
			—	2 000 000.00
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands			—	57 000.00
Áfallnir vextir af spariskírteinum			—	51 250.00
			Kr.	**53 950 802.00**

Skuldir:

Til ráðstöfunar 1978 skv. 5. gr. skipulagsskrár frá fyrri árum	kr.	10 100 000.00		
Af tekjum ársins 1976	—	6 000 000.00		
			kr.	16 100 000.00
Höfuðstóll 1/1 1976	kr.	30 724 053.00		
Lagt við höfuðstól 31/12 1976	—	7 126 749.00		
			—	37 850 802.00
			Kr.	53 950 802.00

Reykjavík, 11. janúar 1977.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 8. mars 1977.

Vilborg Gunnlaugsdóttir. Ólöf Pétursdóttir.

REIKNINGAR

sjóða tengdum Minningargjafasjóði Landspítala Íslands 1976.

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvaldsdóttur.

Eignir:

Innstæða í Söfnunarsjóði aðaldeild nr. 456	kr.	36 821.00
	Kr.	36 821.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1976	kr.	32 385.00
Vextir og vaxtabætur	—	4 436.00
	Kr.	36 821.00

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabetu, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:

Innstæða í sparisj.bók 60749 Búnaðarb.	kr.	47 247.00
	Kr.	47 247.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1976	kr.	40 731.00
Vaxtatekjur 1976	—	6 516.00
	Kr.	47 247.00

Minningargjöf um Hans Wíum, sýslumann.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók nr. 5468	kr.	25 386.00
	Kr.	25 386.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1976	kr.	21 885.00
Vaxtatekjur 1976	—	3 501.00
	Kr.	25 386.00

B 37

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók nr. 5469	kr.	52 042.00
	Kr.	52 042.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1976	kr.	44 864.00
Vaxtatekjur 1976	—	7 178.00
	Kr.	52 042.00

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók 5462	kr.	33 148.00
	Kr.	33 148.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1976	kr.	28 576.00
Vaxtatekjur 1976	—	4 572.00
	Kr.	33 148.00

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók nr. 5467	kr.	112 189.00
	Kr.	112 189.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1976	kr.	96 715.00
Vaxtatekjur 1976	—	15 474.00
	Kr.	112 189.00

Minningargjöf um Gísla Oddsson, skipstjóra.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók 5466	kr.	93 521.00
	Kr.	93 521.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1976	kr.	80 622.00
Vaxtatekjur 1976	—	12 899.00
	Kr.	93 521.00

Sjóður Guðlaugar Jónsdóttur og Guðjóns Björnssonar.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók 5471	kr.	522 015.00
	Kr.	522 015.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1976	kr.	450 013.00
Vaxtatekjur 1976	—	72 002.00
	Kr.	522 015.00

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók 5463	kr.	124 875.00
	Kr.	124 875.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1976	kr.	107 651.00
Vaxtatekjur 1976	—	17 224.00
	Kr.	124 875.00

Reykjavík, 11. janúar 1977.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankabækur og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 8. mars 1977.

Vilborg Gunnlaugsdóttir. Ólöf Pétursdóttir.

Nr. 181.

REIKNINGUR

Iðnlánasjóðs árið 1976.

Rekstursreikningur árið 1976.

Gjöld:

Vextir	kr.	54 832 976		
Vísitölugreiðslur	—	10 893 491		
Lántökugjöld	—	5 000 000		
			kr.	70 726 467
Reksturskostnaður			—	18 813 090
Framlag vegna hagrannsókna			—	6 750 000
Afskrifaður gengismunur			—	14 195 633
Afskriftir af húsbúnaði			—	102 000
Tekjuafgangur 1976			—	350 231 871
			Kr.	460 819 061

Tekjur:

Vextir	kr.	168 600 124		
Vísitöluálag	—	10 216 636		
Lántökugjöld	—	7 333 752		
			kr.	186 150 512
Innborgað iðnlánasjóðsgjald 1976			—	213 400 000
Fjárveiting ríkissjóðs			—	50 000 000
Innborgað framleiðslugjald af áli			—	11 268 549
			Kr.	460 819 061

Efnahagsreikningur 31. desember 1976.

Eignir:

Vélalán 1. janúar 1976	kr.	625 636 906		
+ útlán 1976	—	450 225 198		
	kr.	1 075 862 104		
÷ afborganir 1976	—	126 552 912		
			kr.	949 309 192
Byggingalán 1. janúar 1976	kr.	708 682 860		
+ útlán 1976	—	278 500 000		
	kr.	987 182 860		
÷ afborganir 1976	—	59 185 686		
			—	927 997 174
Lausaskuldalán 1. janúar 1976	kr.	13 466 112		
÷ afborganir 1976	—	5 279 925		
			—	8 186 187
Hagræðingarlán 1. janúar 1976	kr.	4 671 293		
÷ afborganir 1976	—	1 085 538		
			—	3 585 755
Verðbréf			—	20 246 720
Víxlar			—	4 369 725
Stofnfé Útflutningslánasjóðs			—	65 000 000
Hlutabréfaeign í Fjárfestingarfélagi Íslands hf.			—	7 000 000
Innstæða á bankareikningum			—	28 409 851
Áhöld og húsbúnaður			—	411 500
Gengismunur 1. janúar 1976	kr.	57 860 956		
Gengistap 1976	—	13 117 208		
	kr.	70 978 164		
÷ afskrifað nú	—	14 195 633		
			—	56 782 531
			Kr.	2 071 298 635

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands	kr.	557 239 326	
Iðnþróunarsjóður*	—	131 796 720	
Skuldir við banka	—	10 600 000	

* Skuld við Iðnþróunarsjóð hefur verið færð til skráðs gengis á Bandaríkjadollar 31. desember 1976. Gengistap, sem myndast, er afskrifað um 1/5, með hliðsjón af því, að útlánsvextir sjóðsins voru hækkaðir um ½% árið 1970 til að vega upp á móti hugsanlegu gengistapi vegna þessara lána.

Sérskuldabréfalán:				
v/lausaskuldalána	kr.	5 967 225		
v/hagræðingalána	—	20 000		
			—	5 987 225
Óútborgað af afgreiddum lánum			—	2 440 060
Þinglestur og stimpilgjöld			—	0
Stofnsjóður 1. janúar 1976	kr.	1 013 003 433		
+ tekjuafgangur 1976	—	350 231 871		
			—	1 363 235 304
			Kr.	2 071 298 635

Veiðarfæradeildar árið 1976.

Rekstursreikningur árið 1976.

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	596 999
Tekjuafgangur	—	16 113 571
	Kr.	16 710 570

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	5 355 170		
Visitöluálag	—	335 400		
Lántökugjöld	—	120 000		
			kr.	5 810 570
Verðjöfnunargjald af veiðarfærum			—	10 900 000
			Kr.	16 710 570

Efnahagsreikningur 31. desember 1976.

Eignir:

Veiðarfæralán 1. janúar 1976	kr.	50 027 276		
+ útlán 1976	—	12 000 000		
	kr.	62 027 276		
÷ afborganir 1976	—	4 070 067		
			kr.	57 957 209
Innstæða á bankareikningi			—	11 089 239
Skuldabréf S. R.			—	0
			Kr.	69 046 448

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands			kr.	3 200 000
Sérsjóður 1. janúar 1976	kr.	49 732 877		
+ tekjuafgangur 1976	—	16 113 571		
			—	65 846 448
			Kr.	69 046 448

Reykjavík, 21. febrúar 1977.

IÐNLÁNASJÓÐUR

Framkvæmdastjórnin

Bragi Hannesson. *Pétur Sæmundsen.*

Við undirritaðir endurskoðendur Iðnlánasjóðs og Veiðarfæradeildar Iðnlánasjóðs höfum yfirfarið reikninga sjóðsins ásamt fylgiskjölum, borið saman við bækur sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán, verðbréf og bankainnstæður og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 21. febrúar 1977.

Bjarni Björnsson. *Ingólfur Finnbogason.*

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda Iðnlánasjóðs, samþykkir stjórn sjóðsins reikningana.

Reykjavík, 3. mars 1977.

Gunnar J. Friðriksson. **Gunnar S. Björnsson.** **Þorvarður Árnason.**

Nr. 182.

REIKNINGUR

Samvinnubanka Íslands 1975.

Rekstursreikningur Samvinnubanka Íslands h/f árið 1975.

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	417 445 964
Reksturskostnaður	—	183 099 438
Fyrningar	—	7 173 107
Til varasjóðs	—	20 000 000
Til afskriftareiknings	—	6 329 891
Til höfuðstólsreiknings	—	11 731 950
	Kr.	645 780 350

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	584 889 409
Aðrar tekjur	—	60 890 941
	Kr.	645 780 350

Efnahagsreikningur Samvinnubanka Íslands h/f pr. 31. desember 1975.

Eignir:

Sjóður			kr. 73 353 737
Seðlabankinn:			
Viðskiptareikningur	kr.	12 314 012	
Bundinn reikningur	—	765 018 300	
			— 777 332 312
Stofnlánadeild samvinnufélaga			— 20 000 000
Afurðalán			— 128 388 778
Yfirdráttarlán			— 836 176 431
Víxlar			— 1 003 599 479
Verðbréf:			
Vaxtabréf	kr.	17 605 500	
Skuldabréf	—	719 585 975	
			— 737 191 475

Fasteignir			—	208 028 000
Áhöld og búnaður			—	41 178 000
Ógreiddar tekjur			—	55 616 219
Aðrar eignir			—	100 234 244
			Kr.	3 981 098 675
Utan efnahagsreiknings:				
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna			kr.	301 562 000

Skuldir:

Veltiinnlán:				
Hlaupareikningar	kr.	359 692 315		
Ávísunarreikningar	—	414 680 778		
			kr.	774 373 093
Spariinnlán:				
Almennar bækur	kr.	1 806 376 222		
Bundnar bækur	—	996 804 439		
			—	2 803 180 661
Seðlabankinn, endurseld lán			—	128 105 000
Framkvæmdasjóður Íslands			—	23 000 000
Stofnlánadeild samvinnufélaga			—	9 103 021
Fyrirfram greiddir vextir			—	25 841 000
Aðrar skuldir			—	16 417 227
Eigið fé:				
Hlutafé	kr.	100 000 000		
Varasjóður	—	80 000 000		
Afskriftareikningur	—	7 500 000		
Höfuðstólsreikningur	—	13 578 673		
			—	201 078 673
			Kr.	3 981 098 675

Framanskráðan rekstursreikning ársins 1975 og efnahagsreikning pr. 31. desember 1975 höfum við borið saman við bækur Samvinnubankans. Ennfremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Endurskoðunin hefur ekki gefið tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 29. mars 1976.

Ásgeir G. Jóhannesson. *Magnús Kristjánsson.* *Óskar Jónatansson.*

Reykjavík, 15. janúar 1976.

Kristleifur Jónsson. **Einar S. Einarsson.**

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikninginn.

Reykjavík, 30. mars 1976.

Erlendur Einarsson. **Vilhjálmur Jónsson.** **Hjörtur Hjartar.**

REIKNINGUR

Samvinnubanka Íslands 1976.

Rekstursreikningur Samvinnubanka Íslands h/f árið 1976.

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	587 784 168
Reksturskostnaður	—	283 560 946
Fyrningar	—	6 153 997
Til varasjóðs	—	9 000 000
Til afskriftareiknings	—	1 000 000
Til höfuðstólsreiknings	—	16 330 573
	Kr.	903 829 684

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	799 768 972
Aðrar tekjur	—	104 060 712
	Kr.	903 829 684

Efnahagsreikningur Samvinnubanka Íslands h/f pr. 31. desember 1976.

Eignir:

Sjóður		kr.	40 271 457
Seðlabankinn, bundinn reikningur		—	982 474 300
Stofnfjárframlög		—	33 540 000
Innleystar ábyrgðir		—	19 485 917
Afurðalán		—	640 193 246
Yfirdráttarlán		—	664 647 648
Víxlar		—	1 411 407 019
Verðbréf:			
Skuldabréf	kr. 852 223 982		
Vaxtaaukalán	— 375 900 666		
		—	1 228 124 648
Fasteignir		—	458 150 000
Áhöld og búnaður		—	45 358 000
Ógreiddar tekjur		—	108 342 000
Aðrar eignir		—	189 820 240
		Kr.	5 821 814 475
Utan efnahagsreiknings:			
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna		kr.	319 701 270

Skuldir:

Veltiinnlán:			
Hlaupareikningar	kr. 393 661 257		
Ávísunarreikningar	— 532 784 974		
		kr.	926 446 231

Spariinnlán:				
Almennar bækur	kr.	2 199 040 584		
Bundnar bækur	—	619 900 572		
Vaxtaaukareikn.	—	884 963 005		
			—	3 703 904 161
Seðlabankinn:				
Viðskiptareikningur	kr.	241 861 822		
Endurseld lán	—	525 371 000		
			—	767 232 822
Framkvæmdasjóður Íslands			—	36 100 000
Stofnlánadeild samvinnufélaga			—	1 340 893
Fyrirfram greiddir vextir			—	44 760 000
Aðrar skuldir			—	39 867 123
Eigið fé:				
Hlutafé	kr.	100 000 000		
Varasjóður	—	89 000 000		
Endurmatsreikn. fasteigna	—	96 254 000		
Höfuðstólsreikningur	—	16 909 245		
			—	302 163 245
			Kr.	5 821 814 475

Framanskráðan rekstursreikning ársins 1976 og efnahagsreikning pr. 31. desember 1976 höfum við borið saman við bækur Samvinnubankans. Ennfremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Endurskoðunin hefur ekki gefið tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 14. mars 1977.

Ásgeir G. Jóhannesson. *Magnús Kristjánsson.* *Óskar Jónatansson.*

Reykjavík, 15. janúar 1977.

Kristleifur Jónsson. **Einar S. Einarsson.**

Margeir Daníelsson.

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikninginn.

Reykjavík, 15. mars 1977.

Erlendur Einarsson. **Vilhjálmur Jónsson.** **Hjörtur Hjartar.**

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla skólaárið 1977—1978.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.
Móðurmál	10	10	10	9	9	8	6*	5	5
Stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	5	5
Danska				3	3	3	3	4*	4
Enska						3	4*	4	4
Íþróttir[1])	2	2	2	2	3	3	3	3	3
Átthagafræði	3	4	4		5				
Kristinfræði			1	2	2	2	2*		
Saga, félagsfr. og landafræði				4	3	3	4*	4*	
Líffr., eðlis- og efnafræði				2	3	3	4	4	
Tónment	1	1	1	1	1	1	1	1	
Mynd- og handmennt			4	4	4	4	4	4	
Heimilisfræði[2])							2	1	
Valgreinar[3])								3*	12—16
	20	21	25	31	33	35	37	37	33—37

1) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

2) Gert er ráð fyrir að kennsla í heimilisfræði verði aukin um 1 st. í 7. bekk og 1 st. í 8. bekk frá því sem var skólaárið 1976—77. Þær stundir sem þarf til þessarar auknu kennslu verður að taka af öðrum greinum og er það á valdi skólastjóra og hlutaðeigandi kennara að ákveða þetta. Bent er á að mögulegt er að fækka um eina kennslustund í þeim greinum sem merktar eru með *. Þetta gildir um þá skóla sem hafa aðstöðu, bæði að því er varðar búnað og starfslið, til að taka upp kennslu í heimilisfræði.

3) Eftirfarandi ábendingar um valgreinar í 9. bekk gilda einnig fyrir 8. bekk.
Valgreinar í 9. bekk:

a) Saga, félagsfræði og landafræði ..... 4 stundir
b) Líffræði, eðlis- og efnafræði ..... 4 stundir
c) Mynd- og handmennt ..... 4 stundir
d) Aðrar greinar ..... 8 stundir

Í flokknum **aðrar greinar** eru m. a. þessar:

Kynning atvinnuvega,
viðskiptagreinar,
vélfræði,
heimilisfræði,
tækniteiknun,
handmennt,
tónmennt — hljóðfæraleikur — kórstarf.

Nemendur skulu velja annað hvort **sögu, félagsfræði og landafræði** 4 st. eða **líffræði, eðlis- og efnafræði** 4 st. Nemendur geta einnig valið báðar greinarnar, samtals 8 st. Þar að auki skulu þeir velja greinar skv. c- og d-lið 8 st. minnst og 12 st. mest.

Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda eigi vera lægri en 17 og í einstökum námshópum skulu eigi vera færri nemendur en 12.

4) Auk þeirra stunda sem tilgreindar eru í töflunni fær hver skóli kennarastundir til ráðstöfunar sem nemur einni vikustund á hverja 25 nemendur í hverjum aldursárgangi í 1.—8. bekk, að svo miklu leyti sem þær rúmast innan hámarksákvæða 9. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla. Þessar stundir eru ætlaðar til námsaðgreiningar t. d. með því að skipta bekkjardeild í kennslu þegar tilteknir námsþættir eru kenndir eða með frjálsu viðbótarnámi, hvorttveggja án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið. Heimilt er skólastjóra, ef hann telur sérstakar ástæður koma til, að flytja hluta umræddra stunda milli aldursárganga.

5) Skólastjórar skulu gera áætlun um skiptistundir vegna valgreina í 8. og 9. bekk og fá hana samþykkta af hlutaðeigandi fræðslustjóra. Sama gildir um kennarastundir til ráðstöfunar sbr. 4. tölulið.

Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

20. apríl 1977. Nr. 185.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir tilkynningar og skráningar vörumerkja o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 3 000.00.

2. gr.

Fyrir beiðni um endurnýjun á skráningu vörumerkis skal greiða gjald kr. 3 000.00.

3. gr.

Fyrir skráningu vörumerkis og fyrir endurnýjun skráningar skal greiða gjald kr. 1 300.00 fyrir hvern flokk, sem samþykktur er til skráningar eða endurnýjunar merkisins.

4. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald kr. 1 000.00.

5. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir tilkynningar greiðist gjald kr. 500.00.

Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett, skal greiða gjald, kr. 500.00 fyrir hvern flokk, sem rannsóknin nær til.

6. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 7 500.00.

7. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 6. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd, þótt um skráningu eða endurnýjun sé synjað, eða tilkynning eða beiðni sé afturkölluð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi 1. júlí 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis, nr. 394 10. sept. 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 20. apríl 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

Nr. 186. 13. apríl 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Ólafsvíkur.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundhöll Ólafsvíkur og er hún þannig:

Einstök skipti:		
Fullorðnir	kr.	150
Börn	—	100
Forsölumiðar:		
Fullorðnir, 10 miðar	—	1 100
Börn, 10 miðar	—	670

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 187. 13. apríl 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss og er hún þannig:

Aðgangur:		
Börn	kr.	30
Börn, 10 miðar	—	150
Fullorðnir	—	100
Fullorðnir, 10 miðar	—	600
Sundæfingakort, 20 miðar	—	100
Leiga:		
Sundföt	—	40
Handklæði	—	100

Baðstofa:

Aðgangseyrir	— 150
Aðgangseyrir, 50 miðar	— 450
Aðgangseyrir, 70 miðar	— 600
Fjölskyldu- og einkatímar	— 500

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

13. apríl 1977. Nr. 188.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar og er hún þannig:

Fullorðnir	kr. 100
Börn	— 40
Gufubað	— 200
Sundfatnaður	— 80

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

20. apríl 1977. Nr. 189.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóvember 1973.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að afhenda lyf samkvæmt lyfseðli, sem gefin eru út af lækni sem hefur lækningaleyfi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Þetta ákvæði nær þó ekki til eftirritunarskyldra lyfja (sbr. 1. töluliður 6. gr.).

2. gr.

Gildistöku I. liðs 2. töluliðs 6. gr. reglugerðarinnar sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 109/1977, um hámarksávísanir á Diazepamum, er frestað til 1. júní 1977.

3. gr.

Ákvæði í viðauka 1 um að láta megi út nokkur lyf án lyfseðils, ef þau eru notuð til dýralækninga, orðist svo:

1. Piperazinum í blöndu með Tetramisolum eða Thiabendazolum.
2. Tetramisolum.
3. Thiabendazolum.
4. Sermi gegn lambablóðsótt.
5. Eftirtalin vaccina:
   a) Garnaveikibóluefni, sem fer eftir reglugerð um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki nr. 207 30. september 1966, sbr. og auglýsingu nr. 186 16. nóvember 1967 um viðauka við sömu reglugerð.
   b) Bráðapestarbóluefni.
   c) Bóluefni gegn lambablóðsótt.
   d) Bóluefni gegn lungnapest.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 1. júní 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. apríl 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 190. 25. apríl 1977.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af ýmsum vörum til lækninga.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 33. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og fella niður tolla af ýmsum vörum til lækninga sem falla undir tollskrárnúmer 30.05.00.

2. gr.

Niðurfelling tolla samkvæmt 1. gr. tekur til neðangreindra vara:

a. Dauðhreinsað girni (catgut) til læknisaðgerða og annað dauðhreinsað seymi til notkunar í sama skyni.
b. Dauðhreinsað laminaria og laminariastifti (parastifti).
c. Dauðhreinsuð efni til að stöðva blæðingar, enda geti líkaminn tekið þau til sín.
d. Efni til skyggingar við röntgenrannsóknir og rannsóknarefni við læknisskoðanir til notkunar útvortis eða innvortis (þó ekki vörur þær er teljast til nr. 30.02), jafnt óblönduð efni í skömmtum sem blönduð efni.
e. Prófefni til blóðflokkunar.

3. gr.

Auglýsing þessi birtist til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 25. apríl 1977.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Slysatryggingarsjóð Ungmennafélags Njarðvíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Slysatryggingarsjóð Ungmennafélags Njarðvíkur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Slysatryggingarsjóður Umgmennafélags Njarðvíkur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að tryggja íþróttafólk, sem keppir á vegum Ungmennafélags Njarðvíkur, gegn hvers konar slysum við íþróttaæfingar, sýningar og á íþróttamótum.

Sjóðnum skal ennfremur heimilt að greiða fyrir kaup á tækjabúnaði, sem notaður er fyrir skyndihjálp vegna meiðsla íþróttafólks, sem æfir eða keppir á vegum félagsins.

3. gr.

Tekjur sínar fær sjóðurinn á þann hátt, að af öllum íþróttasýningum, kappleikjum og mótum, utan húss eða innan, sem háð eru á vegum UMFN, skal greiða 5% — fimm af hundraði — af óskiptum aðgangseyri.

Þegar félag eða bandalag, sem ekki á lögheimili í Njarðvíkurbæ, er aðili að keppni eða sýningum, sem fram fara á félagssvæðinu, er stjórn sjóðsins heimilt að semja um helmingaskipti tekna skv. fyrri málsgrein, enda séu slíkir samningar gagnkvæmir og viðkomandi félög aðilar að slysatryggingarsjóði, viðurkenndum af Í. S. Í.

4. gr.

Slys skal tilkynna innan tveggja mánaða frá slysadegi. Strax og vitað er um útlagðan kostnað og launatap hins slasaða, skal sækja um bætur úr sjóðnum og eigi síðar en 3 mánuðum eftir slysið, ella fellur bótaréttur niður.

Óheimilt er að úrskurða bætur eftir umsóknum, sem ekki gefa fullnægjandi upplýsingar samkv. umsóknareyðublöðum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins úrskurðar um bótarétt og bótafjárhæð svo fljótt sem kostur er á. Skal bótaþegum gefinn kostur á, að fá bætur greiddar vikulega.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa á.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bæturnar á ný, ef rökstudd umsókn berst.

6. gr.

Bætur úr sjóðnum geta orðið tvenns konar:

a. Dagpeningar.
b. Sjúkrakostnaður.

Dagpeningar greiðast því aðeins, að hinn slasaði verði af launum vegna slysa og frá þeim degi, er launatekjur hans falla að fullu niður.

Dagpeningar greiðast þar til hinn slasaði verður vinnufær að nýju, þó aldrei lengur en 90 daga samfellt í hverju einstöku tilfelli. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddar lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum. Sjúkrakostnaður sá, sem sjóðurinn greiðir, er hvers konar útlagður kostnaður, sem af slysinu leiðir og hinn slasaði fær ekki greiddan af sjúkrasamlagi eða öðrum aðilum, enda sé reikningum framvísað án ástæðulausrar tafar.

7. gr.

Eigi bótaþegi bótakröfur á hendur manni eða stofnun vegna slyssins, eignast sjóðurinn endurkröfurétt á bótum greiddum úr sjóðnum vegna slyss þessa og þarf ekki framsal kröfuréttar.

8. gr.

Slysatryggingarsjóðurinn skal jafnan vera undir stjórn og umsjá stjórnar UMFN. Fé sjóðsins skal ávaxta í opinberum bönkum eða sparisjóðum, svo og með kaupum á ríkistryggðum verðbréfum. Heimilt er sjóðnum að veita skammtímalán til einstakra deilda félagsins, enda séu slík lán ekki umfram greiðslugetu hlutaðeigandi deildar, samkvæmt mati aðalstjórnar félagsins.

9. gr.

Þar til höfuðstóll slysatryggingarsjóðsins hefir náð kr. 3 000 000.00 skal árlega lagt við höfuðstólinn, sem svarar a. m. k. vaxtatekjum reikningsársins.
Höfuðstólinn má eigi skerða.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðsstjórn leggja fram endurskoðaða ársreikninga hans á aðalfundi UMFN. Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur UMFN.

11. gr.

Reglugerð þessari verður aðeins breytt á aðalfundi UMFN og þarf til þess einfaldan meirihluta atkvæða.
Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á reglugerð þessari svo og á breytingum ef gerðar verða.

12. gr.

Hætti sjóðurinn starfsemi sinni, þá skulu eignir hans ganga til Sjúkrasamlags Njarðvíkur, eða annarrar hliðstæðrar stofnunar á félagssvæðinu. Slík ráðstöfun, með eignir sjóðsins, skal háð samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Nr. 192. 22. apríl 1977.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um Erlu skáldkonu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Erlu skáldkonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Erlusjóður.
Stofnendur sjóðsins eru börn Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu).

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins eru öll hugverk Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu).

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Allar greiðslur sem koma inn fyrir flutning á verkum skáldkonunnar, ljóðum, lögum og lausu máli.
b. Greiðslur, sem kunna að koma fyrir útgáfu á verkum hennar, jafnt endurútgáfur, sem frumútgáfur á áður óbirtu.
c. Hugsanlegar gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Tekjum sjóðsins skal verja til hverskonar líknar- og menningarmála, eða til styrktar efnalitlu ungu fólki við heimilisstofnun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu jafnan skipa 3 afkomendur og ættmenn Guðfinnu Þorsteinsdóttur, eða makar þeirra. Heimilt er stjórnarnefndarmanni, sem lætur af starfi, að velja annan í sinn stað, að öðrum kosti ræður meirihluti sjóðstjórnar vali nýs nefndarmanns.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal fela lögmanni eða löggiltum endurskoðanda, endurskoðun reikninga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands, á skipulagsskrá þessari.

6. maí 1977. Nr. 193.

REGLUR

um radióleyfi áhugamanna.

1. gr.

Öll samskipti Pósts og síma og radióáhugamanna gerast fyrir milligöngu Félags íslenskra radióamatöra, skammstafað IRA.

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radíóstöð áhugamanna skal IRA senda Pósti og síma á þar til gerðu eyðublaði. Einnig skulu fylgja vottorð um próf, skv. 4. gr. hér á eftir.

2. gr.

Umsækjandi um radióleyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 13. gr.
2. vera fullra 14 ára til að öðlast nýliðaleyfi, en 16 ára til þess að öðlast A-leyfi eða T-leyfi.
3. hafa lokið prófi, sbr. 4. gr., hér á eftir.

3. gr.

Radióleyfi áhugamanna skiptast þannig:

Nýliðaleyfi: Leyfi til að búa til og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til Morse-viðskipta við aðra radióáhugamenn.

Hámarksspenna í radióbúnaði má vera allt að 32 volt. Þó er leyfilegt, að búnaður tengist 220 volta veitukerfi, enda sé niðurfærsla úr 220 í 32 volt gerð í samræmi við reglur Rafmagnseftirlits ríkisins.

Sendar skulu vera krystalstýrðir.

Leyfistíminn er allt að tvö ár þegar umsækjandi hefur náð 16 ára aldri. Nýliðaleyfi fást ekki endurnýjuð að þeim tíma loknum. Nýliðapróf er ekki nauðsynlegur undirbúningur A-leyfis eða T-leyfis.

ÍRA skal hafa eftirlit með starfsemi nýliðanna og bera ábyrgð á radióáhugamannastarfsemi þeirra gagnvart Pósti og síma.

A, B og C-leyfi: Leyfi til að smíða og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til viðskipta við aðra áhugamenn sbr. 5. grein.

Til að öðlast A-leyfi skal umsækjandi ljúka A-prófi. Hafi áhugamaður haft nýliðaleyfi, skal umsögn ÍRA fylgja leyfisumsókn.

Til að öðlast B-leyfi skal umsækjandi hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt A-leyfi í a. m. k. hálft ár vegna samskipta við aðra radióáhugamenn innanlands og utan, sem séu staðfest með viðhlítandi gögnum (radiódagbók) ásamt umsögn ÍRA.

Til að öðlast C-leyfi skal umsækjandi ljúka C-prófi og hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt B-leyfi í a. m. k. eitt ár, sem sé staðfest með viðhlítandi gögnum (radió-dagbók) ásamt umsögn ÍRA.

T-leyfi: Tæknileyfi til að smíða og starfrækja talstöð á amatörtíðnum fyrir ofan 144 MHz til að hafa samband við aðra áhugamenn.

Þess er ekki krafist, að áhugamaður með tæknileyfi hafi kunnáttu í notkun Morse-merkja.

Útgeislun og leyfilegt hámarksafl er samkvæmt 5. grein.

Póstur og sími getur, eftir atvikum, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum þegar menntun og starfsþjálfun er fyrir hendi, enda liggi fyrir umsögn ÍRA hverju sinni.

4. gr.

Póstur og sími heldur próf fyrir radióáhugamenn eftir atvikum tvisvar á ári, vor og haust, enda hafi óskir borist þar að lútandi frá ÍRA hverju sinni, og skulu slíkar óskir berast a. m. k. einum mánuði áður en próf er ákveðið. ÍRA getur farið fram á að verða falin umsjón nýliðaprófa.

Prófkröfur eru þessar:

Nýliðapróf:

a. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radióviðskipti.
b. Viðtaka og sending Morse-merkja (35 bókstafir á mín.), nokkrar helstu Q-skammstafanir og lágmarksþekking í radiófræði.

A-próf:

a. Helstu atriði laga um fjarskipti og tilheyrandi reglur varðandi radióviðskipti. Greinar alþjóðaradióreglugerðarinnar, er snerta stöðvar áhugamanna og neyðarviðskipti og gildandi reglur um raforkuvirki.
b. Viðtaka og sending Morse-merkja (65 stafir á mín.), leikni í viðskiptum og notkun algengustu Q-skammstafana.
c. Undirstöðuatriði raffræði og radiótækni skv. eftirfarandi skilgreiningu:
   1. Ohms lögmál og notkun þess.
   2. Spenna, straumur, afl og ýmsar aðferðir til að mæla þessar stærðir.
   3. Sjálfspan, rýmd, tíðni og tíðnimæling.
   4. Rásir með sjálfspani og rýmd. Q-stuðull, L/C hlutfall.
   5. Síur án mögnunar.

6. Transistorar og lampar.
7. Aflgjafar, afriðill og áriðill.
8. Viðtæki, bein blöndun og millitíðniblöndun.
9. Sveifluvaki og margföldun.
10. Útgangsstig sendis og stilling þess.
11. Lykling sendis.
12. Mótun: styrk-, tíðni- og fasamótun.
13. Tíðnisviðið og notkun þess.
14. Radióbylgjur og útbreiðsla þeirra.
15. Loftnet og uppsetning þeirra.
16. Fæðilína, standbylgja og tap á línum.
17. Aðferðir til að koma í veg fyrir truflanir frá amatörsendum.
18. Reglur um raforkuvirki.
19. Hættur af völdum háspennu og varnir gegn henni.
20. Lífgun úr dauðadái af völdum raflosts.

Ennfremur er krafist leikni í stillingu senditækja, tíðnimælingu o. þ. l. Krafist verður verklegrar leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o. þ. l.

C-próf:

a. Viðtaka og sending Morse-merkja (80 stafir á mín.).
b. Fræðilegt próf samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu:
   1. Flokkun magnara.
   2. Línulegir og ólínulegir magnarar.
   3. Ýmsar mótunaraðferðir.
   4. Útbreiðsla radióbylgna, sviðsstyrkur og truflanir.
   5. Loftnet, mögnun og bandbreidd.

T-próf:

Kröfur eru þær sömu og fyrir A-próf, að Morse undanskildu.

Leyfishafi með T-leyfi getur öðlast A-leyfi með því að ljúka Morse-prófi.

Hafi umsækjandi áður tekið fullnægjandi próf í einhverjum framangreindum þáttum, þarf hann ekki að ganga undir próf í öðrum greinum en á vantar til þess að fullnægja settum reglum í hverju tilviki.

5. gr.

1. Sendirinn skal vera í samræmi við alþjóðareglur um tíðnistöðugleika og útgeislun.
2. Öflun radióefnis, svo og uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radióstöðvar og raforkuvirki. Áður en vélar og tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið skulu þau skoðuð af eftirlitsmönnum frá Pósti og síma og frá Rafmagnseftirliti ríkisins.
3. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendis.
4. Stöðinni er úthlutað kallmerki, sem byrjar á TF, síðan kemur tölustafur sem ákveðst með tilliti til þess landshluta, sem stöðin er staðsett í og síðan tveir eða þrír bókstafir. Nýliðum er alltaf úthlutað þremur bókstöfum á eftir tölustafnum og er þá síðasti stafurinn N, er fellur niður eða breytist í annan bókstaf, þegar leyfishafi öðlast A-leyfi. Kallmerkið skal nota reglulega alltaf, þegar sent er, og við lengri sendingar skal nota það með stuttu millibili.
5. Sending má aðeins fara fram á þeim tíðum, sem ákveðnar eru í leyfisbréfinu.

Tíðnir stöðvanna, útgeislun og afl eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Ný liðal.	A-leyfi	B-leyfi	C-leyfi	Tæknileyfi
3500 —3600 kHz	A1		A1, F1	A1 , F1	
3600— 3800 —		A1, F1	A1, A3, A3A, A3H A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
7000— 7040 kHz	A1		A1, F1	A1, F1	
7040— 7100 —		A1, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
14000—14100 kHz			A1, F1	A1, F1	
14100—14350 —		A1, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1 F3, F5	
21000—21150 kHz	A1		A1, F1	A1, F1	
21150—21450 —		A1, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3 F5	
28000—28200 kHz			A1, F1	A1, F1	
28200—29700 —		A1, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3 F5	
144— 146 MHz 430— 440 — 1215—1300 — 2300—2450 —		A1, A2, A3 A3A, A3H, A3J A5, F1, F3, F5			A3, A3A, A3H, A3J A5, F3, F5
Leyft hámarks rakstraumsafl til síðasta mögnunarstigs	5 wött	50 wött	200 wött	500 wött	50 wött

Skilgreining á útgeislunartegundum:

A1 Ómótuð burðarbylgja (Morse).
A2 Tónmótuð burðarbylgja (Morse).
A3 Talmótuð burðarbylgja (DSB)
A3A Einhliðarbandsmótun (SSB) burðarbylgja minnkuð um 16 dB.
A3H Einhliðarbandsmótun (SSB) burðarbylgja óminnkuð.
A3J Einhliðarbandsmótun (SSB) burðarbylgja minnkuð um 40 dB.

A5 Sjónvarp (í tíðnissviðum undir 430 MHz má bandbreiddin ekki vera meiri en 6 kHz).
F1 Símritun með tíðniskiptilyklingu án notkunar á mótunartíðni, tveimur tíðnum er útgeislað til skiptis.
F3 Tíðnimótuð burðarbylgja með tali (hæsta gildi tíðnissveiflu ± 4 kHz undir 144.0 MHz og ± 30 kHz fyrir ofan).
F5 Sjónvarp tíðnimótað (í tíðnisviðum undir 430 MHz má bandbreiddin ekki vera meiri en 6 kHz).

6. gr.

1. Einungis þau viðskipti eru leyfð, er fjalla um tilraunirnar sjálfar, þýðingarlítil persónuleg mál o. þ. l., sem annars eru ekki send í skeytum eða símtölum og tilkynningar um slys eða hættuástand skv. lið 3 í 5. gr.
2. Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða taka á móti, beint eða óbeint, tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verslunartilkynningum eða á nokkurn þann hátt, sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku má hvorki miðla því, né notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu.
3. Sending skemmti- og fræðsluefnis, efnis til auglýsinga, áróðurs eða þ. u. l. er bönnuð, hvort heldur það á upptök sín á stöðinni sjálfri eða er móttekið frá öðrum stöðvum.
4. Leyfishafa er heimilt að bera boð um alvarleg slysatilfelli eða hættuástand, ef augljóst er, að þau komist þannig fyrr til viðtakenda heldur en ef þau færu eftir venjulegum fjarskiptaleiðum, s. s. um hið almenna símakerfi, radióstöðvar Pósts og síma og stöðvar þeim tengdar (bifreiðar, skip) eða Ríkisútvarp/Sjónvarp.
5. Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sending eða útbreiðsla gabbneyðarmerkja, neyðarkalla eða annarra tilkynninga í blekkingarskyni eigi sér ekki stað um tæki hans. Einnig að boð skv. 3 lið í 5. gr. séu ekki send sem fréttaefni.
6. Það er bannað að hafa eða reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum, þar sem amatörviðskipti eða amatörstöðvar eru ekki leyfðar.
7. Stöðin má ekki trufla önnur radióviðskipti eða starfsemi opinberra stofnana. Kostnaður við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur sem um er að ræða nauðsynlegar breytingar á sendinum eða stöðinni, sem truflað er.

7. gr.

Dagbók skal haldin fyrir stöðina, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er á Morse og tali og yfirleitt allt, sem gildi hefur til að dæma um notkun sendisins.

Leyfishafi er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar, sem Póstur og sími kynni að æskja, varðandi rekstur stöðvarinnar.

8. gr.

Ef radióáhugamaður fær einhvern grun um, að stöð, sem hann hlustar á, hafi ólögleg viðskipti, ber honum skylda til að tilkynna Pósti og síma og félagssamtökum sínum það tafarlaust og, eftir því sem hægt er að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna Pósti og síma árangur af athugun sinni. Einskis endurgjalds getur radióáhugamaður krafist fyrir vinnu sína af þessu tilefni nema sérstaklega sé um það samið.

9. gr.

Við útgáfu leyfis greiðist leyfisbréfagjald.

Leyfið veitir heimild til notkunar sendistöðvarinnar á föstum aðsetursstað leyfishafa. Leyfishafi skal tilkynna Pósti og síma aðsetursskipti þegar í stað.

A-, B-, C- og T-leyfishöfum er heimil notkun sendistöðvar á tímabundnum aðsetursstað, en Pósti og síma skal tilkynnt um aðsetursbreytingu áður en hún fer fram. Nýliðar, sem óska eftir slíkum tímabundnum flutningi skulu sækja um undanþágu með a. m. k. þriggja vikna fyrirvara.

Við notkun sendistöðvarinnar á tímabundnum aðsetursstað, skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og númeri þess svæðis, sem aðsetursstaðurinn er á.

A-, B-, C- og T-leyfishafar hafa heimild til notkunar far- og burðarstöðva innan íslenskrar lögsögu. Við notkun farstöðvar skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og bókstafnum M en við notkun burðarstöðvar skástriki og bókstafnum P.

Póstur og sími getur veitt leyfi til IRA eða hóps amatöra til reksturs sameiginlegrar stöðvar. Umsóknir þar að lútandi skulu berast Pósti og síma ásamt umsögn IRA. Einn leyfishafi skal vera ábyrgur fyrir starfsemi stöðvarinnar og skal gefa út leyfisbréf fyrir stöðinni í samræmi við leyfisbréf hans. Slíkt leyfi er að jafnaði ekki veitt öðrum en C-leyfishöfum. Handhafa amatörleyfis er heimilað að starfrækja slíka stöð, innan þeirra takmarka, er leyfi hans setur.

Óski leyfishafi eftir að nota sendistöð um borð í íslenskum farkosti utan íslenskrar lögsögu, skal hann senda Pósti og síma umsókn þar að lútandi.

Leyfishafi skal ávallt gæta þess, að notkun stöðvarinnar sé í fullu samræmi við leyfisbréf hans.

10. gr.

Eftirlitsmenn Pósts og síma geta, hvenær sem er, skoðað stöðina og radióefni það, sem leyfishafi hefur undir höndum. Komi í ljós við slíka skyndiskoðun einhverjir gallar á útbúnaði eða notkun stöðvarinnar, fellur leyfið fyrirvaralaust úr gildi og skal leyfishafi sæta ábyrgð skv. lögum.

11. gr.

Þegar Póstur og sími telur það nauðsynlegt, má loka stöðinni eða takmarka notkun hennar, og einnig má afturkalla leyfið. Greidd leyfisgjöld endurgreiðast ekki.

12. gr

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

a. um brot á reglunum er að ræða.
b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 13. gr.
c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma.
Sjá einnig 10. gr.

13. gr.

Póstur og sími getur, um skemmri eða lengri tíma, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum til erlendra ríkisborgara, enda sé tryggt, að fyrir liggi fullnægjandi réttindi íslenskra ríkisborgara í viðkomandi landi að þessu leyti.

I. Slík undanþága er háð eftirfarandi skilyrðum:
   a) Umsókn skal vera skrifleg og sendast IRA, sem síðan senda hana ásamt umsögn samtakanna og öðrum skilríkjum til Pósts og síma eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa.
   b) Umsækjandi skal hafa gildandi amatörleyfi frá heimalandi sínu samsvarandi A-, B-, C- eða T-leyfi og skal það, eða greinilegt afrit þess, fylgja umsókninni, ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann, er hann hyggst nota hérlendis.
   c) Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera víðtækara en hann hefur heimild fyrir í heimalandi sínu samkvæmt leyfisbréfi og ákvæðum þarlendra reglna.

d) Leyfishafi skal nota kallmerki það, er honum hefur verið úthlutað í heimalandi sínu, að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.

e) Að öðru leyti en tekið er fram hér að framan (14. gr.), er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

II. Þegar viðkomandi hefur haft fasta búsetu hér á landi í heilt ár, getur hann sótt um að gangast undir íslenskt radióamatörpróf og hlítir þá þessari reglugerð eins og íslenskur ríkisborgari. Leyfi þetta gildir þó aðeins á Íslandi.

14. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Á ófriðartímum er leyfishafi skyldur til, ef þess er krafist, að afhenda stjórnvöldum umráð yfir radióbúnaði sínum eða láta innsigla hann.

15. gr.

Að öðru leyti en því, er tilgreint er hér að framan, ber leyfishafa að haga sér samkvæmt lögum og reglugerðum varðandi fjarskiptatæki og raforkuvirki, gildandi á hverjum tíma.

16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt l. nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni, nr. 439 21. desember 1976.

Samgönguráðuneytið, 6. maí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

13. apríl 1977. Nr. 194.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu skipulagi Hafnarfjarðarbæjar og Garðakaupstaðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. apríl 1977 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi í Hafnarfirði og Garðakaupstað, að því er snertir legu Reykjanesbrautar frá Vífilstaðavegi að Keflavíkurvegi við Kaplakrika.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu 11. júlí 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Runólfur Þórarinsson.

21. júlí 1977. Nr. 284.

AUGLÝSING

um breytingu á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. mars 1965.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 26. gr. bætist:

„Ef gangur gegnum hús er ætlaður fyrir umferð sorpbifreiða skal hann ekki lægri en 3.80 m að innanmáli.“

2. gr.

Orðist svo: 2. ml. 2. mgr. 38. gr. orðist svo:

„Óheimilt er að gera sérstaka íbúð í risi timburhúss nema að fengnu leyfi byggingarnefndar og skal frágangur háður samþykki slökkviliðsstjóra.“

3. gr.

Aftan við 45. gr. komi ný mgr. svohljóðandi:

„Ef notað er eldnæmt efni til hitaeinangrunar, er skylt að verja það með eldtraustu efni, t. d. 2 cm múrhúðun.“

4. gr.

Í stað „1 m“ í 4. mgr. 54. gr. komi „1.20 m.“

5. gr.

1. mgr. 56. gr. orðist svo:

Heimilt er að gera kvisti á húsum, en það telst ígildi sérstakrar hæðar, ef samanlögð lengd kvists eða kvista er meira en ⅔ af húshliðinni.

Ef kvistur á sambyggðu húsi verður nær lóðarmörkum en 1.5 m skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til eldvarna vegna aðliggjandi húss. Þegar gerður er kvistur á eldra húsi skal þess gætt, að hann falli vel að því, t. d. hvað þakform, gluggasetningu og efni snertir.

6. gr.

Orðist svo: Aftan við 1. ml. 66. gr. bætist orðin: „Svo og arin.“

7. gr.

Aftan við 70. gr. komi nýjar mgr., sem verða 6. og 7. mgr., svohljóðandi:

Ef hús er þrjár hæðir eða meira, skal í stigahúsi gera sérstakar ráðstafanir til reyklosunar, nema opnanlegir gluggar séu á stigahúsinu. Skulu þær vera í því fólgnar, að efst í stigahúsi sé haft op og þannig frá gengið, að út um það megi hleypa reyk. Búnaði til að opna skal komið fyrir í hverjum stigapalli. Opið skal ekki vera minna en 10% af heildarflatarmáli stigahúss þó aldrei minna en 1 ferm. Ef vafi leikur á því, hvað telja skuli til stigahúss í þessu sambandi, ákveður slökkviliðsstjóri, hversu stórt opið skuli vera.

Í kjallara og öðru húsrými neðanjarðar, sem eingöngu er notað til geymslu, skulu möguleikar vera á reyklosun (glugga á útvegg eða annars konar). Flatarmál slíks ops skal vera a. m. k. 0.5% af gólffleti. Ef um er að ræða annars konar notkun, fer um flatarmál ops eftir ákvörðun slökkviliðsstjóra.

8. gr.

75. gr. orðist svo:

Ef hús er sex hæðir eða meira, er nægilegt að hafa einn stiga, enda sé þá gengt í stiga um svalir, en ekki beint af göngum.

9. gr.

79. gr. orðist svo:

„Lofthæð íbúðarherbergis, sem gengið hefur verið frá að fullu, má að jafnaði ekki vera minni en 2.40 m.

Byggingarnefnd getur leyft að lofthæð fari allt ofan í 2.20 m, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Í þak- eða kvistherbergjum má meðallofthæð vera 2.20 m, enda sé lofthæð 2.35 í a. m. k. þriðjungi herbergisins.“

10. gr.

Aftan við 86. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Þannig skal frá gufubaðstofu í heimahúsum gengið, að einangrun sé fullnægjandi gagnvart hita og raka, loftræsting sé nægileg og þannig frá dyrum gengið að auðvelt sé að komast út.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja leggur gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur og til frágangs gangstétta.

3. gr.

Gjaldið skal miða við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Fjölbýlishús 6 íbúðir eða fleiri	0.7%
Önnur íbúðarhús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv. húsn.	0.7%
Opinberar byggingar	1.5%

Af kjöllurum, bifreiðageymslum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar, skal greiða hálft gjald. Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 20.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús hver íbúð	400 m^3
Fjölbýlishús, hver íbúð	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal ætíð, við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds, miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægri lofthæð. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. miðast við byggingarkostnað á rúmmetra skv. útreikningi Hagstofu Íslands, þegar lagning bundins slitlags fer fram.

Ef hús er byggt við fullgerða götu skal miða við byggingarkostnað þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

5. gr.

Gjald skv. 1. gr. er bundið því skilyrði, að ekki hafi áður verið innheimt gatnagerðargjald B af fasteignum.

6. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðist út þegar lagning bundins slitlags fer fram, en eftirstöðvar með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 20% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans. Ef gangstétt er lögð að hluta, má halda eftir greiðslu á 10% gjaldsins.

Bæjarráði er heimilt að veita afslátt og/eða rýmri gjaldfrest, þegar um er að ræða fasteignir þeirra aðila, sem njóta ívilnunar í fasteignaskatti sbr. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Ef um gjaldfrest er að ræða miðast gatnagerðargjaldið við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er innheimt.

7. gr.

Bæjarráð getur gefið gjaldfrest, lækkað eða fellt niður öll gjöld af húsum ellilífeyrisþega eða öryrkja, ef ástæður eru bágar.

Ef um gjaldfrest er að ræða, miðast gatnagerðargjaldið við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er innheimt.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar staðfestist hér með samkv. lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 286. 27. júlí 1977.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 486 11. nóvember 1975 um álagningu gatnagerðargjalda við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað sbr. rgl. nr. 145 26. apríl 1976 um breytingu á þeirri reglugerð.

5. gr. orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eigendum fasteigna sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Ef afsláttur er veittur af gatnagerðargjaldi eða það fellt niður samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar skal bæjarstjórn heimilað að leggja gjaldið á að nýju með hækkun samkvæmt vísitölu sbr. 1. gr. þegar eigendaskipti verða á viðkomandi fasteign enda sé kvöð þar um þinglýst á fasteignina.

Ekki telst það eigendaskipti að fasteign þótt eftirlifandi maka sé veitt búsetuleyfi.

Heimilt er bæjarstjórn að veita afslátt eða fella niður að hluta gjöld af umframstærðum fasteigna þegar sérstakar ástæður koma til að mati bæjarstjórnar.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júlí 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

21. júlí 1977. Nr. 287.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 15. júlí til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 15. júlí til 31. desember 1977:

Loðnumjöl, $ 7.10 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi, $ 490.00 fyrir hverja lest.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1.00 = kr. 194.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. júlí 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

29. júlí 1977. Nr. 288.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VIII.kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt flugfélaginu Vængjum hf., Reykjavík leyfi til reglubundins áætlunarflugs á flugleiðinni Reykjavík—Grundarfjörður—Reykjavík, á tímabilinu frá 29. júlí 1977 til 31. desember 1982.
Leyfið er til flutninga á farþegum, pósti og vörum.

Samgönguráðuneytið, 29. júlí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REIKNINGUR

Landakaupasjóðs skv. lögum nr. 41/1963.

Rekstrarreikningur 1972.

Tekjur:

Vextir	kr.	1 358 157.54
Ríkissjóðsframlag	—	3 000 000.00
	kr.	4 358 157.54

Gjöld:

Hagnaður	kr.	4 358 157 54

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1972.

Eignir:

1. Innstæða á hlr. í Seðlabanka Íslands	kr.	27 871.70
2. Útistandandi skv. skuldabréfum	—	32 327 541.90
	kr.	32 355 413.60

Skuldir:

Höfuðstóll í ársbyrjun	kr.	27 997 256.06	
Hagnaður á árinu	—	4 358 157.54	
			kr. 32 355 413.60
			kr. 32 355 413.60

Reykjavík, 20. janúar 1973.

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Magnús E. Guðjónsson.

Nr. 290.

REIKNINGUR

Landakaupasjóðs skv. lögum nr. 41/1963.

Rekstrarreikningur 1973.

Tekjur:

Vextir	kr.	1 624 741.20	
Gjöld:			
Hagnaður	kr.	1 624 741.20	
			kr. 1 624 741.20
			kr. 1 624 741.20

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1973.

Eignir:

1. Innstæða á hlr. nr. 2533 í Seðlabanka Íslands	kr.	802 901.00
2. Útistandandi skv. skuldabréfum	—	33 181 253.80
	kr.	33 984 154.80

Skuldir:

1. Lánasjóður sveitarfélaga		kr. 4 000.00
2. Höfuðstóll:		
a. í ársbyrjun	kr. 32 355 413.60	
b. hagnaður 1973	— 1 624 741.20	
		kr. 33 980 154.80
		kr. 33 984 154.80

Reykjavík, 7. janúar 1974.

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Magnús E. Guðjónsson.

Nr. 291.

REIKNINGUR

Landakaupasjóðs skv. lögum nr. 41/1963.

Rekstrarreikningur 1974.

Tekjur:

Vextir	kr. 1 714 125.20
Framlag ríkissjóðs	— 10 000 000.00
	kr. 11 714 125.20

Gjöld:

Hagnaður	kr. 11 714 125.20
	kr. 11 714 125.20

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1974.

Eignir:

Skuldabréfaeign	kr. 45 832 843.00

Skuldir:

Yfirdráttur á hlr. hjá Seðlabanka Íslands	kr. 138 563.00

Eigið fé:

Hrein eign 1. janúar	kr. 33 980 154.80	
Tekjur 1974	— 11 714 125.20	
		kr. 45 694 280.00
		kr. 45 832 843.00

Reykjavík, 10. janúar 1975.

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Magnús E. Guðjónsson.

REIKNINGUR

Landakaupasjóðs skv. lögum nr. 41/1963.

Rekstrarreikningur 1975.

Tekjur:

Ríkissjóðsframlag skv. fjárlögum		kr. 10 000 000.00
Vextir		— 2 714 808.00
		kr. 12 714 808.00

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld 1975		kr. 12 714 808.00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1975.

Eignir:

Innstæða á hlr. í Seðlabanka Íslands		kr. 1 524 250.00
Skuldabréfaeign	kr. 52 911 553.00	
Ógreiddir gjaldfallnir vextir	kr. 139 285.00	
		kr. 53 050 838.00
Óhafið ríkissjóðsframlag 75 (hl.).		— 4 000 000.00
		kr. 58 575 088.00

Skuldir:

Lánasjóður sveitafélaga		kr. 166 000.00

Eigið fé:

Hrein eign 1. janúar 1975	kr. 45 694 280.00	
Tekjur umfram gjöld 1975	— 12 714 808.00	
		kr. 58 409 088.00
		kr. 58 575 088.00

Reykjavík, 10. febrúar 1976.

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Magnús E. Guðjónsson.

Nr. 293.

REIKNINGUR

Landakaupasjóðs skv. lögum nr. 41/1963.

Rekstrarreikningur 1976.

Tekjur:

1. Ríkissjóðsframlag		kr. 9 500 000.00
2. Vextir		— 4 736 398.50
		kr. 14 236 398.50

Gjöld:

Hagnaður		kr. 14 236 398.50
		kr. 14 236 398.50

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1976.

Eignir:

1. Innstæða á hlr. í Seðlabanka Íslands	kr.	5 054 402.00
2. Skuldabréfaeign	—	61 097 085.00
3. Óhafið ríkissjóðsframlag	—	6 500 000.00
	kr.	72 651 487.00

Skuldir:

1. **Höfuðstóll:**		
1. Hrein eign 1. janúar 1976	kr. 58 409 088.50	
2. Hagnaður 1976	14 236 398.50	
	kr.	72 645 487.00
2. **Viðskiptamenn**	—	6 000.00
	kr.	72 651 487.00

Reykjavík, 15. febrúar 1977.

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Magnús E. Guðjónsson.

12. júlí 1977. Nr. 294.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóð til fræðslu um áfengisvandamál, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. júlí 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð til fræðslu um áfengisvandamál.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður til fræðslu um áfengisvandamál. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru félagar í Freeportklúbbnum. Stofnfé er kr. 100 000.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bjóða til fyrirlestrahalda sérfræðingum um áfengismál og styrkja menn til náms á því sviði, gegn því að þeir miðli þekkingu sinni hérlendis að námi loknu.

4. gr.

Á aðalfundi Freeportklúbbsins ár hvert skal kjósa þrjá menn í stjórn sjóðsins. Endurskoðandi skal vera löggiltur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir og áheit auk vaxta.

Heimilt er að ráðstafa tekjum sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari, en stofnfé má ekki hreyfa.

Reikningsár telst almanaksár.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingu.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:
   1. Gróðurhús 100 m^2 og stærri, kr. 2 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
   2. Önnur hús kr. 960.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:
   1. Gróðurhús kr. 397.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
   2. Önnur hús kr. 1 140.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m^3 kr. 139 000.00.

Hús 300—2000 m^3 kr. 139 000.00 fyrir hverja 300 m^3 og kr. 104.00 fyrir hvern m^3 þar yfir.

Hús stærri en 2000 m^3 kr. 312 000.00 fyrir 2000 m^3 og kr. 87.00 fyrir hvern m^3 þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 14 000.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. mars 1977. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. ágúst 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

2. ágúst 1977. 469 Nr. 296.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 173 20. desember 1967 um hverjar vörur lyfsalar einir og læknar (dýralæknar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfsölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar hljóði svo:

Þar sem lyfjabúð (lyfjaútibú, lyfjaútsala) er í umdæmi skal hún ein annast sölu dýralyfja og héraðslæknar ef þeir óska þess.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 40. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. ágúst 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

2. ágúst 1977. Nr. 297.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 338 20. nóvember 1973 um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

1. gr.

Í stað síðustu málsgreinar í Viðauka 1 „Eftirtalin lyf.....6. Vaccina.“ Komi:

Heimilt er að láta úti án lyfseðils lyf, sem innihalda Thiabendazolum og Tetramisolum.

Ekki er heimilt að láta úti án lyfseðils Phentiazinum eða Piperazinum nema í blöndu með Tetramisolum eða Thiabendazolum.

Eftirtalin sera og vaccina er heimilt að láta úti án lyfseðils:

a) Garnaveikibóluefni, sem fer eftir reglugerð um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki nr. 207 30. september 1966, sbr. og auglýsingu nr. 186 16. nóvember 1967 um viðauka við sölureglugerð.
b) Bráðapestarbóluefni.
c) Bóluefni gegn lambablóðsótt.
d) Bóluefni gegn lungnapest.
e) Sermi gegn lambablóðsótt.

Önnur sera og vaccina verði lyfseðilsskyld.

B 60
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. ágúst 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 298. 29. júlí 1977.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Akureyrar Apóteks og Stjörnu-Apóteks, Akureyri.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal almennur afgreiðslutími Akureyrar Apóteks og Stjörnu Apóteks, Akureyri, vera sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga	kl. 9—18
Föstudaga	kl. 9—19

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis, eina viku í senn, sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga	kl. 18—19
Laugardaga	kl. 11—12 og 20—21
Helgidaga og almenna frídaga	kl. 11—12 og 20—21
Aðfangadag og gamlársdag	kl. 9—12 og 20—21

Einnig skulu lyfjabúðirnar annast neyðarvakt (kallvakt) að næturlagi á þeim tíma, sem ekki er opið samkvæmt framangreindu, og skulu þær annast þessa neyðarvakt til skiptis, eina viku í senn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júlí 1977.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

Nr. 299. 15. ágúst 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunnaafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunnaafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. desember 1977:

Mjöl, $ 6,45 á próteineiningu í lest.
Lýsi, $ 450,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 15%.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 194.50.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 55% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

15. ágúst 1977. Nr. 300.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlingsafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. október 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlingsafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. október 1977:

Mjöl, $ 6,45 á próteineiningu í lest,
Lýsi, $ 450,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 15%.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 194,50.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 55% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

15. ágúst 1977. Nr. 301.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. desember 1977:

Fiskmjöl, $ 7,10 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 194.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði. Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 302. 15. ágúst 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1977:

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 425,00
Millifiskur nr. 1	— 400,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 340,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 315,00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök:

15/20 FF	kr. 419,00
15/20 AB	— 364,00
21/25 FF	— 407,00
21/25 AB	— 352,00
26/30 FF	— 395,00
26/30 AB	— 340,00
31/35 FF	— 383,00
31/35 AB	— 328,00
36/40 FF	— 371,00
36/40 AB	— 316,00

Verð þessi eru C. i. f. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Í Vestur-Húnavatnssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr vegalaga nr. 66/1975, sbr. lög nr. 113/1976.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer eftir ákvæðum vegalaga hverju sinni.
Sýsluvegir eru:

Staðarhreppur.

1. Óspaksstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Óspaksstöðum
2. Hrútartunguvegur:	Af Norðurlandsvegi að Hrútartungu
3. Hrútartunguréttarvegur:	Af Norðurlandsvegi að Hrútartunguréttt
4. Síkárvegur:	Af Norðurlandsvegi að Fossseli
5. Bálkastaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Bálkastöðum
6. Staðarvegur:	Af Norðurlandsvegi að Stað (nýbýli)
7. Staðarkirkjuvegur:	Af Norðurlandsvegi að Staðarkirkju.
8. Brandagilsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Brandagili.
9. Hvalshöfðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Hvalshöfða.
10. Oddsstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Oddsstöðum.
11. Brautarholtsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Brautarholti.
12. Þóroddsstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Þóroddsstöðum.
13. Akurbrekkuvegur:	Af Norðurlandsvegi að Akurbrekku.
14. Reykjavegur:	Af Norðurlandsvegi að Reykjum.
15. Reykjaskólavegur (safn):	Af Norðurlandsvegi að Byggðasafni.
16. Reykjaskólavegur (skóli):	Af Reykjaskólavegi að skóla.
17. Barnaskólavegur:	Af Reykjaskólavegi að barnaskóla.
18. Afl. að skólastjórabústað:	Af afl. að skóla að skólastjórabústað.
19. Sæbergsvegur:	Af Reykjaskólavegi að Sæbergi.
20. Hveravíkurvegur:	Af Reykjaskólavegi að Hveravík.
21. Eyjanesvegur:	Af Heggstaðanesvegi að Eyjanesi.
22. Tannstaðabakkavegur:	Af Heggstaðanesvegi að Tannstaðabakka.
23. Tannstaðavegur:	Af Heggstaðanesvegi að Tannstöðum.
24. Ytri-Jaðarsvegur:	Af Heggstaðanesvegi að Ytri-Jaðri.
25. Hrútafjarðarhálsvegur:	Af Norðurlandsv. að Vesturárdalsv. hjá Skeggjast.

Fremri-Torfustaðahreppur.

1. Bjargsvegur:	Af Miðfjarðarvegi að Bjargi.
2. Ytra-Bjargsvegur:	Af Bjargsvegi að Ytra-Bjargi.
3. Bjargshólsvegur:	Af Miðfjarðarvegi að Bjargshóli.
4. Uppsalavegur:	Af Miðfjarðarvegi að Uppsölum.
5. Litla-Bakkavegur:	Af Miðfjarðarvegi að Litla-Bakka.
6. Barkarstaðavegur:	Af Miðfjarðarvegi að Barkarstöðum.
7. Núpsdalstunguvegur:	Af Núpsdalsvegi að Núpsdalstungu.
8. Skárastaðavegur:	Af Núpsdalsvegi að Skárastöðum.
9. Aðalbólsvegur:	Af Núpsdalsvegi að Aðalbóli.
10. Torfastaðavegur:	Af Núpsdalsvegi að Torfastöðum.
11. Haugsvegur:	Af Núpsdalsvegi að Haugi.

12. Núpsdalsvegur: Af Efranúpsvegi að heiðargirðingu.
13. Litla-Hvammsvegur: Af Miðfjarðarvegi að Litla-Hvammi.
14. Grundarásvegur: Af Miðfjarðarvegi að Grundarási.
15. Fosshólsvegur: Af Vesturárdalsvegi að Fosshóli.
16. Kollufossvegur: Af Vesturárdalsvegi að Kollufossi.
17. Húksvegur: Af vegam. Vesturárdalsv. að Dalgeirsst.v. að Húki.
18. Dalgeirsstaðavegur: Af vegam. Vesturárdalsv. og Húksv. að Dalgeirsst.
19. Skeggjastaðavegur: Af Dalgeirsstaðavegi að Skeggjastöðum.
20. Áslandsvegur: Af Fitjavegi að Áslandi.
21. Finnmerkurvegur: Af Fitjavegi að Finnmörk.
22. Fremri-Fitjavegur: Af Finnmerkurvegi að Fremri-Fitjum.
23. Hnausakotsvegur:

Ytri-Torfustaðahreppur.

1. Huppahlíðarvegur: Af Vesturárdalsvegi að Huppahlíð.
2. Huppahlíðarvegur nýbýli: Af Huppahlíðarvegi að Huppahlíð.
3. Brekkulækjarvegur: Af Miðfjarðarvegi að Brekkulæk.
4. Flugvallarvegur: Af Miðfjarðarvegi að flugvelli.
5. Króksstaðavegur: Af Miðfjarðarvegi að Króksstöðum.
6. Búrfellsvegur: Af Miðfjarðarvegi að Búrfelli.
7. Skarfhólsvegur: Af Búrfellsvegi að Skarfhóli.
8. Staðarbakkavegur: Af Miðfjarðarvegi að Staðarbakka.
9. Barðsvegur: Af Heggstaðanesvegi að Barði.
10. Sandavegur: Af Heggstaðanesvegi að Sandi.
11. Heggstaðavegur: Af Heggstaðanesvegi að Heggstöðum.
12. Bálkastaðavegur: Af Heggstaðanesvegi að Bálkastöðum.
13. Bessastaðavegur: Af Bálkastaðavegi að Bessastöðum.
14. Mýravegur I: Af Heggstaðanesvegi að Mýrum I.
15. Mýravegur II: Af Heggstaðanesvegi að Mýrum II.
16. Mýravegur III: Af Mýravegi II. að Mýrum III.
17. Sveðjustaðavegur: Af Norðurlandsvegi að Sveðjustöðum.
18. Tjararkotsvegur: Af Norðurlandsvegi að Tjarnarkoti.
19. Brúarholtsvegur: Af Norðurlandsvegi að Brúarholti.
20. Reynhólavegur: Af Norðurlandsvegi að Reynhólum.
21. Svertingsstaðavegur: Af Norðurlandsvegi að Svertingsstöðum.
22. Melstaðavegur: Af Norðurlandsvegi að Melstað.
23. Sauravegur: Af Norðurlandsvegi að Saurum.
24. Syðsta-Ósvegur: Af Norðurlandsvegi að Syðsta-Ósi.
25. Stóra-Ósvegur: Af Norðurlandsvegi að Stóra-Ósi.
26. Ytri-Reykjavegur: Af Miðfjarðarvegi að Ytri- og Syðri-Reykjum.
27. Laugabakkaskólavegur: Af Miðfjarðarvegi að Laugabakkaskóla.
28. Bergstaðavegur: Af Miðfjarðarvegi að Bergsstöðum.
29. Torfustaðavegur: Af Miðfjarðarvegi að Efri- og Ytri-Torfustöðum.
30. Urriðaárvegur: Af Miðfjarðarvegi að Urriðaá.
31. A-Gata Laugarbakka: Af Miðfjarðarvegi.
32. B-Gata Laugarbakka: Af Miðfjarðarvegi.
33. C-Gata Laugarbakka: Af Miðfjarðarvegi.

Kirkjuhvammshreppur.

1. Grafarkotsvegur: Af Lækjarhvammsvegi að Grafarkoti.
2. Lækjarhvammsvegur: Af Norðurlandsvegi að Lækjarhvammi.
3. Múlavegur: Af Norðurlandsvegi að Múla.

4. Gauksmýrarvegur:	Af Norðurlandsvegi að Gauksmýri.
5. Efra-Vatnshornsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Efra-Vatnshorni.
6. Neðra-Vatnshornsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Neðra-Vatnshorni.
7. Litla-Ósvegur:	Af Hvammstangavegi að Litla-Ósi.
8. Vigdísarstaðavegur:	Af Hvammstangavegi að Vigdísarstöðum.
9. Syðri-Vallavegur:	Af Hvammstangavegi að Syðri-Völlum.
10. Ytri-Vallavegur:	Af Hvammstangavegi að Ytri-Völlum.
11. Höfðavegur:	Af Hvammstangavegi að Höfða.
12. Kirkjuhvammsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Kirkjuhvammi.
13. Efri-Hvammsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Helguhvammi.
14. Grafarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Gröf.
15. Syðri-Kárastaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Syðri-Kárastöðum.
16. Mið- og Ytri-Kárastaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Mið- og Ytri-Kárastöðum.
17. Ánastaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Ánastöðum.
18. Ytri-Ánastaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Ytri-Ánastöðum.
19. Sauðárvegur:	Af Vatnsnesvegi að Sauðá.
20. Hlíðardalsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Tungukoti.
21. Sauðadalsárvegur:	Af Vatnsnesvegi að Sauðadalsá.
22. Hjallholtsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Hjallholti.
23. Bergstaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Bergsstöðum.
24. Svalbarðsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Svalbarði.
25. Stapavegur:	Af Vatnsnesvegi að Stöpum.
26. Illugastaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Illugastöðum.
27. Geitafellsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Geitafelli.
28. Gnýstaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Gnýstöðum.
29. Dalabæjarvegur:	Af Þorgrímsstaðadalsvegi að Þorgrímsstað.
30. Ytri-Þóreyjarnúpsvegur:	Af Þóreyjarnúpsvegi að Ytri-Þóreyjarnúpi.
31. Þóreyjarnúpsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Þóreyjarnúpi.
32. Vatnshólsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Vatnshóli.

Þverárhreppur.

1. Tunguvegur:	Af Þorgrímsstaðadalsvegi að Tungu.
2. Katadalsvegur:	Af Þorgrímsstaðadalsvegi að Katadal.
3. Egilsstaðavegur:	Af Katadalsvegi að Egilsstað.
4. Tjarnarkirkjuvegur:	Af Vatnsnesvegi að Tjarnarkirkju.
5. Tjarnarvegur II.	Af Vatnsnesvegi að Tjörn II.
6. Saurbæjarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Saurbæ.
7. Sellandsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Sellandi.
8. Krossanesvegur:	Af Vatnsnesvegi að Krossanesi.
9. Hrísakotsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Hrísakoti.
10. Ægissíðuvegur:	Af Vatnsnesvegi að Ægissíðu.
11. Kistuvegur:	Af Vatnsnesvegi að Kistu.
12. Vesturhópshólavegur:	Af Vatnsnesvegi að Vesturhópshólum.
13. Sigríðarstaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Sigríðarstöðum.
14. Vatnsendavegur:	Af Borgarvegi að Vatnsenda.
15. Ásbjarnarnesvegur:	Af Borgarvegi að Ásbjarnarnesi.
16. Stóru-Borgarvegur I.	Af Borgarvegi að Stóru-Borg I.
17. Stóru-Borgarvegur II.	Af Borgarvegi að Stóru-Borg II.
18. Kolþernumýrarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Kolþernumýri.
19. Neðri-Þverárvegur:	Af Vatnsnesvegi að Neðri- og Efri-Þverá.
20. Syðri-Þverárvegur:	Af Vatnsnesvegi að Syðri-Þverá.
21. Hvolsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Hvoli.

22. Breiðabólsstaðarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Breiðabólsstað.
23. Grundarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Grund.
24. Bjarghúsavegur:	Af Síðuvegi að Bjarghúsum.
25. Síðuvegur:	Af Síðuvegi að Síðu.
26. Böðvarshólavegur:	Af Vatnsnesvegi að Böðvarshólum.
27. Hörgshólsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Hörgshóli.
28. Urðarbaksvegur:	Af Vatnsnesvegi að Urðarbaki.

Þorkelshólshreppur.

1. Stórhólsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Stórhóli.
2. Auðunnarstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Auðunnarstöðum I.
3. Brautarlandsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Brautarlandi.
4. Galtarnesvegur:	Af Norðurlandsvegi að Galtarnesi.
5. Lækjarmótsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Lækjarmóti.
6. Nípukotsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Nípukoti.
7. Þorkelshólsvegur:	Af Nípukotsvegi að Þorkelshóli I.
8. Sólbakkavegur:	Af Norðurlandsvegi að Sólbakka.
9. Melrakkadalsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Melrakkadal.
10. Árnesvegur:	Af Norðurlandsvegi að Árnesi.
11. Jörfavegur:	Af Norðurlandsvegi að Jörfa.
12. Laufásvegur:	Af Norðurlandsvegi að Laufási.
13. Refsteinsstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Refsteinsstöðum.
14. Enniskotsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Enniskoti.
15. Miðhópsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Miðhópi.
16. Grafarvegur:	Af Miðhópsvegi að Gröf.
17. Víðidalstunguvegur:	Af Víðidalsvegi v. að Víðidalst. I. og II.
18. Kolugilsvegur:	Af Víðidalsvegi v. að Kolugili I. og II.
19. Hrappstaðavegur:	Af Víðidalsvegi v. að Hrappstöðum og Víðidalstunguheiðarvegi.
20. Hlíðarvegur:	Af Víðidalsvegi v. að Hlíð.
21. Dælisvegur:	Af Víðidalsvegi e. að Dæli.
22. Litlu-Ásgeirsárvegur:	Af Víðidalsvegi e. að Litlu-Ásgeirsá.
23. Stóru-Ásgeirsárvegur:	Af Víðidalsvegi e. að Stóru-Ásgeirsá.
24. Þórukotsvegur:	Af Víðidalsvegi e. að Þórukoti.
25. Hrísavegur:	Af Fitjavegi að Hrísum.
26. Neðri-Fitjavegur:	Af Fitjavegi að Neðri-Fitjum.
27. Efri-Fitjavegur:	Af Neðri-Fitjavegi að Efri-Fitjum.
28. Króksvegur:	Af Fitjavegi að Króki.
29. Kambhólsvegur:	Af Króksvegi að Kambhóli.
30. Valdarásvegur I:	Af Króksvegi að Valdarási I.
31. Valdarásvegur II:	Af Valdarásvegi I. að Valdarási II.
32. Sporðsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Sporði.
33. Stóru-Borgarvegur:	Af Borgarvegi yfir Víðidalsá á Norðurlandsveg hjá Enniskoti.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, lands og lóðar með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7 000.00. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu 3/4 sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1 milljón króna, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu nr. 112 15. maí 1965.

Samgönguráðuneytið, 3. ágúst 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 304. 3. ágúst 1977.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Í Austur-Húnavatnssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 66/1975, sbr. lög nr. 113/1976.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer eftir ákvæðum vegalaga hverju sinni.

Sýsluvegir eru:

Skagahreppur:

1. Brandaskarðsvegur:	Af Skagavegi að Brandaskarði.
2. Harastaðavegur:	Af Skagavegi að Harastöðum.
3. Keldulandsvegur:	Af Skagavegi að Keldulandi.
4. Bakkavegur:	Af Skagavegi að Bakka.
5. Efribyggðavegur:	Af Skagavegi að Svertingsstöðum.
6. Skeggjastaðavegur:	Af Skagavegi að Skeggjastöðum.
7. Hofsvegur:	Af Skagavegi að Hofi.
8. Brekknavegur:	Af Skagavegi að Brekkum.
9. Örlygsstaðavegur:	Af Brekknavegi að Örlygsstöðum I. og II.
10. Hólmavegur:	Af Skagavegi að Hólma.
11. Króksselsvegur:	Af Hólmavegi að Króksseli.
12. Ytri-Bjargavegur:	Af Skagavegi að Ytri-Björgum.
13. Sviðningsvegur:	Af Skagavegi að Sviðningi.
14. Kálfshamarsvíkurvegur:	Af Skagavegi að Kálfshamarsvík.
15. Sauravegur:	Af Skagavegi að Saurum.
16. Tjarnarvegur:	Af Skagavegi að Tjörn.
17. Víknavegur:	Af Skagavegi að Víkum.
18. Hafnarvegur:	Af Skagavegi að Höfnum.
19. Ásbúðavegur:	Af Skagavegi að Ásbúð.
20. Fossárréttarvegur:	Af Hólmavegi að Fossárrétt.

Vindhælishreppur:

1. Balaskarðsvegur:	Af Laxárdalsvegi að Balaskarði.
2. Mánaskálavegur.	Af Núpsvegi að Mánaskál.
3. Núpsvegur:	Af Laxárdalsvegi að Núpi.
4. Þverárvegur:	Af Laxárdalsvegi að Þverá.

5. Ytri-Eyjarvegur:	Af Skagastrandarvegi að Ytri-Ey.
6. Eyjarkotsvegur:	Af Skagastrandarvegi að Eyjakoti.
7. Syðri-Eyjarvegur:	Af Skagastrandarvegi að Syðri-Ey.
8. Höskuldsstaðakirkjuvegur:	Af Skagastrandarvegi að Höskuldsstaðakirkju.
9. Höskuldsstaðavegur:	Af Skagastrandarvegi að Höskuldsstöðum.
10. Syðrahólsvegur:	Af Skagastrandarvegi að Syðra-Hóli.
11. Kambakotsvegur:	Af Skagastrandarvegi að Kambakoti.
12. Árbakkavegur:	Af Skagastrandarvegi að Árbakka.
13. Hallárdalsvegur:	Af Skagastrandarvegi að Bergsstöðum.

Engihlíðarhreppur:

1. Breiðavaðsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Breiðavaði.
2. Fremstagilsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Fremstagili.
3. Geitaskarðsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Geitaskarði.
4. Holtastaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Holtastöðum.
5. Hvammsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Hvammi.
6. Skriðulandsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Skriðulandi.
7. Móberksvegur:	Af Norðurlandsvegi að Móbergi.
8. Síðuvegur:	Af Skagastrandarvegi að Síðu.
9. Kúskerpisvegur:	Af Skagastrandarvegi að Kúskerpi.
10. Efri-Lækjardalsvegur:	Af Skagastrandarvegi að Efri-Lækjardal.
11. Neðri-Mýravegur:	Af Mýravegi að Neðri-Mýrum.
12. Efri-Mýravegur:	Af Mýravegi að Efri-Mýrum.
13. Sturluhólsvegur:	Af Efri-Mýravegi að Sturluhóli.
14. Ennisvegur:	Af Neðribyggðarvegi að Enni.
15. Blöndubakkavegur:	Af Neðribyggðarvegi að Blöndubakka.
16. Bakkakotsvegur:	Af Neðribyggðarvegi að Bakkakoti.
17. Sölvabakkavegur:	Af Neðribyggðarvegi að Sölvabakka.

Bólstaðarhlíðarhreppur:

1. Auðólfsstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi aðAuðólfsstöðum.
2. Auðólfsstaðaskarðsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Gautsdal.
3. Bólstaðarhlíðarkirkjuv.:	Af Norðurlandsvegi um Bólstaðarhl. II að Bólstaðarhlíð I, og Bólstaðarhlíðarkirkju.
4. Húnaversvegur:	Af Norðurlandsvegi að Húnaveri.
5. Ártúnsvegur:	Af Svínvetningabraut að Ártúni.
6. Finnstunguvegur:	Af Svínvetningabraut að Finnstungu.
7. Austurhlíðarvegur:	Af Blöndudalsvegi að Austurhlíð.
8. Bollastaðavegur:	Af Svínvetn.br. við Austurhlíð um Eyvindarstaði. að Bollastöðum.
9. Bólsstaðavegur:	Af Svartárdalsvegi að Bólstað.
10. Skeggjastaðavegur:	Af Svartárdalsvegi að Skeggjastað.
11. Torfustaðavegur:	Af Svartúrdalsvegi að Torfustöðum.
12. Bergstaðakirkjuvegur:	Af Svartárdalsvegi að Bergstaðakirkju.
13. Hólsvegur:	Af Svartárdalsvegi að Hóli.
14. Steinárvegur:	Af Hólsvegi að Steiná I, II, III.
15. Hvammsvegur:	Af Svartárdalsvegi að Hvammi.
16. Þverárdalsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Þverárdal.
17. Vatnshlíðarvegur:	Af Norðurlandsvegi að Vatnshlíð.

Svínavatnshreppur:

1. Bakásavegur:	Af Svínvetningabraut að Ásum.
2. Tindavegur:	Af Svínvetningabraut að Tindum.
3. Svínavatnskirkjuvegur:	Af Svínvetningabraut að Svínavatnskirkju.
4. Sólheimavegur:	Af Svínvetningabraut að Sólheimum.
5. Stóra-Búrfellsvegur:	Af Svínvetningabraut að Stóra-Búrfelli.
6. Löngumýrarvegur:	Af Svínvetningabraut að Löngumýri.
7. Syðri-Löngumýrarvegur:	Af Kjalvegi að Syðri-Löngumýri.
8. Guðlaugsstaðavegur:	Af Kjalvegi að Guðlaugsstöðum.
9. Bugsvegur.	Af Kjalvegi að Eiðsstöðum og Eldjárnsstöðum.
10. Mosfellsvegur:	Af Auðkúluvegi að Mosfelli.
11. Geithamravegur:	Af Auðkúluvegi að Geithömrum.
12. Grundarvegur:	Af Auðkúluvegi að Grund.
13. Syðri-Grundarvegur:	Af Auðkúluvegi að Syðri-Grund.
14. Snæringsstaðavegur:	Af Svínadalsvegi að Snæringsstöðum.
15. Hrafnabjargavegur:	Af Svínadalsvegi að Hrafnabjörgum.
16. Ljótshólavegur:	Af Svínadalsvegi að Ljótshólum.
17. Rutsstaðavegur:	Af Hrafnabjargarvegi að Rutsstöðum.
18. Holtstaðavegur:	Af Auðkúluvegi að Holti.
19. Auðkúluvegur II.	Af Auðkúluvegi að Auðkúlu II.
20. Auðkúluvegur III.	Af Auðkúluvegi að Auðkúlu III.
21. Auðkúlukirkjuvegur:	Af Auðkúluvegi að Auðkúlukirkju.
22. Auðkúluréttarvegur:	Af Auðkúluvegi að Auðkúlurétt.
23. Stóradalsvegur:	Af Auðkúluvegi að Stóradal.
24. Stekkjardalsvegur:	Af Stóradalsvegi að Stekkjardal.
25. Litladalsvegur:	Af Auðkúluvegi að Litladal.

Torfalækjarhreppur:

1. Torfalækjarvegur:	Af Norðurlandsvegi að Torfalæk I og II.
2. Skinnastaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Skinnastað.
3. Hælisvegur:	Af Miðásavegi að Hæli.
4. Meðalheimsvegur:	Af Miðásavegi að Meðalheimi.
5. Hurðarbaksvegur:	Af Meðalheimsvegi að Hurðarbaki.
6. Akursvegur:	Af Norðurlandsvegi að Akri.
7. Kringluvegur:	Af Norðurlandsvegi að Kringlu.
8. Beinakelduvegur:	Af Reykjabraut að Beinakeldu.
9. Reykjavegur:	Af Reykjabraut að Reykjum.
10. Orrastaðavegur:	Af Reykjabraut að Orrastöðum.
11. Grænuhlíðarvegur:	Af Svínvetningabraut að Grænuhlíð.
12. Köldukinnarvegur:	Af Svínvetningabraut að Köldukinn, I og II.
13. Röðulsvegur:	Af Svínvetningabraut að Röðli.
14. Árholtsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Árholti.
15. Holtsvegur:	Af Árholtsvegi að Holti.
16. Hjaltabakkavegur:	Af Norðurlandsvegi að Hjaltabakka.
17. Húnsstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Húnsstöðum.
18. Kagaðarhólsvegur:	Af Svínvetningabraut að Kagaðarhóli.
19. Húnavallavegur:	Af Reykjabraut að Húnavöllum.
20. Laxholtsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Laxholti.
21. Beinakelduréttarvegur:	Af Reykjabraut að Beinakelduréttt.

Sveinsstaðahreppur:

1. Hagavegur:	Af Þingeyrarvegi að Haga og Norðurhaga.
2. Þingeyrarvegur:	Af Þingeyrarvegi að Þingeyrum.
3. Þingeyrarkirkjuvegur:	Af Þingeyrarvegi að Þingeyrarkirkju.
4. Leysingjastaðavegur:	Af Þingeyrarvegi að Leysingjastöðum.
5. Steinnesvegur:	Af Þingeyrarvegi að Steinnesi.
6. Sveinsstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Sveinsstöðum.
7. Neðri-Axlarvegur:	Af Norðurlandsvegi að Neðri-Öxl.
8. Efri-Axlarvegur:	Af Norðurlandsvegi að Efri-Öxl.
9. Brekkukotsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Brekkukoti.
10. Syðri-Brekkuvegur:	Af Norðurlandsvegi að Syðri-Brekku.
11. Brekkuvegur:	Af Norðurlandsvegi að Brekku.
12. Litlu-Giljárvegur:	Af Norðurlandsvegi að Litlu-Giljá.
13. Bjarnarstaðavegur:	Af Vatnsdalsvegi að Bjarnarstöðum.
14. Hjallalandsvegur:	Af Vatnsdalsvegi að Hjalllandi.
15. Vatnsdalshólavegur:	Af Vatnsdalsvegi að Vatnsdalshólum.
16. Miðhúsavegur:	Af Vatnsdalsvegi að Miðhúsum.
17. Breiðabólsstaðarvegur:	Af Vatnsdalsvegi að Breiðabólsstað.
18. Hnjúkur:	Af Vatnsdalsvegi að Hnjúki.
19. Helgavatnsvegur:	Af Vatnsdalsvegi að Helgavatni.
20. Uppsalavegur:	Af Norðurlandsvegi að Uppsölum.
21. Hnausavegur I:	Af Norðurlandsvegi að Hnausum I.
22. Hnausavegur II:	Af Norðurlandsvegi að Hnausum II.
23. Flóðavangsvegur:	Af Vatnsdalsvegi að Flóðvangi.

Áshreppur:

1. Ásvegur:	Af Grímstunguvegi að Ási.
2. Brúsastaðavegur:	Af Grímstunguvegi að Brúsastöðum.
3. Undirfellskirkjuvegur:	Af Vatnsdalsvegi að Undirfellskirkju.
4. Undirfellsréttarvegur:	Af Vatnsdalsvegi að Undirfellsrétt.
5. Saurbæjarvegur:	Af Grímstunguvegi að Saurbæ.
6. Kárdalstunguvegur:	Af Grímstunguvegi að Kárdalstungu.
7. Haukagilsvegur:	Af Grímstunguvegi að Haukagili.
8. Grímstunguvegur:	Af Grímstuguvegi að Grímstungu.
9. Hjarðartunguvegur:	Af Grímstunguvegi að Hjarðartungu.
10. Sunnuhlíðarvegur:	Af Grímstuguvegi að Sunnuhlíð.
11. Forsæludalsvegur:	Af Sunnuhlíðarvegi að Forsæludal.
12. Þórólfstunguvegur:	Af Sunnuhlíðarvegi að Þórólfstungu.
13. Marðarnúpsvegur:	Af Sunnuhlíðarvegi að Marðarnúpi.
14. Guðrúnarstaðavegur:	Af Sunnuhlíðarvegi að Guðrúnarstöðum.
15. Gilsstaðavegur:	Af Vatnsdalsvegi að Gilsstöðum.
16. Gilárvegur:	Af Grímstunguvegi að Gilá.
17. Hofsvegur:	Af Grímstunguvegi að Hofi.
18. Eyjólfsstaðavegur:	Af Vatnsdalsvegi að Eyjólfsstöðum.
19. Flöguvegur:	Af Vatnsdalsvegi að Flögu.
20. Hvammsvegur:	Af Vatnsdalsvegi að Hvammi.
21. Vaglavegur:	Af Kárdalstunguvegi að Vöglum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7 000.00. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu 3/4 sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1 milljón króna, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýlu, nr. 128 9. júní 1965.

Samgönguráðuneytið, 3. ágúst 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 305.

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1975.

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	kr.	8 703 170
Annar rekstrarkostnaður	—	2 324 047
Gjaldfærð fjárfesting	—	2 787 838
	kr.	13 815 055

Tekjur:

Innheimtuþóknun	kr.	3 274 703
Innheimtur lögtakskostnaður	—	456 965
Vextir	—	1 997 926
Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	—	8 085 461
	kr.	13 815 055

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1975.

Eignir:

Óinnheimtar kröfur	kr.	902 050 300
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga v./skrifst.	—	8 085 461
Sjóður	—	2 505 338
Inneign í hlr. 333, Útvegsbanki Íslands	—	2 101 848
	kr.	914 742 947

Skuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	kr.	561 978 743
Óskilað til sveitarfélaga	—	1 303 439
Álagður ógreiddur lögtakskostnaður	—	1 088 012
Framlag Jöfnunarsjóðs frá upphafi	—	350 372 753
	kr.	914 742 947

Reykjavík, 31. mars 1976.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga,

Guðm. Vignir Jósefsson, form. **Hallgrímur Dalberg,** **Alexander Stefánsson.**

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	kr.	11 660 154
Annar rekstrarkostnaður	—	4 760 920
Gjaldfærð fjárfesting	—	1 206 388
	kr.	17 627 462

Tekjur:

Innheimtuþóknun	kr.	2 381 720
Innheimtur lögtakskostnaður	—	2 737 821
Vextir	—	2 167 733
Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	—	10 340 188
	kr.	17 627 462

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1976.

Eignir:

Óinnheimtar kröfur	kr.	1 286 705 298
Jöfnunarsjóður vegna skrifstofukostnaðar	—	10 340 188
Sjóður	—	2 643 915
Inneign í hlr. 333, Útvegsbanki Íslands	—	2 093 281
	kr.	1 301 782 682

Skuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	kr.	717 267 017
Óskilað til sveitarfélaga	—	460 813
Framl. Jöfnunarsjóðs frá upphafi	—	584 054 852
	kr.	1 301 782 682

Reykjavík, 20. júní 1977.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga,

Guðm. Vignir Jósefsson, form. **Hallgrímur Dalberg,** **Alexander Stefánsson.**

Nr. 307.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs 1974.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1974.

Gjöld:

Stjórnunar- og skrifstofukostnaður	kr.	3 694 692.70
Rekstur fasteignar	—	1 094 226.40
Styrkir og eftirgefin lán	—	3 328 720.00

Vextir	—	6 650 911.00
Innheimtulaun	—	278 249.80
Fyrningar	—	75 645.00
Tekjur umfram gjöld 1974	—	37 445 547.60
	kr.	52 567 992.50

Tekjur:

Framlag ríkissjóðs		kr.	24 587 445.00
Framlag sveitarfélaga	kr. 10 674 950.00		
Gjald af söluvörum landb.	— 13 912 495.00		
		—	24 587 445.00
Vextir		—	2 422 489.80
Lántökugjöld		—	460 612.70
Húsaleiga		—	510 000.00
		kr.	52 567 992.50

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1974.

Eignir:

Veltufjármunir:		
Innstæður á bankareikningum	kr.	58 534 064.10
Óhafnir vextir	—	38 945.00
Lánasjóður sveitarfélaga	—	**16 632 928.00**
Ríkissjóður	—	1 774 528.60
Veltufjármunir alls	kr.	76 980 465.70
Langtímakröfur:		
Skuldabréfaeign	kr.	174 061 091.86
Langtímakröfur alls	kr.	174 061 091.86
Fastafjármunir:		
Áhöld	kr.	228 776.00
Fasteign	—	2 861 326.00
Fastafjármunir alls	kr.	3 090 102.00
Eignir samtals	kr.	254 131 659.56

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:		
Ógreiddir reikningar	kr.	103 210.00
Ógreiddir áfallnir vextir	—	2 856 507.00
Vangreitt lán	—	1 000.00
Séreignadeild	—	48 974 777.90
Skammtímaskuldir alls	kr.	51 935 494.90
Langtímaskuldir		
Föst lán	kr.	66 500 000.00
Langtímaskuldir alls	kr.	66 500 000.00
Skuldir samtals	kr.	118 435 494.90

Eigið fé:			
Hrein eign 1. janúar 1974	kr.	98 250 617.06	
Tekjur umfram gjöld 1974	—	37 445 547.60	
			kr. 135 696 164.66
Á alfaravegi má aldrei setja eða leggja neitt það, sem tálma kann umferð, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæði það, sem notað var. Ökutæki og landbúnaðarvélar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er og aldrei mega tæki þessi standa á gangstéttum.

Hreppsnefndir ákveða í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum kauptúnanna bifreiðar mega standa, og setja sérstakar reglur þar að lútandi.

15. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til.

Ekkert má hafa það í gluggum, sem niður getur fallið á vegi eða götur og valdið skaða á þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera umráðamenn og eigendur húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessum efnum.

Leyfi byggingarnefndar á hverjum stað þarf til þess að setja upp föst auglýsingaspjöld, eða aðrar varanlegar auglýsingar, svo sem ljósaauglýsingar og ljósaskreytingar, sem snúa að almannafæri eða sjást þaðan. Hæð undir auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram yfir gangstétt eða götur, sé minnst 2,50 m ef um gangstétt er að ræða, annars svo hátt að hvorki valdi hættu né trafala, að dómi lögreglustjóra.

16. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg kauptúnanna eða alfaravegi, nema hann hafi til þess leyfi viðkomandi stjórnvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið svo unnið að sem minnstur farartálmi verði að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálma með nægilega greinilegum merkjum og ljósum frá því að fer að skyggja á kvöldin og þar til albjart er að morgni. Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þeim þurfa þykir til þess, að allri hættu sé afstýrt fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi

hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess er verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Hrörleg hús, bryggjur, girðingar og önnur slík mannvirki, getur lögreglustjóri bannað að nota og gert sínar ráðstafanir gagnvart eigendum, og á kostnað þeirra, til þess að bægja frá yfirvofandi hættu. Til dæmis látið rífa fúna bryggjupalla eða hús að hruni komið.

18. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum, eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaraveg eftir að dimmt er orðið. Um girðingarhlið á vegum, götum eða stígum fer eftir gildandi ákvæðum vegalaga.

III. KAFLI

Umferð um vegi og götur.

19. gr.

Umferð öll um vegi, götur og torg fer að gildandi umferðarlögum.

20. gr.

Með vísun til 50. gr. umferðarlaga má eigi aka hraðar í þéttbýli (kauptúnum sýslunnar) en 40 km. á klst., enda séu þessi hraðatakmörk gefin til kynna með viðeigandi umferðarmerkjum.

Við vegamót í þéttbýli má ekki leggja ökutæki nær gatnamótum en 5 metra miðað við götulínu.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

21. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar Vestur-Ísafjarðarsýslu eins og þau nú eru, eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir til að gæta svo búfénaðar síns, að ekki gangi eða valdi tjóni á varplöndum, engjum, túnum, ökrum, matjurtagörðum eða húslóðum manna, enda séu lönd þessi girt. Bæti eigandi eða umráðamaður penings skaðann ásamt áföllnum kostnaði. Um ákvörðun tjónsbóta skal fara eftir mati úttektarmanna nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerð eða lögum.

Hundar sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann eru réttdræpir, hvar sem þeir finnast. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eign neins, getur lögreglan látið drepa. Skylt er mönnum að sjá svo um, að hundar fylgi ekki til kirkju né til heimila, þar sem jarðarfararathöfn fer fram.

Hundahald er bannað í kauptúnum sýslunnar ef viðkomandi hreppsnefnd gerir samþykkt í þá átt. Þó getur lögreglustjóri með samþykki viðkomandi hreppsnefndar veitt einstökum mönnum leyfi til þess að halda hund, ef sérstakar ástæður mæla með því, og bundið leyfið skilyrðum.

22. gr.

Í kauptúnunum má búfénaður eigi laus ganga, enda bera eigendur ábyrgð á því, ef fénaður þeirra veldur spjöllum á húslóðum, túnum eða görðum, enda má sá,

sem fyrir ágangi verður handsama slíka gripi til bráðabirgða, en tilkynna skal hann strax lögreglustjóra og eða hreppstjóra um málavöxtu. Sérstaklega ber löggæslumönnum og hreppstjóra að hafa strangt eftirlit með þessu á tímabilinu frá 20. maí til 20. september.

Selja má fénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar tjónsbótum og kostnaði ef eigandi greiðir ekki. Skylda má eiganda ágangspenings til þess að lóga honum.

23. gr.

Innan kauptúnanna má eigi halda alifugla, nema í húsi eða tveggja metra hárri hænsnavírnetsgirðingu, eða annarri slíkri girðingu, sem lögreglan metur viðhlítandi. Eigendur alifugla bera ábyrgð á, að fuglarnir fari eigi inn í garða manna eða húslóðir, þótt ógirt séu. Nú er misbrestur á þessu og getur lögreglan þá látið slátra fuglunum á kostnað eigenda og selt, ef kostnaðurinn er ekki tafarlaust greiddur.

Einnig getur lögreglan látið slátra þeim alifuglum, sem hún telur eiga illt eða eru til óþrifa.

Er eigendum skylt að greiða slátrunarkostnaðinn.

24. gr.

Fjárhús og önnur peningshús í kauptúnum má aðeins hafa þar sem hreppsnefnd ákveður. Heimilt er hreppsnefndum að banna með öllu skepnuhald á skipulagssvæðum kauptúnanna.

25. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeit í landi kauptúnanna bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

V. KAFLI

Um friðun og vernd á eignum.

26. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafbúnaður, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um útvarpsbúnað einstakra manna.

27. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um garða, reiti, tún eða önnur mannvirki, og bannað er að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

28. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt.

Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið.

29. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta sér eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landeiganda. Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagbeit og berjatöku til neyslu á staðnum um stundarsakir, meðan á áningu eða hvíld stendur.

30. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleyfum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt. Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi, óþörfum akstri utan vega eða á annan hátt.

31. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

32. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI.

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

33. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við reksturinn.

Í öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestabók.

34. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

35. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

36. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11.30 að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki

og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

37. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skulu vera nægilega stór snyrtiherbergi (salerni) miðað við mögulegan fjölda gesta. Veitingamaður eða húsráðandi skal sjá um, að fulls hreinlætis sé gætt á snyrtiherbergjum.

38. gr.

Þeir, sem vilja halda almennar samkomur, svo sem dansleiki, sjónleiki, söngskemmtanir, íþróttasýningar o. s. frv. sem almenningi er boðið til og aðgangur seldur að, eða til að hafa veitingar á boðstólum, skulu leita leyfis lögreglustjóra. Þó getur lögreglustjóri falið hreppstjórum að veita slík leyfi, hverjum í sínum hreppi. Lögreglustjóri metur, hvort þörf sé á löggæslu og hve mikilli.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi, hreinlæti og loftræstingu. Enn fremur getur lögreglustjóri sett reglur um hámarksfjölda samkomugesta á hverjum stað.

Fari nokkuð það fram, sem verulega brýtur í bága við reglur og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar eftir því sem við á.

39. gr.

Nú hefur einhver orðið með dómsrannsókn sannur að sök um ítrekaða ölvun eða óspektir á dansleikjum eða öðrum samkomum, og er þá heimilt að meina honum aðgang að dansleikjum og skemmtisamkomum í tiltekinn tíma eftir tilmælum lögreglumanna og forsvarsmanns samkomu. Lögreglustjóri fellir úrskurð í málinu og tilkynnir hlutaðeigendum.

40. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki reka í sýslunni nema að fengnu leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, sem þessir aðilar setja um húsrými og öryggisráðstafanir.

41. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI

Um útivist barna og unglinga.

42. gr.

Foreldrum og þeim, sem foreldravald hafa yfir börnum er skylt að hafa tilhlýðilegt eftirlit með börnum sínum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 og unglingar yngri en 15 ára ekki eftir kl. 22 á tímabilinu 1. október til 1. maí. Þeim er á sama tíma óheimill aðgangur að kvöldsýningum kvikmyndahúsa, knattborðsstofum og veitingastöðum.

Unglingum innan 15 ára aldurs er óheimill aðgangur að dansleikjum. Þó er þeim heimilt að sækja skemmtanir skóla og æskulýðsfélaga undir eftirliti foreldra eða fulltrúa þeirra.

Um aldurstakmörk þessi gildir sú regla þó, að eftir 1. maí skulu börn fædd síðar á árinu njóta sama réttar og börn fædd fyrir 1. maí, sbr. ennfremur ákvæði gildandi laga um vernd barna og ungmenna.

43. gr.

Lögreglunni er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfnum kauptúnanna. Enn fremur getur lögreglan jafnan bannað börnum innan 15 ára aldurs umferð um bryggjur kauptúnanna og hafnarsvæði, nema þau séu þar í vinnu.

44. gr.

Heimilt er að halda unglingadansleiki, þar sem áfengisneysla er útilokuð, enda sé aldur þátttakenda undir tvítugt en yfir 12 ára.

Unglingum yngri en 15 ára sbr. þó 42. gr., er óheimil þátttaka í bingó- og félagsvistarsamkomum, nema í fylgd með foreldrum, eða forsjármönnum. Lögreglustjóri getur þó leyft að slíkar samkomur séu sérstaklega haldnar fyrir börn og unglinga, enda sé aðgangseyri og verðmæti vinninga í hóf stillt.

Börnum yngri en 15 ára er bannað að skemmta á almennum samkomum, þar sem aðgangseyris er krafist nema með samþykki barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé fylgt.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

45. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum að nokkur hætta sé á, að neysluvatn saurgist af.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát eða lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirt, að enginn hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

46. gr.

Bannað er að hella skólpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað þvíumlíkt, skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi, og skal sá er á, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

47. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götur eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og hann sé hreinsaður strax að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast í blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

48. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim heilbrigðissamþykktum er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

49. gr.

Eigi má fleygja flöskum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli, eða þess konar á almannafæri í göturæsi eða í fjörur, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, sem veldur óþrifum eða er til óþæginda. Bannað er að brenna skarni á verslunarlóðum kauptúnanna.

50. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálmum eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar húsagerðin er svo langt komin eða verk það, sem unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burt, án þess að annað sé gert í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

51. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárni, laust úti og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns, eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

52. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt lögum.

Sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú er brot framið í fleirum en einum hreppi, og sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sektin í sýslusjóð.

53. gr.

Samþykkt þessi gildir bæði í þéttbýli og sveitum Vestur-Ísafjarðarsýslu.

54. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 30. júlí 1946, svo og allar síðari breytingar á henni.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaup-

staðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

12. ágúst 1977. Nr. 316.

REGLUR

um nýtingu fangelsa í Reykjavík.

1. gr.

Reglur þessar taka til Hegningarhússins í Reykjavík, Fangelsisins Síðumúla 28 og Fangageymslunnar í lögreglustöðinni, Hverfisgötu 113.

2. gr.

Handteknir menn.

Þá sem rannsóknarlögregla ríkisins handtekur á starfssvæði sínu og að mati hennar er nauðsynlegt að vista í fangelsi, skal að jafnaði vista í Fangelsinu Síðumúla 28.

Þeir sem handteknir eru í Reykjavík vegna brota á áfengis- og fíkniefnalöggjöf, óspekta á almannafæri, svo og þá sem grunaðir eru um önnur brot en eru í vímu vegna neyslu áfengis eða fíkniefna, skal að jafnaði vista í Fangageymslunni að Hverfisgötu 113.

3. gr.

Gæsluvarðhald.

Þá, sem úrskurðaðir eru í gæsluvarðhald á vegum rannsóknarlögreglu ríkisins, sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum eða rannsóknardeilda lögreglunnar í Reykjavík, Kópavogi eða Hafnarfirði, skal vista í Fangelsinu Síðumúla 28, nema hentugra sé talið af þeim sem með rannsókn málsins fer að vista fangann annars staðar.

Gæslufanga, sem vistaður er í fangelsi utan Reykjavíkur, en flytja þarf til dvalar í Reykjavík, skal sömuleiðis vista í Fangelsinu Síðumúla 28.

Sé ekki fyrir hendi húsrými í Fangelsinu Síðumúla 28, skal yfirmaður þess sjá um að afla vistrýmis í öðru fangelsi og er honum í því sambandi heimilt, í samráði við þann sem vistað hefur fanga í gæsluvarðhaldi, að flytja gæslufanga úr fangelsinu í annað fangelsi, þar sem fangelsisrými er fyrir hendi.

4. gr.

Afplánun refsingar.

Fanga sem vista á í fangelsi til afplánunar fangelsisrefsingar lengri en 3 mánuði, skal fyrst færa í Hegningarhúsið í Reykjavík, en síðan skulu þeir fluttir þaðan svo fljótt sem unnt er og vistaðir á því vinnuhæli, sem að mati yfirstjórnar fangelsanna er talið viðeigandi hverju sinni.

Fangar sem afplána eiga fangelsisrefsingu 3 mánuði eða skemur, er heimilt að vista allan tímann í Hegningarhúsinu, svo og þá sem afplána eiga lengri fangelsisrefsingu, sé það talið nauðsynlegt að mati yfirstjórnar fangelsanna.

Fangar, sem afplána eiga varðhaldsrefsingu og búsettir eru á Suður- og Vesturlandi, skal vista í Hegningarhúsinu. Þó er heimilt í samráði við yfirstjórn fang-

elsanna að flytja þá úr Hegningarhúsinu til vistunar í vinnuhæli. Sama gildir um þá sem afplána vararefsingu vegna fjársektar.

Sé ekki rými fyrir hendi í Hegningarhúsinu fyrir þá sem fullnustuaðilar óska eftir að séu þar teknir til vistunar, skal yfirmaður fangelsisins gera ráðstafanir til þess að flytja fanga í önnur fangahús eftir því sem unnt kann að vera, en ella skrá slíka fanga á biðlista.

Sé þörf á nýtingu vistrýmis í Hegningarhúsinu til vistunar gæslufanga skal yfirmaður fangelsisins gera ráðstafanir til þess að flytja brott úr fangelsinu þá fanga sem þar eru til afplánunar vararefsingar eða varðhaldsrefsingar.

Fanga sem afplána refsingu í vinnuhælum en dvelja þurfa um stundarsakir í Reykjavík skal að jafnaði vista í Hegningarhúsinu meðan á dvöl þeirra í Reykjavík stendur.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 13. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

Nr. 317. 11. ágúst 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Samkvæmt skipulagsmálum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 11. ágúst 1977 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvammshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er skipulagsuppdráttur af Vík í Mýrdal, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 24. apríl 1970, nr. 77/1970, úr gildi fellur.

Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 318. 25. ágúst 1977.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

3. og 4. málsgr. 46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 258 24. nóvember 1969, nr. 79 29. apríl 1974 og nr. 468 22. október 1975, orðist svo:

Almennur hámarkshraði í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur skal vera 50 km á klukkustund.

Á eftirtöldum vegum skal hámarkshraði þó vera 60 km á klukkustund:

a) Miklubraut austan Kringlumýrarbrautar.
b) Kringlumýrarbraut.
c) Vesturlandsvegi vestan Höfðabakka.
d) Höfðabakka sunnan Vesturlandsvegar.
e) Bæjarhálsi vestan Tunguháls.
f) Gufunesvegi.
g) Reykjanesbraut.
h) Breiðholtsbraut.
i) Elliðavogi sunnan Holtavegar.
j) Eiðsgranda.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

19. ágúst 1977. Nr. 319.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun á Bíldudal.

1. gr.

Suðurfjarðahreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kauptúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar kauptúnsins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingahúsum, verslunum o. s. frv. innan kauptúnsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera frístandandi, komið fyrir í sorptunnu, eða sérsmíðuðum skáp. Grindinni skal komið svo fyrir, að sorppokinn hangi 2—5 cm yfir jörðu, gólfi eða tunnubotni. Lok skal vera yfir grindinni. Húseigendur skulu bera allan kostnað við uppsetningu og viðhald pokagrinda. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka. Sorphreinsun skal framkvæmd minnst 40 sinnum á ári, eftir aðstæðum og skal fjöldi sorpgrinda miðaður við að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga. Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind fyrir hvert heimili, ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsyn er. Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda grinda (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd. Við stórhátíðar eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreisun, af einhverjum ástæðum, geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur, eftir því sem nauðsyn krefur, í áhaldahúsi hreppsins.

3. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum. Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka. Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa eða beitta hluti, má aðeins setja innan í plast eða pappír í pokana. Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má ekki heldur hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana. Mold, möl, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrgang frá slíku svæði. Bílhræ og brotajárn skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Bannað er að urða olíuleifar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

4. gr.

Fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnureksturs koma á sorpbíl þegar hreinsun fer fram, eða í sorphaugsstað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteign eyðir á árinu.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Skylt er hverjum húsráðanda að sjá svo um, að greiður aðgangur sé ávallt að sorpgrindum, fyrir sorphreinsunarmenn. Þá er átt við að sorpgrindur séu staðsettar þar sem auðvelt er að komast að þeim. Þá skal húsráðandi sjá um, að moka snjó frá sorpgrindum, þannig að snjór hindri ekki sorphreinsun.

8. gr.

Ofangreind samþykkt Suðurfjarðahrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 12/ 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. ágúst 1977.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 32, nr. 296—319. Útgáfudagur 8. september 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 — 1977

17. ágúst 1977. 517 Nr. 320.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Grenivíkur.

1. gr.

Vatnsveita Grenivíkur er eign Grýtubakkahrepps. Heimili hennar og varnarþing er í Grýtubakkahreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem skipulagt er og vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar á Grenivík.

3. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og sér um fjárreiður og bókhald. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem þörf krefur og fært þykir, svo að húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við. Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á aðalæðum og dreifiæðum.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

5. gr.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilisþarfa fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurð vatnsveitunnar. Ef óskað er eftir vatnsnotkun utan þess svæðis, sem vatnsveitan nær til og hefur verið tekið til skipulags og byggingar, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

6. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunnar. Hver sá, er óskar eftir að fá vatnsæð tengda húsi sínu, gera endurbætur eða breytingar á eldri lögnum, skal sækja um það til hreppsnefndar og gera grein fyrir áætlaðri vatnsþörf og til hvers vatnið skuli notað. Með umsókninni skal fylgja uppdráttur að vatnslögninni. Vatnsveitan sér um tengingu frá vatnsveituæð og lögn að húsi gegn sérstöku stofngjaldi.

B 66

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við leka, þegar hans verður vart. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki geti frosið í leiðslum.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til eftirlits með vatnslögnum og tækjum, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir umbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseiganda skylt að bæta úr því tafarlaust, ella er vatnsveitunni heimilt að láta vinna verkið á kostnað húseiganda.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum, sem við þær eru tengd, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddögum. Vatnsskatt ber að greiða að fullu, þótt lokað sé fyrir vatnið, af þessum orsökum.

9. gr.

Óheimilt er að tengja dælur eða tæki er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki við heimæðar, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Óheimilt er að tengja æðar vatnsveitunnar við önnur veitukerfi nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinkun á vatni í vatnsveituæð.

Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar nema með leyfi vatnsveitunnar.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

10. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, sem verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar, takmörkunar á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

Vatnsveitan hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni eða að loka fyrir vatnið vegna framkvæmda við vatnsveituna. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið lögregla og starfsmenn veitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða í einkaeign.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta árlegan vatnsskatt af öllum fasteignum, sem vatn er lagt í. Almennur vatnsskattur skal miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamati mannvirkja og lóða eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Almennur vatnsskattur hverrar fasteignar skal hlíta ákvæðum um hámarks- og lágmarksgjald af hverjum rúmmetra í byggingum og ennfremur hlíta ákvæðum um lágmarksgjald af hverri fasteign.

12. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn utan heimilisþarfa, t. d. frystihús, vinnslustöðvar o. fl., og innheimta aukavatnsskatt eftir mældri vatnsnotkun. Vatnsveitan

sér um uppsetningu og eðlilegt viðhald mælanna, en húseigandi greiðir fyrir uppsetningu og mælaleigu samkvæmt gjaldskrá. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust er hann kann að verða var við bilanir á vatnsmæli. Áætla má vatnsnotkun eftir fyrri notkun ef mælir bilar. Stofngjald fyrir tengingu heimæða sbr. 7. gr. ákveður hreppsnefnd hverju sinni.

13. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins. Þar sem aukavatnsskattur er greiddur, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga og gengur hann fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

14. gr.

Greiða skal fyrir vatn til skipa við afhendingu. Hreppsnefnd er heimilt að semja um fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Grenivík. Einnig að ákveða lágmarksgjald fyrir bílaþvottaplön.

15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni ef hún telur gildar ástæður til þess.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni skal hann bæta þær að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. ágúst 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

12. ágúst 1977. Nr. 321.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Grenivíkur.

1. gr.

Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í, skal vera 0.3% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts.

Almennur vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal þó aldrei vera

lægri en kr. 2 000.00 af skattskyldri fasteign. Af bílaþvottaplani greiðist aukaskattur kr. 15 000.00.

Framangreindir gjaldstuðlar um lágmarksvatnsskatt af fasteign skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 7.00 fyrir hvern teningsmetra vatns. Gjaldstuðull á teningsmetra skal breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

3. gr.

Gjald fyrir vatn til skipa skal vera kr. 50.00 fyrir hvern teningsmetra vatns, en þó aldrei lægra en kr. 500.00 fyrir hvert skip.

4. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, og ef mælingu verður ekki komið við, skal greiða gjöld, sem hreppsnefndin ákveður.

5. gr.

Stofngjald húsa skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1 500.00 og leiga kr. 1 500.00 á ári fyrir hvern mæli.

7. gr.

Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda þótt ekki liggi fyrir fasteignamat.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 322. 22. ágúst 1977.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 74 20. mars 1945.

1. gr.

63. gr. orðist svo:

Alifugla, svo sem hænsni, endur og gæsir, má ekki hafa í kaupstaðnum, nema þeir séu hafðir í lokuðu byrgi eða annarri jafnöruggri vörslu. Séu alifuglar látnir

ganga lausir, þrátt fyrir aðvaranir lögreglunnar, getur hún látið lóga fuglunum á kostnað eigenda eða selt þá til lúkningar á kostnaði.

2. gr.

65. gr. orðist svo:

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað, má aldrei láta ganga lausan á kaupstaðarlóðinni innan fjárgirðingar bæjarins, nema hann sé hafður í öruggri girðingu, sem lögreglan tekur gilda, svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af.

Búfénað má aðeins reka um götur bæjarins úr eða í haga, eða öðrum nauðsynlegum tilgangi, en þá skal maður ávallt fylgja honum.

3. gr.

66. gr. hljóði svo:

Bæjarstjórn kýs þrjá menn í fjallskilastjórn til þriggja ára. Þeir skipta með sér verkum, ef bæjarstjórn hefur ekki öðruvísi ákveðið. Allar kindur á kaupstaðarlóðinni skulu reknar í afrétt fyrir 15. júní ár hvert, en fjallskilastjórn skal fyrirskipa fjáreksturinn í afrétt fyrr, ef hún telur henta. Er öllum fjáreigendum skylt að hlíta fyrirmælum fjallskilastjórnar um burtrekstur fjárins í afrétt, smölun afrétta og heimalanda og jafnar fjallskilastjórn kostnaðinum niður á fjáreigendur eftir fjáreign þeirra.

4. gr.

67. gr. orðist svo:

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem látið er ganga laust í bænum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal lögreglan láta handsama, hýsa og fóðra. Einnig mega þeir, er fyrir ágangi verða, láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun þess og fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir, og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina eða, ef eigi er vitað um eiganda, innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón, er hann hefur valdið.

5. gr.

116. gr. orðist svo:

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00.

6. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á hreppamörkum milli Borgarhrepps og Borgarneshrepps í Mýrasýslu.

Með vísun til 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961, staðfestist hér með breyting á hreppamörkum milli Borgarhrepps og Borgarneshrepps í Mýrasýslu þannig, að sá hluti úr landi prestsetursjarðarinnar Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan þjóðvegarins vestur á Snæfellsnes (Ólafsvíkurþjóðvegar), sem Borgarneshreppur hefur keypt af ríkissjóði samkvæmt heimild í lögum nr. 33 24. apríl 1973, skal framvegis tilheyra Borgarneshreppi, og breytast því hreppamörk téðra hreppa í samræmi við það.

Framangreind breyting á hreppamörkum milli Borgarhrepps og Borgarneshrepps hefur verið samþykkt af hreppsnefndum beggja hreppanna og hlotið meðmæli sýslunefndar Mýrasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 23. ágúst 1977.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 324. 24. ágúst 1977.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Akraneskaupstaðar nr. 59 14. apríl 1964.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði 2. og 4. þriðjudag hvers mánaðar og skal fundur hefjast kl. 16 nema bæjarráð ákveði annað.

Heimilt er bæjarstjórn að fengnu samþykki bæjarráðs að fella niður fundi í júlí eða ágúst.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra eða ef þrír bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

2. gr.

8. gr. 3. mgr. orðist svo:

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar eða flytja tillögu skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en kl. 11.00 á föstudegi næstan fyrir fund.

Breyting þessi sem bæjarstjórn Akraness hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. ágúst 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er 700 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 8400 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290 8. júlí 1976, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lágmarksstærð möskva rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum, aftur að fremsta horni efra byrðis og 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. ágúst 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Endurprentað blað.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

Hluti A

Reglur um smíði fiskiskipa úr stáli allt að 50 m lengd.

EFNISYFIRLIT

1. gr. Almennt yfirlit.
2. gr. Skilgreiningar.
3. gr. Kjölur og stefni.
4. gr. Einfaldur botn, botnstokkar, miðkjölur.
5. gr. Tvöfaldur botn.
6. gr. Aðalbönd.
7. gr. Byrðingur.
8. gr. Styrking framan og aftan.
9. gr. Þilfarsbitar, stoðir og langbjálkar.
10. gr. Þilför.
11. gr. Vatnsþétt þil.
12. gr. Yfirbyggingar og þilfarshús.
13. gr. Vélaundirstöður.
14. gr. Lúgur, op í skipssúð, v.þ. hurðir, kýraugu, loftpípur og loftháfar.
15. gr. Skjólborð, austurop, frárennsli.
16. gr. Lestarbúnaður.
17. gr. Stýri, stýrisbúnaður.
18. gr. Möstur og bómur.
19. gr. Búnaður.
20. gr. Styrking fyrir ís.
21. gr. Suður.

1. gr.

Almennt yfirlit.

101. Reglur þessar eru miðaðar við fiskiskip allt að 50 m að lengd af venjulegri gerð og með hefðbundið hlutfall milli breiddar og dýptar en hlutfall milli lengdar og dýptar sé ekki yfir 12.

Ennfremur er miðað við að vélarafl verði ekki meira en: $H = 1.3\ L^2$ áshestöfl. (L = sjónlínulengd skips í m, sbr. 201).

Sé skip af óvenjulegri gerð, að formi, hlutföllum eða vélarorku mun Siglingamálastofnun ríkisins taka afstöðu til þess hverju sinni.

102. **Efni.** Efnismál í reglunum eru byggð á því, að notað sé SM-stál með 41—50 kp/mm² brotþol.

103. Gert er ráð fyrir að skipið sé alrafsoðið af kunnáttu.


104. Reynt skal eftir megni að forðast snöggar breytingar á styrkleika og efnisstærðum. Aukning eða minnkun efnisstærða sé hæg og myndi ekki óeðlileg þrep í formi eða lögun.
105. Öll vinna sé faglega og vel af hendi leyst. Gæta skal vel að því að hita stálið ekki um of né hamra eða beygja það meðan það er rautt.
106. Áður en smíði bolsins er hafin skal senda inn til samþykktar 3 eintök af eftirtöldum teikningum:

Fyrirkomulagsteikning
Miðband
Langskurður
Þilför
Byrðingur, skjólborð og austurop.
Vatnsþétt þil.
Botnhylki og geymar.
Framstefni með styrkingum.
Afturstefni og afturskip.
Stýri og stýrisbúnaður (ásamt upplýsingum um stýrisvél og áætlaðan ganghraða).
Lúgur og vatnsþéttar hurðir.
Yfirbyggingar og þilfarshús.
Vélaundirstöður (ásamt upplýsingum um vélarafl, vélargerð, snúningshraða véla og niðurgírun, einnig þyngd vélar og gírs).
Möstur, bómur, segl og reiði.
Gálgar og annar fiskibúnaður.
Undirstöður undir vindur og tæki á þilfari.
Fyrirkomulag í lest ásamt teikningu af lestarstoðum og upplýsingum um lestarborð.
Fyrirkomulag á þilfari, stoðir, stíur, fyrirkomulag legufæra og akkeriswindu.
Rafsuða og suðuröð.
Ísstyrking.
Senda skal inn stöðugleikaútreikninga, réttiarmsboglínur (GZ-línur), samkvæmt reglum um stöðugleika fiskiskipa.
Leyfilegt er að hafa fleiri en eitt ofantaldra atriða á sömu teikningu.

107. Þegar skip eru smíðuð samkvæmt kröfum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, skal samt sem áður senda inn framantaldar teikningar til umsagnar, í 2 eintökum. Ennfremur skal senda Siglingamálastofnun ríkisins eitt eintak af hverri teikningu samþykktri af flokkunarfélaginu með áletrun flokkunarfélagsins, leiðréttingum og athugasemdum ef einhverjar eru.
108. Þegar skip er smíðað samkvæmt reglum flokkunarfélags en smíðaeftirlitið ekki falið flokkunarfélagi skal Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með **smíðinni.**
109. Styrkleikaútreikninga kann að verða krafist þegar um óvenjulega smíði skipsbluta eða búnaðar er að ræða.

2. gr.
Skilgreiningar.

201. **Stöðluð vatnslína** er vatnslína samsíða hannaðri grunnlínu við 85% dýpt skipsins (0.85 D), miðskipa eins og skilgreint er í 205.




Mynd 201

202. **Fremri lóðlína** er þar sem stöðluð vatnslína sker innra borð stefnis-plötu. Sjá mynd 201.

203. **Lengd** skips (L) er lengd staðlaðrar vatnslínu milli aftari og fremri lóðlína. **Miðskipa** er við miðja lengd L. Sjá mynd 201.

204. **Breidd** (B) er mesta breidd innan lengdar L, mæld á ytri brún banda (mótuð breidd).



Mynd 204

205. **Dýpt** (D) er mótuð dýpt, mæld lóðrétt á staðlaða vatnslínu miðskipa frá efri brún þilfarsbita á aðalþilfari við byrðing að innri brún kjölplötu. Í skipum með stangarkjöl telst innri brún kjalar þar sem innri flötur byrðings sker stangarkjöl.

206. **Djúprista** (d) er mótuð djúprista mæld miðskipa að innri brún kjalar. Þegar ekki er sérstaklega farið fram á og samþykkt af siglingamálastjóra að takmarka djúpristu skipsins með hleðslumerki, er djúprista jöfn dýpt skipsins D notuð við styrkleikaútreikninga.

207. **Blokkstuðull** (C_b) er gefinn með eftirfarandi líkingu:

$$C_b = \frac{\nabla}{LBd}$$

þar sem: ∇ er rúmmál mótaðs særýmis (mælt á ytri brún banda)
d er viðeigandi djúprista mæld miðskipa á innri brún kjalar.

208. **Aðalþilfar** er venjulega efsta heila þilfarið með fastabúnaði til vatnsþéttrar lokunar á öllum opum, á óvörðu þilfari og neðan þess.

Ef þess er óskað, má siglingamálastjóri heimila, að þilfar neðan ofannefnds þilfars verði talið aðalþilfar að því tilskildu að það sé heilt að minnsta kosti milli vélarúms og skutþils og vélarúms og stafnþils og órofið þverskips. Sé neðra þilfar talið aðalþilfar, þá skal sá hluti bolsins sem er ofan þess, talinn yfirbygging.

Þegar aðalþilfar er lyft skulu öll mál, sem miðuð eru við aðalþilfar, mæld frá lægstu línu þilfarsins og framhaldi þeirrar línu dreginni samhliða efri þilfarshlutanum.

209. **Heilt þilfar** er þilfar, sem nær stafna á milli, órofið af öðru en vatnsþéttum lúgum, reisna- og stigaopum.

210. **Yfirbygging** er lokuð bygging á aðalþilfari, sem nær milli skipssúða, eða hliðar hennar eru ekki innar frá súð, en svarar 4% af breidd skipsins B.
Lokuð yfirbygging er yfirbygging með:

a) Endaþiljum og hliðum af fullnægjandi gerð.
b) Hurðum fyrir opum í þiljum, ef einhver eru, samkv. kröfunum í H 1502.
c) Körmum og þröskuldum ef einhverjir eru, samkvæmt kröfum í H 1525—1529.
d) Fullnægjandi veðurþéttum lokunarbúnaði fyrir öllum opum í hliðum endum eða þekju.

Lyft afturþilfar (raised quarterdeck) telst yfirbygging. Miðlyfting eða skutlyfting skal ekki talin lokuð nema áhöfninni sé séð fyrir aðgangi að vélarúmum og öðrum vinnurúmum innan þessara yfirbygginga með inngöngum, sem eru alltaf aðgengilegir þótt op í endaþiljum séu lokuð.
Yfirbyggingarþilfar er heilt þilfar, eða þilfarshluti eða þekja yfirbyggingar, þilfarshúss eða annarrar byggingar í ekki minni hæð en 1.8 metrar yfir aðalþilfari.

211. **Mótstöðuvægi** fyrir bönd, stífur og þilfarsbita skal reikna þannig að innifalin er platan, sem á er soðið, af sömu breidd og banda- eða stífubil en þó mest 600 mm.

3. gr.
Kjölur og stefni.

301. **Stangarkjölur:** Kjölstöng skal ekki hafa minna mótstöðuvægi um láréttan ás hornréttan við kjölinn, en tafla 1 dálkur 2 sýnir.


302. **Plötukjölur.** Plötukjölur skal vera 600 mm breiður í skipum 10 m að lengd og 1000 mm breiður í skipum 50 m að lengd. Breidd plötukjalar í skipum með lengd þar á milli skal fundin með beinu hlutfalli ($b = 10L + 500$). Þykkt plötukjalar skal vera 15% meiri en þykkt byrðings, sjá töflu 3.

303. **Stangarstefni.** Stefnisstöng skal ekki hafa minna mótstöðuvægi um ás hornréttan á miðflöt skipsins, en tafla 1 dálkur 4 sýnir.

304. **Plötustefni:** Stefnisplata skal vera 25% þykkri en byrðingsplöturnar næst stefninu samkvæmt töflu 3. Stefnið skal styrkja með láréttum gafllokum, sem ná minnst aftur að næsta bandi og skal vera flans aftan á þeim. Lóðrétt fjarlægð á milli gaflloka skal ekki vera meiri en 800 mm og þykkt þeirra 0.7 sinnum þykkt stefnisplötu. Plötustefnið skal ekki ná lengra niður en að vatnslínu skipsins þegar það er einungis með kjölfestu og fulla olíu- og vatnsgeyma, en þar fyrir neðan og að kili verði stangarstefni. Leggja skal stífu í framhaldi af stangarstefni upp að þilfari og skal mótstöðuvægi hennar vera helmingur af mótstöðuvægi stangarstefnis skv. 303.

305. **Afturstefni** (skrúfustefni) skal hafa mótstöðuvægi um langskipsás, sem er ekki minna en tafla 1 dálkur 6 sýnir. Þegar notað er ferstrent stál skal lengd þverskurðarins ekki vera meiri en 1.5 sinnum breidd hans.

Þegar stefnið er byggt úr plötum með eða án miðstangar (sbr. mynd 305) skal l, b og t vera í samræmi við töflu 1. dálk 8. Stefni úr steypustáli skal vera af samsvarandi styrkleika.




Mynd 305

306. Þykkt **skrúfunafar** (propeller boss) skal eftir borun í rétt mál ekki vera minni en 0.3 sinnum þvermál skrúfuássins.

307. Skrúfunöf og stefnisrör skulu fest við botnstokka á fullnægjandi hátt.

308. **Stýrisstefni** skal hafa mótstöðuvægi um langskipsás, eins og gefið er í töflu 2.

309. **Stýrishællinn** skal rísa í afturendann. Lágmarks ris miðað við grunnlínu, frá




Mynd 309

skrúfustefni (sjá mynd 309 A), skal ekki vera minna en: a = 4L, þar sem a er í mm og L í m. Minnsta mótstöðuvægi hælsins um lóðréttan ás við skrúfustefnið, skal vera eftir töflu 2 (A er flatarmál stýrisins í m^2, V er gang-hraði skipsins í hnútum og b er lengd hælsins í m. (Sjá mynd 309, A)

Mótstöðuvægið má minnka jafnt niður í 0.75 W við stýrisásinn. Mótstöðuvægið um láréttan ás hornréttan á miðlínu skipsins skal ekki vera minna en ⅓ af lóðrétta mótstöðuvæginu á hverjum stað.

310. Stýrishæll á skipi með eina skrúfu, skal dreginn 3 bandabil fram fyrir skrúfustefni en minnka hlutfallslega til samræmis við plötukjöl eða stangarkjöl sem tengist honum þar.

311. **Skutur skipsins** skal vera þannig lagaður, að aðstreymi vatnsins til skrúfunnar myndi eins lítið af hringiðu (eddies) og mögulegt er. Til þess skal stefnishornið framan skrúfunnar hafa minnsta mögulegan radíus og hornið vera tiltölulega lítið (sjá mynd). Forðast skal flata hluti, eða því sem næst flata í skut beint ofan skrúfunnar.



Mynd 311

Þrýstings-högg skrúfunnar á skipskrokkinn minnka venjulega við að auka skrúfurýmdina, en þó skal þess gætt, að jafnvel með góða rýmd geta höggin orðið talsvert sterk, ef skrúfan vinnur á óhagstæðan hátt með blöðru-flæði (cavitation) á yfirborði sínu. Fyrir Skrúfur, sem vinna á eðlilegan hátt með lítið eða miðlungs blöðruflæði (cavitation), eru eftirfarandi lágmarks-gildi fyrir skrúfurýmd gefin til leiðbeiningar og eftirbreytni:

312. **Einnar skrúfu skip.**

Þar sem D = 2 R = þvermál skrúfu
og Z = fjöldi skrúfublaða, og með tilvísun til meðfylgjandi myndar skal:
Rýmd a vera meiri en 0.1 D
Rýmd b vera meiri en (0.35—0.02 Z) D
Rýmd c vera meiri en (0.24—0.01 Z) D
Rýmd e vera meiri en 0.035 D

Sem dæmi um minnstu ráðlegar rýmdir eru eftirfarandi töflur gerðar fyrir ofangreindar formúlur.

TALA SKRÚFUBLAÐA 3

Þvermál skrúfu D mm.	a mm	b mm	c mm	e mm
500	50	145	105	18
750	75	218	158	26
1000	100	290	210	35
1500	150	435	315	53
2000	200	580	420	70
2500	250	725	525	80
3000	300	870	630	105

TALA SKRÚFUBLAÐA 4

Þvermál skrúfu D mm.	a mm	b mm	c mm	e mm
500	50	135	100	18
750	75	203	150	26
1000	100	270	200	35
1500	150	405	300	53
2000	200	540	400	70
2500	250	675	500	88
3000	300	810	600	105

Fyrir önnur þvermál en upp eru gefin má notast við línulega milligildun eða formúlurnar beint.

313. **Tveggja skrúfu skip.**
Þar sem D = 2 R = þvermál skrúfu
og Z = fjöldi skrúfublaða hvorrar skrúfu, skal rýmdin milli enda skrúfublaðs og skipsskrokks vera meiri en (0.30—0.01Z) D.

314. **Veltikjölur.** Þegar veltikjölur er settur á byrðing skal rafsjóða flatjárn á byrðinginn og síðan rafsjóða veltikjölinn á það. Hann skal skáskerast til beggja enda og séu endarnir á bandi.

4. gr.

Einfaldur botn: botnstokkar, miðkjölur.

401. **Botnstokkar.** Botnstokkar skulu vera á hverju bandi. Á efri brún botnstokka skal vera flans og má hann vera gerður á þann hátt að beygja plötukantinn, nema í vélarúmi og framan stafnþils, þó þarf ekki að hafa flans á botnstokkum í lestarrúmi, ef efri brún þeirra er algjörlega hulin steinsteypu, sem lögð er í botn skipsins.


402. Botnstokkar í stafn- og skuthylkjum skulu hafa sömu þykkt og aðrir botnstokkar utan vélarúms. Í skuthylki skulu botnstokkar ná vel yfir stefnisrör.

403. Dreggrásir og úrskurðir skulu tryggja gott aðrennsli gegnum botnstokka að soggreinum dælukerfis og loftstreymi að loftrörum geyma.

404. **Hæð** botnstokka og þykkt skal vera minnst eins og tafla 1, dálkar 9 og 10 sýna. Flansþversnið skal ekki vera minna en dálkur 11 í töflu 1 sýnir. Þykkt flansins skal aldrei vera minni en þykkt botnstokksins.

405. **Botnstokkar í vélarúmi** skulu vera 1 mm þykkri en aðrir botnstokkar og þversnið flansins 50% meira en dálkur 11 í töflu 1 sýnir. Sjá nánar í 13. grein um vélarundirstöður.

406. Ofan á kjölinn skal koma lóðréttur **miðkjölur** jafnhár botnstokkum, sjá töflu 1, dálk 12.



Mynd 404

407. Kjalbak skal vera ofan á miðkili. Þversnið kjalbaks, sjá töflu 1, dálk 13.
Sé skipslengd undir 25 m má sleppa miðkili en þá skal tvöfalda þversnið kjalbaks og sé það úr flatjárni skal það afstífað milli botnstokka.


408. **Hliðarkjölur** skal vera í skipum yfir 6 m að breidd. Hann má vera úr innskotsplötum af þykkt sem nemur 85% af botnstokkaþykkt og ná eins langt til endanna og fært er. Hliðarkjalbak skal hafa þversnið sem er 50% þess sem tafla 1, dálkur 13 sýnir.

5. gr.
Tvöfaldur botn.

501. Hæð innri botns skal vera eftir töflu 1, dálk 14.

502. Heill **miðkjölur** skal ná frá kili að innrabotni þykkt hans sé eftir töflu 1, dálk 15.

503. **Plötubotnstokkar** skulu vera á hverju bandi í vélarúmi og á fremsta fjórðungi lengdar. Ennfremur undir þverþiljum, stoðum og annarsstaðar þar, sem vænta má mikils þunga. Sé hæð þeirra yfir 900 mm skulu þeir afstífaðir eins og þil. Hvergi mega vera yfir 1800 mm milli plötubotnstokka.




Mynd 503

504. Þykkt plötubotnstokka skal vera eftir töflu 1, dálk 16. Plötustokkar í vélarúmi skulu vera 1 mm þykkri en botnstokkar samkvæmt töflu 1 dálk 10, sjá 405.

505. **Vatnsþéttir** heilir botnstokkar skulu vera undir v.þ. þilum og við enda botngeyma og skal þykkt þeirra vera 1 mm meiri en þykkt annarra plötubotnstokka.

506. **Grindabotnstokkar** skulu gerðir þannig að við miðkjöl og geymishlið, skulu vera stoðplötur, en á milli þeirra botnband og botnbiti (sjá mynd 506). Þykkt stoðplatna skal vera sú sama og þykkt plötubotnstokka, en breidd þeirra ⅔ af hæð innri botnsins eins og hún er ákveðin í 501. Rönd stoðplötunnar skal hafa 50 mm flans.

GRINDA BOTNSTOKKUR



Mynd 506

507. **Botnbönd** skulu hafa sama mótstöðuvægi og aðalbönd, eða stífur í þeim geymi, hvort sem hærra er.

508. **Botnbitar** skulu hafa mótstöðuvægi sem er ¾ af mótstöðuvægi í botn banda, þó ekki minna mótstöðuvægi en stýfur í geymisþilum, sjá töflu 8.

509. Skeyting botnbanda og botnbita við stoðplötur skal vera eins og skeyting banda við botnstokka (sjá 605).

510. **Geymishlið** skal vera af sömu þykkt og miðkjölur, sjá töflu 1, dálk 15.
511. **Innribotn** (geymisþak) skal vera 85% af þykkt miðkjalar.
512. **Hliðarkilir** úr innskotsplötum skulu vera í vélarúmi þegar breidd skipsins er meiri en 6 m sbr. 408.
513. **Mannop** skulu vera á innrabotni nægjanlega mörg til þess að komast megi að öllum geymunum og öllum rúmum þeirra. Opið skal styrkja með styrktarhring, lok boltað á og þéttað, þó skulu boltar ekki ganga í gegnum innri botninn.

Mannsmugur og handsmugur skal gera í plötubotnstokka og hliðarkili svo komast megi um allan geyminn. Mannop eða léttigöt má ekki gera í miðkjöl.

514. **Léttigöt.** má gera í plötubotnstokka, en þó má óskert efni hvergi vera minna en 200 mm frá brún, nema það sé bætt á fullnægjandi hátt.
515. Dreggrásir skal gera til þess að olía eða vatn nái að sogrörum dælukerfis og ennfremur skal sjá til þess að loft eigi greiða leið að loftrörum.
516. Þrýstireyna skal geymana með vatni með þeim þrýstingi, sem gera má ráð fyrir að þeir verði fyrir. Þrýstireyna skal áður en nokkuð er steypt í eða að þeim rúmum, sem reyna skal. Austurbrunna skal prófa með því að fylla þá af vatni.


6. gr.
Aðalbönd.

601. **Reglubandabil** fyrir þverskipsbönd er 500 mm. Mesta bandabil má þó vera sem hér segir:

Skip með L allt að 25 m bandabil ekki yfir 500 mm.
Skip með L 25—35 m bandabil ekki yfir 550 mm.
Skip með L 35—50 m bandabil ekki yfir 600 mm.

602. **Styrkleiki banda** reiknast eftir lengd þeirra. Mótstöðuvægi bands ásamt plötu og staðalstærðir eru sýndar í töflu 4.

W, er mótstöðuvægi í cm^3
s, er bandabil í m
l, er lóðrétt hæð frá efri brún á botnstokk að þilfari við byrðing á metrum. (Sjá mynd 602).




Mynd 602

603. Í skipum með hliðarbotngeymum í lest reiknast „l" frá efri brún á botnstokk í geymum. Í hágeymum mega bönd ekki hafa minni styrkleika en stýfur á

þiljum geymanna (sjá gr. 11). Í skipum með tvöföldum botni yfir alla breidd skipsins reiknast „l“ frá innri botni.

604. Aðalbönd skulu hafa endafestingar ofan og neðan.

605. **Skeyting banda við botnstokka.** Skörun bandsins við botnstokk skal vera samkvæmt mynd 605. Þar sem botnstokkur mætir bandinu kant í kant, skulu skeytin vera af sömu lengd og skörunin eða eins og sýnt er á mynd 605, b. Flans bandsins skal ná jafn langt niður og bandið, en má vera skásniðinn.




a = 2h, en skal ekki vera minna en 100mm og þarf ekki að vera meira en 250mm

$b = \frac{h}{2}$ Flans bandsins skal ná jafn langt niður og bandið og má vera skásniðið

Mynd 605

606. **Hnéplötur** við þilfar, sjá þilfarsbitar, málsgrein 903.

607. **Hnéplötur** við innri botn skulu vera nægjanlega stórar til þess að mynda sömu skörun og fyrir bönd við botnstokka án þess að skerða flans bandsins og skal flansinn vera minnst bandahæðin frá geymishlið. Þó skal efri brún hnéplatnanna aldrei vera neðan efri brúnar botnstokka eða innribotns. Þegar innri botninn er sléttur alveg út að byrðingi skal armlengd hnéplötunnar inn á innri botninn vera jafnlöng og armlengdin upp á bandið, sjá mynd 607.



a og h sjá mynd 605

Mynd 607

608. **Rammabönd** skal setja þverskips í vélarúmi á 4. hvert band og skal legghæð bandsins vera 20 l^2 (mm) og þversnið flansins vera 2 l (cm^2) þar sem l er lengd bandsins í metrum. Í skipum með L minni en 28 m má sleppa rammaböndum að því tilskyldu að mótstöðuvægi aðalbanda í vélarúmi sé aukið um 20%.

7. gr.
Byrðingur.

701. **Plötuþykktin** í byrðingi skal vera eins og sýnt er í töflu 3.

702. **Undir toggálgum.** Þegar fiskiskip eru byggð sem síðutogarar skal auka plötuþykktir byrðings undir toggálgum um 30% (miðað við plötuþykkt miðskips).

Á skipum þar sem L er 15—20 m er nóg að auka þykktina undir gálgum, um 1.5 mm.

Á skipum þar sem L er minna en 15 m þarf enga þykktaraukningu.

703. **Slitlistar.** Á báðar hliðar skipsins skal setja slitlista, sem fylgja sem næst þilfarslínunni (neðra þilfar á tveggja þilfara skipum), og ná stafna á milli. Neðan þessa lista skal vera minnst einn listi í hæfilegri fjarlægð og ná nægilega langt aftur og fram til að verja skipshliðarnar vegna viðlegu við bryggjur. Listarnir skulu vera úr hálfrúnnu stáli 75×37.5 mm á skipum sem lengri eru en 30 m, en 50×25 mm á minni skipum og vera soðnir á byrðing með heilli vatnsþéttri suðu.

Ef gálgar eru á síðum skips skulu listar vera fleiri undir gálgum og 1—2 m fram og aftur fyrir gálga.

Sama máli gegnir annarsstaðar þar, sem búast má við sérstöku sliti af toghlerum eða öðrum veiðibúnaði, og skal þar einnig setja sérstaka slitlista á ská á því svæði, þar sem búast má við sliti.

Í stað slitlista úr hálfrúnnu stáli getur siglingamálastjóri samþykkt aðra gerð slitlista.

704. **Skuttogarar.** Byrðingsþykkt skuttogara skal vera öll eins og sýnt er í töflu 3, dálki 3. Byrðingsþykkt á gafli skal vera eins og sýnt er í töflu 3, dálki 4 og ná fram eftir byrðing þar sem búast má við því að toghlerar komi við.

Slitlista skal setja þar sem vænta má slits af toghlerum.

Þykkt plötu í skutrennu skal vera eins og sýnt er í töflu 3, dálki 5.

705. **Ýmsar styrkingar.** Við akkerisvasa og annarsstaðar þar sem stærri op eða innskot eru tekin í byrðing skal auka plötuþykktir um 50%. Öll op skulu vera vel bogmynduð á hornum.

8. gr.
Styrking framan og aftan.

801. **Bönd.** Bönd í stafnhylki og skuthylki skulu hvergi hafa meira haf (mælt eftir bandabrún) en 2 m í stafnhylki og 3 m í skuthylki. Mótstöðuvægi bandanna fer eftir töflu 4. Bönd í stafnhylki og skuthylki skulu vera heilsoðin við byrðing, Sbr. töflu 19.

802. **Langbjálkar:** Þar sem böndin í framskipi myndu ella hafa meira haf en 2 m skal nálægt miðju bandanna setja langbjálka sem tengjast með hnéplötum, gaflloka að framan stafnþili að aftan. Þversnið bjálkans skal ekki vera minna en $A = \frac{1}{2} (L + 30)$ cm^2. Bjálkarnir skulu ná 0.1L aftur fyrir stafnþil, en þar mega þeir vera gerðir úr hnéplötum milli banda.

803. A öðru hvoru bandi í skut- og stafnhylki, skulu langbjálkarnir vera styrktir með þverskipsbjálkum úr L, I eða U-stöngum með þversniði $A = \frac{1}{4} (L + 30)$ cm^2.

9. gr.
Þilfarsbitar, stoðir og langbjálkar.

901. **Þilfarsbitar** skulu vera á hverju bandi á þilförum og geymisþökum.

902. **Mótstöðuvægi þilfarsbita** skal vera eins og sýnir í töflu 5.

l = haf bitans í m mælt frá skipshlið að langbjálka eða á milli langbjálka.

s = bandabil.

Um þilfarsbita yfir olíugeymum, sjá grein 1108 um stífur á þilum í hágeymum. Þilfarsbitar í vélarúmi í framhaldi af rammaböndum skulu gerðir á sama hátt og rammaböndin (sjá 608), þó þarf legghæðin aðeins að vera 75% af legghæð rammabandsins. Í skipum með L minni en 28 m má sleppa rammaböndum, en þá skal auka mótstöðuvægi bitanna í vélarúmi um 20%.

903. **Hnéplötur.** Þilfarsbitar skulu tengdir böndum með hnéplötum. Armlengd á hnéplötum inn fyrir bönd og niður fyrir bita skal vera 1.5 sinnum hæð þilfarsbitans. Skörun hnéplötu við hönd og bjálka sé minnst 30 mm.

Armlengd hnéplötu í mm	50	100	150	200	250
Þykkt hnéplötu mm	5,5	6,0	6,5	7,0	7,5
Flatarmál rafsuðu cm^2	3	6	10	14	19

Rafsuðan skal vera heil allan hringinn.

Kantsuða hnéplötu í stað skörunar er leyfð á annan kant eða báða, enda sé suðuflatarmáli haldið.

904. **Þilfarsbitar langskips.** Þegar þilfarsbitar eru hafðir langskips skal styrkleiki þeirra reiknast eins og fyrir þilfarsbita þverskips í gr. 902, en þar sem l = haf bitans í m, mælt milli þverskipabjálka eða þils.

905. **Stoðir.** Þvermál á stoðum úr stáli er sýnt í töflu 6. Þegar notað er ferstrent stál fæst hlið fernings með því að margfalda þvermál stál-stoðarinnar með 0.87. Þvermál stoða úr stálrörum skal vera 25% meira en sýnt er í töflu 6, og þverskurðarflatarmál minnst 60% af þverskurðarflatarmáli sömu stoðar.

906. **Langbjálkar.** Mótstöðuvægi og efnisstærðir eru sýndar í töflu 7. Bjálka skal tengja við hvern þilfarsbita og við þil eða stífur með hnéplötum.

Þegar bjálkar hafa legg, sem er meira en tvöföld legghæð þilfarsbitanna, skal styrkja bjálkann með veltihyrnum á öðru hvoru bandi.

Þegar skorið er úr bjálkaleggnum fyrir þilfarsbita, skal hæð þess óskorna vera jöfn bitahæðinni, en að öðrum kosti skal loka úrskurðinum. Úrskurði skal alltaf loka yfir og undir stoðum.

Þegar bjálkar bera aðra bjálka eða standa undir stoðum, skal auka styrkleika þeirra í hlutfalli við aukið álag.

907. Þegar skorið er úr bjálkum til þess að leggja þar í gegn rör eða kapla, þá skal setja styrkingu á gatrönd. Styrkingin getur verið flatjárnsflans innan í gatið eða tvöföldun á bjálkaleggnum eða flansinum. Óheimilt er að skera úr bjálkalegg yfir hnéplötum.

10. gr.

Þilför.

1001. **Þykkt stálþilfara** skal vera eins og greinir í töflu 3 dálki 6. Þar er ennfremur tilgreind þykkt þilfara yfir geymum. Þykktin í dálki 6, í töflu 3 á við aðalþilfar og milliþilfar ef eitthvað er. Þilför ofan aðalþilfars mega hafa minni þykkt en sýnt er í töflunni og má minnka hana um 10% við hvert þilfar ofan aðalþilfars. Undir vindum, pollum, gálgum, rúllum og ennfremur þar sem veiðarfæri dragast eftir þilfari eða annars aukins álags er að vænta, skal auka þykkt þilfarsplötu, en reyna að forðast ásuður, (að sjóða plötur ofan á þilfarið) sjá töflu 3, dálki 8.

1002. **Op í þilfari** skal styrkja með karmi og öll horn slíkra opa skulu hafa radíus minnst 50 mm. Forðast skal eftir megni að hafa stór op nær skipshlið en sem svarar 0.1B (1/10 af breidd skipsins). Sjá ennfremur H-1511 og 1512.

1003. **Lyfting þilfars.** Þar sem þrep myndast á þilfarslínu innan 0.5L miðskips, skal styrkja þilfarið sérstaklega. Langbjálkar skulu þá tengdir saman með stórum tengiplötum og út við byrðing skal neðra þilfarið af breiddinni 0.1B ná minnst tvö bandabil inn undir efra þilfarið. Þegar þrepið er á efsta heila þilfarinu skal auka þykkt efstu plöturaðar byrðings um 30% og á sú aukning að ná 3 bandabil fram fyrir og aftur fyrir tengisvið þilfarsins. Forðast skal of snöggar breytingar á þykkt byrðingsplatna.

1004. Timbur sem þilfar er klætt með skal vera gott og öll samskeyti þess bæði á á milli planka og við stál, skulu vera þéttuð með viðurkenndu tróði. Sé notað annarskonar slitlag á þilfarið skal stálið hreinsað vel. Þar sem slitlag á að enda á frjálsu þilfari skal rönd þess varin af flatjárnskanti sem soðinn er á **þilfarið.**

11. gr.

Vatnsþétt þil.

1001. **Fjöldi þilja.** Undir þilfari skulu vera minnst eftirtalin vatnsþétt þil:
a) **Stafnþil.** Það skal ekki vera nær fremri lóðlínu en 0.05L og ekki fjær henni en 0.08L. Þilið skal ná að aðalþilfari.
b) **Skutþil.** Við innri enda stefnisrörs skal vera þil sem nær upp að aðalþilfari.
c) **Vélarúmsþil.** Við fremri og aftari takmörk vélarúms skulu vera þil. Þilið við aftari mörk má vera skutþilið. Þilin skulu ná upp að aðalþilfari.

1002. **Þrýstinghæð.** Þrýstingshæðin, h, sem notuð er við ákvörðun efnisstærða skal vera sem hér segir:
a) Fyrir vatnsþétt þil er h hæðin frá neðri brún plötu og upp að efsta punkti þilsins, þegar þykkt plötu er ákveðin, en frá miðri stífu og upp að efsta punkti þilsins þegar efnisstærð stífu er ákveðin.
b) Fyrir þil sem takmarka geyma skal hæðin ná upp að opi loftpípu en neðri takmörk sömu og í a).
c) **Sjá gr. 16.**

1003. **Þykktin** á plötum í þilum og efnisstærðin á stífum er gefin í töflu 8.

1104. **Endatengingar á stífum.** Stífur á stafnþili, þilum geyma og þilum fiskilestar skulu hafa hnéplötur að ofan og neðan. Stífur á öðrum þilum skulu hafa hnéplötur að ofan og neðan nema stífan sé styttri en 2.5 m eða mótstöðuvægi hennar sé aukið um 30%.

1105. **Op í þilum.** Op má taka í þil, að undanskildu stafnþili, undir því þilfari sem djúprista skipsins er takmörkuð við. Þau op skulu hafa vatnsþéttar hurðir

eða loka og skal lokunarbúnaði stjórnað ofan þilfars og hann vera vel aðgengilegur.

1106. **Stafnþil og skutþil.** Op í stafnþil ofan aðalþilfars, skulu hafa vatnsþéttar hurðir, sem opnast fram á við. Rör sem liggja í gegnum stafnþil skulu hafa loka á þilinu og skal þeim loka stjórnað ofan aðalþilfars.

Þar sem stefnisrör gengur í gegnum skutþilið, skal auka þykkt plötunnar um minnst 50%.

1107. Þar sem þil eru ekki í sama fleti skal sá hluti þilfars, sem myndar hluta af þilinu, hafa að minnsta kosti sama styrkleika og þilið.

1108. Þverskips- og langskipsþil sem mynda geyma skulu uppfylla framangreindar kröfur eftir því sem við á. Ennfremur skulu bönd og þilfarsbitar sem falla inn á geyma vera að styrkleika eins og sýnt er í töflu 8 ef sá styrkleiki er meiri en styrkleiki banda og þilfarsbita annarsstaðar.

12. gr.
Yfirbyggingar og þilfarshús.

1201. **Yfirbyggingar.** Þykkt á hliðarplötum verði eins og sýnt er í töflu 3, dálk 6, þykkt byrðings til enda. Þykkt á þilförum yfir yfirbyggingum skal vera eins og segir í 1001.

Stífur á úthliðum skulu vera eins og sýnt er á töflu 4. Um þilfarsbita; sjá töflu 5 og tilheyrandi jöfnu.

1202. **Þilfarshús.** Efnismál eru gefin í töflu 9. Þegar framhlið þilfarshúss er framan við 0.5L skal auka efnisþykktir framþils um $\frac{X}{L}$ 40% og mótstöðuvægi á stífum um $\frac{X}{L}$ 400%, þar sem x er fjarlægð þils frá miðskipa. Ef hliðar hússins eru framan 0.5L skal auka efnisþykkt þeirra um 0.5 mm og mótstöðuvægið á stífum um $\frac{X}{L}$ 120%.

1203. **Þilfarshús úr áli:** Þegar þilfarshús er smíðað úr áli skal auka efnisþykkt miðað við stál um 10%, mótstöðuvægi á álstífum skal vera 30% meira en á stál stífum og tregðuvægi 150%. Ál yfirbyggingar skal jarðtengja.
Sjá G. 1006.

a) Ál notað við skipasmíðar skal hafa brotþol ekki minna en 27 kp/mm² við tog-álag.

Vegna þess, að mikil tæringarhætta er í skipum, skal velja til skipasmíða álblöndu, sem sameinar tæringarmótstöðu og styrkleika. (Efnablöndur úr AlMg hafa góða mótstöðu gegn tæringu af saltvatni og sjólofti, jafnframt sem magnesíum gefur áli hinn nauðsynlega styrkleika. Efnablöndur með allt að 3% Mg eru álitnar hafa bestu tæringarmótstöðuna, nægan styrkleika og sveigjanleika, og efnablöndur með meira Mg hafa aukinn styrkleika á kostnað tæringarmótstöðunnar og sveigjanleikans (stökkari). Er því stundum greint milli þessara tveggja flokka ál-blöndu fyrir skipasmíðar annars vegar álblanda með 1.5—3% Mg og hins vegar með meira en 3% Mg, venjulegast 3.5—5%.)

b) **Hnoðaðar samsetningar:** Í hnoðaðar samsetningar milli áls og stáls, eða milli tveggja hluta úr áli, skal nota álhnoð. Venjulega eru notuð köld hnoð og gefur það besta raun. Efni í hnoðunum skal hafa svipaða efnisblöndu og ál-efnið sem hnoðað skal saman, en þó er gert ráð fyrir að í hnoðunum sé heldur meira af Zn, Cu og Si, auk þess er ca. 0.3% Cr og

TAFLA 1

Meðalþykkt efnisins í mm	Hnoð-þvermál í mm ál-hnoð	Stærsta yfirstærð f.gat-þverm. í mm
4,0 - 5,0	9,5	1/4
5,0 - 6,5	11,0	1/2
6,5 - 7,5	13,0	1/2
7,5 - 8,5	14,0	1/2
8,5 -10,0	16,0	1/2

0.2 Ti. Til að gera hnoðin örlítið seigari. Aðrir eiginleikar hnoðanna skulu vera ca.: $K_{0,2} = 10$ kp/mm² og $K_B = 20$ kp/mm², lenging = 15%.

Við samsetningu á stáli og áli skal nota raf-oxideruð hnoð, og galvanhúðaða skífu skal leggja milli hnoð-haussins og stálsins. Auk þess skal leggja einangrunarefni, neoprene eða nylon milli stáls og áls, eins og rætt er hér fyrir aftan.

Þegar hnoðað er með köldum hnoðum, eins og venja er, skulu hnoðin fylla götin og vera bein, og bilið milli brúnar gatsins og hnoðsins skal ekki vera of stórt. Tafla 1 sýnir hnoðþvermál sem mælt er með og stærstu leyfilegu yfirstærð á gat-þvermáli fyrir hnoðið.

Lengd hnoðsins skal venjulega vera samanlögð þykkt þess, sem hnoða skal saman, plús 1.5 sinnum þvermál hnoðsins.

Ál hnoðin eiga að hafa kúptan eða niðurfelldan (undirsinkaðan) haus. Gatkanturinn rúnnast þar sem hnoð með kúptum haus kemur á, svo að skarpur kantur komi ekki á milli hauss og leggs á hnoðinu.

Úrsnörun fyrir niðurfellt hnoð á að mynda 80° horn og má ekki fara dýpra en það, að 1.5 mm af þykkt efnisins sé eftir. T. d. við 6.5 mm plötuþykkt má dýpt úrsnörunar ekki vera meiri en 5 mm. Fjarlægðin frá miðju hnoði út í brún á plötu, flatjárns eða vinkils, má ekki vera minni en 1.5

TAFLA 2

Samsetning:	Fjarlægð milli hnoða:
Stál við ál og önnur vatnsþétt samskeyti	4 x hnoðþvermál
Önnur plötusamskeyti	5 x hnoðþvermál
Stífur og bjálkar við plötu	6 x hnoðþvermál

og ekki stærri en 2 sinnum hnoðþvermálið. Ef fjarlægðin út í brún er stærri, er hætta á að þéttingin verði léleg. Lokkað gat er lélegra en vel borað gat, og borað og slípað gat er ávallt það besta.


Tafla 2 sýnir fjarlægð milli hnoða.

Hnoðuð þilför og húshliðar úr áli stemmast varlega á vanalegan hátt. Þó má aldrei stemma, þar sem stál og ál kemur saman vegna tæringarhættu.

c) **Boltaðar Samsetningar:** Reynslan hefur sýnt að hnoðun á samskeytum áls og stáls er ekki alls kostar góð, sérstaklega vegna tæringarhættu, og um alllangt árabil hafa því verið notaðar boltaðar samsetningar á áli og stáli, sem reynst hafa mun betur en hnoðaðar. Boltarnir eiga að vera úr stáli og heit-galvan-húðaðir eða rafkadmíum-húðaðir, róin sjálflæsandi. Þvermál boltanna og fjarlægð innbyrðis og frá samsetningarkanti á að vera sama og uppgefið er fyrir hnoð í kafla b hér fyrir framan. Milli stáls og áls skal einangra með neoprene eða nylon, eins og sýnt er á mynd 1, til að hindra galvaniska tæringarmyndun í álinu.

MYND 1

Einangrun á samskeytum milli áls og stáls




1 Skífa úr nylon
2 Sjálflæsandi stálró, heit-galvan- eða raf-kadmium-húðuð
3 Hulsa úr nylon eða neopren
4 Stál-skrúfa heit-galvan- eða raf-kadmium-húðuð
5 Pakkning úr nylon
6 Minnst 1.5 mest 2. sinnum þvermál skrúfbolta
7 Kítti (Fairprene sement nr.4 eða hliðstætt)
8 Pakkning nái ca 5 mm. út fyrir samskeyti

d) **Almennt um tæringarhættur í áli.**

Áhrif lofts, raka loftsins og sjávar eru óveruleg á þær álblöndur, sem notaðar eru við skipasmíðar, nema áhrifa annarra efna, t. d. annarra málma, gæti líka. Ef aðrir málmar, sem standa ofar í galvanisku efnaröðinni, eins og t. d. zink, stál, eir, nikkel, tin og blý, hafa beint samband við álið, getur orðið galvanisk tæring í álinu. Við þilfarshús úr áli eru oftast samsetningar áls og stáls, og ef þessir málmar komast í snertingu hvor við annan, eða báðir snerta samtímis sama vökvann, sem gæti verkað eins og rafvaki (electrolyt), t. d. sjór eða slagvatn, myndast rafstraumur á sama hátt og gerist í rafhlöðum milli tveggja póla. Þegar þetta gerist; eyðist sá málmur sem stendur neðar í galvanisku efnaröðinni, þ. e. álið, og getur á skömmum tíma tærst það mikið að göt myndast ef aðstæður eru fyrir hendi. Þess vegna er áríðandi að ganga frá samskeytum áls og stáls á góðan hátt. Dæmi um hvernig ál-hús skal festa við stálþilfar er sýnt á **mynd 2.**

Ál-platan skal vera á úthliðinni, svo að raki geti ekki safnast við sam-

MYND 2.



skeytin. Bolta-sambandið skal vera einangrað og á milli stáls og áls sett neopren eða nylon millilegg. Þar að auki eru raufar þéttaðar með sérstöku viðurkenndu kitti.

Við það að galvan-húða eða mála stálið með málningu, sem inniheldur zink, er unnt að seinka tæringu stálsins og álsins. Sú einangrun, sem um getur hér á undan, má ekki vera rafleiðandi og ekki heldur geta dregið í sig raka. Neopren-dúkur er viðurkenndur. Kíttið á að hafa sömu eiginleika og Neoprenið og má alls ekki þorna.

Hluti úr öðrum málmi en áli má aldrei festa beint á þil eða þilför úr áli. Þetta gildir einnig um hluti úr áli, sem hafa aðra efnasamsetningu en álblanda þilsins eða þilfarsins. Þannig þarf t. d. venjulega að einangra gluggaramma mjög vandlega frá ál-plötum stýrishúss, því rammarnir hafa oftast aðra efnablöndu.

Tréþilfar, sem lagt er á álþilfar, þarf að málast tvisvar með ál-málningu. Einnig skal setja lag af sýrulausu asfalti á milli trésins og álsins. Húðun með plastsementi eða þvílíku, sem notuð er í staðinn fyrir tréþilfar, má ekki innihalda klorid. Bursta skal og hreinsa álþilfarið áður en það er húðað og nota skal ryðfría stálbursta. Sérstaklega þarf að hafa gát á, að rafleiðslur séu ekki settar beint í álþil án nauðsynlegrar einangrunar. Krika og skot þar sem erfitt er að komast að þarf að fylla með kítti (massa). Áður en nýjar álplötur eru málaðar, þarf að hreinsa vandlega af þeim óhreinindi og fitu. Við það er hægt að nota þvottaefni (fituhreinsandi eða trikloretylen) og síðan skal skola með vatni. Fletir, sem liggja saman, ál við ál, málist með zinkkromat (grunnur) áður en samsetning fer fram. Allir aðrir fletir grunnist með zinkkromat. Næstu áferðir málningar mega ekki innihalda blý eða blýsambönd, ekki heldur aðra þunga málma eða sambönd þeirra (t. d. tin, nikkel, kadmium eða járn.)

1204. Hné við skipssíðu í yfirbyggingum skulu að armlengd vera 1.5 sinnum bitahæðin eða banddýptin, hvort sem meira er.

Á innþil yfirbygginga við þak þarf ekki hné að utanverðu, ef þilfarsbitinn gengur gegn um þilið óskorinn eða aðeins flansinn er skorinn en soðinn í þilið á báða vegu. Stífu skal þó tengja þilfarsbita með hné.

Neðri enda millibilfarsbanda og innbila má tengja undirliggjandi þilfari með heilsoðnu flatiárni á rönd sem liggur langs með þilinu. Flatiárnið sé ekki þynnra en þilfarið og ekki lægra en flansbreidd stífu eða bands, en aldrei undir 12.5 sinnum þykktin. Slík tenging er ekki leyfð á framhlið yfirbygginga né þilfarshúsa.

1205. **Vélareisn.** Vélareisn á óvörðu þilfari skal hafa sömu efnisþykktir og þilfarshús og mótstöðuvægi á stífum það sama, ef reisnin er af sömu hæð og þil-

farshús. Þegar reisnin er lægri en þilfarshús má minnka mótstöðuvægið í hlutfallinu $\frac{l^2}{4.4}$ þar sem l = lengd stífunnar, þó skal mótstöðuvægið aldrei vera minna en mótstöðuvægið í stífum í næsta húsi fyrir ofan. Varðandi op að vélarúmi sjá H-1509 og 1510.

1206. **Neyðarútgangar.** Eftir því sem við verður komið skal, auk aðalniðurgangs, hafa neyðarútgang úr vélarúminu eins langt frá aðalniðurgangi og unnt er, skal þetta metið af Siglingamálastofnun hverju sinni. Hafi skip tvö heil þilför skal vera neyðaútgangur úr íbúðum.

13. gr.
Vélaundirstöður.

1301. **Vélaundirstöður** aðalvéla og hjálparvéla skulu vera sterkar og í samræmi við vélarstærð. Vélaundirstöður skulu rafsoðnar við bol skipsins og gerðar af lóðréttum plötum, langskips og þverskips. Ofan á þær komi flansar og skal flansinn sem vélin situr á ekki vera þynnri en 15 mm en þarf ekki vera þykkari en 30 mm fyrir vélar allt að 1200 hestöflum. Allar vélar skulu standa á undirstöðum og engir boltar skulu ganga í gegn um innribotn eða geymaþök.

Botnstokkahæð má í sértilfellum lækka í ⅔ af regluhæðinni en þá skal tvöfalda flansþverskurðinn samkvæmt grein 404. Þrýstileg skal hafa soðna stoppklossa bæði aftan og framan. Þverskurður rafsuðu skal þola allt átak skrúfu og vélar. Þetta gildir einnig um vélar ef þær hafa innbyggt þrýstileg.

14. gr.
Lúgur, op í skipssúð, vatnsþéttar, hurðir, kýraugu, loftrör og lofthafar.

1401. **Lúgur.** Sjá H 1503—1508.

1402. **Lúgukarmar.** Hæð lúgukarma sjá H-1525. Styrkleiki lúgukarma skal vera þannig að efnisþykkt sé sú sama og þykkt byrðings innan 0.5 L og af stífing þeirra skal metin eftir lengd og hæð karmanna. Karmar lægri en 600 mm og styttri en 2 000 mm þurfa almennt ekki afstífingar við.

1403. **Op í skipssúð.** Sjá H-1519—1520.
Sjá ennfremur Siglingamál, rit Siglingamálastofnunar ríkisins um staðlaðar gerðir hurða.

1404. **Veðurþéttar hurðir.** Sjá H-1502 og H-1527.

1405. **Kýraugu. Sjá H-1516—1518.**

1406. **Loftrör og lofthafar.** Sjá H-1515, 1528 og 1529.

15. gr.
Skjólborð, austurop og frárennsli.

1501. **Skjólborð** skulu hafa efnisþykkt sem er 80% af byrðingsþykkt, sjá töflu 3, dálk 2, og hafa stoð á öðru hvoru bandi.

Gæta skal þess að stoðin komi rétt yfir þilfarsbita. Við gálga skal skjólborð hafa sömu þykkt og byrðingur og hafa stoð á hverju bandi. Sjá einnig H-1701.

1502. **Handrið. Sjá H-1701—1705.**

1503. **Austurop. Sjá H-1601—1608.**

1504. **Frárennsli o. fl.** Sjá H-1521—1524.

16. gr.
Lestarbúnaður.

1601. **Lestarborð og lestarstoðir.** Sjá H-1801—1820.

1602. Föst stálþil í lest ætlaðri fyrir lausan fisk, loðnu eða síld, skulu staðsett sem hér segir. Ef breidd skipsins er 6 metrar eða minni, skal vera eitt langþil í lest og a. m. k. tvö langþil ef breiddin er meiri en 6 metrar. Fjarlægð milli langþilja og milli langþils og skipssíðu skal hvergi vera meiri en 3 metrar. Langþil skulu vera samhverfa um miðlínu. Fjarlægð milli þverþilja skal ekki vera meiri en 9 metrar.

1603. Langþil í lest, ef tvö eða fleiri, og þverþil, skulu útreiknuð fyrir einhliða álag.

1604. Þykktin á plötum í þiljum og efnisstærðir á stífum skal vera samkvæmt töflu 8, vatnsþétt þil í geymum.

1605. Þrýstingshæðin, h, sem notuð er við ákvörðun efnisstærð skal vera sem hér segir:

a) Skip með eitt þilfar. Þegar þykkt plötu er ákveðin mælist h frá neðri brún plötu að efstu brún þilsins, eða lestarkarms ef hann er hærri en 600 mm. Þegar efnisstærð stífu er ákveðin mælist h frá miðri stífu og að efstu brún þilsins, eða lestarkarms ef hann er hærri en 600 mm.

b) Fyrir skip með tvö þilför og lúgustokk á milli þilfara, mælist hæðin h að efstu brún lúgukarms á efra þilfari. Neðri mörkin verða þau sömu og í a).

c) Fyrir skip með tvö þilför, og hefðbundna lúgukarma á milliþilfari.

Ef ástæða er til að ætla að skipið flytji lausan farm, síld eða loðnu, í lest og á milliþilfari með milliþilfarslúgur opnar, skal mæla hæðina h eins og í b) annars skal hún mæld eins og í a).

1606. Stífur skulu hafa hnéplötur í báðum endum.

1607. Lausir stál- eða álhlerar í lestarþilum skulu vera af lokaðri gerð, með láréttum stífum. Holrúm í stálhlerum skal ryðverja.

1608. Plötuþykkt í stálhlerum skal vera sú sama og fyrir föst stálþil. Sjá gr. 1604. Plötuþykkt álhlera skal vera 20% meiri en fyrir stálhlera.

1609. Mótstöðuvægi stífa í stálhlerum má finna með því að margfalda mótstöðuvægi stífa í geymum í töflu 8 með 1.4 eða reikna það út frá eftirfarandi jöfnu.

$$W = 7\ l^2\ sh\ cm^3.$$

Þar sem l = lengd stífu í m.
h = þrýstingshæð sjá 1605.
s = stífubil í m.

Mótstöðuvægi álstífa skal vera 1.5 sinnum mótstöðuvægi stálstífa.

1610. Spordýpt fyrir lausa hlera skal minnst vera 65 mm, en þó ekki minni en sem nemur þykkt hlerans.

Veltihné skulu vera á sporum með mest eins metra millibili.

Efnisþykkt í sporum skal vera minnst 10 mm.

1611. Snertifletir áls og stáls skulu einangraðir til að hindra „galvaniska" tæringu.

17. gr.
Stýri, stýrisbúnaður.

1701. Reglur þessar eru miðaðar við jafnvægisstýri (balansstýri) með beinum stýrisás, beint fyrir aftan skrúfu. Fyrir stýri af öðrum gerðum tekur Siglingamálastofnunin afstöðu til styrkleikans hverju sinni.

1702. **Flatarmál stýris** verður að vera nægjanlegt til þess að tryggja skipinu nauðsynlega stýriseiginleika og ætti ekki að vera minna en fæst út frá eftirfarandi töflu:

L/B	5	4,5	4,0	3,5	3,0
A = í % af L x D	2	2,23	2,56	3,04	3,78

Flatarmál stýris fyrir framan snúningsás, ætti ekki að vera meira en 0.23 A m².

A = Stýrisflatarmálið í m².

Fyrir milli stærðir reiknast flatarmálið í beinu hlutfalli. Einnig má reikna stýrisflatarmálið út frá líkingunni:

$$A = \frac{Ld}{100} [1 + 25 \ (\frac{B}{L})^2] \ m^2.$$

1703. **Stýriskraftur:** Stýri með tilheyrandi hlutum fyrir upphengi og hreyfingu, reiknast út frá stýriskrafti samkvæmt töflu 10.

1704. Stýrið skal vera tvöfalt plötustýri með lóðréttum og láréttum stífum milli platnanna. Fjarlægð milli stífa skal mest vera 500 mm. Fyrir skip styttri en 15 metrar má stýrið þó vera einfalt plötustýri, en mótstöðuvægi þess, um láréttan ás eftir miðlínu stýrisins skal ekki vera minna en:

$$W = \frac{Nb}{80} \ cm^3.$$

N = Stýriskraftur í tonnum

b = Fjarlægðin frá miðri skutlegu í miðja hællegu mæld í millimetrum.

Við útreikninga á mótstöðuvægi stýrisins skal aðeins reiknað með 40% af lengd þess. Lengd stýris sjá töflu 10.

1705. **Plötuþykktir:** Hliðar, topp- og botnplötur skulu hafa þykkt samkvæmt töflu 11 a, dálkar 2—7. Þykkt stífa skal minnst vera 70% af þykkt hliðarplatna. Ef stýrið er einfalt plötustýri skal þykkt plötunnar minnst vera:

$Þ_h$	45	50	55	60	65	70	75	80
Plötuþykkt	10	10,5	11	11,5	12	12,5	13	14

$Þ_h$ = Þvermál stýrisláss við skutlegu. Sjá 1709. Ef mótstöðuvægi plötunnar fullnægir ekki kröfunum í 1704, má auka mótstöðuvægið með styrkingum (t. d. hálfu röri) sitt hvoru megin á plötuna.

1706. **Rafsuða:** Þar sem kverksuðu verður ekki við komið, skal sjóða hliðarplöturnar með tappasuðu við mest 50 mm breitt flatjárn sem soðið er utan á stífurnar.

1707. **Prófun:** Stýrið þrýstiprófast með yfirþrýstingi P = 0.5 kp/cm², húðist síðan að innan með ryðvarnarefni eða fyllist með olíu.

1708. **Aftæming:** Stýrið skal hafa tappa til tæmingar eftir þrýstiprófun eða leka. Tappar skulu hafa tryggar þéttingar.

1709. **Stýrisás:** Þvermál stýrisáss við stýrisvél skal vera samkvæmt töflu 11 a dálkum 8—15. Þvermál stýrisássins skal aukast jafnt frá stýrisvél að skutlegu.


Þvermálið við skutlegu skal vera minnst: $Þ_h = kÞ_b$

$Þ_b$ = Þvermál stýrisáss við burðarlegu. k finnst í töflu 12.

1710. **Stýrislás:** Á stýrisásinn milli stýris og skutlegu skal koma fyrir úthúnaði (t. d. hring) sem hindrar að stýrið geti lyfst, hrokkið úr hællegunni eða skemmt stýrisvél.

1711. **Þétting:** Við efri enda á stýrisásröri, sem næst stýrisvél og helst yfir sjólínu, skal koma fyrir þéttingu á stýrisásinn, til þess að hindra að sjór komist í stýrisvélarúmið.

1712. **Stýrisástengi:** Lárétt flanstengi milli stýris og stýrisáss skal hafa passbolta samkvæmt töflu 13a, dálki 2—5. Flansþykkt skal vera minnst 0.9 sinnum boltaþvermálið. Efnisþykkt utan við boltagötin skal minnst vera ⅔ af boltaþvermálinu. Stýrisás með ásoðnu flans-tengi skal hafa suðurauf eins og sýnd er á mynd 1712, og forhitast fyrir suðu ef efni krefst slíks.




Mynd 1712

1713. **Hællega:** Þvermál hæltappans og leguhæð er sýnt í töflu 11 b. Lögun tappans má vera eins og sýnt er á mynd 1713. Aðrar útfærslur eru háðar mati Siglingamálastofnunarinnar hverju sinni.
Stærðir skulu ekki vera minni en hér segir:

$$Þ_g = 0{,}8\ Þ_k$$

$$Þ_m = 1{,}2\ Þ_k$$

$$h_m = 0{,}5\ Þ_k$$



Mynd 1713

Þykkt tappafestingar (h) skal vera jöfn regluþvermáli tappans ($Þ_t$). Meðal efnisþykkt utan við tappagat skal ekki vera minni, en 50 % af tappaþvermálinu. Kónn skal ekki vera brattari en 1:5.

1714. **Skutlega:** Leguhæð finnst í töflu 11 c. Skutlegunöfina skal sjóða við botnstokk og miðkjöl (kjölplötu) í skutnum. Miðkjölurinn og botnstokkurinn skulu hafa sömu hæð og venjulegir botnstokkar eftir töflu 1, en þykktin skal vera 2.5 mm meiri. Efnisþykkt skutlegunafar skal vera $t = 15 + 0.1Þ^h$ (mm)

$Þ_h$ = Stýrisásþvermálið við skutleguna í mm.

1715. **Burðarlega:** Senda skal inn teikningu af burðarlegu, ásþétti og fyrirkomulagi í stýrisvélarrúmi.

1716. **Stýrisvél.** Öll skip lengri en 15 m, skulu búin vélknúinni stýrisvél, að viðurkenndri gerð. Sjá F 79—82.

1717. **Stýrissveif.** Ytra þvermál stýrissveifarnafar er sýnt í töflu 13 b, dálki 2. Hæð nafar sé lík þvermáli ássins $Þ_h$ Um gildleika stýrissveifar; sjá töflu 13 b, dálki 3. Ef nöfin er samsett skal boltaþvermál og plötuþykkt vera samkvæmt töflu 13 b, dálki 4—8, en ósamsett nöf skal heilþrykkt á ásinn (krumpuð) og í báðum tilfellum tryggð með hæfilegum kíl afrúnnuðum á köntum og endum.

1718. **Efnisgæði:** Kröfurnar um þvermál stýrisáss og bolta eru miðaðar við stál með brotþol 44 kp/mm². Ef notað er efni með hærra brotþol má minnka þvermálið, með því að margfalda regluþvermálið með stuðlinum „F", í töflu 14.

1719. **Varastýrisbúnaður:** Öll skip skulu búin vara stýriskerfi eða öðrum útbúnaði til stjórnar á skipinu, ef aðal stýrisbúnaður bilar. Útbúnað þennan skal vera hægt að tengja á fljótan og auðveldan hátt. Sé stýrisvél rafdrifin skal hún búin tvöföldu rafkerfi eða rafkerfi og vökvadrifnu neyðarkerfi.

1720. Fjarstýring stýrisvélar skal vera auðveld í notkun og stjórnörmum eða hnöppum þannig fyrirkomið að hreifing arms sé í það borð sem skipið skal beygja í, eða að þrýst sé á hnapp nær því borði sem beygja skal í. Óheimilt er að setja stjórnarm þannig að hreyfing hans sé langskips.

Séu fleiri en einn stýrisarmur virkir í einu skal vera hægt að sperra þá sem ekki eru í notkun fyrir óviljandi snertingu.

1721. Varahlutir fyrir stýrisvél verða ákveðnir sérstaklega fyrir hverja tegund.

1722. **Stýrisvísir** skal vera í stýrishúsi á skipum 20 m og lengri.

18. gr.

Möstur og bómur.

1801. Grein þessi fjallar um möstur, bómur og gálga til notkunar við fiskveiðar eða fermingu og affermingu skipsins. Gert er ráð fyrir að notaþungi bómu sé ekki meiri en 10 tonn. Engar reglur eru gefnar hér um gerð eða styrkleika fiskveiðibúnaðar sem ekki skoðast sem hluti af skipinu, svo sem blokkir, víra, lása og því um líkt, en miðað skal við að allir liðir fiskveiðibúnaðar séu sem líkastir að styrkleika og að sá hluti, sem öryggis vegna best má við því, gefi sig fyrst, eins og t. d. togvír við togveiðar.

1802. Teikningar skal senda inn til samþykktar, af möstrum, bómum og gálgum með sem fyllstum upplýsingum um efnisstærðir og efnisgæði, sem og vírastærðum og væntanlegu álagi, eða mesta leyfilegu álagi sem æskt er samþykktar fyrir.

1803. Möstur og gálgar skulu vandlega festir við skipið, möstur venjulega við tvö þilför eða þilfar og þilfarshús eða yfirbyggingu.

1804. Styrkur þilfars skal vera nægjanlegur til að taka við láréttum kröftum sem hljótast af festingum masturs eða gálga við það. Þilfar skal því styrkt við festinguna með þilfarsplötu, þykkari en þilfarsplötu annars. Þykkt þessarar plötu skal ekki vera minni en þykkt þilfars undir vindum, sjá töflu 3, dálk 8, eða efnisþykkt masturs eða gálga við festingu, og hafa skal þá þykkt sem meiri er. Einnig skal styrkja með stífum milli bita eins og með þarf.

1805. Styrkur þilfars undir mastri eða gálga og nærliggjandi skipshluta skal vera nægur til að taka við lóðréttum kröftum sem hljótast af mastri eða gálga. Því er mælt með að setja mastur eða gálgafestingu yfir þil þegar þess er kostur, og styrkja þilið á þeim stað eins og með þarf. Annars skal styrkja eða byggja undir bita eða bjálka sem mastrið eða gálgafestingin stendur á.

1806. Styrkja skal mastur eða gálga með innri þverplötu eða tvöföldun að utan þar sem bómustóll, blakkarhengi eða stög eru fest.

1807. Efnisþykkt skal ekki vera minni en 6 mm í mastri eða gálga og 5 mm í rörstagi en þvermál vír-stags ekki minna en 20 mm.

1808. Hringlaga sjálfstandandi mastur sem ekki er stagað skal við sérhvern þverskurð hafa hlutfallið:

$$\frac{Þ}{t} \leq 75.$$

Þ = þvermál masturs, utanmál mm.
t = efnisþykkt masturs mm.

1809. Sjálfstandandi mastur með ferkantaðan þverskurð skal við sérhvern þverskurð hafa hlutfallið:

$$\frac{b}{t} \leq 50$$

b = lengd hliðar masturs, utanmál mm.
t = efnisþykkt masturs mm.

1810. Mótstöðuvægi sjálfstandandi óstagaðs masturs skal við bómustól ekki vera minna en:

$$W = 100 \quad P l_B \quad cm^3$$

P = notaþungi bómu tonn.

l_B = lengd bómu m.

Mótstöðuvægi mastursins skal ekki vera minna en að ofan getur niður að neðstu festingu. Mótstöðuvægi og þvermál masturs má minnka jafnt frá bómustól og upp að blakkarhengi þar sem þvermál skal venjulega ekki vera minna en 0.6 Þm, þar sem Þm er meðal-efnisþvermál masturs við bómustól.

1811. Stagað mastur skal hafa hlutfallið:

$\frac{Þ}{t} \leq 60$ þar sem þ og t er skilgreint í 1808.

1812. Stagað mastur skal hafa mótstöðuvægi við bómustól ekki minna en:

$$W = \lambda k \; Bl_B \; cm^3$$

Þar sem P og l_B er skilgreint í 1810, en gildi fyrir stuðlana λ og k eru í töflum 15 og 16, sem föll af α, β og γ

Þar sem: $\alpha = \frac{Þ_m}{H}$, $\beta = \frac{Þ_m}{t_s}$, $\gamma = \frac{Þ_m}{U}$

$Þ_m$ = meðal-efnisþvermál masturs við bómustól, mm.

H = Lóðrétt hæð frá efstu innfestingu masturs að stageyrum við blakkarhengi, m.

t_s = Efnisþykkt masturs við bómustól (tvöföldunarplata, ef er, telst ekki með), mm.

U = Hin minni af eftirfarandi summum: (sjá mynd 1812).


$$\Sigma \frac{S}{l} \left(\frac{l_x}{l}\right)^2 \text{ og } \Sigma \frac{S}{b} \left(\frac{l_y}{l}\right)^2$$

S = Þverskurðarflatarmál efnis stagsins, cm^2.

l = Lengd stagsins, m.

l_x = Langskipshnit þilfarsfestingar stagsins frá mastursmiðju, m.

l_y = Þverskipshnit þilfarsfestingar stagsins frá mastursmiðju, m.



Mynd 1812

1813. Stöguð möstur sem ekki hafa hringlaga þverskurð, skulu hafa tilsvarandi styrk og að ofan getur.

1814. Möstur af sérstökum gerðum, svo sem tvífætur skal reikna út og hanna sérstaklega og senda skal útreikningana inn til samþykktar. Miðað er við að stærsta spenna (sameinuð spenna frá stöðugu álagi) sé ekki meiri en 1100 kp/cm^2.

1815. Bómur skulu hafa hringlaga þverskurð. Þær má greina úr miðstykki og einu eða fleiri mjórri endastykkjum til hvers enda. Miðstykki bómunnar skal hlíta eftirfarandi skilyrðum:

$$\frac{P_b}{A} \leq 0.5 \text{ tonn/cm}^2, \quad I = 2.35 l_B^2 P_b \text{ cm}^4$$

Þar sem:

P_B = bómukraftur (þrýstikraftur) tonn, sjá töflu 17.

A = þversnið bómu, cm^2.

l_b = lengd bómu, m.

I = tregðuvægi þverskurðar um mið-ás.

1816. Miðað við að lengd miðstykkis sé 0.6 l_B eða lengri skal þversnið endastykkja ekki vera minna en 70% af þversniði miðstykkis (0.7A) og tregðuvægi endastykkis eigi minna en 40% af tregðuvægi miðstykkis, (0.4I). Lengd miðstykkis má vera styttri en 0.6 l_B en þá skal senda inn til samþykktar sérstaka útreikninga fyrir efnismál og þykktir endastykkja.

1817. Efnismál og þykktir í gálga skal ákveða með beinum útreikningum og skal venjulega miða við það álag, sem gera má ráð fyrir við notkun. Skal þá rita á teikningu stærð og átt þess krafts eða þeirra krafta, sem samtímis geta verkað á gálgann og, sem teikningin óskast samþykkt fyrir. Á þennan hátt skal stærsta spenna (sameinuð spenna) frá stöðugu álagi ekki verða meiri en **1100 kp/cm²**.

1818. Með tilliti til þess, að oft er erfitt að gera sér grein fyrir raunverulegu álagi, má miða við að sá hluti, sem öryggis vegna, best má við því, gefi sig fyrst. Þ. e. togvír við toggálga. Skal þá stærsta spenna sem hlýst af krafti, sem er jafn hálfu brotþoli vírsins, eða víranna ekki vera meiri en 1100 kp/cm².

1819. Hlutföllin $\frac{Þ}{t}$ eða $\frac{b}{t}$ fyrir gálga skulu hlíta þeim reglum sem gefnar eru í 1808 og 1809 fyrir óstöguð möstur.

1820. Vegna óvissu um raunverulegt álag á gálga við notkun, skal vakin athygli á því, að reyna að gera sér sem best grein fyrir verkandi kröftum, stöðugum sem breytilegum, við hönnun gálga, festingar þeirra við skipið og styrkinga þilfars og stögunnar ef er.

19. gr.
Búnaður.

1901. Hvert skip annað en opnir bátar, skal búið akkerum, akkeriskeðjum, akkerisvindum, dráttartaug og landfestum í samræmi við eftirfarandi kröfur:

1902. Stærðir, lengdir og þyngdir, sjá töflu 18.

1903. Búnaðartalan er fundin með svohljóðandi reglu:

$$N = 0.8B \sqrt{L\,d} + H(2B + 0.005\,L)$$

H = Hæð frá vatnslínu að efstu brún þeirra þilfarshúsa, sem eru á breidd meir en fjórðungur mestu skipsbreiddar (B/4). Þegar þilfarshús breiðara en B/4 stendur á öðru húsi, sem er mjórra en B/4, skal sleppa hæð mjórra hússins, en telja hæð þess breiðara.

Skjólborð, sem eru hærri en 1.5 metri eru reiknuð með í H.

Á fiskiskipum allt að 20 metra L, má sleppa stýrishúsi, sem er minna en helmingur af B á breidd og minna en L/6 á lengd og mælist þá H að efsta punkti byrðings eða reisnar, ef hún er lengri en L/6 og hærri en efsti punktur byrðings.

1904. **Akkeri.**

a. Akkeri skulu vera af viðurkenndri gerð, prófuð og með vottorði frá stofnun viðurkenndri af Siglingamálastofnun ríkisins.

b. Haus stokklausra akkera skal vera minnst 60% af heildarþunga þeirra.

c. Þyngd stokksins á stokkakkerum skal vera 20% af heildarþunga akkerisins.

d. Þyngd akkera má víkja 7% frá þeirri þyngd, sem gefin er í töflunni, svo framarlega, sem heildarþyngdir á báðum akkerum nær töflugildinu. Akkeri sem eru viðurkennd sem akkeri með miklu haldi, mega vera allt að 25% léttari, en þau sem talin eru í töflunni.

1905. **Akkeriskeðjur.**

a. Akkeriskeðjur skulu vera af viðurkenndri gerð, prófaðar og með vottorði frá stofnun, viðurkenndri af Siglingamálastofnun ríkisins.

b. Keðjurnar skulu vera stólpakeðjur. Þó má nota stutthlekkjakeðjur fyrir skip með búnaðartölu allt að 130, ef þvermál keðjuhlekksins er aukið um 2 mm upp að 13 mm keðju, annars um 20%.

c. Fiskiskip með búnaðartölu allt að 130, mega að nokkru leyti, nota vír með jafnmikið brotþol í staðinn fyrir keðjur, en verða þó að hafa við hvort akkeri, minnst 27.5 m keðju af þvermáli, sem þessar reglur segja til um. Sé notuð styttri keðja, skal auka þvermál hennar þannig, að keðjuþyngd við hvort akkeri verði ekki minni en þyngd 27.5 m keðju með því þvermáli, sem skipið skal hafa samkvæmt þessum reglum.

d. Sérstálkeðjur mega vera grennri eftir ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins hverju sinni.

1906. **Endurnýjun.**

Þegar akkeriskeðja eða hluti hennar er orðinn slitinn eða tærður svo að meðalþvermál er minna en 90% af kröfðu þvermáli, skal endurnýja þá hluta, sem svo hafa rýrnað. Sé um pyttryðgun eða pytttæringu að ræða skal skoðunarmaður meta rýrnunina hverju sinni.

1907. **Dráttartaug og landfestar.**

Dráttartaugar og landfestar mega vera úr vír, hampi, kokos (grastóg), manila, sisal eða gerviefnum (polyamid, polyester og polypropylen), svo framarlega sem kröfum í töflu 18 um brotþol er fullnægt og Siglingamálastofnun ríkisins viðurkenni gerð og gæði.

Til þess að öðlast viðurkenningu skal prófun á brotþoli fara fram í stofnun, sem Siglingamálastofnun ríkisins viðurkennir og sýnishorn og upplýsingar sendast til Siglingamálastofnunar ríkisins.

1908. **Pollar og kefar.**

Á öllum skipum skulu vera pollar til festingar skips og nauðsynlegir kefar. Pollar, kefar og undirbygging þeirra skal vera svo að styrkleika að það standist vel brotþol landfesta og a. m. k. einn polli á framskipi skal vera nægjanlega sterkur til þess að standast brotþol dráttartaugar.

1909. **Akkerisvindur.**

a. Skip með búnaðartölu undir 30, þurfa ekki að hafa akkerisvindu.

b. Öll önnur skip skulu hafa akkerisvindu, þó með þeim undantekningum sem um getur í 1911.

c. Vélknúin vinda skal geta lyft öðru akkerinu með 100 m af keðju með hraðanum 8 m á mínútu, en handdrifin vinda 3 m á mínútu.

Vindan skal geta lyft báðum akkerum samtímis.

d. Vindan skal vera þannig gerð að keðjan geti runnið hratt út, og hún skal búin hemlum, fyrir minnst 50% af brotþoli keðjunnar.

Vindan skal ennfremur þannig gerð að unnt sé að láta falla hvort akkeri fyrir sig eða bæði samtímis.

e. Gerð og efnisstyrkleiki vindunnar skal vera samþykkt af Siglingamálastofnun ríkisins og skulu þeir framleiðendur, sem óska viðurkenningar á einstakri vindu eða ákveðinni gerð, senda inn teikningar, svo unnt sé að dæma styrkleika hennar. Vindur sem eru af viðurkenndri gerð, prófaðar og með vottorði frá stofnun viðurkenndri af Siglingamálastofnun ríkisins, má nota án sérstaks samþykkis Siglingamálastofnunar.

1910. **Undanþágur frá akkerisvindu.**

a. Skip með búnaðartölu undir 50, mega í stað akkerisvindu nota þilfarsvindu og er akkerið þá annað hvort dregið inn með keðjunni á vindukoppnum, eða með vír með krók, sem er krækt í akkeriskeðjuna. Eftirlitsmanni ber að gæta þess að umbúnaðurinn sé öruggur og hentugur.

b. Skip með búnaðartölu undir 150 mega í stað akkerisvindu nota þilfarsvindu, enda sé hún útbúin með keðjuhjólum, tengi til þess að aftengja keðjuhjólin og hemlum á a. m. k. öðru keðjuhjólinu, og hafi jafnmikinn kraft og styrkleika og akkerisvindur.

Keðjuklemmur, akkerisvasar, rúllur.

1911. Á hverju skipi skulu vera tvær keðjuklemmur nægilega sterkar fyrir brotþol keðjunnar. Skip með búnaðartölu undir 30 þurfa þó ekki að hafa keðjuklemmur. Á þeim skipum, þar sem keðjur eru ekki stöðugt í keðjuhjólum með hemli, á akkerisvindu eða þilfarsvindu, skal hafa polla í stefnu frá keðjuklemmum þannig að auðvelt sé að setja keðjuna á pollana.

1912. Akkerisvasar skulu vera vel formaðir fyrir akkerið og keðjurör skulu hafa stefnu sem næst stefnu keðjunnar yfir þilfarið. Akkerið skal geta fallið út af eigin þyngd. Efri og neðri endi keðju rörs skal vera ávalur, sérstaklega þar sem keðjan snertir og best er að hafa hálfrúnna stálkraga við enda. Í efri enda skal ávalinn vera það langur að minnst 3 keðjuhlekkir snerti samtímis.

Skip með búnaðartölu undir 30, þurfa ekki að hafa akkeri í röri og vasa, en skulu þó hafa rúllur í stafni og gálga eða annan góðan búnað til þess að varpa akkeri fyrir borð.

1913. Auka skal þykkt byrðingsplötu við keðjurör og setja stífur þannig, að rörið sé vel fest við byrðing.

1914. Þar sem nauðsynlegt er að leiða keðjuna að vindu eftir krókaleiðum, skal hafa rúllur, sem eru nægjanlega sterkar og hafa næga vídd fyrir keðjuna. Rúllurnar skal setja þannig, að leið keðjunnar verði sem auðveldust og slysahætta verði sem minnst. Hlífar skulu vera þannig, að keðjurnar geti ekki skroppið af rúllunum.

Keðjukassi.

1915. Keðjukassi skal hafa næga stærð og slíkt form að keðjan raðist af sjálfu sér. Kassanum skal skipta í hólf fyrir bakborðs- og stjórnborðskeðju. Enda keðjunnar skal festa vel í kassann. Lás skal vera á keðjuenda á aðgengilegum stað svo unnt sé að sleppa keðjunni í neyðartilfellum.

1916. Keðjurörin niður í keðjukassann skulu vera nægilega víð, til þess að keðjan geti runnið hindrunarlaust út. Ennfremur skulu þau lögð þannig að keðjurnar renni niður í kassann af keðjuhjóli vindunnar án aðstoðar.

1917. Í botni keðjukassans skal vera grind eða annar útbúnaður, sem auðveldar rennsli að sogkörfu austurdælu.

20. gr.
Styrking fyrir ís.

Ákvæði til bráðabirgða falla niður.

Menntamálaráðuneytið, 25. ágúst 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

Við 26. gr. bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Nemendur á 3. ári í framhaldsdeildum iðnskóla skulu greiða félagsgjald til Iðnnemasambands Íslands. Gjald þetta skal vera 1% af fyrsta árs launum rafvirkjanema eins og þau eru hverju sinni.

Menntamálaráðuneytið, 8. september 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 333. 21. sept. 1977.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267 11. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 196 5. maí 1977.

1. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr., svohljóðandi:

1. Lestagjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftar en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum, sem þeir flytja .

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. september 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 334. 21. sept. 1977.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130 20. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 87 3. febrúar 1977.

1. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr., svohljóðandi:

Af ferjuskipum greiðast hafnargjöld þannig:

1. Lestagjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftar en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum, sem þeir flytja .

Reglugerð þesi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. september 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

21. sept. 1977. Nr. 335.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 120 4. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 89 3. febrúar 1977.

1. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr., svohljóðandi:

Af ferjuskipum greiðast hafnargjöld þannig:

1. Lestagjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftar en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum, sem þeir flytja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnarlögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. september 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

21. sept. 1977. Nr. 336.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108 4. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 61 25. janúar 1977.

1. gr.

Á eftir 16. gr. komi ný grein, sem verður 17. gr., svohljóðandi:

Af ferjuskipum greiðast hafnargjöld þannig:

1. Lestagjald verði reiknað eins og af strandferðaskipum, þó ekki oftar en einu sinni á dag.
2. Bryggjugjald greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá.
3. Vörugjald verði ekki reiknað af bílum eða vörum, sem þeir flytja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. september 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem endursendar eru til útlanda.

I. KAFLI

Um niðurfellingu aðflutningsgjalda.

1. gr.

Heimilt er að heimta ekki aðflutningsgjöld af ótollafgreiddri vöru í vörslu farmflytjanda sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið viðtöku á og endursend er til útlanda, enda sé við endursendingu fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. Lögð sé fram hjá viðkomandi tollyfirvaldi skrifleg beiðni á þar til gerðu eyðublaði um tollskoðun á þeirri vöru sem senda á til útlanda, svo og viðurkenning eða skrifleg beiðni hins erlenda seljanda um endursendingu hennar, ásamt nauðsynlegum tollskjölum hafi þau ekki þegar verið afhent.
2. Sett sé full fjártrygging fyrir áföllnum aðflutningsgjöldum.
3. Tollgæslan staðfesti skriflega skoðun vöru og umbúða svo og flutning hennar undir tolleftirliti um borð í útflutningsfar. Ef vara er eigi þegar að skoðun lokinni flutt um borð í útflutningsfar skal innsiglun hennar staðfest af tollgæslu. Við síðari flutning hennar undir tolleftirliti um borð í útflutningsfar skal tollgæsla staðfesta að innsigli hafi reynst heil og órofin.
4. Farmflytjandi staðfesti skriflega útflutning vörunnar og láti fylgja til staðfestingar afrit af útflutningsfarmskírteini ásamt hleðslukvittun.
5. Framangreind staðfestingargögn skulu afhent viðkomandi tollstjóra innan mánaðar frá brottför þess flutningafars sem flutti vöruna til útlanda, enda skal þá gerð upp fjártrygging sem sett var samkvæmt 2. tl. Nú afhendir sendandi ekki viðkomandi tollstjóra framangreind staðfestingargögn innan hins tilskilda frests og skal þá sett fjártrygging tekin upp í áfallin og ógreidd aðflutningsgjöld.

Niðurfelling aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. skal því aðeins heimil að ekki líði lengri tími en eitt ár frá því að vara kom til landsins og þar til hún er endursend úr landi.

2. gr.

Heimilt er að heimta ekki aðflutningsgjöld af vöru sem sett hefur verið í tollvörugeymslu, enda sé hún endursend til útlanda innan þriggja ára frá komudegi vörunnar til landsins og fullnægt sé þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1.—5. tl. 1. gr.

II. KAFLI

Um endurgreiðslu aðflutningsgjalda.

3. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi sem hún var er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu, viðurkenning (kvittun) viðskiptabanka um gjaldeyrisskil sé lögð fram og fullnægt sé að öðru leyti þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1., 3. og 4. tl. 1. gr.

Staðfestingargögn skv. 1., 3. og 4. tl. 1. gr. skulu afhent viðkomandi tollstjóra innan mánaðar frá brottför flutningsfars sem flutti vöruna til útlanda.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. skal því aðeins heimil að ekki

líði lengri tími en eitt ár frá því að vara kom til landsins og þar til hún er endursend úr landi.

4. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum sem reynast gallaðar, enda hafi gallar komið fram við notkun vélanna og ekki fyrr verið hægt að ganga úr skugga um þá.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. skal því aðeins heimil að fullnægt sé skilyrðum 1., 3. og 4. tl. 1. gr. svo og 2. mgr. 3. gr. auk eftirtalinna skilyrða:

1. Lögð sé fram viðurkenning seljanda vélanna um að hann taki þær aftur vegna gallanna.
2. Aðflutningsgjöld nemi ekki lægri fjárhæð en 5 000 kr.
3. Endursending fari fram innan sex mánaða frá komu vélanna til landsins.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Auk þeirra skilyrða sem sett eru samkvæmt 1.—4. gr. skulu endursendendur vara, eftir því sem við á, uppfylla almenn skilyrði um útflutning skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

6. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslu eða niðurfellingu aðflutningsgjalda samkvæmt reglugerð þessari.

Fyrir hverja vörusendingu, sem endursend er til útlanda skv. 1.—5. gr., skal greiða tollskoðunargjald.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 57. gr., sbr. 52. gr., og 8. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi 72. gr. reglugerðar nr. 41 13. mars 1957 um tollheimtu og tolleftirlit.

Fjármálaráðuneytið, 22. september 1977.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Geirsson.

12. ágúst 1977. Nr. 338.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjúkra- og slysatryggingasjóð Júdódeildar U. M. F. K., útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. ágúst 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkra- og slysatryggingasjóð Júdódeildar U. M. F. K.

1. Nafn sjóðsins er Sjúkra- og slysatryggingasjóður Júdódeildar U. M. F. K.
2. Tilgangur sjóðsins: Að styrkja meðlimi deildarinnar í slysa og veikindatilfellum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Stjórn sjóðsins er heimilt að endurtryggja sjóðinn.

3. Tekjur sjóðsins skulu vera: A, 4% af óskiptum aðgangseyri frá mótum og sýningum á vegum deildarinnar. B, með happdrætti, dansleikjahaldi o. fl.
4. Bætur úr sjóðnum geta orðið tvennskonar: A, dagpeningar, B, sjúkrakostnaður. Dagpeningar greiðast því aðeins að hinn slasaði verði af launum vegna slyssins og þá frá og með þeim degi þegar launatekjur hans falla að fullu niður, enda eigi hann ekki rétt til dagpeninga frá öðrum tryggingaraðila. Stjórn sjóðsins ákveður dagpeninga hverju sinni og hversu lengi skal greiða þá. Sjúkrakostnaður sá sem sjóðurinn greiðir er sá kostnaður eða hluti af kostnaði, sem af slysinu leiðir og ekki fæst greiddur af sjúkrasamlagi eða af öðrum aðilum. Við greiðslu dagpeninga og sjúkrapeninga skal stjórn sjóðsins hafa greiðslugetu sjóðsins í huga.
5. Höfuðstóll sjóðsins skal vera 100 000.00 kr. Og hann má ekki skerða.
6. Sjóðinn má ávaxta með kaupum á Ríkistryggðum skuldabréfum, í bönkum eða sparisjóðum og með annarri öruggri tryggingu.
7. Sjóðnum skal heimilt að eignast öryggistæki er viðkoma deildinni.
8. Þeir meðlimir deildarinar sem óska eftir greiðslu úr sjóðnum skulu framvísa læknisvottorði eða reikningum fyrir sjúkrakostnaði. Stjórn sjóðsins er heimilt að fara fram á læknisvottorð á hvaða tíma sem er.
9. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur deildarmeðlimum, formanni, gjaldkera og ritara. Einn stjórnarmanna Júdódeildar U. M. F. K skal vera sjálfkjörinn í sjóðsstjórn, en tveir skulu kosnir á aðalfundi sjóðsins, sem skal vera einu sinni á ári, til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Aðalfund skal halda um sama leyti og aðalfund Júdódeildar U. M. F. K.
10. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
11. Verði sjóðurinn lagður niður, skal höfuðstóll og öll verðmæti sjóðsins renna til Ungmennafélags Keflavíkur til styrktar starfsemi þess.

Nr. 339. 25. júlí 1977.

AUGLÝSING

um sérlyf sem tekin eru af sérlyfjaskrá.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að eftirtalin sérlyf verði tekin af sérlyfjaskrá frá og með 1. september 1977:

Entero-Vioform, Ciba-Geigy, sérlyf nr. 38.
Mexaform, Ciba-Geigy, sérlyf nr. 48.
Siogen, Ciba-Geigy, sérlyf nr. 79.

Heimilt er að afhenda úr óseldum birgðum lyfjanna til og með 30. september 1977.

Frá og með 1. okt. 1977 verður óheimilt að ávísa, selja eða afhenda eftirtalin lögbókarlyf:

Mixtura jodchloroxichinolini DAK.
Tablettae jodchloroxichinolini 0.25 g DAK.
Solublettae chiniofoni 0.25 g Nord.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. júlí 1977.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Helga Vilhjálmsdóttir.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

I.	Iðgjöld:		
	Iðgjöld ársins	kr.	751 961 580
	Endurtryggingariðgjöld	—	392 715 514
	Eigin iðgjöld	kr.	359 246 066
II.	Tjón:		
	Tjón ársins	kr.	568 577 131
	Hluti endurtryggjenda í tjónum	—	297 350 578
	Eigin tjón	kr.	271 226 553
	Iðgjöld ÷ Tjón	kr.	88 019 513
III.	Umboðslaun:		
	Fengin umboðslaun og ágóðahluti kr. 49 679 197		
	Greidd umboðslaun og ágóðahluti — 46 149 070		
		—	3 530 127
	Iðgjöld ÷ Tjón + Umboðslaun	kr.	91 549 640
IV.	Fjármunatekjur ÷ Fjármagnsgjöld:		
	Vaxtatekjur kr. 14 196 410		
	Vaxtagjöld — 2 642 194		
	kr. 11 554 216		
	Rekstrarkostnaður fasteigna — 1 035 086		
		—	10 519 130
		kr.	102 068 770
V.	Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:		
	Laun og launatengd gjöld kr. 18 589 947		
	Annar rekstrarkostnaður — 7 710 973		
	Aðstöðugjald — 4 553 820		
	Kirkjugarðsgjald — 104 833		
		—	30 959 573
		kr.	71 109 197
VI.	Gengismunur	—	0
VII.	Fyrningar	—	588 285
		kr.	70 520 912
VIII.	Afskrifaðar tapaðar skuldir	—	41 175
	Hagnaður af reglulegri starfsemi	kr.	70 479 737

IX. Til ráðstöfunar:

Óráðstafað frá fyrra ári	kr.	166 722 671
Hagnaður ársins	—	70 479 737
	kr.	237 202 408

X. Ráðstöfun:

Lagt í áhættusjóð	kr.	7 047 973
Óráðstafað til næsta árs	—	230 154 435
	kr.	237 202 408

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1976.

Eignir:

I. Veltufjármunir:

1. Sjóður og bankainnstæður:

Sjóður	kr.	545 928
Innstæður á hlaupareikningum	—	66 872 297
Innstæður á sparisjóðsbókum	—	36 632 446
	kr.	104 050 671

2. Skammtímakröfur:

Innlend vátryggingarfélög	—	674 935 299
Aðrir innlendir skuldunautar	—	168 884 652
Erlendir skuldunautar	—	42 108 860
Víxileignir	—	6 620 961
	kr.	892 549 772
Veltufjármunir samtals	kr.	996 600 443

II. Fastafjármunir:

1. Varanlegir rekstrarfjármunir:

Skrifstofuáhöld o. fl.	kr.	3 248 194		
Fyrn. til 31. 12 1976	—	1 702 840		
			—	1 545 354
Björgunaráhöld	kr.	912 066		
Fyrn. til 31. 12. 1976	—	529 013		
			—	383 053
Lágmúli 9	kr.	3 000 000		
Lágmúli 9, innrétt.	—	1 606 318		
	kr.	4 606 318		
Fyrn. til 31. 12. 1976	—	4 145 687		
			—	460 631
			kr.	2 389 038

2. Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréf:			
Björgunarfél. hf.	kr.	465 000	
Verslanasambandið hf.	—	10 000	
		kr.	475 000
Verðbréfaeign		—	43 252 124
		kr.	43 727 124
Fastafjármunir samtals		kr.	46 116 162
III. Hluti endurtryggjenda í tryggingasjóði:			
Iðgjaldasjóður		kr.	20 099 000
Bótasjóður		—	204 379 275
Hluti endurtryggjenda í tryggingasjóði		kr.	224 478 275
Eignir samtals		kr.	1 267 194 880

Skuldir og eigið fé

I. Skammtímaskuldir:		
Innlend vátryggingafélög þ. m. t. geymslufé	kr.	197 663 854
Sjávarútvegsráðuneytið	—	266 954 623
Aðrir innlendir skuldheimtumenn	—	54 482 156
Erlendir skuldheimtumenn	—	494 977
Ógreiddir skattar	—	1 317 454
Skammtímaskuldir samtals	kr.	520 913 064
II. Tryggingasjóður:		
Iðgjaldasjóður	kr.	57 902 000
Bótasjóður	—	437 977 408
Tryggingasjóður samtals	kr.	495 879 408
III. Áhættusjóður:		
Áhættusjóður 31. 12. 1975	kr.	11 200 000
Lagt í áhættusjóð 1976	—	7 047 973
Áhættusjóður samtals	kr.	18 247 973
IV. Eigið fé:		
1. Bundið:		
Stofnfé ríkissjóðs	kr.	2 000 000
2. Frjálst:		
Óráðstafað eigið fé	—	230 154 435
Eigið fé samtals	kr.	232 154 435
Skuldir og eigið fé samtals	kr.	1 267 194 880

Í stjórn Samábyrgðar Íslands:

Birgir Finnsson, Jón Sigurðsson,

Ágúst Flygenring, Andrés Finnbogason,

Eigill Þorfinnsson.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 1976, er saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Reykjavík, 20. júní 1977.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

Nr. 341.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

I.	Iðgjöld:			
	Iðgjöld ársins		kr.	37 380 898
II.	Tjón:			
	Tjón ársins	kr. 16 284 196		
	Lækkun Bótasjóðs	— 6 305 430		
			—	9 978 766
		Iðgjöld ÷ Tjón	kr.	27 402 132
III.	Fjármunatekjur og Fjármagnsgjöld:			
	Vaxtatekjur	kr. 8 621 586		
	Vaxtagjöld	— 24 375		
			—	8 597 211
			kr.	35 999 343
IV.	Skrifstofu- og stjórnarkostnaður:			
	Þátttaka í launum og launat. gjöldum Samábyrgðar	kr. 3 280 579		
	Þátttaka í öðrum rekstrarkostnaði Samábyrgðar	— 1 543 424		
	Annar rekstrarkostnaður	— 516 655		
	Kirkjugarðsgjald	— 3 242		
	Aðstöðugjald	— 145 080		
			—	5 488 980
			kr.	30 510 363
V.	Afskriftir:			
	Fyrningar	kr. 1 068		
	Afskrifaðar skuldir	— 351 393		
			—	352 461
		Hagnaður af reglulegri starfsemi	kr.	30 157 902
VI.	Til ráðstöfunar:			
	Óráðstafað frá fyrra ári		kr.	118 196 557
	Hagnaður ársins		—	30 157 902
			kr.	148 354 459

VII. Ráðstöfun:		
Lagt í áhættusjóð	kr.	3 015 790
Óráðstafað til næsta árs	—	145 338 669
	kr.	148 354 459

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1976.

Eignir:

I. Veltufjármunir:			
1. Bankainnistæður:			
Innstæða á hlr. Landsbanka Íslands	kr.		3 316 720
Innstæða á hlr. Verslunarbanka Íslands	—		301 055
Innstæða á sparisjóðsbók	—		87 309 818
	kr.		90 927 593
2. Skammtímakröfur:			
Ógreidd iðgjöld o. fl.	kr.		39 870 102
Innlendir umboðsmenn	—		1 851 761
Samábyrgð Íslands	—		41 822 373
Aðrir innlendir skuldunautar	—		11 713 821
Víxlaeignir	—		6 632 947
Aðrar skammtímakröfur	—		126 123
	kr.		102 017 127
Veltufjármunir samtals	kr.		192 944 720
II. Fastafjármunir:			
1. Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Skrifstofuáhöld	kr.	110 580	
Fyrning til 31. 12. 1974	—	99 580	
	kr.		11 000
Rekaeyðingartæki	kr.	506 452	
Fyrning til 31. 12. 1976	—	433 900	
	—		72 552
Eign í m/b Vonarstjarnan G. K. 75	—		32 000
Birgðir fúavarnarefnis	—		56 616
	kr.		172 168
2. Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Innlend verðbréf	kr.		1 817 591
Fastafjármunir samtals	kr.		1 989 759
Eignir samtals	kr.		194 934 479

Skuldir og eigið fé

I. Skammtímaskuldir:		
Sjávarútvegsráðuneytið	kr.	22 177 473
Aðrir innlendir skuldheimtumenn	—	15 059 424
Skammtímaskuldir samtals	kr.	37 236 897

II. Tryggingasjóður:			
Bótasjóður	kr.	1 700 000	
Greitt upp í óuppgerð tjón	—	393 877	
			kr. 1 306 123
III. Áhættusjóður:			
pr. 31. 12. 1975	kr.	8 037 000	
Lagt í áhættusjóð á árinu	—	3 015 790	
			kr. 11 052 790
IV. Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé			kr. 145 338 669
Skuldir og eigið fé samtals			kr. 194 934 479

Í stjórn Samábyrgðar Íslands:

Birgir Finnsson, Jón Sigurðsson,

Ágúst Flygenring, Andrés Finnbogason,

Egill Þorfinnsson.

Reykjavík, 20. júní 1977.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 1976, er saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Reykjavík, 20. júní 1977.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

Nr. 342.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1976.

A. Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Hluti af sölugjaldi			kr. 2 041 344 000
2. Hluti af aðflutningsgjöldum			— 617 476 000
3. Landsútsvör	kr.	525 233 172	
÷ Fjórðungshluti sveitarfélaga	—	131 205 509	
			— 394 027 663
4. Landsútsvör banka			— 33 569 550
Tekjur			kr. 3 086 417 213
5. Vaxtatekjur			— 27 807 059
Vergar tekjur			kr. 3 114 224 272

Gjöld:

1. Framlög sveitarfélaga skv. 13. gr.	kr.	2 633 781 549
2. Aukaframlög skv. 15. gr.	—	159 000 000
3. Fólksfækkunarframlög skv. 16.gr.	—	26 865 000
4. Framlag Sambands íslenskra sveitarfélaga	—	30 864 172
5. Framlag Landshlutasamtaka sveitarfélaga	—	30 864 172
6. Framlag Lánasjóðs sveitarfélaga	—	155 711 213
7. Framlag Húsafriðunarsjóðs	—	5 103 468
8. Rekstrarkostnaður Innheimtustofnunar sveitarfélaga	—	10 340 188
9. Afskrifaðar kröfur vegna barnsmeðlaga	—	317 901
10. Tekjuafgangur 1976	—	61 376 609
	kr.	3 114 224 272

B. Efnahagsreikningur.

Eignir:

Veltufjármunir:

1. Ríkissjóður, viðskiptareikningur	kr.	243 324 062
2. Innheimtuumdæmi ríkissjóðs	—	311 620 000
3. Seðlabanki Íslands, hlaupareikningur	—	76 036 547
4. Sveitarfélög, viðskiptareikningar	—	592 877
Samtals	kr.	631 573 486

Fastafjármunir:

1. Innheimtustofnun sveitarfélaga	kr.	584 054 852	
2. Siglufjarðarkaupstaður	—	4 000 000	
3. Skútustaðahreppur	—	2 000 000	
			— 590 054 852
			kr. 1 221 628 338

Skuldir:

Skammvinnt fjármagn:

1. Sveitarfélög, viðskiptareikn.	kr.	77 584 437
2. Lánasjóður sveitarfélaga	—	16 346 213
3. Landshlutasamtökin	—	1 689 007
4. Innheimtustofnun sveitarfélaga	—	10 340 188
5. Samband íslenskra sveitarfélaga	—	11 689 004
6. Byggingasjóður verkamanna	—	100 000 000
	kr.	217 648 849

Framlagsfé vegna sveitarfélaga:

1. janúar 1976. Frá fyrra ári	kr.	540 937 208	
Framlag 1976	—	2 633 781 549	
	kr.	3 174 718 757	
÷ Úthlutað 1976	—	2 409 155 612	
			— 765 563 145

Eigið fé:			
Höfuðstóll 1. janúar 1976	kr.	177 039 735	
Tekjuafgangur 1976	—	61 376 609	
			— 238 416 344
			kr. 1 221 628 338

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 343. 26. sept. 1977.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur að Hlöðum í Fellahreppi.

1. gr.

Húseigendur Hlöðum í Fellahreppi, N-Múlasýslu, skulu greiða gatnagerðargjöld til sveitarsjóðs Fellahrepps fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi, B-gjald.

Við álagningu þessara gatnagerðargjalda skal nota eftirfarandi einingartölur:

1.	Einbýlishús að 400 m^3 m/bifreiðageymslu	kr.	250 000
2.	Parhús að 400 m^3	—	200 000
3.	Íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á einni hæð að 400 m^3	—	160 000
4.	Raðhús á 2 hæðum	—	120 000
5.	Fjölbýlishús m/allt að 8 íbúðum 2 hæðir að 300 m^3	—	100 000
6.	Fjölbýlishús m/fleiri en 8 íbúðum 3 hæðir 300 m^3	—	70 000
7.	Verslunar- og skrifstofuhús pr. m^3	—	400
8.	Iðnaðarhús og vörugeymslur pr. m^3	—	300
9.	Umframstærðir í íbúðarhúsum pr. m^3	—	400
10.	Útihús og vélageymslur pr. m^3	—	200
11.	Viðbyggingar við eldri hús, ef húsið m/viðbyggingu verður meira en 400 m^3 pr. m^3	—	400
12.	Lóðarhafar greiða pr. m^2 lóðar	—	80
13.	Lagningu slitlags á bifreiðastæði og gangstíga innan lóðarmarka greiða eigendur sjálfir.		
14.	Allar framangreindar einingatölur miðast við byggingavísitölu 1. ágúst 1977.		

2. gr.

Gatnagerðargjöld skv. 1. grein skulu umreiknuð til samræmis við þá byggingavísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. (breyting frá 1. ágúst 1977 vísitala 152).

3. gr.

Gatnagerðargjald skv. 1. grein skal greitt með 5 jöfnum greiðslum í fyrsta skipti hinn 1. ágúst það ár, sem lagning fer fram og síðan 1. ágúst ár hvert næstu 4 árin, síðustu greiðslu þarf þó ekki að inna af hendi, fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu með gangstétt.

4. gr.

Vextir af lánum vegna gatnagerðargjalda skv. 3. grein skulu vera hinir sömu og almennir vextir Byggðasjóðs á hverjum tíma.

Verði dráttur á endanlegum frágangi sbr. 3. grein, má eigi reikna vexti af síðustu greiðslu nema eitt ár, eins og ef enginn dráttur hefði orðið.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu fimm ár eftir 1. gjalddaga. Tekur þessi kvöð einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjald skv. reglugerð þessari lögtaki, skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 26. september 1977.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 98 26. mars 1973 um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970, um lánveitingar Húsnæðismálastjórnar úr Byggingasjóði ríkisins.

1. gr.

9. gr orðist svo:

Við úrskurð um lánshæfni umsókna skal fylgt eftirfarandi reglum um stærð nýbygginga miðað við innanmál útveggja.

a) fyrir einhleypinga hámarksstærð íbúðar 80 m² í fjölbýlishúsum og 100 m² í einbýlis- og raðhúsum.
b) fyrir 2 — 5 manna fjölskyldu, hámarksstærð 110 m² í fjölbýlishúsum og 125 m² í einbýlis- og raðhúsum.
c) fyrir 6 — 8 manna fjölskyldu, hámarksstærð 135 m² hvort heldur í einbýlis- raðeða fjölbýlishúsum.
d) fyrir 9 manna fjölskyldu eða stærri má bæta við hæfilegum fermetrafjölda fyrir hvern fjölskyldumann allt að 150 m².

Ef nauðsynlegt er vegna aðstæðna á byggingarstað að hafa kjallara undir íbúðarhúsnæði og salarhæð hans eigi meiri en 240 cm þ. e. lofthæð 220 cm, skal kjallarinn eigi talinn með í flatarmáli íbúðar. Heimilt er að hafa anddyri, þvottahús og geymslu í kjallara, og telst slíkt rými eigi til flatarmáls íbúðar.

Í einbýlis- eða raðhúsum á einni hæð er heimilt að byggja 10 m² stærra en greint er í stafliðum a — d, án þess að til komi skerðing á láni, sbr. 4. mgr, þessarar greinar.

Heimilt er að veita umsækjendum lán enda þótt þeir byggi eða kaupi stærri íbúðir en heimilt er samkvæmt stafliðum a — d hér að framan. Skal þá fylgt eftirfarandi reglum um fjárhæðir lána:

1. Fyrir hverja 5 m² sem íbúð er stærri en gildandi stærðarreglur heimila skal skerða lánsfjárhæð um 5%.
2. Þegar stærð íbúðar er orðin 20 m² meiri en gildandi stærðarreglur heimila skal skerða lánsfjárhæð um 10% fyrir hverja 5 m² sem bætast við.
3. Nemi skerðing láns 70% samkvæmt 1. og 2. tölulið telst umsókn ekki lánshæf og skal henni synjað.

Þess skal sérstaklega gætt, að herbergjafjöldi sé í sem mestu samræmi við fjölskyldustærð umsækjanda. Varðandi lán út á íbúðir einhleypinga skal á það lögð áhersla, að íbúðin sé hæf til íbúðar fyrir litla fjölskyldu.

Þegar atvinnuhúsnæði er leyft í íbúðarhúsi, sem íbúðarlán er veitt til, skal húsið hannað þannig, að órofinn steyptur veggur sé milli íbúðar og atvinnuhúsnæðis, sé það á sömu hæð. Skal vera sérinngangur í atvinnuhúsnæðið svo og sér hreinlætisaðstaða og annað það, sem atvinnuhúsnæði ber að fylgja. Skipulagi hússins skal vera þannig háttað, að ætla megi að atvinnuhúsnæðið verði í raun notað sem slíkt. Umsækjandi skal leggja fram skriflega yfirlýsingu sveitarstjórnar um að hún leyfi umræddan atvinnurekstur á viðkomandi stað.

2. gr.

10 gr. orðist svo:

Þeir umsækjendur, sem svo stendur á um, sem lýst er í stafliðum a—d hér á eftir, skulu eigi taldir lánshæfir:

a) Byggja stærri íbúðir en ákveðið er í 9. grein.
b) Byggja fleiri en eina íbúð.
c) Hafa góða möguleika til lána annars staðar, t. d. sambærilegra eða betri lána en skv. reglugerð þessari eða næg fjárráð að dómi húsnæðismálastjórnar, svo að þeir geti komið íbúð sinni í nothæft ástand án frekari lána en aðrir umsækjendur, sem afgreiðslu bíða. Við mat á lánsmöguleikum umsækjenda skal þó ekki í þessu sambandi taka tillit til lána úr þeim lífeyrissjóðum eða eftirlaunasjóðum, sem árlega verja ákveðnum hluta ráðstöfunarfjár síns til kaupa á skuldabréfum Byggingasjóðs ríkisins eftir nánara samkomulagi við húsnæðismálastjórn.
d) Hafa fengið hámarkslán á s. l. 5 árum, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi að dómi húsnæðismálastjórnar.
e) Verða uppvísir að því að breyta framlögðum samþykktum teikningum varðandi stærðarmörk, eða byggja íbúð (hús) sína ekki í samræmi við samþykkt stærðarmál húsnæðismálastjórnar.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Meiri háttar viðbygging, sbr. a-lið 2. greinar, telst 20 m² aukning á íbúðarrými eða meira, enda hafi íbúðin að dómi húsnæðismálastjórnar verið ófullnægjandi. Samanlagður gólffletur hins eldra húss og fyrirhugaðrar viðbyggingar fari þó ekki yfir þau stærðarmörk, sem hlutaðeigandi fjölskyldu eru ætluð, sbr. 9. gr. Þegar tvær eða fleiri íbúðir eru í húsi, skulu þær aðskildar að fullu og öllu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. september 1977.

Gunnar Thoroddsen.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður er verði 20. töluliður og orðist svo:

Sá hluti af fæðissölu veitingahúsa sem samsvarar innkaupsverði þeirra matvæla sem undanþegin eru söluskatti skv. 2. og 3. tl. þessarar greinar eða með öðrum hætti. Skal veitingahúsum heimilt að draga innkaupsverð söluskattsfrjálsra matvæla frá heildarveltu áður en söluskattskil eru gerð.

2. gr.

6. tl. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Húsaleiga, sbr. þó 9. lið 10. gr. reglugerðar þessarar. Undanþágan á við um húsaleigu almennt, hvort heldur er til íbúðar eða atvinnurekstrar.

Þegar gisti- eða samkomuhús er selt á leigu til aðila sem í atvinnuskyni annast söluskattskyldan rekstur eða starfsemi í húsinu skal eigi greiða söluskatt af leigutekjum leigusala.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í l. nr. 10 22. mars 1960 með síðari breytingum öðlast gildi 1. okt. 1977.

Fjármálaráðuneytið, 26. september 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Garði, Gerðahreppi, Gullbringusýslu.

Samkvæmt tillögum hreppsnefndar Gerðahrepps eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Garði, Gerðahreppi:

1. Framúrakstur er óheimill á Garðbraut, frá Réttarholtsafleggjara að Krókvallarhorni.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar frá Kothúsaafleggjara að Bjargarsteini.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og taka þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu, 13. september 1977.

Jón Eysteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1977.

Loðnumjöl, $ 6,50 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi, $ 410,00 fyrir hverja lest.
Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 205,40.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.
Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. september 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 — 1977

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Bolungarvíkurkaupstaðar nr. 152 4. apríl 1975.

1. málsliður 7. gr verði:
Bæjarstjórn heldur fundi reglulega, þriðja hvern fimmtudag og skulu fundir að jafnaði hefjast kl. 20.00.

8. gr. 2. málsgrein verði:
Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en kl. 15.00, mánudag næstan fyrir bæjarstjórnarfund.

9. gr. Við bætist:
Opinn fund um starfsskýrslu bæjarstjóra, skal auk þess auglýsa með götuauglýsingum og auglýsingu í útvarpi með sólarhrings fyrirvara.

10. gr. Eftir 2. málsgrein komi:
Mál sem nefnd merkir trúnaðarmál, skulu rædd fyrir luktum dyrum, nema bæjarstjórn ákveði annað.

13. gr. Við 1. málsgrein bætist:
Þó skal atkvæðagreiðsla vera leynileg, ef bæjarstjórnarmaður óskar þess, og bæjarstjórn samþykkir.

15. gr. 2. mgr. falli niður.

16. gr. 2. málsl. 2. mgr. falli niður.

17. gr. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: — og nefna þau ummæli, sem hann vítir:

26. gr. Niður falli úr 1. málsgrein:
Vatnsveitu, vatnssölu, brunamálum, sjúkrahúss- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og dagheimili.

35. gr. 1. málsl. verði:
Bæjarstjórn getur falið löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans.

36. gr. Stafliðir A og B verði:
Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert:

A. Til eins árs:

1. Byggingarnefnd, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
2. Menningarráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3. Endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs, hafnarsjóðs, sjúkraskýlis og vatnsveitu, tveir aðalmenn og tveir til vara.
4. Kjörstjórn, þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Fóðurgæslumaður, einn aðalmaður og einn til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Skólanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Menningarráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
3. Framtalsnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Heilbrigðisnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Barnaverndarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
6. Bókasafnsstjórn, fimm aðalmenn og fimm til vara.
7. Brunamálanefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
8. Landbúnaðarnefnd, er jafnframt fari með fjallskil, þrír aðalmenn og þrír til vara.
9. Áfengisvarnarráð, sex aðalmenn og sex til vara.
10. Sjó- og verslunardómur, sjö aðalmenn og sjö til vara.
11. Sáttanefnd, tveir aðalmenn og tveir til vara.
12. Náttúruverndarráð, þrír aðalmenn og þrír til vara.
13. Í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands, einn aðalmaður og einn til vara.
14. Hafnarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
15. Leikskóla- og leikvallanefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
16. Stjórn íþróttavalla, einn aðalmaður og einn til vara.
17. Stjórn F.H.B., þrír aðalmenn og þrír til vara.
18. Félagsmálaráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
19. Stjórn sjúkraskýlis, þrír aðalmenn og þrír til vara.
20. Rekstrarnefnd sundlaugar: Bæjarstjórn kjósi einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður og einn til vara.

40. gr verði:

Í hafnarnefnd skulu kosnir þrír menn úr bæjarstjórn og tveir menn utan hennar og jafnmargir til vara valdir á sama hátt. Nefndin annast hafnarmálefni samkvæmt hafnalögum og hafnarreglugerð, sér um innheimtu hafnargjalda og reikninga hafnarsjóðs og hefur umsjón með störfum starfsmanna hafnarinnar.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri.

41. gr. falli niður.

43. gr. Í 1. málsgrein komi orðið „bæjarstjórnar“ í stað bæjarráðs.

45. gr. Í 1. málsgrein komi orðið „bæjarstjórnar“ í stað bæjarráðs.

Breyting þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1977.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald í Ólafsfirði.

1. gr.

Hundahald er bannað í Ólafsfirði, að undanteknum þarfahundum á lögbýlum.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á bæjarskrifstofu og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum eru undanþegnir þessu gjaldi.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð. Eigendum þarfahunda á lögbýlum er þó skylt að sjá til þess að hundarnir flækist ekki um lausir í bænum.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim, né öðrum sem um bæinn fara, til óþæginda.

f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varðar (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið í vörslu sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1977.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.

1. gr.

Af heildarkostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir samtals 15% með þeim hætti sem segir í 2. gr.

2. gr.

Hultdeild sína í heildarkostnaði sjúkrasamlaga greiða sveitarfélög innan hvers samlagssvæðis með því að greiða af kostnaði sjúkrasamlags síns frá 1. janúar 1977 eins og hér segir:

Sjúkrasamlag Gullbringusýslu	16.42%
Sjúkrasamlag Kjósarsýslu	15.44%
Sjúkrasamlag Borgarfjarðarsýslu	12.81%
Sjúkrasamlag Snæfellsnessýslu	13.93%
Sjúkrasamlag Dalasýslu	15 44%
Sjúkrasamlag Austur-Barðastrandarsýslu	14.39%
Sjúkrasamlag Vestur-Barðastrandarsýslu	15.97%
Sjúkrasamlag Ísafjarðarsýslu	14.28%
Sjúkrasamlag Strandasýslu	14.99%
Sjúkrasamlag Vestur-Húnavatnssýslu	14.67%
Sjúkrasamlag Austur-Húnavatnssýslu	13.53%
Sjúkrasamlag Skagafjarðarsýslu	12.25%
Sjúkrasamlag Eyjafjarðarsýslu	12.61%
Sjúkrasamlag Þingeyjarsýslu	11.98%
Sjúkrasamlag Norður-Múlasýslu	13.45%
Sjúkrasamlag Suður-Múlasýslu	14.15%
Sjúkrasamlag Austur-Skaftafellssýslu	16.18%
Sjúkrasamlag Vestur-Skaftafellssýslu	16.86%
Sjúkrasamlag Rangárvallasýslu	16.86%
Sjúkrasamlag Árnessýslu	15.47%
Sjúkrasamlag Akraness	13.10%
Sjúkrasamlag Ísafjarðar	13.24%
Sjúkrasamlag Sauðárkróks	13.17%
Sjúkrasamlag Siglufjarðar	13.84%
Sjúkrasamlag Ólafsfjarðar	13.05%
Sjúkrasamlag Dalvíkur	12 82%
Sjúkrasamlag Akureyrar	12.16%
Sjúkrasamlag Húsavíkur	12.66%
Sjúkrasamlag Seyðisfjarðar	14.60%
Sjúkrasamlag Neskaupstaðar	12.20%
Sjúkrasamlag Vestmannaeyja	12.44%
Sjúkrasamlag Grindavíkur	14.11%
Sjúkrasamlag Keflavíkur	14.18%
Sjúkrasamlag Njarðvíkur	14.11%
Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar	15.10%
Sjúkrasamlag Garðabæjar	14.61%
Sjúkrasamlag Kópavogs	16.00%
Sjúkrasamlag Seltjarnarness	15.67%
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	16.53%

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan hvers samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 117 31. desember 1976 um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

30. september 1977. Nr. 351.

REGLUGERÐ

um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar.

1. gr.

Ef tekjur elli- og örorkulífeyrisþega fara ekki fram úr 180.000 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 321.180 á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 180.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

2. gr.

Hjónum, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris en hafa ekki tekjur, er fara fram úr 252.000 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri að upphæð 542.952 kr. á ári. Hafi hjónin hins vegar tekjur umfram 252.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

3. gr.

Nú nýtur annað hjóna elli- eða örorkulífeyris, en hitt ekki, skal þá helmingur samanlagðra tekna þeirra, teljast tekjur lífeyrisþegans. Fari þessar tekjur hans ekki fram úr 180.000 kr. á ári, skal greiða uppbót (tekjutryggingu) á lífeyri hans að upphæð kr. 321.180 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 180.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55%þeirra tekna, sem umfram eru.

4. gr.

Með „tekjum" í 1.—3. gr. er átt við allar tekjur í tekjudálki skattskýrslu, aðrar en tryggingabætur, eigin húsaleigu og tekjur barna.

5. gr.

Við ákvörðun tekna, samkvæmt ofanrituðu, skal fara eftir nýjustu upplýsingum, sem skattyfirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

6. gr.

Nú hættir elli- eða örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur, sem hafa komið í veg fyrir, að hann fengi hækkun bóta samkv. 1.—3. gr., og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar,

en komi síðar í ljós, að úrskurður bótaþega hafi verið byggður á röngum upplýsingum, ákveður tryggingaráð, hvernig með skuli fara.

7. gr.

Þeir, sem eiga rétt til hækkunar lífeyris vegna frestunar á töku hans fram yfir 67 ára aldur samkvæmt 11. gr. almannatryggingalaga, skulu njóta þeirrar sérstöku hækkunar umfram þær hækkanir, sem getið er í 1.—3. gr. hér að framan.

8. gr.

Við ákvörðun tekjutryggingar samkvæmt framansögðu, svo og við ákvörðun heimildarhækkunar samkvæmt 12. gr., skal, eftir því sem við verður komið, hafa gætur á, hvort umsækjandi um slíkar bætur hefur ráðstafað eignum sínum með þeim hætti, að tekjur falli niður og þannig hafi skapast tölulegur grundvöllur hækkunar. Þegar svo stendur á, metur tryggingaráð, hvort synja skuli umsókn.

9. gr.

Úrskurðaðar uppbætur samkvæmt 1.—3. gr. skal endurskoða árlega með tilliti til breytinga á tekjum bótaþega. Hinir nýju úrskurðir skulu gilda frá 1. júlí ár hvert. Hafi um verulega lækkun eða brottfall tekna verið að ræða, má láta hinn nýja úrskurð gilda frá 1. jan. það sama ár.

10. gr.

Einhleypingi, sem nýtur fullrar tekjutryggingar samkvæmt 1. gr. og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 10 000 á mánuði. Eigi hann rétt á hluta tekjutryggingar, lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

11. gr.

Heimilisuppbótar njóta aðeins þeir, sem búa einir á eigin vegum.

Þeir teljast njóta fjárhagslegs hagræðis vegna sambýlis eða samlaga við aðra um fæðis- og eða húsnæðisaðstöðu og njóta því ekki heimilisuppbótar sem svo er ástatt um, sem hér segir:

a. Þeir, sem búa að heimilisaðstöðu með börnum, skyldmennum eða venslafólki varðandi fæði eða húsnæði, eða ef þessir aðilar búa að heimilisaðstöðu bótaþegans, hvað þetta hagræði snertir.
b. Þeir, sem búa að heimilisaðstöðu annarra óskyldra eða óvenslaðra, eða ef þessir aðilar búa að heimilisaðstöðu bótaþegans og vænta má svipaðs hagræðis og nefnt var í a-lið.

12. gr.

Nú vistast maki lífeyrisþega á elliheimili eða lífeyrir hans fellur niður vegna dvalar á sjúkrahúsi eða stofnun, og má þá greiða heimilisuppbót, enda fullnægi bótaþegi að öðru leyti skilyrðum til greiðslu slíkrar uppbótar samkvæmt 9. og 10. gr.

13. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbót (heimildaruppbót) á elli- og örorkulífeyri en að framan er greint, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess. Á þetta t. d. við um kostnað vegna vistunar á elliheimili.

Ennfremur er heimilt að greiða uppbót vegna mikils kostnaðar, þó að umsækjandi dvelji í heimahúsum, t. d. vegna heimilishjálpar eða hjúkrunar á heimili, vegna annars óvenjulegs sjúkrakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki, svo og vegna mikillar húsaleigu, eftir nánari fyrirmælum tryggingaráðs.

Við úrskurð bóta samkvæmt þessari grein, skal m. a. hafa hliðsjón af því, hvort bótaþegi nýtur heimilisuppbótar samkvæmt 9.—10. gr. og taka sama tillit til þess og annarra tekna við ákvörðun greiðsluupphæðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, samanber lög nr. 96 27. desember 1971, lög nr. 62 21. maí 1974, lög nr. 13 23. maí 1975, lög nr. 36 14. maí 1976, bráðabirgðalög nr. 53 28. júní 1977 og bráðabirgðalög nr. 56 9. ágúst 1977, staðfestist hér með til þess að gilda frá 1. júlí 1977.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 171 28. maí 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

30. september 1977. Nr. 352.

REGLUGERÐ

fyrir Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja.

1. gr.

Íþróttamiðstöðin er í Vestmannaeyjakaupstað og heitir Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja.

2. gr.

Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja er að hluta skólamannvirki en að öðru leyti íþróttamannvirki kaupstaðarins.

3. gr.

Íþróttamiðstöðin er á ábyrgð bæjarstjórnar Vestmannaeyja en er falin þriggja manna húsnefnd sem er þannig skipuð: tveir frá bæjarstjórn Vestmannakaupstaðar og einn frá fræðsluráði Vestmannaeyja. Varamenn eru kosnir af sömu aðilum.

Nefndin skipti sjálf með sér verkum og færi gjörðabók um störf sín sem skal lögð fyrir bæjarstjórn.

4. gr.

Starfssvið húsnefndar skal vera:

a) að setja reglur um umgengni í húsinu
b) raða niður afnotum af húsinu. Forgangsrétt um afnot njóti skólar bæjarins á kennsludögum frá kl. 8 00 til kl. 18.00, því næst viðurkennd íþróttafélög bæjarins og þá almenningur. Þegar ganga skal frá niðurröðun á afnotum hússins þá skulu skólastjórar skóla bæjarfélagsins boðaðir á fundinn. Ef formaður Íþróttabandalags Vestmannaeyja á ekki sæti í húsnefndinni þá skal hann einnig boðaður á slíkan fund
c) ákveða afnotagjöld
d) ráða starfsfólk og setja því starfsreglur
e) gera tillögur um viðhald hússins, áhöld þess og öflun tækja
f) gera árlega áætlun um fjárþörf rekstrarins og skila henni svo snemma að hún liggi fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs
g) sjá um að fjárhagsáætlun fyrir Íþróttamiðstöðina sé fylgt.

Íþróttamiðstöðvarnefndin eða forstöðumaður skulu gæta þess við skipulagningu afnota skóla og leiguafnot íþróttafélaga og almennings að nýting hússins verði sem

virkust, afkastamest og samfelldust svo að sem mestur fjöldi iðkenda geti notið íþrótta og baða.

Við afnot og útlán leggi þeir til grundvallar skiptingu salar, búnings- og baðklefa í þriðjung af heildarrými. Við ákvörðun leigugjalds og kostnaðarskiptingu vegna skólaafnota, sem og annarra afnota sé til viðmiðunar sem eining þriðjungur heildarrýmis og tilheyrandi húsrými.

5. gr.

Greiðslur á kostnaði við rekstur hússins fari fram í skrifstofu bæjarsjóðs, svo og bókhald. Engir reikningar greiðist nema forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar hafi staðfest þá.

6. gr.

Rekstrarárið er almannaksárið og skal rekstrarreikningur Íþróttamiðstöðvarinnar birtur með ársreikningum bæjarsjóðs og endurskoðast af endurskoðendum hans.

7. gr.

Rísi ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara reglugerðar sker menntamálaráðuneytið úr.

8. gr.

Reglugerð þessi er staðfest samkvæmt 10. gr. íþróttalaga nr. 49 7. apríl 1956, sbr. 29. gr. laga um grunnskóla nr. 63/1974 og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. september 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 353. 2. október 1977.

SAMÞYKKT

um hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað sæti eftirfarandi takmörkunum:

a) Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á bæjarskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hunds afhenta merkta plötu, sem ætíð skal vera um háls hundsins.
Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar verður breytt.

b) Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati bæjarstjórnar.

c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, nema smalahunda á þeim tíma, er þeir eru sannanlega notaðir við smalamennsku, svo og minnkahunda, dýrahunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í tryggu haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni, er hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

d) Hundaeigendum er skylt að sjá svo um, að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda.
Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðaeigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til bæjarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.

e) Til að standa straum af kostnaði bæjarsjóðs af skráningu og eftirliti með hundum í bænum, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald til bæjarsjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðar árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn.
Bæjarstjórn ákveður fjárhæð gjaldsins og er henni heimilt að ákveða gjaldið lægra fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu vátryggingargjalds samkv. b-lið þessarar greinar, vátryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki er máli skipta samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda.

2. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað, er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiri háttar brot, hefur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Seyðisfjarðarkaupstað. Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn eða hunda til lögreglu sem síðan ákveður hvað gert skuli við hundinn.

3. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og eða vitjar hans innan tveggja sólarhringa hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan eins sólarhrings og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjórn án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkv. 1. gr. laga nr. 7 frá 3. febrúar 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. október 1977.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977:


2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kwst. mæli þannig reiknað:
a. Orkugjald af allri notkun ..... kr. 14.80 á kWst.
b. Fastagjald af hverju herbergi ..... — 125.00 á mán.

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m², eða minna, reiknast hálft, en 25 m² eða stærra, tvö.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 37.70 á kWst.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólffleti eftir sömu reglum og gilda um lið 1.2., en er þriðjungi lægra.

Raforku til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, má selja um kwst. mæli eftir þessum gjaldskrárlið. Þá eru engin fastagjöld reiknuð, önnur en mælaleiga, samkvæmt kafla II.

3.2. Um afl og orkumæla:
Orkugjald ..... kr. 5.70 á kWst.
Aflgjald af notuðu afli, lágm. 5 kw. ..... — 17 700.00 á ári á kW.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið: Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2, og lágmarksaflgjald, sem svarar 20 kw.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kwst. mæli:
Orkugjald ..... kr. 5.70 á kWst.
Fastagjald, miðað við málraun véla, lágmark 2 kw — 16 800.00 á ári á kW.
Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, roftími 2×1.5 klst. á dag, um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald án söluskatts ..... kr. 4.20 á kWst.

4.2. Önnur hitanotkun, roftími 2×1.5 klst. á dag, um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 5.40 á kWst.

4.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 4.30 á kWst.
Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kwst.
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minna ..... kr. 88.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minna ..... — 148.00 — —
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. ..... — 207.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m
63 A 1-fasa	89 000.00	2 860.00
63 A 3-fasa	105 600.00	2 860.00
100 A 3-fasa	137 400.00	3 900.00
125 A 3-fasa	172 000.00	4 360.00
200 A 3-fasa	268 800.00	5 915.00
300 A 3-fasa	388 300.00	10 700.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun heimtaugargjalds samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 200.00.
2. Ef fundin er við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 200.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur 20% auk 13% verðjöfnunargjalds, til Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á taxta 4.1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1928 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 94 9. febrúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 26. október 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 370. 27. október 1977.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir.

1. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 60.00 hverja kWst.

1.2 Um kWst.-mæli á kr. 36.00 hverja kWst. auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólffleti:

a) fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 17.50 á m^2 á mánuði.

b) fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 8.75 á m^2 á mánuði.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 18.70 hverja kWst., enda séu suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárliðum 1.1 eða 1.2.

2.2 Um kWst.-mæli á kr. 14.40 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti er nemur kr. 8.75 af m^2 á mánuði af gólffleti íbúðar. Við ákvörðun á gólffleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

3. Vélanotkun.

3.1 Um kWst.-mæli á kr. 36.00 hverja kWst.

3.2 Stórnotkun á mestaaflsmæla þannig reiknað:
Aflgjald kr. 19 427.00 kW á ári.
Orkugjald kr. 6.65 hverja kWst. af allri notkun.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 18.70 hverja kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 12.40 hverja kWst.
Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun kr. 11.60 hverja kWst.

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar og hitavatnsdunka um kWst.-mæli kr. 5.30 hverja kWst.

4.2 Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 4.80 hverja kWst., enda megi riúfa straum í allt að 3 klst. hvern sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun rafveitustjóra.

4.3 Til hitunar í iðnaði er heimilt að selja raforku á kr. 7.20 hverja kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.

c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

5. Önnur raforkunotkun.

5.1 Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 36.00 hverja kWst.

5.2 Til götu- og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 25.90 hverja kWst.

Alla raforkusölu, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitu-

stjóri þó, að tilkomnu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasamælum, 30 Amp.	kr.	47.50 á mánuði
2.	Af þrífasamælum, 50 Amp.	—	95.00 á mánuði
3.	Af þrífasamælum, 50—100 Amp	—	130.00 á mánuði
4.	Af mestaflsmælum, 100 Amp.	—	300 00 á mánuði
5.	Af mestaflsmælum, yfir 100 Amp.	—	610.00 á mánuði

Af öðrum mælitækjum en þeim, er nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna, leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Flutningsgeta raftaugar		Heimtaugargjald Kr.	Yfirlengdargjald Kr./m
63 A 3ja fasa jarðstrengur	kr.	80 200.00	kr. 4 290.00
100 A 3ja fasa jarðstrengur	—	100 000.00	— 4 820.00
125 A 3ja fasa jarðstrengur	—	125 000.00	— 5 470 00
200 A 3ja fasa jarðsrengur	—	195 000.00	— 7 350.00
300 A 3ja fasa jarðstrengur	—	280 000.00	— 8 670.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 metrum. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálft heimheimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.00.
2. Ef fundin eru ólevfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 000.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

Söluskattur og verðjöfnunargjald, samtals 33% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema gjaldalið 4. sem er sala raforku til upphitunar.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu í Siglufirði, þannig að þau teljast jafngilda 80% af útsöluverði á dieselolíu 1. nóv. 1977 eða kr. 33.25 pr. lítri, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10%, sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá eða lækka, um allt að 20%. Breytingar gjalda skv. 1. og 2. lið til hækkunar eru því aðeins gildar að samþykki iðnaðarráðuneytisins sé fyrir hendi.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 8 5. janúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. október 1977. Nr. 371.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 62.00.
12. Um kWst.-mæli á kr. 26.00 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.
    Fastagjald reiknast þannig:
    a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 20.70 á ferm. á mánuði.
    b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 10.20 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 15.30 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 113.00 á mánuði af hverju herbergi.
    Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi ,sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst sm hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: Á kr. 42.40 hverja kWst. ársnotkun.
32. Kr. 12.90 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
33. Kr. 16.80 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
    Til iðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW.

34. Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 16 048.00 á kWst. á ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr 5.77.
35. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kWst.-mæli á kr. 5.77 hverja kWst., auk fastagjalds kr. 12 672.00 á ári fyrir hvert kW. í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húsahitunar um kWst.-mæli kr. 7.15 hver kWst.
42. Til húsahitunar um kWst.-mæli kr. 3.75 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 26.00 hver kWst.
2. Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1.
Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.
Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum	kr.	113.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum allt að 100 amp.	—	150.00 á mán.
3.	Af þrífasa mælum yfir 100 amp.	—	360.00 á mán.
4.	Af mestaaflsmælum	—	660.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.
Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Stofngjald kr.	Lengdargjald
1.	60 A 1-fasa	111 600.00	innif. allt að 40 m
2.	60 A 3-fasa	168 000.00	innif. allt að 40 m
3.	100 A 3-fasa	216 000.00	innif. allt að 40 m
4.	200 A 3-fasa	300 000.00	innif. allt að 40 m

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitningar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 200.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 200.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 20% söluskattur og 13% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 145 7. mars 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. október 1977. Nr. 372.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps.

RAFORKA

Rafveita Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 64.68 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 25.28 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 283.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 98.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 16.17 hver kWst.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 35.86 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 9 261.00 á hvert uppsett kW. vélanna.

2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 28.35 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt og mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
4. Um mæli á kr. 16 754.00 fyrir hvert kW. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 6.00 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 169.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 69.45 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 124.00 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 4.11 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 1.91 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 7.64 hver kWst. án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr.19.11 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kWst.-mælir á kr. 36.13 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 5.88 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 16.17 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
3. Til gatnalýsingar á kr. 19.11 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrálið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr.	97.00 á mán.
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	—	113.19 - —
Af þrífasa mælum 50—220 amper	—	283.70 - —
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	—	379.75 - —
Af liða fyrir álagsstýringu	—	796.74 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 311.00.

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 311.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnarteikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra og jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum:

	Málstraumur stofnvara		Stofngjald
1.	63 A	1-fasa	kr. 97 490.00
2.	63 A	3-fasa	— 105 222.00
3.	200 A	3-fasa	— 213 440.00
4.	350 A	3-fasa	— 509 355.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytstu leið að varakassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu samkv. ósk heimtaugarbeiðanda skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj = (312 + KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Y1 = (62 + KVA) kr./m. að viðbættum kr. 22 315.00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

Málstraumur		Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63 A	1-fasa	17 287.00	2 572.00	32 560.00
63 A	3-fasa	24 269.00	2 572.00	37 867.00
100 A	3-fasa	25 739.00	3 307.00	43 409.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 33%, eru talin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema á töxtum 5-1, 5-2 og 5-3.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. nóvember 1977. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 93 9. febrúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 28. október 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 373. 28. október 1977.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 64.68 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 25.28 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 283.00 á ári af hverjum fermetra gólffletar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 98.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 16.17 hver kWst.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 35.86 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 9 261.00 á hvert uppsett kW. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 28.35 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt og mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
4. Um mæli á kr. 16 754.00 fyrir hvert kW. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 6.00 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 169.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 69.45 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 124.00 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 4.11 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 1.91 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 7.64 hver kWst. án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr.19.11 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kWst.-mælir á kr. 36.13 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 5.88 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 16.17 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 19.11 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrálið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 97.00	á mán.
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	— 113.19	— —
Af þrífasa mælum 50—220 amper	— 283.70	— —
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	— 379.75	— —
Af liða fyrir álagsstýringu	— 796.74	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 311.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 311.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnarteikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra og jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum:

	Málstraumur stofnvara		Stofngjald
1.	63 A	1-fasa	kr. 97 490.00
2.	63 A	3-fasa	— 105 222.00
3.	200 A	3-fasa	— 213 440.00
4.	350 A	3-fasa	— 509 355.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytstu leið að varakassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu samkv. ósk heimtaugarbeiðanda skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj = (312 + KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Y1 = (62 + KVA) kr./m. að viðbættum kr. 22 315.00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	17 287.00	2 572.00	32 560.00
63 A 3-fasa	24 269.00	2 572.00	37 867.00
100 A 3-fasa	25 739.00	3 307.00	43 409.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 33%, eru talin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema á töxtum 5-1, 5-2 og 5-3.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. nóvember 1977. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 92 9. febrúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 28. október 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps nr. 264 30. júní 1976 með síðari breytingum.

Töflur 1 og 2 í gjaldskránni hljóði þannig:

Tafla I. — Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Daggreiðslur	Fastar greiðslur í kr. Ársgreiðslur	Númer á mælal.
	A — LÝSING				
1.1.	Án fastagjalds	69,00			01
1.2.	Með fastagjaldi	36,80	0,69/m²	252	01
1.3.	Götu- og hafnarlýsing	14,00			03
1.4.	Við íbúðarhússbyggingar	32,20			
	B — HEIMILI				
2.1.	Með fastagjaldi	18,40	6,90/herbergi	2 519	01
	C — IÐNAÐUR OG VERSLUN				
3.1.	Smávélar	36,80			02
3.2.	Stórnotkun	6,90	48,30/kW	17 630	04
	D — HITUN		Með taxta B 2.1		
4.1.	Án rofs	14,00	1 herbergi 34,50	12 593,00	01
4.2.	Með rofi 1 kl/á dag	8,51	2 herbergi 69,00	25 185,00	
4.3.	Með rofi 3 kl/á dag	3,91	3 herbergi 103,50	37 778,00	03
4.5.	Með rofi 14 kl/á dag 10–24	1,96	4 herbergi 138,00	50 370,00	03
			5 herbergi 172,50	62 963,00	03
			Fleiri sleppt		
	F — ANNAÐ				
5.1.	Sérsamningar				
5.2.	Lokun húsveitna og enduropnun		1 150 á reikning og eða útsendingu lokunarm		
	MÆLALEIGUR		Daggreiðslur	Ársgreiðslur	
01	Einfasa almenn án stjórnt.		6,90/mælingu	2 519,00	
02	Einfasa með stjórnt. og þrífasa án stjórnt.		13,80/mælingu	5 037,00	
03	Þriggja fasa m/stjórnt.		20,70/mælingu	7 556,00	
04	Þriggja fasa m/aflmæli		41,40/mælingu	15 111,00	

Tafla II. Tenging við veitukerfið/heimtaugagjöld.

Málstraumur stofnvara/spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga kr.	Yfirlengdargjald eða kostnaður kr./m
63 amp. 220/380 volt	92 000	3 634
100 amp. 220/380 volt	146 050	4 209
125 amp. 220/380 volt	181 700	5 497
200 amp. 220/380 volt	287 500	6 314
300 amp. 220/380 volt	410 550	7 648

Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu, greiðast samkvæmt kostnaði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 375. 28. október 1977.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur og Rafveita Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 64.68 hver kWst.
1.2. Um kWst.-mæli á kr. 25.30 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 281.75 á ári af hverri einingu gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli á kr. 16.17 hver kWst.

C. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 35.90 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 6 444.70 á hvert uppsett kW vélanna.
3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 14.70 hver kWst.
3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
   a. Um kWst.-mæli á kr. 10.36 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
   b. Um tvígjaldsmæli á kr. 61.43 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 11.47 hver kWst. utan þess tíma.
3.4. Um mæli á kr. 13 259.40 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 7.00 á notaða kWst.
3.5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
   Um mæli á kr. 8 695.00 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 7.00 á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

4.1. Um kWst.-mæli á kr. 7.18 hver kWst., án rofs.
4.2. Um kWst.-mæli á kr. 3.59 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4.3. Um kWst.-mæli á kr. 1.94 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 19.40 hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
5.2. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 36.22 hver kWst.
5.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 4.70 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 14.70 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
5.4. Til gatnalýsingar á kr. 14.70 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skulbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 98.00 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 117.60 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 294.00 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 441.00 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	— 441.00 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 082.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 1 593.00.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./m
63A	1-fasa	107 239.00	2 585.00	34 055.00
63A	3-fasa	115 745.00	3 087.00	42 508.00
100A	—	137 592.00	3 504.00	52 920.00
200A	—	221 772.00	Samkv. kostnaði	
315A	—	462 188.00	—	
300kVA	—	645 895.00	—	
500kVA	—	1 078 211.00	—	
800kVA	—	1 724 094.00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur	Loftlína
63A	1-fasa	19 016.00	Sama og aðalheimtaugar	
63A	3-fasa	26 696.00	Sama og aðalheimtaugar	
100A	3-fasa	28 313.00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 112 9. febrúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 28. október 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. október 1977. Nr. 376.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 62.92 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 19.39 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 9 903.00 á ári fyrir 25 m² gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 294.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 62.92 hver kWst. til ljósa og kr. 15.65 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 12.66 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 102.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 32.84 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 10 890.00 hvert kW, og kr. 5 59 hver kWst.

C—3 Kr. 19.35 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 2.49/2.25 hver kWst. og kr. 20 609.00 hvert kW.

D. Hitun.

D—1 Kr. 3.90 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 2 57 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—3 Sértaxti til upphitunar kr. 3.39 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmöguleiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 8.82 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
E—2 Kr. 11.47 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
E—3 Kr. 5.59 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 6.07 hver kWst. til iðnaðar.

Önnur skilyrði til raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	30—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	1 000.00	1 230.00	1 340.00		
3-fasa kWst.-mælar	2 000.00	2 600.00	3 346.00	5 570.00	12 255 00
Tvígj.- og mestastr.-mælar		3 346.00	5 570.00	8 973.00	17 988.00
Stýrikerfisliðar		4 140.00			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn, eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald Jarðstr. kr./m	Lengdargjald Loftlína kr./stólpi	Umframgjald Loftlína kr./stólpi
25 A 1-fasa ...	22 500	11 200	—	Innif.	20 150
25 A 3-fasa ...	33 500	16 700	—	—	28 000
63 A 1-fasa ...	81 000	16 700	Innif.	—	28 000
63 A 3-fasa ...	88 700	18 900	—	—	31 300
110 A 3-fasa ...	110 400	22 300	—	—	39 200
200 A 3-fasa ...	63 000	—	4 615	—	—
315 A 3-fasa ...	191 000	—	6 300	—	—
300 kVA 3-fasa ...	509 000	—	Skv. kostn.	—	—
500 kVA 3-fasa ...	811 000	—	—	—	—
800 kVA 3-fasa ...	1 315 000	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa í húsveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðamarka í jarðstrengs-heimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 000.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 1 000.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, eru innifalin í upphæðum gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.
4. Verðjöfnunargjald 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 116 18. febrúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA

A. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	75.30 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	40.60 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

2.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F3
	Orkugjald	—	19.60 á kWst.
	Markmæling:		
2.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	—	103 030.00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflsstillingu 20 kW	—	13 950.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	2.68 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflsstillingu	—	19.60 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Lágmarksgjald	—	58 × F1 á ári
	Orkugjald	—	40.60 á kWst.
3.2.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	75 695.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	20 415 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	7.53 á kWst.
3.4.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október		
	Aflgjald	—	7 610.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	3.29 á kWst.

4. Húshitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	10.10 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	4.30 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
4.3.	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	29 425.00 á ári

	Aflgjald, umfram 5 kWað hámarksaflsstillingu 20 kW	—	5 885.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	2.77 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflsstillingu	—	19.60 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
4.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	2.25 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

Utanhússlýsing.

5.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Fyrir hvert götuljósker	—	6 × F1 á ári
	Orkugjald	—	9.40 á kWst.
5.2.	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	19.95 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

	Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals fyrir hvert skipti.	kr.	3 600.00

B. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1		kr.	589.00 á mánuði
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	22.00 á m² á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	11.00 á m² á mán.
F3		—	232.00 á mánuði

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili. Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F4	Hvert uppsett kW	—	1 079.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 3.2.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra.

Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafin sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins, sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum (fjósum) sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálft gjald. Heimæðagjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 165\,000 + 180 \times V$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 247\,500 + 270 \times V$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

c) Af húseignum þar sem byggð er dreifð eða fjarlægð mikil frá vatnsæðum hitaveitunnar, þannig að ekki næst tilskilin arðsemi af fjárfestingu hitaveitunnar í stofnkostnaði lagna vegna viðkomandi húseignar, þegar heimæðargjald er reiknað samkvæmt a- eða b-lið (eftir því sem við á), skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu nema annað sé ákveðið:

$$H \geq S + \frac{K + 0{,}02 \times S}{0{,}08}$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind, S stofnkostnað lagna að viðkomandi húseign, en ef þær nýtast fyrir fleiri húseignir skal áætla hlutdeild viðkomandi húseignar í þeim, K áætlaðan sparnað í kyndingarkostnaði viðkomandi húsnæðis og 0,02 × S áætlaðan rekstrar- og viðhaldskostnað viðkomandi lagna. Þetta heimæðagjald er við það miðað, að arðsemi allrar viðbótarfjárfestingar hitaveitunnar sé minnst 8%, og er þá ekki reiknað með kostnaði við vatnsöflun né afskriftum af stofnkostnaði viðkomandi lagna. Heimæðagjaldið skal þó aldrei vera lægra en samkvæmt a- eða b-lið eftir því sem við á.

Nú er um að ræða fleiri húseignir á tilteknu svæði, og er þá heimilt að jafna samanlögðum heimæðargjöldum, reiknuðum samkvæmt ofannefndri jöfnu, á við-

komandi húseignir innan svæðisins og skal þá heimæðagjald reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{H_n}{165\,000 \times n + 180 \times V_n} \times (165\,000 + 180 \times V)$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind, H_n samanlögð heimæðagjöld allra húseigna á hinu tiltekna svæði reiknuðum samkvæmt fyrri jöfnu um tilskilda arðsemi, n fjölda heimæða eða hemlagrinda, V_n samanlagt rúmmál (utanmál) allra húseigna í rúmmetrum á hinu tiltekna svæði og V rúmmál (utanmál) einstakra húseigna í rúmmetrum reiknað fyrir hverja heimæð eða hemlagrind.

8. gr.

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% heimæðagjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæðar er lokið. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna- eða rafgeislahitun er heimilt að fella niður eftirstöðvar gjaldsins, ef hitunarkerfi hússins er breytt og það tengt hitaveitu innan 5 ára frá lagningu heimæðar og tengingu kranavatns við veitukerfið. Að þeim tíma liðnum gjaldfalla eftirstöðvar gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir tilsvarandi húsnæði. Heimilt er þó hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins og tengja hitunarkerfi hússins eða fella niður skyldu um tengingu. Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur heimæðagjald við lóðaveitingu eða veitingu byggingarleyfis.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði um heimæðagjöld, vegna dreifðrar byggðar eða fjarlægðar frá lögnum veitukerfis hitaveitunnar eða sérsamningar við aðrar sveitarstjórnir, gjaldfellur heimæðagjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum við húseigendur eða í sérsamningum við sveitarstjórnir.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný sem svarar orkugjaldi fyrir einn mínútulítra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknigs eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1977, 138 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar og sett er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 3. nóvember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

3. nóvember 1977. Nr. 394.

REGLUGERÐ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.
Stjórn hitaveitunnar.

Hitaveita Akureyrar, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Akureyrarbæjar og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar.

Bæjarstjórn skipar framkvæmdastjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar svo og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur og kýs stjórn fyrir hitaveituna.

3. gr.
Bókhald og fjárreiður.

Skrifstofa Akureyrarbæjar annast bókhald og fjárreiður hitaveitunnar og innheimtir hitaveitugjöld. Bókhaldi hitaveitunnar skal halda aðskildu frá bókhaldi bæjarins.

Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum Bæjarsjóðs Akureyrar ár hvert og vera endurskoðaðir af endurskoðendum þeirra.

4. gr.
Verkefni hitaveitunnar.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og sjá um gerð og rekstur hitaveitu fyrir Akureyri svo og nágrenni bæjarins eftir því sem hagkvæmt er og samkomulag verður um.

Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um borunar- og virkjunarrétt og láta bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á heitu vatni til notenda.

Einnig skal hitaveitan reisa og reka önnur mannvirki sem nauðsynleg og hagkvæm eru á hverjum tíma þ. á m. kyndistöðvar.

Nú verður samkomulag um að íbúar nágrannasveitarfélags verði notendur hitaveitunnar á sama hátt og íbúar Akureyrar og getur þá stjórn hitaveitunnar, verði þess óskað, gert sérsamning við sveitarstjórnina um að leggja veitukerfi frá hita-

veitunni um sveitarfélagið, eða hluta þess og reka það sem hluta af hitaveitunni. Þá getur stjórn hitaveitunnar ennfremur gefið sveitarstjórninni kost á að hafa áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti á stjórnarfundum hitaveitunnar, þegar sérstaklega er fjallað um málefni er varða sveitarfélagið sem slíkt.

5. gr.

Hitaveitugjöld.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld svo sem orkugjald og heimæðagjald samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá er bæjarstjórn setur.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, en henni ber að tilkynna fyrirætlun um lokun með 5 daga fyrirvara.

Kostnað af opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, samkvæmt gjaldskrá.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

6. gr.

Einkaleyfi hitaveitunnar.

Hitaveita Akureyrar hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu og dreifingar og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Akureyrar. Hitaveitan getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir stjórn hitaveitunnar.

7. gr.

Lagnir veitukerfis.

Hitaveitan lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins: aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að hemlagrindum ásamt grindunum sjálfum með tilheyrandi búnaði

8. gr.

Kvöð um tengingu við hitaveitu.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg innan lögsagnarumdæmis Akureyrar þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins og lagnir fyrir heitt kranavatn við hitaveituæðina. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

9. gr.

Eignarréttur hitaveitu og viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á aðveituæðum, stofnæðum, dreifiæðum og götuæðum veitunnar svo og heimæðum og lögnum innanhúss að og með hemlagrindum ásamt tilheyrandi búnaði, er tengja vatnskerfi hússins við veituna, og telst dreifikerfið ná þangað. En tenging vatnshitunarkerfis húss við hemlagrind svo og nauðsynlegar breytingar á innanhúslögnum og hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

10. gr.

Afnot varmaorku.

Varmi sá, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húss og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á hemlagrind, sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

11. gr.

Ábyrgð hitaveitunnar.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

12. gr.

Afrennslisvatn frá húskerfum.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o. s. frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Skal húsráðandi annast og kosta að leiða afrennslisvatnið í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 45°C.

Ef húseigendur nota hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o. s. frv. og hitunarkerfin eru beint tengd veitunni, þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð fyrir 8 kg/cm^2 við þann hita, sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

13. gr.

Uppdrættir og réttur til að annast hitalagnir og gerð uppdrátta.

Við gerð uppdrátta skal miða við almennar reglur um hönnun vatnshitalagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar, byggingarskilmála bæjarstjórnar og aðrar þær reglur, er hitaveitan og byggingareftirlit bæjarins kunna að setja.

Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdrætti eða annast hitalagnir hafa þeir einir, er til þess hafa menntun og réttindi eins og almennt er krafist, og getur bygginganefnd í samráði við byggingareftirlitið og hitaveituna sett um það nánari fyrirmæli og reglur.

14. gr.

Tenging við hitaveituna.

Áður en hitunarkerfi húss eða lagnir fyrir heitt kranavatn eru tengdar hitaveitukerfinu skal liggja fyrir uppdráttar samþykktur af byggingareftirliti bæjarins, og gildir það jafnt um þegar gerðar lagnir, sem nýlagnir og viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum þá getur byggingareftirlitið í samráði við hitaveituna krafist þess að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt er og ber húseigandi allan kostnað af því. Hitaveitan er byggingareftirliti bæjarins til ráðuneytis um mál er snertir hitalagnir.

Heimilt er bæjarstjórn að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í byggingarskilmála fyrir nýjum lóðum.

Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir hemlagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu og byggingareftirlits.

Ef inntak hitaveitu og hemlagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stokk, sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema að fengnu leyfi hitaveitunnar.

15. gr.
Eftirlit.

Byggingareftirlit bæjarins hefur eftirlit með því að hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt kranavatn, bæði nýlagnir og eldri lagnir og viðbætur við þær og breytingar séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og pípulagningameistarar þrýstiprófi nýjar hitalagnir fyrir 8 kg/cm² áður en þær eru teknar út, og tenging við hitaveitu fer fram, en gamlar hitalagnir fyrir 4 kg/cm² nema sérstakar ástæður liggi til annars að mati hitaveitunnar. Byggingareftirlitið skal taka út tengingu við veitukerfið áður en hitaveituvatnið er tekið inn á húskerfið, en starfsmenn hitaveitunnar stilla rennslishemla og mega einir breyta stillingu á þeim.

Starfsmenn hitaveitu og byggingareftirlits skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum bæði innan húss og utan. Húsráðanda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar, er máli geta skipt, um hitun hússins og heitt kranavatn.

16. gr.
Skyldur húseiganda og ábyrgð.

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem hitaveitan setur, um gerð og búnað neysluvatnslagna og hitunarkerfis hússins.

Húsráðandi ber ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss, sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, er vart verður bilunar á búnaði og tækjum, og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu.

Nú verða tæki eða annar búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

17. gr.
Viðurlög við brotum.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað eiganda. Kostnaðinn má innheimta hjá eiganda með lögtaki ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar er hér með staðfest samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 3. nóvember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um gerð umbúða og íláta undir lyf.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lyf, sem framleidd eru eða sett eru í neytendaumbúðir hér á landi, skulu sett í ílát og umbúðir, sem standast eftirfarandi kröfur:

1. Eru af þeim gæðum, að milliverkanir verði ekki milli þeirra og lyfsins, þ. e. að breytingar verði ekki af þeim sökum á styrkleika lyfsins, hreinleika og/eða öðrum gæðum þess sbr. ákvæði gildandi lyfjastaðla.
2. Hafa umbúnað til lokunar, sem stenst kröfur Ph.Eur., USP eða BP varðandi þéttleika og vörn gegn ljósi.
3. Hafa verið viðurkennd af ráðuneytinu til notkunar hér á landi.

Öryggisumbúðir.

2. gr.

Lyf í töflu- eða hylkjaformi, sem talið er að börnum geti stafað hætta af og framleidd eru og/eða sett í neitendaumbúðir hér á landi, skal setja í lyfjaglös með öryggisloki, eða ganga þannig frá þeim, að hverri einstakri töflu (hylki) sé pakkað sérstaklega (þynnupakkað).

Lyf sem innihalda eftirtalin virk efni, skal ávallt setja í slíkar umbúðir, ef þau eru framleidd eða þau sett í neytendaumbúðir hér á landi, enda standist umbúðirnar kröfur 1. gr.:

Asetýlsalisýlsýra.
Barbitúrsýrusambönd.
Digoxin.
Fentíazínsambönd.
Járnsambönd, sem innihalda meira en 24 mg af járni í hverri töflu eða hylki.
Kinidin og sölt þess.
Mepróbamat.
Parasetamól.
Þrí- og fjórhringa geðdeyfðarlyf.

Viðurkenning umbúða og íláta.

3. gr.

Ráðuneytið viðurkennir umbúðir og ílát undir lyf samkvæmt 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar, að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar.

Niðurlagsákvæði.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 69. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 1. janúar 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Heimilt er að nota upp birgðir af umbúðum og ílátum, sem verið hafa á markaði hér fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

2. Ráðuneytinu er heimilt að viðurkenna án umsóknar ílát og umbúðir, sem almennt hafa verið á markaði fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.
3. Eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu öll ákvæði hennar vera komin til framkvæmda.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 396. 2. nóvember 1977.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 10. nóvember 1977 til 15. maí 1978 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita í punkt 64°02'4 og 23°42'0 V og þaðan réttvísandi norður í punkt 64°20'0 N og 23°42'0 V og þaðan réttvísandi austur.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Nr. 397. 7. október 1977.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að umferð um **Selvogsgötu** njóti forgangs fyrir umferð um Öldutún og Öldugötu, (biðskylda.)

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 7. október 1977.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófanefnd til þess að skipuleggja og sjá um samræmd próf í grunnskóla skólaárið 1977—78. Fela má nefndinni önnur verkefni ef ráðuneytið telur það æskilegt enda fallist nefndin á það.

2. gr.

Í nefndina skal skipa einn sérfróðan fulltrúa fyrir hverja þá grein eða greinsamstæðu sem samræmd próf taka til, auk formanns.

Námsmatssérfræðingur veitir nefndinni sérfræðilega ráðgjöf.

Formaður er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast skipar ráðuneytið annan í hans stað.

3. gr.

Prófanefnd skal gera tillögur til ráðuneytisins um fjölda samræmdra prófa, prófgreinar, einkunnastiga og próftíma. Skulu tillögurnar berast ráðuneytinu fyrir 1. apríl.

4. gr.

Prófanefnd setur reglur um framkvæmd samræmdra prófa, mat þeirra og úrvinnslu. Nefndarmenn skulu hver í sinni grein sjá um samningu prófvekefna og matsreglna og hafa í því efni samráð við námsstjóra. Ávallt skulu a. m. k. þrír aðilar, grunnskólakennari, námsstjóri og sérfræðingur í greininni, lesa prófverkefnin yfir og skila umsögn um þau. Nefndarmönnum er heimilt, að fengnu samþykki formanns, að ráða sérfróða aðila sér til aðstoðar. Þá er formanni heimilt að fela öðrum sérfróðum aðilum einstök verkefni, ef ástæða þykir til, og skal það gert í samráði við þann eða þá nefndarmenn, sem hlut eiga að máli.

5. gr.

Prófanefnd skal til undirbúnings aðalprófum annast söfnun prófatriða, halda könnunarpróf og sjá um úrvinnslu þeirra. Þá skal nefndin veita skólum upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa eftir því sem við á að mati nefndarinnar.

6. gr.

Prófanefnd skal hafa náið samstarf við námsstjóra í viðkomandi greinum. Þá skal nefndin veita skólastjórum og kennurum svo og öðrum sem þess óska upplýsingar um námsefni til prófs, prófagerð og önnur atriði er varða verksvið nefndarinnar.

7. gr.

Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um:

1. Skipun prófdómara við samræmd próf.
2. Lágmarkseinkunnir á prófum til inngöngu í framhalds- og sérskóla.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 333 frá 11. júlí 1975 um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið, 3. nóvember 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akranesskaupstaðar, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Gamla þjóðveginum við Berjadalsá er lokað fyrir umferð inn í vegakerfi bæjarins.
2. Umferð um nýja þjóðveginn skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart eldri hluta hans, þar sem þeir nú skerast.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn á Akranesi, 30. september 1977.

Björgvin Bjarnason.

Stjórnartíðindi B 38, nr. 383—399. Útgáfudagur 9. nóvember 1977.

1. nóvember 1977. 695 Nr. 400.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði frá 16. febrúar 1968.

1. gr.

a-liður 1. mgr. 6. greinar orðist svo:

a. Bifreiðastöðvar, biðskýli og verslanir, sem hafa sérstakt leyfi bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar til að versla með takmarkaðan fjölda vörutegunda, nánar tiltekið: Blöð, sælgæti, tóbaksvörur, öl, gosdrykki, ís, brauðvörur, mjólk, nýja ávexti, pylsur, niðursoðnar vörur, kaffi, te, vélpakkaðar matvörur, handsápu, tannkrem, raksápu, rakblöð, kort, frímerki, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, rafmagnsperur, rafhlöður og eldspýtur.

Bæjarstjórn getur bundið leyfisveitinguna við hluta af þessum vörutegundum. Söluleyfi fyrir vélpakkaðar matvörur skal að jafnaði einungis veitt matvöruverslunum, nema staðbundnar aðstæður krefjist annars. Skal sækja um leyfi fyrir því sérstaklega.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. nóvember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

2. nóvember 1977. Nr. 401.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga sem miðast við tímalaun starfsfólks ásamt launatengdum gjöldum.

1. taxti kr. 0.
2. taxti — 260 (⅓ hluti tímalauna auk launat.gj.).
3. taxti — 470 (⅗ hlutar tímalauna auk launat.gj.).
4. taxti — 780 (tímalaun auk launat.gj.).

B 88

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

Greiðsluskylda neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans, og er þá tillit tekið til þess hvort um er að ræða einstakling eða hjón og sambýlisfólk. Greiðsluskylda fer að eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við grunnellilífeyri (g) og tekjutryggingu (t).

Einstaklingur greiði skv.:

1. taxta séu tekjur hans undir kr. 74 440 (g+t) × 1.3.
2. taxta séu tekjur hans milli kr. 74 440 og kr. 114 524 (g+t) × 1.3 til (g+t) × 2.0.
3. taxta séu tekjur hans milli kr. 114 524 og kr. 143 155 (g+t) × 2.0 til (g+t) × 2.5.
4. taxta séu tekjur hans yfir kr. 143 155 (g+t) × 2.5.

Hjón og sambýlisfólk greiði skv.:

1. taxta séu tekjur þeirra kr. 120 169 og þaðan af minna (g+t) × 1.2.
2. taxta séu tekjur þeirra milli kr. 120 169 og kr. 160 255 (g+t) × 1.2 til (g+t) × 1.6.
3. taxta séu tekjur þeirra milli kr. 160 255 og kr. 200 282 (g+t) × 1.6 til (g+t) × 2.0.
4. taxta séu tekjur þeirra kr. 200 282 og þaðan af meiri (g+t) × 2.0.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef um sérstakar ástæður er að ræða.

3. gr.

Verði breytingar á launum starfsfólks eða lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins ber félagsmálaráði að breyta gjaldstiga þessum til samræmis við þær, en tilkynna slíkt bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. nóvember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 402. 3. nóvember 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi Seláshverfis í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. nóvember 1977 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Seláshverfis í Reykjavík að því er varðar eftirfarandi:

1. Tilfærslu á bílgeymslulengjum í vestara raðhúsahverfinu, þ. e. raðhúsahverfinu við Melbæ og Brekkubæ.
   Bílgeymslulengjurnar eru færðar saman.
2. Styttingu og smávægilega tilfærslu á húsagötum í eystra raðhúsahverfinu. Þetta varðar göturnar Brautarás, Dísarás, Brúarás og Grindarás.

Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1977:

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 455
Millifiskur nr. 1	— 428
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 364
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 337

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök:

15/20 FF	kr. 448
15/20 AB	— 389
21/25 FF	— 435
21/25 AB	— 377
26/30 FF	— 423
26/30 AB	— 364
31/35 FF	— 410
31/35 AB	— 351
36/40 FF	— 397
36/40 AB	— 338

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. nóvember 1977.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Ingimar Einarsson.

8. nóvember 1977. Nr. 404.

REGLUGERÐ

um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands heyrir undir verkfræði- og raunvísindadeild samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk Verkfræðistofnunar er:

a) Að efla rannsóknir á sviði tækni- og verkvísinda.
b) Að meta, samræma og fylgjast með framkvæmd rannsóknaverkefna háskólakennara í verkfræðigreinum.
c) Að útvega aðstöðu fyrir rannsóknir og verklegar æfingar til þess að styrkja kennslu í verkfræðigreinum.
d) Að stuðla að nánu samstarfi við rannsóknastofnanir utan Háskóla Íslands um rannsóknaverkefni og sem besta nýtingu rannsóknaaðstöðu og tækja.
e) Að auka tengsl starfsmanna stofnunarinnar við atvinnulífið, m. a. með því að vera til ráðuneytis og vinna að lausn ýmissa þeirra vandamála, sem krefjast sérþekkingar og rannsóknaaðstöðu sem til eru innan stofnunarinnar.
f) Að gangast fyrir fyrirlestrum, námskeiðum og ráðstefnum, sem geta stuðlað að aukinni tækniþekkingu í landinu.

3. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

a) Fastráðnir kennarar við verkfræðiskor eftir því sem við á. Auk þess er heimilt að fastir kennarar í öðrum greinum starfi við stofnunina.
b) Sérfræðingar, aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn eftir því sem heimild er fyrir í fjárlögum.
c) Gistiprófessorar, sérfræðingar, aðstoðarmenn og styrkþegar, sem hafa starfsaðstöðu við stofnunina eða eru ráðnir til takmarkaðs tíma.
d) Námsmenn, sem stofnunin veitir starfsaðstöðu til rannsóknarverkefna.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð fjórum mönnum, þrem kjörnum af deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar til tveggja ára í senn úr hópi fastra háskólakennara og sérfræðinga, sem taldir eru í 3. gr., lið a og b, að fengnum tillögum starfsliðs stofnunarinnar, og einum kjörnum af Félagi verkfræðinema.

Stjórnin kýs sér formann og er hann jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar. Hann skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og hafa eftirlit með allri starfsemi stofnunarinnar.

Ráða skal framkvæmdastjóra þegar heimild er fyrir í fjárlögum.

Stjórn stofnunarinnar er að fengnu samþykki verkfræði- og raunvísindadeildar heimilt að skipta stofnuninni í rannsóknastofur.

Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunarinnar, hefur umsjón með fjármálum hennar, semur rekstraráætlanir og tillögur um fjárveitingar. Falli atkvæði jöfn innan stjórnar ræður atkvæði formanns.

5. gr.

Stjórnarmenn fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan háskólans.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

6. gr.

Rekstur Verkfræðistofnunar er kostaður af ríkisfé skv. því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

a) Styrkir til einstakra rannsóknaverkefna.
b) Greiðslur fyrir utanaðkomandi verkefni.
c) Gjafir.

Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal borin undir deildarráð verkfræði- og raunvísindadeildar en heyrir endanlega undir rektor og háskólaritara skv. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands. Bókhald stofnunarinnar skal vera hluti af heildarbókhaldi háskólans.

Stjórn Verkfræðistofnunar skiptir fjárveitingu og öðrum tekjum sem stofnunin aflar á viðfangsefni.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. 87. gr. reglugerðar nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, og öðlast gildi 1. janúar 1978.

Menntamálaráðuneytið, 8. nóvember 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Árni Gunnarsson.

10. nóvember 1977. Nr. 405.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fyrirtæki, sem starfa að loftflutningum, nr. 91 20. mars 1973, sbr. breytingu á þeirri reglugerð, nr. 49 20. febrúar 1975 og nr. 205 24. maí 1976.

1. gr.

5. gr. orðist þannig:

Leyfi til loftferðastarfsemi er veitt til ákveðins tíma og veitir leyfishafa heimild til að stunda þá loftferðastarfsemi, sem nánar er tiltekin í leyfisbréfinu.

2. gr.

Í reglugerðina bætist ný gr., er verði 6. gr., svohljóðandi:

Loftferðafyrirtæki, sem stundar reglubundið flug, óreglubundið flug eða þjónustuflug, skal hafa framkvæmdastjóra flugdeildar, sem ber ábyrgð á flugrekstrinum í heild.

Framkvæmdastjórinn skal hafa sér til aðstoðar flugrekstrarstjóra og tæknistjóra. Flugrekstrarstjóri ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á flugrekstrinum (Operations) og tæknistjóri ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á tækniatriðum flugrekstrarins. Flugrekstrarstjórinn skal vera starfsmaður hjá loftferðafyrirtækinu. Tæknistjórinn þarf í vissum tilvikum ekki að vera persóna eða fyrirtæki, sem starfar hjá loftferðarfyrirtækinu. Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri skulu vera viðurkenndir af flugmálastjórn.

Ef starfsemi loftferðafyrirtækisins er lítil í sniðum getur flugmálastjórn samþykkt að framkvæmdastjóri sé jafnframt flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri.

Framkvæmdastjóri flugdeildar skal bera ábyrgð á því að flugrekstrardeild og tæknideild sé gert kleift að sinna hlutverki sínu og skyldum.

Flugrekstrarstjóri ber ábyrgð á:

a) stjórn og rekstri flugstarfseminnar, svo og skipulagi og umfangi flugdeildar,
b) því að halda við og hafa tiltækar leiðbeiningar um stöðu, ábyrgð og tilhögun bæði í starfsemi á jörðu og á flugi er varðar starfslið flugrekstrardeildar,
c) mati á hæfni flugstarfsliðs, viðurkenningu á hæfni þess til ráðningar og nauðsynlegri þjálfun þess,

d) því að samþykkja flugverkefni frá sjónarmiði flugrekstrar, svo og skiptingu og skipulagningu flugverkefna með hliðsjón af hæfni flugverja, svo og að sjá um að flugverjar fái nægilega kennslu og þjálfun,
e) stjórn á kennslu flugverja, eftirlit með henni og þjálfun þeirra samkvæmt gildandi reglum og flugrekstrarbók,
f) því, að nauðsynlegt leyfi, leiðsögubúnaður og upplýsingar um leitar- og björgunarþjónustu fyrir það svæði, sem flogið skal yfir, séu tiltæk fyrir hvert einstakt flug,
g) því, að hver einstakur flugverji hafi upplýsingar um, að svo miklu leyti, sem þær eru nauðsynlegar hans sérstaka starfi, reglur og fyrirmæli, sem gilda á því svæði sem flogið skal yfir, fyrir flugvelli, sem nota skal, og um tilheyrandi leiðsögutæki á svæðum þessum og flugvöllum, svo og skyldur til að fara eftir þeim,
h) að leiðarbækur og skýrslur, sem krafist er að skuli færðar í flugrekstrinum, séu rétt og reglulega færðar og við haldið,
i) að fullnægt sé tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð um það efni, eins og hún er á hverjum tíma.

Tæknistjóri ber ábyrgð á :

a) skipulagningu og umfangi verksviðs, svo og stjórn tæknideildar loftferðafyrirtækisins, einnig samningum og framkvæmd á viðhaldi, sem unnið er utan fyrirtækisins,
b) því að tiltækar séu leiðbeiningar og haldið sé við leiðbeiningum um stöðu, ábyrgð og tilhögun, er varðar vinnubrögð, viðhaldsvöndun og viðhaldseftirlit,
c) mati á hæfni tæknistarfsliðs í ábyrgðarstöðum og nauðsynlegri þjálfun þess,
d) útvegun og meðferð alls efnis, sem notað er í viðhaldi og mikilvægt er fyrir gæðastaðal viðhaldsdeildar loftferðafyrirtækisins,
e) að viðhaldsbækur og skýrslur, sem krafist er að skuli færðar, séu rétt og reglulega færðar og við haldið,
f) að fullnægt sé tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð um það efni, eins og hún er á hverjum tíma.

Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri eru samábyrgir fyrir skipulagningu þeirrar starfsemi, sem tengir flugrekstur og viðhald, og fyrir því að koma á fót og halda stöðugt við yfirliti um notkunarendingu og bilanir hluta.

Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri skulu nema flugmálastjórn telji það óþarft, gangast undir sérstakt próf hjá flugmálastjórn í reglum um loftferðir og framkvæmd þeirra.

Ef flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri láta af störfum hjá loftferðafyrirtækinu skal framkvæmdastjórinn tilkynna það flugmálastjórn tafarlaust, svo og sækja um viðurkenningu á eftirmanni. Starfsemi fyrirtækisins má eigi halda áfram fyrr en nýr flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri hefur á ný hafið störf hjá loftferðafyrirtækinu. Flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri mega tilnefna staðgengil sinn í forföllum sínum, en ef þeir eru fjarverandi lengur en einn mánuð, skal flugmálastjórn viðurkenna hlutaðeigandi staðgengil.

3. gr.

Í reglugerðinni bætist ný gr., er verði 18. gr., svohljóðandi:

Eigi má hefja flug fyrr en flugstjóri hefur sannfærst um að viðhaldsvottorð hafi verið gefið út fyrir loftfarið í samræmi við gildandi reglur.

Flugstjóri skal sjá um að hleðslu- og jafnvægisskrá sé gerð fyrir hvert flug eða röð af flugferðum. Af skránni skal hægt að sjá að þungi flugvélarinnar sé þannig að með hliðsjón af hugsanlegum veðurskilyrðum sé unnt að ljúka fluginu, hleðsla og dreifing farms og farþega skal vera þannig, að lega þyngdarpunkts sé innan réttra marka. Hleðslu- og jafnvægisskráin skal vera samþykkt og undirrituð af flugstjóra.

Hana skal geyma a. m. k. þrjá mánuði. Í stað hleðslu- og jafnvægisskrár má í vissum tilvikum koma einföld hleðsluskrá, ef flugmálastjórn hefur samþykkt það fyrir hlutaðeigandi loftfar og flugstarfsemi.

4. gr.

Í reglugerðina bætist ný gr., er verði 20. gr., svohljóðandi:

Gild flugrekstrarbók (Operations Manual) skal vera tiltæk og samþykkt af flugmálastjórn. Flugrekstrarbókin skal vera samin með hliðsjón af reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — International Civil Aviation Organisation (ICAO), „Manual of Procedures for Operations Certification and Inspection", eins og þær eru á hverjum tíma. Flugmálastjórn skal látið í té eitt eintak af flugrekstrarbók og halda skal við leiðréttinga- og breytingaþjónustu.

5. gr.

Í reglugerðina bætist ný gr., er verði 21. gr., svohljóðandi:

Gild viðhaldsbók skal vera tiltæk fyrir hverja flugvélartegund, sem flugrekandi notar, og vera samþykkt af flugmálastjórn. Viðhaldsbók skal samin á kerfisbundinn hátt og hafa efnisyfirlit og skrá yfir leiðréttingar og breytingar. Flugmálastjórn skal látið í té eitt eintak af viðhaldsbók og skal leiðréttinga- og breytingaþjónustu haldið við.

6. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist í samræmi við ákvæði 2.—5. gr. reglugerðar þessarar, þannig að greinar 6—16 verði 7—17, grein 17 verði 19 og greinar 18—20 verði 22—24.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

9. nóvember 1977. Nr. 406.

AUGLÝSING

um gildistöku nýrrar lyfjaskrár.

Frá og með 1. janúar 1978 skal hin enska útgáfa evrópsku lyfjaskrárinnar, Pharmacopoeia Europaea, bindi I—III ásamt viðaukum og breytingum 1973 og 1977 vera gildandi lyfjaskrá á Íslandi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. nóvember 1977.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 50 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er í 2. gr. segir.

2. gr.

1. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði þó aðeins vera 35 km á klukkustund:
   a. Alþjóðabraut milli gatnamóta Bogagötu og Flutningabrautar F.
   b. Uppland.
   c. Akbrautir gegnum íbúðarhverfi sunnan Austurbrautar og austan Flugvallarvegar, svo og austan Suðurgötu og norðan Austurbrautar.
2. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:
   a. Grjótagata.
   b. Vegurinn að fjarskiptastöðinni á Stafnesi frá vegamótum Bogagötu.
   c. Alþjóðabraut milli Suðurgötu og Grænásafleggjara.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli nr. 99 frá 2. júlí 1962.

Utanríkisráðuneytið, 9. nóvember 1977.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

Nr. 408. 21. nóvember 1977.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 20% frá 1. des. 1977 frá því sem þær voru í nóv. 1977. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 20% frá sama tíma. Skertar tekjutryggingar umreiknast samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STARFSREGLUR

fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

1. gr.

Verkefni deildarinnar eru:

1. Yfirstjórn á rekstri fangelsa og Skilorðseftirlits ríkisins.
2. Nýbyggingar og viðhald fangelsa.
3. Fjárveitingatillögur.
4. Fullnusta refsidóma.
5. Veiting reynslulausnar.
6. Afgreiðsla tillagna um náðanir og uppreist æru.

2. gr.

Deildin skal sjá um, að reglum um rekstur fangelsanna sé framfylgt og þær séu endurskoðaðar eftir þörfum.

Deildin sér um ráðningu starfsmanna í samráði við forstöðumenn.

Deildin skal sjá um menntun fangavarða og standa fyrir námskeiðum fyrir þá eftir þörfum.

Forstöðumenn skulu leyta heimildar deildarinnar fyrir öllum breytingum í rekstri og fyrir meiri háttar viðhaldi og til öflunar nýrra tækja og búnaðar.

Forstöðumenn skulu leggja fyrir deildina tillögur sínar til fjárveitingar, sem deildin endurskoðar og leggur fyrir fjármálaráðuneytið og Alþingi.

3. gr.

Deildin úrskurðar öll ágreiningsefni, er varða réttindi og skyldur fanga.

4. gr.

Deildin tekur við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara og Hæstarétti. Sektardóma, svo og varðhaldsdóma fyrir áfengis- og umferðarlagabrot, sendir deildin lögreglustjórum til fullnustu.

Deildin annast fullnustu fangelsisdóma, óskilorðsbundinna og skilorðsbundinna og annarra varðhaldsdóma en þeirra, sem greinir í 1. mgr.

Deildin tilkynnir viðkomandi dómþola um dóm hans og hvenær hann skuli mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki á tilsettum tíma, felur deildin viðkomandi lögreglustjóra að færa dómþola í fangelsið.

Leiti dómþoli eftir fresti á afplánun, úrskurðar deildin um, hvort við þeirri beiðni skuli orðið.

5. gr.

Deildin felur viðkomandi lögreglustjórum innheimtu málskostnaðar í þeim málum, þar sem hún sjálf annast fullnustuna, enda sé málskostnaður talinn innheimtanlegur.

6. gr.

Deildin annast veitingu reynslulausnar samkvæmt ákvæðum 40.—42 gr. almennra hegningarlaga.

7. gr.

Deildin tekur á móti umsóknum um náðun á refsingu, undirbýr náðunartillögur og tilkynnir afgreiðslu slíkra umsókna.

Umsóknir um uppreist æru skal deildin fjalla um á sama hátt og náðunarumsóknir.

8. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd til að meta umsóknir, sem deildinni berast um reynslulausn, náðun og uppreist æru. Nefndin skal skipuð til tveggja ára í senn. Deildin skal afla sem fyllstra upplýsinga um umsækjanda og skulu þær fylgja umsókn, þegar hún er lögð fyrir nefndina. Nefndin skal láta í té skriflega umsögn um umsóknir.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 7. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands og skv. 39 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. l. nr. 101/1976 um breyting á þeim lögum, koma til framkvæmda 1. mars 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. nóvember 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

Nr. 410. 17. nóvember 1977.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	54.80 á kWst.
1.2.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	16.40 á kWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	280.00 á m² á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	103.00 á m² á ári
1.3.	Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	16.40 á kWst.
1.4.	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	27.40

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1.	Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	12.40 á kWst.

	Fastagjald af hverju herbergi	—	1 116.00 á ári
	Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærri tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.		
2.2.	Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	12.40 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	27.40 á kWst.
	Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2., en þriðjungi lægra.		
3.2.	Um afl og orkumæla:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	4.25 á kWst.
	Aflgjald, lágmark 2 kW	—	42 840.00 á ári
	Aflgjald umfram 2 kW	—	14 280.00 á kW á ári
	Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.		
	Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2. og lágmarksaflgjald af 20 kW.		
3.3.	Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	4.25 á kWst.
	Aflgjald, lágmark 2 kW	—	36 972 00 á ári
	Aflgjald, af uppsettum kW. í málraun véla	—	11 346.00 á kW á ári
	Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.		

4. Hitun.

4.1.	Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	7.63 á kWst.

4.2. Til húshitunar, roftími 2×1½ klst. á dag. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.19 á kWst.

4.3. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.91 á kWst.

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.74 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði til raforkusölu til hitunar.

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 888.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni ..... — 1 968.00 á ári
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 og til 100 A ..... — 2 238.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald jarðstrengur kr./m.	Yfirlengdargjald loftlína kr./stólpa
63 A	1-fasa	69 910	2 290	24 330
63 A	3-fasa	75 650	2 290	29 690
100 A	3-fasa	89 980	2 570	37 960
200 A	3-fasa	145 000	3 470	
315 A	3-fasa	302 290	4 850	
300 KVA	3-fasa	423 210	Samkv. kostn.	
500 KVA	3-fasa	701 250	—	
800 KVA		1 122 450	—	

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengiskáp að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveita ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa	.....	kr. 15 250
63 A 3-fasa	.....	— 20 840

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu:

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 7 840 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 070.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 1 070 til rafveitunnar.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskránni, nema af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss, nr. 78 28. janúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 17. nóvember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um sölu skotelda í smásölu.

Í 9. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda segir: „Enginn má versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjórum að veita leyfi til sölu skotelda í smásölu".

b. Við sölu kjöts og annarra sláturafurða í smásöluverslunum skal auðkenna og halda aðgreindum afurðum af hverri búfjártegund og jafnframt verð- og gæðaflokkum af sömu búfjártegund, svo kaupandi geti jafnan athugað, að söluverð sé í beinum tengslum við gæðamat vörunnar frá framleiðanda.

VII. KAFLI
Um störf kjötmatsformanns og yfirkjötmatsmanna.

35. gr.

Ráðherra skipar kjötmatsformann og 4 yfirkjötmatsmenn og hafi hver yfirkjötmatsmaður ákveðið starfssvæði.

Kjötmatsformaður hefur ekki ákveðið starfssvæði, enda skal hann hafa yfirumsjón með þeim atriðum í reglugerð þessari, er snerta verkssvið yfirkjötmatsmanna, og samræma mat, flokkun og merkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum á öllu landinu, samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 frá 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

36. gr.

Kjötmatsformaður og yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem fyllsta þekkingu á verkun, mati og meðferð kjöts og annarra sláturafurða og kynna sér ávallt sem best allar breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, er erlendir eða innlendir neytendur og kaupendur eða umboðsmenn þeirra gera til þessara vara. Sérstaklega skal kjötmatsformaður vera vel á verði í þessum málum og tilkynna hinum yfirmatsmönnunum allar breytingar og nýmæli á þessu sviði.

37. gr.

Kjötmatsformaður skal, eftir því sem við verður komið, gera athuganir á kjöti og öðrum sláturafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til sölu innan lands og framkvæma yfirmat á þeim, ef þurfa þykir. Jafnframt er kjötmatsformanni skylt að gera yfirmat á kjöti eða öðrum sláturvörum að beiðni seljanda eða kaupanda ef hann álítur þess þörf, svo sem af völdum geymslu- og flutningagalla eða af öðrum ástæðum, sem fram kunna að koma. Slíkt yfirmat er yfirkjötmatsmönnum skylt að framkvæma, hverjum í sínu umdæmi að beiðni kjötmatsformanns og ávallt í samráði við hann. Allan kostnað, er leiðir af slíku yfirmati, greiðir eigandi vörunnar annan en kostnað er fylgir störfum yfirkjötmatsmanns og kjötmatsformanns, er greiða skal úr ríkissjóði.

38. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu leggja kapp á, að fullnægt sé á viðeigandi hátt þeim kröfum, sem gerðar eru til þess, að slátrun, verkun, geymsla, flutningar og umbúðir sláturafurðanna séu í sem bestu lagi.

39. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu líta eftir því, hver í sínu umdæmi, að heilbrigðisskoðun á sláturafurðum sé ekki framkvæmd af öðrum en þeim, sem fengið hafa löggildingu ráðuneytisins til þess starfa. Þá skulu yfirkjötmatsmenn kynna sér ástand slátur- og frystihúsanna og bera fram kvartanir við þá, sem þeim stjórna og þá aðila, sem hús þessi löggilda og eftirlit þeirra annast, ef húsin að þeirra dómi fullnægja ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til slíkra húsa.

40. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu, hver í sínu umdæmi, senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, hverjir skulu skipaðir kjötmatsmenn í lögsagnarumdæminu. Skal vanda val þeirra eftir því sem kostur er á. Sláturleyfishafa ber að vera yfirkjötmatsmanni til aðstoðar við val kjötmatsmanna, ef þörf gerist. Ekki má skipa seem kjötmatsmenn forstöðumenn eða eigendur fyrirtækja, sem slátrun annast eða versla með sláturafurðir, verkstjóra eða þá, sem taka slátrun í ákvæðisvinnu,

né aðra þá menn, sem riðnir eru við innkaup sláturfjárins eða sölu vörunnar á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu að dómi yfirkjötmatsmanns. Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt, að dómi yfirkjötmatsmanns og er yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann kjötmatsformanni og hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan kjötmatsmann í hans stað samkvæmt ábendingu yfirkjötmatsmanns.

41. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt eftir þörfum, einkum í sláturtíð, og haga ferðum þannig, að eftirlitið komi að sem bestum notum. Þeir skulu hvarvetna líta eftir öllu því, er viðkemur slátrun, verkun og geymslu sláturafurðanna og leiðbeina um það, sem ábótavant er. Sérstaklega ber þeim að leiðbeina kjötmatsmönnum við matið og yfirleitt kosta kapps um, að þeir verði sem færastir í starfinu. Yfirkjötmatsmenn skulu skera úr ágreiningi, sem fyrir kann að koma við kjötmatið í daglegum störfum kjötmatsmanna í sláturhúsunum.

42. gr.

Nú verður yfirkjötmatsmaður þess vís, að einhverjir sláturleyfishafar eða aðrir brjóta á móti ákvæðum laga og reglugerða um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og ber honum þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust. Yfirkjötmatsmenn og kjötmatsmenn skulu vera sérstaklega vel á verði gegn sölu kjötafurða af heimaslátruðum gripum á opinberum markaði og tilkynna lögreglu, ef þeir verða varir við að ákvæði laga um þetta efni séu brotin.

43. gr.

Yfirkjötmatsmaður skal, ef hann óskar að láta af störfum, tilkynna það landbúnaðarráðuneytinu með minnst 3 mánaða fyrirvara, nema gildar ástæður séu fyrir hendi, að hann geti ekki sinnt starfinu lengur. Sama gildir um uppsagnartíma kjötmatsformanns.

Nú hefur yfirkjötmatsmaður hætt störfum og enginn verið skipaður í hans stað. Er kjötmatsformanni þá, með samþykki landbúnaðarráðherra, heimilt að ráða til bráðabirgða einn eða fleiri menn á það svæði, þar sem yfirkjötmatsmann vantar til að annast aðkallandi yfirmatsstörf um stundarsakir, sérstaklega á tímabilinu 1. sept. til 1. nóv. Skal slíkum aðstoðarmönnum goldið sanngjarnt dagkaup þá daga, sem þeir ferðast og vinna yfirmatsstörf, ásamt ferðakostnaði og dagpeningum.

Hætti kjötmatsformaður störfum áður en skipaður hefur verið annar í hans stað, skal ráðherra setja einn af yfirkjötmatsmönnunum kjötmatsformann um stundarsakir, þar til skipun hefur farið fram. Kjötmatsformanni ber að vera ráðherra til aðstoðar við val yfirkjötmatsmanna sé þess óskað.

44. gr.

Yfirkjötmatsmenn og kjötmatsformaður skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji hlíta reglum þessum og rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra, með alúð og samviskusemi.

45. gr.

Yfirkjötmatsmönnum ber að senda kjötmatsformanni greinargerð og skýrslu um störf sín ár hvert og tilgreina nöfn og heimilisfang kjötmatsmanna, hjá hvaða sláturleyfishafa þeir starfi ásamt upplýsingum um aðalstarf. Kjötmatsformaður skal halda skrá yfir alla kjötmatsmenn á landinu og senda landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um kjötmatið ár hvert.

46. gr.

Starfssvæði hvers yfirkjötmatsmanns skal vera sem hér segir:

1. Frá Skeiðarársandi vestur um land að Gilsfjarðarbotni.
2. Frá Gilsfjarðarbotni um Vestfirði til Hrútafjarðarbotns.
3. Frá Hrútafjarðarbotni um Norðurland að Jökulsá í Axarfirði.
4. Frá Jökulsá í Axarfirði austur um land að Skeiðarársandi.

Kjötmatsformaður getur lagt fyrir yfirkjötmatsmenn að þeir starfi utan sinna svæða, ef þörf krefur.

VIII. KAFLI

Um störf og skyldur kjötmatsmanna.

47. gr.

Lögreglustjóri, sýslumaður, skipar kjötmatsmenn einn eða fleiri á hverjum sláturstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

48. gr.

Sá sem öðlast kjötmatsréttindi, og starfar við kjötmat, skal hafa náð 21 árs aldri og vera ekki eldri en 70 ára og hafa unnið nokkuð við almenn sláturstörf og kjötverkun.

Áður en nýr maður er skipaður í starf skal hann sækja námskeið um kjötmat og að því loknu fá viðurkennda starfshæfni sína hjá kjötmatsformanni. Slík námskeið skulu haldin svo oft sem þurfa þykir að dómi Framleiðsluráðs landbúnaðarins og landbúnaðarráðherra.

Ríkissjóður greiðir kostnað við námskeið þessi.

Þeir sem lokið hafa sveinsprófi í kjötiðnaði skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um störf þessi. Kjötmatsmaður má ekki eiga í fyrirtæki því, er hann starfar hjá sem kjötmatsmaður, né vera forráðamaður þess félags, sem sláturleyfið hefur. Hann má ekki vera sölumaður afurðanna á einn eða annan hátt, né þiggja neina aukaþóknun hjá þeim, sem söluna annast og gæta fyllstu óhlutdrægni í starfi.

49. gr.

Kjötmatsmaður skal hafa góða þekkingu á aldri sláturgripa, bæði á fæti og föllum þeirra, og vita um verðgildi afurðanna á opinberum markaði. Hann geri sér ávallt fulla grein fyrir gæðum hverrar vöru, er hann metur, bæði að uppruna, meðferð og útliti. Þá skal kjötmatsmaður ganga á undan í öllum þrifnaði, m. a. í hentugum klæðaburði og hreinlegum hlífðarfötum.

50. gr.

Kjötmatsmaður skal annast mat, flokkun og merkingu á kjöti og slátri, undir umsjón yfirkjötmatmanns, eftir þeim reglum, sem settar eru í þessum efnum, og ber hlutaðeigandi yfirkjötmatsmanni að sjá um, að sérhver kjötmatsmaður, er byrjar í starfi, fái í hendur gildandi reglugerðir, svo og allar breytingar, er kunna að verða gerðar á lögum eða reglugerðarákvæðum, er starf hans snertir.

51. gr.

Kjötmatsmaður skal sjá um, að slátrun fari ekki fram, fyrr en sláturfénaður hefur fengið hæfilega hvíld á sláturstað, hvort heldur er eftir rekstur, flutninga á landi, sjó eða lofti. Hann skal fylgjast með, að aflífun fari ekki fram á annan hátt en landslög heimila. Þá skal kjötmatsmaður sjá um, að fláning hefjist ekki fyrr en blæðingu er lokið. Hann skal og ganga ríkt eftir því, að fláningin sé það hreinleg, að önnur óhreinindi séu ekki á kjötinu eftir fláningu en blóð svo sem í

kviðar- og brjóstholi og strjúpa, er skola má af með volgu vatni. Heitara vatn má ekki nota en 40° C. Þá skal kjötmatsmaður ávallt víta ef himnur á yfirborði skrokksins eru skornar eða rifnar við fláningu.

52. gr.

Kjötmatsmaður skal, eftir því sem við verður komið, leiðbeina í öllum sláturstörfum, sérstaklega þeim, er lúta að þrifnaði og vöruvöndum. Hann skal fylgjast vel með kælingu, frystingu, söltun og annarri verkun kjöts og sláturs og reyna af fremsta megni að stuðla að því, að varan komist á réttum tíma í góðar umbúðir og geymslustaði. Jafnframt ber kjötmatsmanni að fylgjast með flutningatækjum, sem vörurnar eru fluttar með, hreinlæti og útbúnaði.

53. gr.

Kjötmatsmaður sýni ávallt prúðmennsku í starfi. Hann skal hafa sem besta samvinnu við dýralækni eða hvern þann annan lækni eða aðstoðarmann, er vinnur við heilbrigðisskoðun. Þá skal kjötmatsmaður í samráði við sláturhússtjóra stuðla að því að öllu því, sem ábótavant er við sláturstörfin, sé kippt í lag svo fljótt sem auðið er.

54. gr.

Kjötmatsmaður gangi ríkt eftir því, að heilbrigðisskoðun og stimplun fari fram, áður en flokkun og merking hefst. Mat á kjöti eða öðrum sláturvörum er ólögmæt án undangenginnar læknisskoðunar, samanber 6., 7. og 8. gr. laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

55. gr.

Ef kjötmatsmaður telur sig óréttri beittan eða verða fyrir óréttmætum ásökunum, getur hann skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar yfirkjötmatsmanns eða kjötmatsformanns.

56. gr.

Sýni kjötmatsmaður vanrækslu í starfi, hlutdrægni við mat eða leysi það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, er yfirkjötmatsmanni heimilt í samráði við kjötmatsformann að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal lögreglustjóra þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni frá störfum og skipar annan kjötmatsmann í hans stað.

57. gr.

Þegar kjöt eða aðrar sláturafurðir eru fluttar úr landi eða til sölu á markaðsstaði innan lands, skal, ef óskað er, fylgja vottorð kjötmatsmanns um, að kjötið, og aðrar sláturafurðir, sé flokkað, metið og merkt og farið með það að öllu leyti eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Í vottorðinu skal tilgreind tegund stykkjatala og þyngd í hverjum flokki fyrir sig. Sé um frysta eða saltaða vöru að ræða, skal tilgreina geymslutíma.

58. gr.

Kjötmatsmönnum er skylt að gæta þess vandlega, að merkimiðar, merkiplötur og umbúðir séu ekki notaðar á annan hátt en við á.

59. gr.

Kjötmatsmaður skal halda dagbók um hve mörgum skepnum er slátrað dag hvern, af hverri tegund búfjár, sauðfé, nautgripum, hrossum o. s. frv. og láta tölu þeirra í té hlutaðeigandi yfirkjötmatsmanni eða kjötmatsformanni, sé þess óskað.

60. gr.

Kjötmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi og fara eftir þeim reglum, er settar eru um það. Lögreglustjóri stílar þeim heitið.

61. gr.

Kjötmatsmenn skulu starfa í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og samkvæmt fyrirmælum yfirkjötmatsmanns. Þeim er skylt, eftir því sem við verður komið, vegna matsins, að vinna við verkun kjötsins og annarra sláturafurða.

Kaup kjötmatsmanna skal vera 50% hærra en venjulegt verkamannakaup á viðkomandi vinnustað og greiði hlutaðeigandi sláturleyfishafi kaupið.

Heimilt er að ákveða fast matsgjald fyrir hvern grip til að standa undir kostnaði sláturhússins við matið, enda komi til samþykki kjötmatsformanns.

Verði ágreiningur um þetta efni sker ráðherra úr.

62. gr.

Kjötmatsmaður skal taka hart á öllum óþrifnaði við sláturstörfin og vera vel á verði gagnvart afurðum, af vanheilum gripum sökum sjúkdóma eða meiðsla. Hann gangi ríkt eftir því að allri vöru, sem kjötskoðunarlæknir dæmir frá neyslu til manneldis, sé eytt á öruggan hátt. Óhreinindi á kjöti frá slátrun eða af öðrum ástæðum fellir það í gæðamati og enn fremur fláningsgallar, spilli þeir útliti skrokkana eða rýri þá að verðgildi. Vansköpun eða áberandi vaxtarlýti, beinbrot gömul eða ný, vanþroski, megurð, offita, stórir marblettir, bólgur, graftarígerðir, sár o. s. frv., eða ef limir eða skrokkhlutar hafa verið afskornir, fellir vöruna í gæðamati og mega slíkir skrokkar af sláturfénaði aldrei fara í fyrsta gæðaflokk sinnar tegundar. Tjón á sláturpeningi og afurðum vegna ágalla í aðbúnaði, meðferð eða verkun í sláturhúsi, skal sláturleyfishafi bera.

63. gr.

Nú lýst kjötmatsmanni eða yfirkjötmatsmanni svo illa á skrokk eða aðrar sláturvörur, sem stimplaðar hafa verið með heilbrigðisstimpli, að varan fullnægi ekki nauðsynlegum kröfum um gæðastig neins flokks, skal kjötmatsmaður þá merkja slíka skrokka eða vöru með orðinu Úrkast. Kjöt eða aðrar sláturvörur geta einnig orðið úrkast af völdum skemmda í flutningum og geymslu eða hvers konar óhappa, sem þessar vörur geta orðið fyrir.

64. gr.

Kjötmatsmaður skal, eftir því sem við verður komið, aðstoða dýralækni eða hvern annan kjötskoðunarlækni við heilbrigðisskoðun búfjárafurða í sláturhúsi og vera aðstoðar- og trúnaðarmaður hans um þau atriði, er yfirdýralæknir setur sérstaklega um pökkun, flutninga og útskipun á vörum á erlendan markað.

65. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 frá 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Um refsingu fyrir brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer samkvæmt ákvæðum 14. gr. framannefndra laga, nr. 30/1966.

66. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð um kjötmat og fleira, nr. 227 9. ágúst 1968 og breyting á reglugerð nr. 121 12. júní 1970.

67. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast gildi 1. janúar 1978.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. desember 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

Nr. 433. 27. desember 1977.

AUGLÝSING

um reglur um fyrirframútborgun væntanlegra eftirstöðva barnabóta á árinu 1978, skv. c-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið, að þeim gjaldendum, sem vænta mega verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1978, gefist kostur á að sækja um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1978 samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra, er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu, og einungis til þeirra, sem vænta má, að eigi meira en 60 000 kr. eftir af barnabótum sínum vegna skattársins 1977, eftir að frá hafa verið dregin þau opinberu gjöld fyrir gjaldárið 1978, er um ræðir í 2. mgr. c-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975. Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta því undir 30 000 krónum kemur hann ekki til útborgunar fyrirfram.
2. Þeir, sem fyrirframgreiðslu óska, skulu senda umsókn þar að lútandi í tvíriti til skattstofu í umdæmi sínu. Skal umsókn þessi gerð á þar til gerð eyðublöð, sem liggja frammi hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og innheimtumönnum ríkissjóðs.
3. Umsókn skal fylgja skattframtali umsækjanda árið 1978. Umsókn og framtal skal leggja í umslag og merkja það: Umsókn um fyrirframgreiðslu barnabóta.
4. Ef um er að ræða sambýli fólks, sem átt hefur börn saman, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.
5. Umsóknarfrestur er hinn sami og almennur skilafrestur framtala, þ. e. 31. janúar 1978. Þeir, sem hafa annan skilafrest framtala en að ofan greinir, skulu hafa sent inn umsókn í allra síðasta lagi 28. febrúar 1978.
6. Skattstjóri áætlar á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar af barnabótum árið 1978. Síðan tilkynnir skattstjóri umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir munu berast hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs, sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 1. tl. hér að framan og því, að umsækjandi (og sambýlisaðili ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þinggjalda frá fyrri árum.
7. Stefnt er að því, að útborgun barnabóta samkvæmt umsóknum, sem borist hafa innan 31. janúar 1978, hefjist í mars 1978. Útborgun samkvæmt umsóknum sem berast milli 1. og 28. febrúar hefst ekki fyrr en í apríl/maí 1978. Nánari ákvörðun um útborgunardaga verður auglýst síðar.
8. Þegar í ljós kemur við álagningu skatta, hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1978, verður fyrirfram greidd upphæð dregin frá heildarfjár-

hæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda, að gjaldandi, sem fengið hefur fyrirframgreiðslu, hafi fengið ofgreiddar bætur, ber gjaldanda að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

28. desember 1977. Nr. 444.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 62 frá 28. desember 1977, um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, og innheimta á árinu 1978 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a) Með 140% viðauka stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
b) Með 140% viðauka sérleyfisbréfagjöld, önnur en um ræðir í lögum nr. 79 um aukatekjur ríkissjóðs frá 23. desember 1975 og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

Álagið skal reikna þannig að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta sem um ræðir í 1. gr., en broti úr krónu, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1977.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

27. desember 1977. Nr. 445.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

1. gr.

100. gr. reglugerðarinnar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 9/1976, orðist svo:

Lögreglustjórar eða gjaldheimtur sbr. lög nr. 68/1962 skulu innheimta tekju- og eignarskatt.

Á þann hátt, er hér segir, skal innheimta fyrirfram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi 70% — sjötíu af hundraði — þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár:

1. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð er nemi 70% — sjötíu af hundraði — þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið a. m. k. 30% lægri en á næsta ári áður, eða ástæður hans hafa

versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafist lækkunar á greiðslum skv. þessum tl. Skattstjóri ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögðum sköttum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem féð var í vörslum innheimtumanns.

2. Álagða skatta, að frádregnu því, sem greiða ber skv. 1. tl. ber gjaldanda að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum þann 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.
3. Vangreiðsla að hluta skv. þessari grein veldur því, að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé skattur hækkaður svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir 1. ágúst eða 1. dag næsta mánaðar eftir álagningu, fari hún seinna fram, telst sú skatthækkun í gjalddaga fallin 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina, og skal hún tilkynnt í ábyrgðarpósti.

Taka má skatt lögtaki ásamt dráttarvöxtum hjá gjaldanda sjálfum eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslu hans, sbr. 102.—108. gr. og 1. mgr. 109. gr.

Kæra frestar ekki greiðsluskyldu né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu skatts, en ef skattur er lækkaður eða felldur niður, skal endurgreiðsla þegar fara fram, sbr. 98. gr. Dráttarvexti má einnig endurgreiða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973 og 55. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 21. gr. laga nr. 7/1972, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 446. 28. desember 1977.

AUGLÝSING

um verðhækkunarstuðul fyrir óbeina fyrningu eigna í atvinnurekstri.

Samkvæmt ákvæðum 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 60/1973 um breyting á framangreindum lögum, hefur fjármálaráðuneytið ákveðið í samráði við Hagstofu Íslands og á grundvelli útreikninga hennar að verðhækkunarstuðlar vegna verðbreytinga árið 1977 skuli vera sem hér segir:

1. Verðhækkunarstuðull eigna, sem falla undir 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 29%.
2. Verðhækkunarstuðull eigna, sem tilgreindar eru í 2. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 40%.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1977.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

1.1. Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.

1.2. Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5700 kg að þyngd greiðast kr. 6.00 fyrir hvert kg, en lágmarksgjald er kr. 6 000.00.

1.3. Fyrir flugvélar yfir 5700 kg að þyngd greiðast kr. 50 000.00 að viðbættum kr. 1.20 fyrir hvert kg.

1.4. Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

2.1. Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skriflegt próf	Verklegt próf
Flugnemi	kr. 1 000	kr. 2 000
Einkaflugmaður	— 4 000	— 3 000
Atvinnuflugmaður	— 6 000	— 3 000
Atvinnuflugmaður m.m. prófi	— 8 000	— 4 000
Blindflugsréttindi	— 6 000	— 4 000
Flugkennararéttindi	— 5 000	— 3 000
Loftsiglingafræðingur	— 8 000	
Flugumsjónarmaður	— 8 000	
Flugvélavirki (tegundarréttindi)	— 2 000	

2.2. Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 1 000.00.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Gjöld fyrir verkleg próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 167 25. mars 1977, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 22. desember 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

22. desember 1977. Nr. 448.

GJALDSKRÁ

fyrir afnot flugvalla.

1. Gildissvið.

1.1. Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.

1.2. Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot flugvallanna við Akureyri, Egilsstaði, Hornafjörð, Reykjavík og Sauðárkrók.
1.3. Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot flugvallanna við Akureyri, Egilsstaði, Hornafjörð, Húsavík, Ísafjörð, Patreksfjörð, Reykjavík, Sauðárkrók og Vestmannaeyjar.

2. Lendingargjald.

2.1. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sem upp eru taldir í gr. 1.2., skal greiða gjald samsvarandi 4.00 Bandaríkjadölum fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.
2.2. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í innanlandsflugi á flugvöllum, sem upp eru taldir í gr. 1.3., skal greiða kr. 200.00 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.
2.3. Fyrir notkun flugvallar utan auglýsts þjónustutíma er innheimt tvöfalt lendingargjald, og er lágmarksgjald þá kr. 3 000.00.

3. Stæðisgjald.

3.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.
3.2. Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greitt stæðisgjald samsvarandi 1.00 Bandaríkjadal fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.

4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:
4.1. Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.
4.2. Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.
4.3. Loftför, sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
4.4. Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
4.5. Eins-hreyfils loftför í innanlandsflugi, sem ekki hafa skráð fleiri en fjögur sæti.
4.6. Loftför í eigu íslenska ríkisins eða eru rekin af því.
4.7. Að öðru leyti er flugmálastjórn heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

5. Þjónustugjald.

5.1. Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.
5.2. Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

6. Eldsneytisgjald.

6.1. Af öllu eldsneyti, sem ætlað er til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugmálastjórn gjald sem hér segir:

a) Flugbensín ..... kr. 1.40 á hvern lítra.
b) Þotueldsneyti ..... — 1.00 á hvern lítra.

6.2. Gjald þetta greiðir hlutaðeigandi olíufélag mánaðarlega til flugmálastjórnar.

7. Flugskýlisgjald.

7.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga loftfarsins:
a) Innanlandsflug: Kr. 200.00 fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. 3 000.00 á mánuði.
b) Millilandaflug: samsvarandi 2.60 Bandaríkjadölum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

7.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 7.1. miðast við óupphituð flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.

7.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

8. Almenn ákvæði.

8.1. Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskírteinið.

8.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða gíróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða gíróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugmálastjórn heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

9. Gildistaka.

9.1. Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.
Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 129 28. febrúar 1977 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 22. desember 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

23. desember 1977. Nr. 449.

GJALDSKRÁ

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. **Gildissvið.**
1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot loftfara í millilandaflugi af Keflavíkurflugvelli.

2. **Lendingargjald.**
2.1 Fyrir hverja skráða lendingu loftfars skal greiða gjald samsvarandi US$ 4,00 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.

3. **Stæðisgjald.**
3.1 Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.
3.2 Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal greitt stæðisgjald samsvarandi US$ 0,12 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga loftfarsins.

4. **Undanþágur.**

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:

4.1 Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.

4.2 Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.

4.3 Loftför í áætlunarflugi, sem lenda eftir að hafa farið í prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.

4.4 Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu Þjóðanna og fylgdarlið þeirra.

4.5 Loftför í eigu íslenska ríkisins eða eru rekin af því.

4.6 Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

5. **Þjónustugjald.**

5.1 Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum samkvæmt gjaldskrá staðfestri af utanríkisráðuneyti.

5.2 Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför.

6. **Almenn ákvæði.**

6.1 Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksflugtaksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskírteinið.

6.2 Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu staðgreiðast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest sé sérstaklega um það samið. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugvallarstjóra heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

7. **Gildistaka.**

7.1 Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, og tekur gildi 1. janúar 1978. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 97 14. febrúar 1977.

Utanríkisráðuneytið, 23. desember 1977.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

Nr. 450. 20. desember 1977.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

1. GJALDSKRÁRLIÐIR:

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

11.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	50.00 á kWst.
12.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	24.00 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

21.	Fast gjald	kr.	F1 + F3
	Orkugjald	—	12.50 á kWst.

3. Vélanotkun.

31.	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Orkugjald	—	28.65 á kWst.
	Lágmarksgjald	—	18 × F1 á ári
32.	Aflgjald lágmark 3 kW	—	64 110.00 á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	—	20 950.00 kWst. á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	7.00 á kWst.
33.	Aflgjald umfram 5 kW	—	17 775.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	5.64 á kWst.
34.	Til súgþurrkunar.		
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	7.06 á kWst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	10.10 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	4.30 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
43.	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	2.25 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

51.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	14.90 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1.		kr.	350.00 á mán.
F2.	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	12 50 á m² á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	6.90 á m² á mán.
F3.		—	111.00 á gjaldein. á mánuði

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, 25 m² eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.

c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.

d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.

F4. Hvert uppsett kW ..... kr. 1 494.00 á kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.

b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafv.stjóra.

c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0.8.

II. OPNUNARGJÖLD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 3 000.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 600.00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 6 250.00

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þúsundi að kr. 500 000.00 og 5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en $3 \times 70q$ skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 91 9. febrúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 451. 20. desember 1977.

REGLUGERÐ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Stjórn, rekstur, söluskilmálar og almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið Rafmagnsveitunnar.

Rafmagnsveita Reykjavíkur er fyrirtæki, sem Reykjavíkurborg á og starfrækir í þeim tilgangi að veita og selja raforku um orkuveitusvæðið.

Rafmagnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafmagnsveitan vinnur raforku í eigin orkuveitum og kaupir raforku af landsvirkjun eða öðrum og veitir orkunni um orkuveitusvæðið.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og nágrannabyggðir eftir því sem borgarstjórn ákveður og ráðherra samþykkir skv. gildandi orkulögum hverju sinni.

Rafmagnsveitan hefur einkarétt til sölu á raforku til notenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn rafmagnsmála. Rafmagnsstjóri.

Yfirstjórn rafmagnsmála borgarinnar er í höndum borgarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin borgarráði ásamt rafmagnsstjóra, sem borgarstjórnin skipar að fengnum tillögum borgarráðs, og skal hann vera rafmagnsverkfræðingur. Borgarstjórnin setur honum erindisbréf. Rafmagnsstjóri er framkvæmdastjóri Rafmagnsveitunnar.

4. gr.

Verksvið borgarráðs.

Borgarráð hefir á hendi stjórn Rafmagnsveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur, og allt er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Það skal gefa borgarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand Rafmagnsveitunnar og leggja ársreikning hennar með ársreikningum borgarsjóðs fyrir borgarstjórn til úrskurðar.

Borgarráð semur nánari reglur, sem borgarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Það gerir einnig tillögur til borgarstjórnar um gjaldskrár fyrir Rafmagnsveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu, og annast framkvæmdir allra rafmagnsmála borgarinnar.

Borgarráð skipar alla fasta starfsmenn Rafmagnsveitunnar, að fengnum tillögum rafmagnsstjóra, og setur þeim erindisbréf og ákveður, hvernig aðrir starfsmenn skuli ráðnir.

5. gr.

Verksvið rafmagnsstjóra.

Rafmagnsstjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi Rafmagnsveitunnar, eftirliti, viðhaldi á veitukerfi og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefir umsjón með raflögnum í borginni, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem Rafmagnsveitan kaupir eða selur.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafmagnsveita Reykjavíkur hefir sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslu fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að

tryggja öruggan rekstur Rafmagnsveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar borgarstjórn.

Rafmagnsstjóri varðveitir sjóð Rafmagnsveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem borgarráð setur.

7. gr.

Löggilding rafverktaka.

Borgarráð veitir þeim rafverktakaleyfi, sem fullnægja skilyrðum og skilmálum Rafmagnsveitunnar. Borgarráð getur ákveðið í gjaldskrá greiðslur fyrir verk þau, sem Rafmagnsveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa fullgilt rafverktakaleyfi, mega taka að sér lagningu á húsveitum, uppsetningu tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við kerfi Rafmagnsveitunnar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafmagnsveitan selur raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi hennar nær til með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og í samræmi við sérreglur um raforkuvirki á orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar og gjaldskrá hennar á hverjum tíma.

Borgarráð getur synjað um raforku til húshitunar. Á þeim stöðum í veitukerfinu, þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki hið umbeðna afl án sérstakra ráðstafana, ákveður rafmagnsstjóri nánari skilmála.

Ef Rafmagnsveitan telur nauðsynlegt, að komið verði upp raforkuvirkjum, þ. m. t. spennistöð, í húsi eða á lóð viðkomandi húseignar í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal Rafmagnsveitunni látið í té húsrými með sérstökum samningi eða ókeypis lóð. Hér er miðað við, að um meiri háttar notkun sé að ræða.

Rafmagnsveitunni er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá stöðinni og að tryggja uppsetningu hennar og óslitinn rekstur með þinglýsingu á kvöð þess efnis.

Rafmagnsveitan getur neitað að láta raforku í té til fjarliggjandi staða eða til staða, þar sem lóðareigendur neita að leggja til lóð fyrir nauðsynlega spennistöð og lóð eða aðstöðu fyrir stólpa eða festur fyrir raflínur án endurgjalds. Óski Rafmagnsveitan eftir spennubreytingu á húsveitu, er húseigendum skylt að hlíta því, enda sé breytingin gerð á kostnað Rafmagnsveitunnar. Á sama hátt skulu húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu, sem þeir hafa óskað eftir og Rafmagnsveitan hefur samþykkt.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætlað umsóknareyðublað, er fæst á skrifstofu Rafmagnsveitunnar, og skal hann skuldbinda sig, með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá Rafmagnsveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.
Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá Rafmagnsveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign Rafmagnsveitunnar, ef ekki er sérstaklega um annað samið og þótt heimtaugargjald hafi verið greitt í samræmi við gjaldskrá.

Rafmagnsveitan annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug, skal húseigandi greiða kostnaðarmun, sem ákveðinn er í gjaldskrá.

Rafmagnsveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og Rafmagnsveitan þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjenda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.
Húsveitur.

Skylt er að láta löggilta rafverktaka, eða Rafmagnsveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn, og annast þeir fyrir hönd húseiganda eða notanda umsóknir og tilkynningar til rafmagnsveitunnar um allar raflagnir, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir í Reykjavík, en Rafmagnsveitan annast úttekt á öllum nýlögnum, viðaukum og breytingum á raflögnum skv. beiðni eða að eigin frumkvæði.

Engir aðrir en umboðsmenn Rafmagnsveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafverktaka, er sá um verkið.

Rafmagnsveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

Rafmagnsveitan áskilur sér rétt til að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki veitukerfi Rafmagnsveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.
Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem nota raforku annarsstaðar að en frá Rafmagnsveitunni, má tengja við veitukerfi hennar í því skyni, að Rafmagnsveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði að greitt sé lágmarksgjald, sem svari til þeirrar kvaðar, sem hvílir á Rafmagnsveitunni vegna tengingarinnar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af Rafmagnsveitunni, er óheimilt án leyfis Rafmagnsveitunnar.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og í reglum Rafmagnsveitunnar um raforkuvirki.

Rafmagnsstjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á rafmagni, og skulu starfsmenn Rafmagnsveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna, eða hluta hennar, eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað, á sinn kostnað, láta löggiltan rafverktaka lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af Rafmagnsveitunni, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta löggiltan rafverktaka gera við gallana á sinn kostnað.

Rafmagnsstjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Óleyfilegt er að nota annað efni í veitu eða tæki en það, sem viðurkennt er af Rafmagnsveitunni.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun Rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið sé í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum Rafmagnseftirlits ríkisins og reglum Rafmagnsveitunnar.

14. gr.

Mælitæki.

1) Rafmagnsveitan setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja til án samþykkis Rafmagnsveitunnar, en hún getur krafist flutnings þeirra, ef það þykir hentugra að dómi rafmagnsstjóra.

Starfsmenn Rafmagnsveitunnar skulu ætíð hafa aðgang að mælitækjum, og þeir einir mega rjúfa innsigli þeirra.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir rafmagnsveitunni um það skv. 19. grein.

Rafmagnsveitan annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað, en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess.

Notandinn greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. gjaldskrá Rafmagnsveitunnar á hverjum tíma.

Þar sem eitt mælitæki er sett fyrir sameiginlega notkun fleiri aðila, ber skráður notandi mælitækisins ábyrgð á greiðslum vegna hinnar sameiginlegu notkunar. Aðrir notendur bera þó hver um sig ábyrgð in solidum á greiðslum þessum með hinum skráða notanda.

Breyting á skráningu notanda mælitækis fyrir sameiginlegri notkun verður því aðeins gerð, að allir notendur hinnar sameiginlegu notkunar fari fram á það skriflega.

2) Ef fram kemur við prófun, sem Rafmagnsveitan framkvæmir að eigin frumkvæði eða skv. beiðni notanda, að mælitækið mælir skakkt, skal endurgreiða orkunotkun notandans. Hafi mælitækið mælt 5% of lítið eða þaðan af minna skal krefja notandann um það, sem vanmælt var. Hafi tækið mælt 5% of mikið eða þaðan af meira, skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé. Endurgreiðslu getur notandi ekki krafist fyrir lengra tímabil en 1 ár og sama gildir um viðbótarkröfu Rafmagnsveitunnar, enda hafi notanda ekki verið ljóst eða mátt vera það ljóst, að um bilun mælitækis væri að ræða.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna, sem gefið gætu vísbendingu um það, hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum, sem að framan greinir.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins og er hann bindandi fyrir báða aðila.

3) Nú hættir skráður notandi mælitækis notkuninni, og skal hann þá í tæka tíð tilkynna það Rafmagnsveitunni, sem annast um að lokaálestur fari fram. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn, skal loka því, og eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefur verið um nafn og nafnnúmer nýs notanda.

Nú mælist engin notkun um mælitæki um langt skeið, og er Rafmagnsveitunni þá heimilt að fjarlægja tækið og láta loka viðkomandi raflögn.

4) Ef notandi hefir aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er Rafmagnsveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5) Ef svo reynist, að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur Rafmagnsveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er um hana.

6) Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið, eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal Rafmagnsveitan áætla þann straum, sem notaður hefir verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann eftir gjaldskrá, fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru. Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

15. gr.
Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur Rafmagnsveitan stöðvað orkuafhendingu — án ábyrgðar — að undangenginni tilkynningu skv. 17. gr., uns hæfileg trygging fyrir skilvísri greiðslu orkusölu um viðkomandi veitu hefur verið sett. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er Rafmagnsveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er Rafmagnsveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni, eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforkunotkun skal sendur notanda á notkunarstað eða annan stað, sem hann tiltekur. Skal greiða reikninginn innan 10 daga frá útsendingardegi hans.

Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá. Heimilt er að áætla raforkunotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun, enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun skv. álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjörsreikningur, enda getur notandi jafnan krafist aukaálestrar og uppgjörs miðað við staðreynda notkun gegn aukagjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Við verðbreytingar á raforku skal áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi. Skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til.

Hér er G gjaldþol félagsins skv. 2. gr. T er eigið tjón ársins samkvæmt rekstrarreikningi og A samanvegið mat á öryggisálagi félagsins samkvæmt eftirfarandi reglum:

$A = 0{,}025 \times b + 0{,}05 \times c + 0{,}10 \times d$

Vægin b, c og d eru fundin þannig:

b er hlutfall iðgjalda í ökutækjatryggingum og/eða erlendum endurtryggingum af heildariðgjöldum félagsins.

c er hlutfall iðgjalda í sjó- og farmtryggingum af heildariðgjöldum félagsins.

d er hlutfall annarra iðgjalda af heildariðgjöldum félagsins.

Með iðgjöldum er hér átt við bókfærð iðgjöld í frum- og endurtryggingum samanlagt.

8. gr.

Sé eigin áhætta félags að mati Tryggingaeftirlitsins hærri en hámarksáhætta skv. 7. gr. þegar tekið hefur verið tillit til samáhættu, skal félagið gera ráðstafanir fyrir lok reikningsársins eða eins fljótt og kostur er vegna gildandi endurtryggingasamninga, til að breyta endurtryggingavernd sinni til samræmis við tilskilda hámarksáhættu.

Skil á gögnum.

9. gr.

Tryggingaeftirlitið skal jafnskjótt og reikningsári vátryggingafélags lýkur, senda því sérstök eyðublöð í því formi, sem það ákveður til útfyllingar og útreiknings á gjaldþoli, greiðsluþoli og eigin áhættu.

Eyðublöðin útfyllt og undirrituð af félaginu skulu hafa borist Tryggingaeftirlitinu eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða fésektum eða varðhaldi.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 56. gr. laga nr. 26 18. apríl 1973, sbr. 41. gr. sömu laga öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 467. 30. desember 1977.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyristrygginga almannatrygginga árið 1978.

1. gr.

Árið 1978 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkv. 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera 550 kr. fyrir hverja tryggingarviku.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1961 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	50
2.	84
3.	164
4.	164
5.	196
6.	315
7.	455
8.	648
9.	875
10.	1047

2. gr.

Í 23. málsgr. 4. gr. komi:
14 500 krónur í stað „9 000 krónur."

3. gr.

8. gr. orðist svo:
Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 64.
Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 648.

4. gr.

9. gr. orðist svo:
Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:
Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 648. Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 11 260. Áhafnir flutningsskipa 100 lesta eða stærri kr. 875.
Áhafnir flutningsskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 1047.
Áhafnir fiskiskipa 12 lesta eða stærri kr. 1047.

5. gr.

10. gr. orðist svo:
Áhættugjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir skal vera kr. 105 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingar eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr orðist svo:
Föst árgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar eða vélsleða	kr. 2 400
Vegna rafstöðvar	— 1 200
Vegna súgþurkunartækis	— 1 200
Vegna heyblásara (saxblásara, heybyssu)	— 1 200
Vegna bifhjóls	— 2 400
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	— 2 400

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að gilda frá 1. janúar 1978. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 3 4. janúar 1977 um breyting á reglugerð nr. 7/1964 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 469. 30. desember 1977.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Egilsstaðahreppi.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Egilsstaðahreppi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0.15% af fasteignamati húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, 29. apríl 1963.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 2 000.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum, kr. 10 00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 5.00 á hvern rúmmetra í öðru húsnæði.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Ekki skal reikna holræsagjald fyrsta árið sem byggingin er í notkun.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslum gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum lögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 63.81 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 31.48 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 195 á hvern fermeter í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 95 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 16.17 hverja kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 36.48 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 17 758.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 36.48 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 5.37 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 17 758.00. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 5.37 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 16 802.00 hvert kW. í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 17 758.00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 5.37 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 195.20 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 78 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 154 á hvern fermeter á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 6.16 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 4.39 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 4.39 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 3 440 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 2.38 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitusjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að notandi kostaði teikningu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði þeim samkv. gjaldskrá.
d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 19.03 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 31.48.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 5.86 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 4.69 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 13.91 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 19.03 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandan, sem greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr. 104
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 116
3.	Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	— 190
4.	Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	— 336
5.	Af mesta aflsmælum 100 amp. og minni	— 307
6.	Af mesta aflsmælum yfir 100 amp.	— 586
7.	Af álags stýriliðum minni gerð	— 330
8.	Af álags stýriliðum stærri gerð	— 586

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarks-afl kVa	Heimtaug-argjald kr.
1.	3 × 60	22	81 180.00
2.	3 × 100	38	117 852.00
3.	3 × 200	75 sp.	232 044.00
4.	3 × 350	132 sp.	386 496.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem framan yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr.	16 836.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	—	21 228.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 2 300.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt 2 300.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 33% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1978 sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 461 29. desember 1977. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 95 9. febrúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	62.40 á kWst.
12.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	18.70 á kWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	319.00 á m^2 á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	118.00 á m^2 á ári
13.	Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	18 70 á kWst.
14.	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II: Orkugjald	—	31.20 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21.	Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	14.20 á kWst.
	Fastagjald af hverju herbergi	—	1 272.00 á ári
	Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, en 25 m^2 eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð.		
22.	Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	14.20 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	31.20 á kWst.
	Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungi lægra.		

32. Um afl- og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 4.85 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW ..... — 48 834.00 á ári
Aflgjald umfram 2 kW ..... — 16 278.00 á kW á ári
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 4.85 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW ..... — 42 150.00 á ári
Aflgjald, af uppsettum kW í málraun véla ..... — 12 936.00 á kW á ári

Ef fasviksstöðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.
Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 8.70 á kWst.

42. Til húshitunar, roftími 2×1½ klst. á dag.
Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.64 á kWst.

43. Til húshitunar, roftími allt að 15. klst. að degi til.
Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 2.18 á kWst.

44. Tilbökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11. klst að degi til.
Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 4.26 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.

c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.

d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 1 016.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni ..... — 2 248.00 á ári
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 og til 100 A ..... — 2 554.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ Málraun	Heimtaugar-gjald kr.	Yfirlengdargjald jarðstrengur kr./m.	Yfirlengdargjald loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	79 700	2 610	27 340
63 A 3-fasa	86 240	2 610	33 850
100 A —	102 570	2 930	43 280
200 A —	163 300	3 960	
315 A —	344 600	5 520	
300 KVA —	482 440	Samkv. kostn.	
500 KVA —	799 390	Samkv. kostn.	
800 KVA —	1 279 550	Samkv. kostn.	

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m. og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengiskáp að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 amp. einfasa kr.17 400
63 amp. þrífasa ..... — 23 800

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu:

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 8 940 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 300.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 1 300 til rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 1978 sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 461 29. desember 1977. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss, nr. 410 17. nóvember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

29. desember 1977. Nr. 472.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 63.81 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 31.48 hverja kWst., auk fastagjalds sem er kr. 195.20 á hvern fermetra gólffletar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 95.16 á ári af hverjum ferm.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 16.17 hverja kWst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 36.48 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 17 758.32.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 36.48 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 5.37 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 17 758.32. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu, mælt yfir stundarfjórðung á kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kWst.-mæli á kr. 5.37 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 16 801.84 á hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 17 758.32 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 5.37 hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 195.20 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 78.08 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 153.72 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

Söluskattsfrítt frá 1. desember 1973.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 6.76 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 4.93 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæli:

a) Á kr. 4.93 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 3 440.40 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. áætlun hitatækja og fullt álag.

D—4 Um kWst.-mæli á kr. 2.29 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að vélaafl, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti tenginguna og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.

c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

e) Að húsnæðið fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.

f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis er hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 19.03 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 31.48 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 5.88 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 4.67 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 15.30 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 31.40 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt frá gjaldskrár-

liðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 A og minni	kr.	96.38 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 A og minni	—	112.24 á mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 A og 100 A	—	192.76 á mán.
4.	Af þrífasa mælum 100 A og yfir	—	337.94 á mán.
5.	Af mestaaflsmælum 100 A og minni	—	305.00 á mán.
6.	Af mestaaflsmælum yfir 100 A	—	579.50 á mán.
7.	Af álagsstýriliðum minni gerð	—	329.40 á mán.
8.	Af álagsstýriliðum stærri gerð	—	579.50 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjald ákveðst þannig:

	Málstraumur stofnvara	Hámarksafl kWa.	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	74 400.00
2.	3 × 100	38	108 058.00
3.	3 × 200	75 sp.	212 573.00
4.	3 × 350	132	354 288.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 A einfasa	kr.	15 460.00
Fyrir 60 A þrífasa	—	19 486.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður háir útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, og að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 2 411.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 2 411.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR, GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalin í gjaldskránni eru söluskattur og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir skv. ofanrituðu eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1978 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 461 29. desember 1977. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 153 14. mars 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 473. 30. desember 1977.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjarnöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1977:

Kjósarsýsla:
Horn á smábýli í landi Sjávarhóla, Kjalarneshreppi.

Reykjavík:
Lambhagi á gróðurhúsabýli í landi jarðarinnar Lambhaga.

Borgarfjarðarsýsla:
Braut á garðyrkjubýli í landi Kleppjárnsreykja, Reykholtsdalshreppi.

Vestur-Barðastrandarsýsla:
Ás á iðnbýli í landi Efri- og Neðri-Tungu, Rauðasandshreppi.

Vestur-Húnavatnssýsla:
Steinholt á smábýli í landi Sýðri Reykja, Ytri-Torfustaðahreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:
Merkjalækur á smábýli í landi Grundar, Svínavatnshreppi.

Eyjafjarðarsýsla:
Hlíðarhóll á nýbýli í landi Steinkots, Glæsibæjarhreppi.
Skák á iðnaðarbýli í landi Grísarár, Hrafnagilshreppi.
Brúnir á smábýli í landi Syðra-Laugalands, Öngulsstaðahreppi.

Austur-Skaftafellssýsla:
Vesturhús (ft.) á þjónustubýli í landi Hofs I (Austurhúsa), Hofshreppi í Öræfum.

Vestur-Skaftafellssýsla:
Hrífunes vestra á smábýli í landi Hrífuness, Skaftártunguhreppi.

Árnessýsla:
Rauðiskógur á nýbýli í landi Brekku, Biskupstungum.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1977.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

19. desember 1977. Nr. 474.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972.

1. gr.
Við lista yfir lyfjabúðir í 3. gr. bætist:
Apótek Norðurbæjar, Hafnarfirði.

2. gr.
Við lista yfir lyfjabúðir í 4. gr. bætist eftirfarandi:
Egilsstaða Apótek.
Hafnar Apótek.
Ölfus Apótek, Hveragerði.

3. gr.
Reglugerð þessi sem sett er samkv. 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1977.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og VIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands hf., Egilsstöðum, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. janúar 1978 til 31. desember 1982:

1. Egilsstaðir — Vopnafjörður — Bakkafjörður — Egilsstaðir.
2. Egilsstaðir — Borgarfjörður eystri — Egilsstaðir.
3. Egilstaðir — Neskaupstaður — Egilsstaðir.
4. Egilstaðir — Djúpivogur — Höfn — Egilstaðir.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 30. desember 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um innlausnarverð skyldusparnaðarskírteina gjaldársins 1975.

Skyldusparnaður skv. VII. kafla laga nr. 11, frá 28. apríl 1975 er innleysanlegur frá og með 1. febrúar 1978. Miðað við þann dag er innlausnarverð hvers þúsunds af nafnverði skyldusparnaðarskírteina sem hér segir:

1. Hafi skyldusparnaður gjaldársins 1975 verið að fullu greiddur fyrir 1. janúar 1976 er innlausnarverð kr. 1857.
2. Hafi skyldusparnaður ekki verið að fullu greiddur fyrir 1. janúar 1976 en hafi greiðslu hans þó verið lokið fyrir 1. júlí 1976 reiknast vextir frá lokagreiðsludegi en verðbætur að fullu.
3. Hafi skyldusparnaður ekki verið greiddur að fullu fyrr en eftir 1. júlí 1976 reiknast vextir frá lokagreiðsludegi en verðbætur frá 1. nóvember það ár er greiðsla hans fer fram.

Athygli er vakin á því, að heimilt er að láta innstæður standa inni til 15. desember 1990 og reiknast vextir og verðbætur fyrir þann tíma. Að öðru leyti vísast til ákvæða í VII. kafla laga nr. 11 1975 og reglugerðar nr. 544 frá 22. desember 1975.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akraness nr. 160 29. mars 1977.

Töflur I, II og III í gjaldskránni hljóði þannig:

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í krónum	
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur
	A-LÝSING			
A.1.	Með fastagjaldi	14.05	0.76/m²	278/m²
A.1.	Án fastagjalds	50.90		
	B-HEIMILI OG VINNULJÓS			
B.1.	Heimilisnotkun	11.91	3.35/herb.	1 223/herb.
B.2.	Húsbyggingar og Akraneshöfn	26.56		
	C-VÉLANOTKUN			
C.1.	Með fastagjaldi	14.05	9.91/kW	3 617/kW
C.2.	Matvælaiðnaður (rafsuða)	10.54		
C.3.	Stórnotkun	4.06	37.53/kW	13 698/kW
	D-HITUN			
D.1.	Án rofs	6.94		
D.2.	Með rofi 1 1/2 klst. á dag	4.19		
D.3.	Með rofi 2 1/2 klst. á dag	3.89		
D.4.	Með rofi 4 1/2 klst. á dag	3.12		
D.5.	Með rofi 14 1/2 klst. á dag	2.20		
D.6.	Sumarhitun með rofi 3. klst. á dag	2.54		
	E-ANNAÐ			
E.1.	Sérsamningar			
E.2.	Götu og hafnarlýsing			
E.3.	Lokun og enduropnun veitu		2000	
	MÆLA- OG ROFALEIGA			
10	Einfasa		1.20	438
11	Einfasa með rofa		8.00	2.920
20	Þrífasa		4.10	1.497
21	Þrífasa með rofa		10.90	3.978
24	Þrífasa með 2 rofum		14.50	5.292
30	Þrífasa með aflmæli		11.10	4.052

TAFLA II. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárliður Nr.	Málmstraumur aðalvara 220 V kerfi A.	380 V kerfi A.	Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara KVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða lofth. allt að 30 m. Kr.
2.01	2× 60	1× 60	13	28 190
2.02	3× 60	2× 60	22	39 610
2.03	3×100	3× 60	38	56 820
2.04		3×100	66	93 570
2.05	3×200		76	106 440
2.06	3×350	3×200	132	174 590
2.07		3×350	231	298 350
2.08	Bráðabirgðaheimtaugar 1×35 A.			10 300
2.09	Bráðabirgðaheimtaugar 3×63 A.			17 800
2.10	Tenging við Akraneshöfn			1 500

TAFLA III. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárliður Nr.	Stærð spennis KVA	Tengigjald kr.
3.1.	150	198 125
3.2.	300	396 250
3.3.	500	630 000
3.4.	750	905 685

Liður b) í kaflanum „Ákvæði og skýringar með töflu II og III“ hljóði þannig:

b) Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu eða stíg, stystu greiðfæru leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (2200 + 13×kVA) kr/m og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana Yj = (610 + 9 × kVA) kr/m að viðbættum kr. 18 500 á hvern stólpa í umframlínu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. janúar 1978 sbr auglýsingu ráðuneytisins nr. 461, 29. desember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi.

Óheimilt er að aka frá austri eftir Nýbýlavegi og beygja til suðurs inn í Álfabrekku (vinstri beygja bönnuð).

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 5. október 1977.

Sigurgeir Jónsson.

Stjórnartíðindi B—43, nr. 464—478. Útgáfudagur 20. janúar 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 — 1977

28. desember 1977. 813 Nr. 479.

REGLUGERÐ

um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna.

Sameiginleg ákvæði.

1. gr.

Ílát skulu vera þétt og vel lukt. Óheimilt er að nota ílát sem notuð eru undir matvæli (þar með taldar drykkjarvörur). Varast ber að geyma ílát með hættulegum efnum þannig að á þeim verði villst og ílátum undir matvæli, lyf, snyrtiefni eða annað.

Ákvæði um gerð gleríláta (sexstrend og/eða riffluð) gilda ekki, ef glerílát taka meira en 1 lítra. Þrátt fyrir ákvæði um að ílát skuli vera úr málmi eða gleri, er heimilt að nota ílát úr plasti, ef efnin eru ætluð til nota í iðnaði og eru flutt til landsins í þessum plastílátum, er jafnframt hafa hlotið samþykki eiturefnanefndar. Ef ílát eru úr plasti og rúma minna en 5 lítra skal að jafnaði farga þeim (brenna eða fleygja í öskutunnu), þegar þau hafa verið tæmd.

Á merkimiða skal auk nafns framleiðanda (seljanda) greina heiti efnis og styrkleika í hundraðshlutum eða mólstyrkt, ef við á. Á merkimiða mega ekki vera myndir, aðrar en vörumerki eða nafnmerki fyrirtækis.

Ef kaupandi æskir þess við seljanda að hann setji eitthvert eftirtalinna efna í ílát, er kaupandi hefur með sér og framvísar, ber seljandi ábyrgð á því, að ílát þessi séu réttrar gerðar og með réttum merkimiðum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Nú hlýst tjón af vegna vanrækslu þessa, og er seljandi þá skaðabótaskyldur.

Stórir bókstafir, er greinir við einstök efni að neðan, eiga við varnaðarmerki, sbr. viðauka 1. Setja skal varnaðarmerki á ílát undir einstök efni, svo sem bókstafir þessir gefa til kynna.

Merkimiðar og varnaðarmerki skulu vera eins greinileg á ílátum og frekast er unnt.

Sýrur og basar.

2. gr.

AMMÓNÍAKVATN (SALMIAKSPIRITUS), ef styrkleiki fer fram úr 3%.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Glerílát skulu vera sexstrend og/eða riffluð.

BÓRSÝRA, óblönduð, mest 20 g.
Merkimiði skal vera gulur. F.
Ef bórsýra er seld í meira magni en 20 g, skal það einungis vera gegn eiturbeiðnum eða samkvæmt sérstökum leyfisskírteinum. Undantekning frá þessu er notkun bórsýru sem lyf. Er þá sala efnisins heimil í lyfjabúðum gegn lyfseðli.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

BÓRSÝRA, í duftblöndum eða lausnum, selt sem lyf, mest 20 g bórsýra án lyfseðils.
Merkimiði skal vera gulur. F.

BRENNISTEINSSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5%.
Merkimiði skal vera gulur. A og D.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.
Eigi má hafa brennisteinssýru á boðstólum í verslunum þannig, að viðskiptavinir geti tekið varninginn sjálfir.

DÍKLÓREDIKSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 50% eða minna.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Ef díklórediksýra eða sölt sýrunnar eru seld í meiri styrk en 50%, skal það einungis gert gegn eiturbeiðnum eða samkvæmt sérstökum leyfisskírteinum.
Undantekning frá þessu ákvæði er notkun díklórediksýru útvortis sem lyf. Er þá sala efnisins heimil í lyfjabúðum gegn lyfseðli.

EDIKSÝRA, ef styrkleiki er 5—15%.
Merkimiði skal vera gulur. C og F.

EDIKSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 15%.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Óheimilt er að selja ediksýru í almennum verslunum í meiri styrk en 15%. Skal þá sala efnisins vera takmörkuð við lyfjabúðir og heildsölur.

FOSFÓRSÝRA (ortófosfórsýra), ef styrkleiki fer fram úr 5%.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

KALÍUMHÝDROXÍÐ (KALÍLÚTUR), ef styrkleiki fer fram úr 3%.
Merkimiði skal vera gulur. A og D.
Ílát skulu vera úr gleri, blikki eða plasti.
Eigi má hafa kalíumhýdróxíð á boðstólum í verslunum þannig, að viðskiptavinir geti tekið varninginn sjálfir.
Ef kalíumhýdroxíð er selt í smásölu í föstu formi, skal það selt í blikkdósum með tryggilega smelltu loki. Ef kalíumhýdroxíð er selt í smásölu í lausn, er heimilt að nota plastílát, sem eru með öðrum lit en hvítum, glærum eða gulum. Glerílát skulu vera sexstrend og/eða riffluð.

KLÓRSÚLFÓNSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5%.
Merkimiði skal vera gulur. A og D.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend, og/eða riffluð.
Eigi má hafa klórsúlfónsýru á boðstólum í verslunum þannig, að viðskiptavinir geti tekið varninginn sjálfir.

MAURASÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5%.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.

NATRÍUMHÝDROXÍÐ (vítissódi), ef styrkleiki fer fram úr 3%.
Merkimiði skal vera gulur. A og D.
Ílát skulu vera úr gleri, blikki eða plasti.
Eigi má hafa natríumhýdroxíð á boðstólum í verslunum þannig, að viðskiptavinir geti tekið varninginn sjálfir.

Ef natríumhýdroxíð er selt í smásölu í föstu formi, skal það selt í blikkdósum með tryggilega smelltu loki. Ef natríumhýdroxíð er selt í smásölu í lausn, er heimilt að nota plastílát, sem eru með öðrum lit en hvítum, glærum eða gulum.
Glerílát skulu vera sexstrend og/eða riffluð.

OXALSÝRA og sölt sýrunnar (m. a. „sýrusalt", kalíumtetraoxalat).
Merkimiði skal vera gulur. B og E.

PERKLÓRSÝRA.
Merkimiði skal vera gulur. B, D og H.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

PÍKRÍNSÝRA, blönduð minnst 30% af vatni, og sölt sýrunnar.
Merkimiði skal vera gulur. B, D og H.

SALTPÉTURSSÝRA,ef styrkleiki fer fram úr 5%, til annarra nota en hreinsunar á mjólkurílátum og mjaltakerfum.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

SALTPÉTURSSÝRA, ætluð til hreinsunar á mjólkurílátum og mjaltakerfum.
Merkimiði skal vera gulur. B.
Ef saltpéturssýra er ætluð til hreinsunar á mjólkurílátum og mjaltakerfum, skulu vera á ílátunum leiðbeiningar á íslensku, er hlotið hafa samþykki eiturefnanefndar, um notkun og hvað gera skuli, ef slys ber að höndum.
Ef ílát eru úr plasti, skulu þau enn fremur hafa hlotið samþykki eiturefnanefndar.

SALTSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 7%.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

TRÍKLÓREDIKSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 50% eða minna.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.
Ef tríklórediksýra eða sölt sýrunnar eru seld í meiri styrk en 50%, skal það einungis vera gegn eiturbeiðnum eða samkvæmt sérstökum leyfisskírteinum. Undantekning frá þessu ákvæði er notkun tríklórediksýru útvortis sem lyf. Er þá sala efnisins heimil í lyfjabúðum gegn lyfseðli.

„KÓNGAVATN": (1 hluti sterk saltpéturssýra og 2 hlutar sterk saltsýra) Ef óskað er eftir „Kóngavatni", skal láta úti sterka saltpéturssýru og sterka saltsýru með fyrirmælum um, hvernig „Kóngavatn" er búið til. Kaupanda skal afhenda seðil með þessum upplýsingum og einnig, að „Kóngavatn" megi ekki geyma og skuli búa til einungis í því magni, er nota skal hverju sinni. Varðandi umbúðir og merkimiða skal hlíta ákvæðum um saltsýru hér að framan. B og D.

„RAFGEYMISSÝRA": Ef varningur er seldur undir heitinu „rafgeymissýra", skal hlíta ákvæðum um brennisteinssýru hér að framan.

„SÝRUSALT": Ef varningur er seldur undir heitinu „sýrusalt", skal hlíta ákvæðum um oxalsýru hér að framan.

Joð- og klórsambönd með sótthreinsandi verkun.

3. gr.

HALAZÓN. (m. a. lausnartöflur)
Merkimiði skal vera gulur. E.

JOÐ.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Ílát skulu vera úr gleri.

JOÐLAUSNIR.
Merkimiði skal vera gulur.
a) Joð leyst í vatni, spritti eða glýceróli. F.
b) Joð leyst í bensíni. F og G.
Ílát skulu vera úr gleri.

KALCÍUMHÝPÓKLÓRÍT (duft, virkt klór yfir 40%)
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Ílát skulu vera úr blikki.
Merkja skal ílát og umbúðir með tilliti til þess, að efnið sé geymt á köldum stað og varað sé við eldhættu í snertingu við lífræn efni.

KALCÍUMHÝPÓKLÓRÍT. (lausnir, virkt klór yfir 40%)
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Ílát skulu vera úr plasti.
Merkja skal ílát og umbúðir með tilliti til þess að efnið sé geymt á köldum stað.

KLÓRAMÍN.
Merkimiði skal vera gulur. F.

KLÓRAMÍNLAUSNIR, ef styrkleiki fer fram úr 1%.
Merkimiði skal vera gulur. E.

KLÓRAMÍNLAUSNARTÖFLUR.
Merkimiði skal vera gulur. E.

KLÓRKALK (kalíumhýpóklórít, virkt klór minna en 40%).
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Merkja skal umbúðir klórkalks með tilliti til þess, að efnið sé geymt á köldum stað.

NATRÍUMHÝPÓKLÓRÍTLAUSNIR („klór", blæklór, bleikiklór).
Merkimiði skal vera gulur. B og E.
Ílát úr gleri skulu vera sexstrend og/eða riffluð. Ílát úr plasti skulu vera með öðrum lit en hvítum, glærum eða gulum.
Ákvæði að framan gilda ekki, ef látið er úti 30 ml eða minna.

Ýmis benzen- og fenólsambönd.

4. gr.

ANILÍN OG ANILÍNLAUSNIR.
Merkimiði skal vera gulur. A og D.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.
Ef anilín eða anilínsölt eru í merkibleki, skal letra á ílát eftirfarandi: Má ekki nota til þess að merkja bleijur eða önnur klæði ungbarna.

DÍKLÓRBENZEN (para-díklórbenzen).
Merkimiði skal vera gulur. E.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

FENÓL (KARBÓLSÝRA), í lausnum 2% eða minna, selt sem lyf.
Merkimiði skal vera gulur. F.
Ílát skulu vera úr gleri.

FENÓL (KARBÓLSÝRA), óblandað eða í lausnum sterkara en 2%.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð.

KRESÓLAR (m. a. klórkresól og tríkresól).
Merkimiði skal vera gulur. B og E.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.

KRESÓLAR Í SÁPULAUSN (sápukresólar), ef styrkleiki fer fram úr 1%.
Merkimiði skal vera gulur. E.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.

NAFTALEN (NAFTALÍN).
Merkimiði skal vera gulur. E.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

NÍTRÓANILÍN.
Merkimiði skal vera gulur. A og D.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

Lífræn leysiefni.

5. gr.

ACETÓN.
Merkimiði skal vera gulur. F og G.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

AMÝLALKÓHÓL.
Merkimiði skal vera gulur. F.

BENZEN. (BENZÓL).
Merkimiði skal vera gulur. D, G og I.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.

BENSÍN.
Merkimiði skal vera gulur. E og G.
Ekki má setja bensín í hvít, glær eða gul plastílát.

BRENNISTEINSKOLEFNI. (KARBÓNDÍSÚLFÍÐ).
Merkimiði skal vera gulur. D, G og I.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.

BÚTANÓL.
Merkimiði skal vera gulur. F og G.

BÚTANÓN. (METÝLETÝLKETÓN).
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

BÚTÝLACETAT.
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

BÚTÝLGLÝKÓL. (BÚTÝLCELLOSOLVE).
Merkimiði skal vera gulur. F og I.

CÝKLÓHEXAN.
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

CÝKLÓHEXEN.
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

DÍKLÓRMETAN. (METÝLENKLÓRÍÐ).
Merkimiði skal vera gulur. D og I.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.

DÍMETÝLFORMAMÍÐ.
Merkimiði skal vera gulur. A og D.

DÍOXAN.
Merkimiði skal vera gulur. B og G.

DÍPENTEN. (CÍNEN).
Merkimiði skal vera gulur. G og I.

ETRI. (ETÝLETRI).
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

ETÝLACETAT.
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

ETÝLENGLÝKÓL. (GLÝKÓL).
Merkimiði skal vera gulur. B og E.
Ef etýlenglýkól er selt sem frostlögur á kælikerfi vélknúinna ökutækja, skal hlíta ákvæðum reglugerðar nr. 5/1973 um breytingu á reglugerð nr. 129/1971 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

ETÝLGLÝKÓL. (CELLOSOLVE).
Merkimiði skal vera gulur. G og I.

ETÝLGLÝKÓLACETAT. (CELLOSOLVEACETAT).
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

HEPTAN.
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

HEXAN.
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

ÍSÓAMÝLALKÓHÓL.
Merkimiði skal vera gulur. F.

ÍSÓBÚTANÓL.
Merkimiði skal vera gulur. F og G.

ÍSÓBÚTÝLACETAT.
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

ÍSÓPRÓPANÓL.
Merkimiði skal vera gulur. F og G.
Ef ísóprópanól er selt á frjálsum markaði undir vöruheitinu „Ísvari", skal hlíta ákvæðum reglugerðar 5/1973 um breyting á reglugerð nr. 129/1971 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

KLÓRBENZEN. (MÓNÓKLÓRBENZEN).
Merkimiði skal vera gulur. D, G og I.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.

METÝLETÝLKETÓN, sjá BÚTANÓN.

METÝLÍSÓBÚTÝLKTETON. (METÝLPENTANÓL).
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

METÝLKLÓRÓFORM (TRÍKLÓRETAN; 1, 1, 1-tríklóretan), sjá TRÍKLÓRETAN.
PENTAN.
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

PRÓPANÓL.
Merkimiði skal vera gulur. F og G.

SHELLSOL R (hvers konar).
Merkimiði skal vera gulur. G og I.

SOLVESSO R (hvers konar).
Merkimiði skal vera gulur. G og I.

STEINOLÍA. (PETROLEUM).
Merkimiði skal vera gulur. E og G.
Ekki má setja steinolíu í hvít, glær eða gul plastílát.

TERPENTÍNA (þar á meðal „WHITE SPIRIT").
Merkimiði skal vera gulur. D og G.
Ekki má setja terpentínu í hvít, glær eða gul plastílát.

TETRAKLÓRETÝLEN (TETRAKLÓRETEN; PERKLÓRETÝLEN).
Merkimiði skal vera gulur. D og I.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.
Eigi má selja meira en 200 ml af efninu í lausasölu. Ef meira er selt skal það vera gegn eiturbeiðnum eða samkvæmt sérstökum leyfisskírteinum.

TÓLÚEN (TÓLÚÓL).
Merkimiði skal vera gulur. G og I.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.

TRÍKLÓRETAN (1, 1, 1-tríklóretan).
Merkimiði skal vera gulur. E og I.
Ílát skulu vera úr gleri eða málmi.

TRÍKLÓRETÝLEN (TRÍKLÓRETEN).
Merkimiði skal vera gulur. E og I.
Ílát skulu vera úr gleri, sexstrend og/eða riffluð, eða úr málmi.
